

Frumvarp til hjúskaparlaga

Frá dómsmálaráðherra.

I. KAFLI Almenn ákvæði

1. gr.

Gildissvið laganna.

Lög þessi gilda um hjúskap tveggja einstaklinga. Þau gilda ekki um óvígða sambúð.

2. gr.

Stofnun og slit hjúskapar.

Til hjúskapar stofnast við hjónavígslu skv. lögum þessum.

Hjúskap lýkur við andlát maka, ógildingu hjúskapar eða lögskilnað.

3. gr.

Jafnstaða hjóna.

Hjón eru jafnréttá í hjúskap sínum og bera jafnar skyldur hvort gagnvart öðru og börnum sínum. Hjón skipta með sér verkum eftir því sem best hentar þörfum þeirra og fjölskyldunnar.

4. gr.

Samstaða hjóna.

Hjónum ber að sýna hvort öðru trúmennsku, styðja hvort annað og gæta sameiginlega hagsmuna heimilisins og fjölskyldu.

Hjón eiga í sameiningu að annast framfærslu fjölskyldunnar og uppeldi barna sinna.

Hjónum er skylt að veita hvort öðru upplýsingar um efnahag sinn og afkomu.

5. gr.

Sjálfstæði hjóna.

Hjón eru sjálfstæð um persónuleg og fjárhagsleg málefni sín nema annað leiði af lögum.

II. KAFLI Hjónavígsluskilyrði

6. gr.

Aldur.

Tveir einstaklingar mega stofna til hjúskapar þegar þeir hafa náð 18 ára aldri.

7. gr.

Lögræði.

Einstaklingur sem sviptur hefur verið lögræði getur stofnað til hjúskapar með samþykki lögráðamanns síns. Bera má synjun um samþykki undir sýslumann sem leyft getur hjónavígsluna ef ekki þykir gild ástæða til synjunar.

8. gr.

Skyldleiki og tengsl.

Hvorki má vígja skyldfólk í beinan legg né systkin.

Ákvæði 1. mgr. gildir þrátt fyrir ættleiðingu. Eftir ættleiðingu gildir ákvæðið einnig um samsvarandi tengsl þess sem ættleiddur er við kjörfjölskyldu sína.

9. gr.

Tvíkvæni.

Eigi má vígja þann sem er í hjúskap.

10. gr.

Lok fjárskipta.

Eigi má vígja þann sem verið hefur í hjúskap nema lokið sé fjárskiptum hjónaefnis og fyrri maka vegna skilnaðar eða andláts. Sýslumaður getur leyst hjónaefni undan þessu skilyrði ef sérstaklega stendur á.

III. KAFLI

Könnun á hjónavígsluskilyrðum

11. gr.

Hver annast könnun.

Sýslumaður annast könnun á hjónavígsluskilyrðum.

Sýslumaður getur með úrskurði synjað um útgáfu könnunarvottorðs. Hvort hjónaefni um sig getur skotið úrskurði sýslumanns til ráðuneytisins. Ráðuneytið getur þá gefið út könnunarvottorð ef það telur skilyrði til þess uppfyllt.

12. gr.

Beiðni um könnun hjónavígsluskilyrða.

Hjónaefni skulu senda sýslumanni undirritaða beiðni um könnun hjónavígsluskilyrða. Ber hjónaefnum að lýsa því að viðurlögðum drengskap að þau viti ekki um tálma á fyrirhugðum hjúskap sínum.

Beiðni um könnun hjónavígsluskilyrða skulu einnig undirrita tveir áreiðanlegir svaramenn sem báðir ábyrgjast að enginn lagatálmi sé á fyrirhuguðum hjúskap. Sýslumaður getur leyft ef sérstaklega stendur á að vikið sé frá þessu, þar á meðal að aðeins einn svaramaður undirriti vottorð.

Beiðni um könnun hjónavígsluskilyrða skulu fylgja nauðsynleg gögn. Sýslumanni er heimilt að afla upplýsinga eða gagna hjá Þjóðskrá Íslands, sýslumönnum og dómstólum með rafrænum hætti. Framangreindum aðilum ber að veita sýslumanni rafrænan aðgang að umbeðnum upplýsingum eða gögnum búi þeir yfir þeim.

Sýslumanni ber að upplýsa hjónaefni um fyrirhugaða upplýsingaöflun skv. 2. málsl. 3. mgr. í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

13. gr.

Könnunarvottorð.

Að öllum skilyrðum uppfylltum gefur sýslumaður út könnunarvottorð.

Hjónavígsla má ekki fara fram nema fyrir liggi fullgilt könnunarvottorð. Ef annað hjóna eða bæði eru alvarlega sjúk má hjónavígsla í algerum undantekningartilfellum fara fram án þess að könnunarvottorð liggi fyrir.

Könnunarvottorðið má ekki vera meira en 30 daga gamalt. Óheimilt er að vígja hjónaefni þrátt fyrir fullgilt könnunarvottorð ef vígslumanni er kunnugt um hjúskapartálma.

Nú er annað hjóna eða bæði alvarlega sjúk og má hjónavígsla þá fara fram án þess að könnunarvottorð liggi fyrir.

Ráðherra setur reglugerð um könnun hjónavígsluskilyrða og útgáfu könnunarvottorðs, þar á meðal um lögsögu og um gögn sem leggja ber fram, svo sem gögn til staðfestingar á fæðingu, hjúskaparstöðu og um lok fyrri hjúskapar frá þar til bæru yfirvaldi.

IV. KAFLI

Hjónavígsla

14. gr.

Stofnun hjúskapar.

Stofna má til hjúskapar fyrir löglegum vígslumanni.

Ráðherra getur sett reglugerð um skyldu löglegra vígslumanna til að framkvæma vígslu, m.a. um heimild til að gera aðild að trúfélagi eða lífsskoðunarfélagi að skilyrði fyrir vígslu.

15. gr.

Vígsla sem byggir á trúar- eða lífsskoðunum.

Vígslu sem byggir á trúar- eða lífsskoðunum annast prestar þjóðkirkjunnar eða forstöðumenn skráðra trúfélaga eða lífsskoðunarfélaga, skv. lögum um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög.

Sýslumaður getur, samkvæmt beiðni forstöðumanns skráðs trúfélags eða lífsskoðunarfélags, veitt tilnefndum einstaklingum löggildingu til að annast hjónavígslu að uppfylltum skilyrðum 7. gr. laga um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög.

16. gr.

Borgaraleg vísla.

Borgaralega vígslu annast sýslumaður.

17. gr.

Hjónavígsluheimild starfsmanna íslenskra sendiráða.

Ráðuneyti er fer með málefni sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa Íslands erlendis getur, að höfðu samráði við ráðuneytið, sett reglur um heimild starfsmanna í íslenskum sendiráðum, er hafa diplómatíska stöðu, til að framkvæma hjónavígslur erlendis, svo og um vígsluheimild ræðismanna Íslands erlendis með sama fyrirvara.

Ákvæði laga þessara um hjónavígsluskilyrði, könnun þeirra, svo og hjónavígslu, gilda einnig um hjónavígslu skv. 1. mgr.

18. gr.

Hjónavígsluheimild erlendra vígslumanna hér á landi.

Heimilt er að ákveða með samningi við erlent ríki að prestar frá viðkomandi ríki eða útsendir ræðismenn þess hér á landi, er hafa diplómátíska stöðu, geti framkvæmt hjónavígslu hér á landi, enda sé a.m.k. annað hjónaefna ríkisborgari þess ríkis.

19. gr.

Hæfi vígslumanns.

Skyldleiki eða tengsl vígslumanns við hjónaefni gera vígslumann ekki vanhæfan til að framkvæma hjónavígslu.

20. gr.

Hjónavígsluathöfn.

Vígslumaður spyr hjónaefni, sem bæði eru viðstödd, hvort fyrir sig hvort þau vilji stofna til hjúskaparins og lýsir þau hjón er þau hafa játað því.

Hjónavígsla skal fara fram í viðurvist tveggja vitna. Við borgaralega vígslu skv. 16. gr. nægir að eitt vitni sé viðstatt.

Að öðru leyti en greinir í 1. mgr. er heimilt að viðhafna í samráði við hjónaefni þá helgisíði eða framgöngu sem reglur eða venjur segja til um.

21. gr.

Gildi hjónavígslu.

Hjónavígsla er gild ef lögmaður vígslumaður hefur framkvæmt hana hér á landi, enda hafi hann gætt þeirra reglna sem greinir í 1. mgr. 20. gr. Sama á við um hjónavígslu sem framkvæmd er erlendis skv. 17. gr.

Hjónavígslu sem uppfyllir ekki skilyrði 1. mgr. má lýsa gilda fyrir dómi ef sérstakar ástæður mæla með því. Á þetta einnig við þótt annað hjóna eða bæði séu látin.

22. gr.

Skráning hjónavígslu í þjóðskrá.

Vígslumanni sem annast hjónavígslu ber að senda Þjóðskrá Íslands upplýsingar um hjónavígslu innan viku frá því að hjónavígslan fór fram.

23. gr.

Viðurkenning hjúskapar sem stofnað er til erlendis.

Hjón sem gengið hafa í hjúskap erlendis eiga rétt á að fá hjúskapinn viðurkenndan hér á landi ef hjúskapurinn uppfyllir hjónavígsluskilyrði og reglur um stofnun hjúskapar í vígslulandinu.

Hjúskapur sem stofnað er til erlendis verður þó ekki viðurkenndur hér á landi ef annað hjóna eða bæði voru yngri en 18 ára þegar vígsla fór fram. Þegar sérstaklega stendur á og ótvíræðir hagsmunir þess sem var yngri en 18 ára krefjast þess er þó heimilt að viðurkenna hjúskap hér á landi ef viðkomandi hafði náð 16 ára aldri þegar hjónavígsla fór fram og hjúskapurinn er viðurkenndur í því landi þar sem hjónavígslan fór fram.

Hjúskapur sem að öðru leyti en getið er um í 2. mgr. brýtur í bága við grunnreglur íslenskrar réttarskipunar eða allsherjarreglu verður ekki viðurkenndur hér á landi.

Hjón sem óska viðurkenningar og skráningar á hjónavígslu sem hefur farið fram erlendis skulu beina erindi sínu til Þjóðskrár Íslands. Ef vafi leikur á því hvort uppfyllt eru skilyrði fyrir skráningu hjónavígslunnar skv. 2. og 3. mgr. skal Þjóðskrár Íslands beina málinu til sýslumanns sem úrskurðar um skráningu hjónavígslu. Bera má synjun sýslumanns undir ráðuneytið. Sýslumaður tilkynnir Þjóðskrár Íslands um niðurstöðu málsins.

V. KAFLI Ógilding hjúskapar

24. gr.

Skylda til að ógilda hjúskap.

Skylt er að ógilda með dómi hjúskap sem brýtur í bága við ákvæði 8. eða 9. gr.

Ef hjúskapur gengur í berhögð við ákvæði 9. gr. er ekki unnt að ógilda hann ef fyrra hjúskap er lokið áður en mál er höfðað.

25. gr.

Heimild til að ógilda hjúskap.

Annað hjóna getur krafist ógildingar hjúskapar síns fyrir dómi:

1. hafi það verið ófært um að skuldbinda sig til hjúskapar að lögum þegar vígsla fór fram,
2. hafi það verið vígt án þess að það ætlaðist til þess eða vígt öðrum en til stóð, eða
3. hafi það verið blekkt, þvingað eða neytt til vígslunnar.

Mál til ógildingar skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. verður ekki höfðað eftir að sex mánuðir eru liðnir frá því að hjónavígsla átti sér stað. Mál til ógildingar skv. 3. tölul. verður ekki höfðað eftir að 12 mánuðir eru liðnir frá því að nauðung létti eða eftir að liðin eru fimm ár frá hjónavígslu.

26. gr.

Réttaráhrif ógildingar.

Ógilding hjúskapar hefur sömu áhrif að lögum og lögskilnaðar nema að lög greini annað.

27. gr.

Fjárskipti o.fl. vegna ógildingar.

Við fjárskipti vegna ógildingar hjúskapar tekur hvort hjóna að óskiptu verðmæti sem svara til þess sem það átti þegar til hjúskapar var stofnað, sem það hefur flutt frá séreign sinni til hjúskapareignar og sem það hefur síðar fengið að gjöf eða sem arf. Sama á við um arð af þessum verðmætum. Þá getur annað hjóna krafist riftunar á gjöf til hins hjóna. Ef eignir hjóna duga ekki til að fullnægja kröfum hvors um sig ber að lækka kröfur að tiltölu.

Ef annað hjóna andast áður en hjúskapur sætir ógildingunni skv. 24. gr. getur hitt hjóna eða erfingjar hins látna krafist þess að 1. mgr. verði beitt um fjárskiptin. Ef það hjóna sem stofnar til hjúskapar andstætt 9. gr. andast áður en hjúskapur sætir ógildingunni á eftirlifandi maki úr fyrri hjúskap eftir atvikum rétt til eftirlauna, greiðslna úr lífeyrissjóði, tryggingarbóta og til bóta fyrir missi framfæranda, svo og nýtur þess hagræðis sem eftirlifandi maka er áskilið við fjárskipti.

Ef það hjóna sem krafa um ógildingu hjúskapar skv. 25. gr. beinist að andast áður en hjúskapur sætir ógildingu getur hitt hjóna krafist þess að 1. mgr. verði beitt um fjárskiptin, enda séu málshöfðunarfrestir 2. mgr. 25 gr. ekki liðnir. Ef það hjóna sem höfðar mál til ógildingar skv. 25. gr. andast meðan mál er rekið geta erfingjar viðkomandi krafist þess að 1. mgr. verði beitt við fjárskiptin.

Um brottfall erfðaréttar vegna ógildingar hjúskapar gilda ákvæði erfðalaga.

VI. KAFLI Hjónaskilnaðir

28. gr.

Samkomulag hjóna um að leita skilnaðar.

Hjón eiga rétt til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar ef þau eru sammála um það.

29. gr.

Annað hjóna krefst skilnaðar.

Maki sem telur sig ekki getað haldið áfram hjúskap á rétt til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar.

30. gr.

Brottfall skilnaðar að borði og sæng.

Ef hjón eru sammála geta þau óskað staðfestingar sýslumanns á brottfalli skilnaðar að borði og sæng.

31. gr.

Lögskilnaður að undangengnum skilnaði að borði og sæng.

Hvor maki um sig á rétt til lögskilnaðar eftir að sex mánuðir eru liðnir frá því að leyfi var veitt til skilnaðar að borði og sæng. Hjónin eiga þó rétt til lögskilnaðar innan sex mánaða frá því að veitt var leyfi til skilnaðar að borði og sæng ef þau eru sammála um það,

32. gr.

Leyfi til skilnaðar.

Annað hjóna eða bæði saman, sem óska skilnaðar, senda beiðni til sýslumanns. Í beiðni skal m.a. koma fram:

1. nöfn beggja hjóna, kennitölur og heimilisföng,
2. nöfn og kennitölur barna ef við á,
3. upplýsingar um hvort óskað er skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar, og
4. upplýsingar um hvort og að hvaða leyti uppfyllt hafi verið skilyrði 35. gr. um skilnaðarkjör.

Með beiðni um skilnað skulu fylgja gögn sem liggja fyrir um skilnaðarkjör, sbr. 35. gr.

Sýslumaður veitir leyfi til skilnaðar. Nú synjar sýslumaður um leyfi til skilnaðar og getur aðili þá skotið synjuninni til ráðuneytisins.

33. gr.

Leiðbeiningar um skilnaðarkjör.

Sýslumaður skal leiðbeina hjónum um skilnaðarkjör.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við ef óskað er lögskilnaðar að undangengnum skilnaði að borði og sæng, sbr. 31. gr., með óbreyttum skilnaðarkjörum.

34. gr.

Staðfesting samninga um skilnaðarkjör.

Hjón skulu staðfesta fyrir sýslumanni samning um framfærslueyri eftir skilnað og samning um fjárskipti eða sameiginlega yfirlýsingu um að skipti verði ekki knúin fram. Samningur um forsjá, lögheimili eða búsetu barns öðlast gildi við staðfestingu sýslumanns samkvæmt ákvæðum barnalaga.

35. gr.

Skilnaðarkjör.

Áður en leyfi er veitt til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar skal eftirfarandi liggja fyrir:

1. samningur hjóna um framfærslueyri eftir skilnað, sbr. 34. gr., eða krafa um að sýslumaður úrskurði um framfærslueyri eftir skilnað skv. 38. gr.,
2. samningur hjóna um fjárskipti eða sameiginleg yfirlýsing hjóna um að skipti verði ekki knúin fram, sbr. 34. gr., úrskurður sýslumanns um að skipti verði ekki knúin fram, sbr. 91. gr., eða úrskurður dómstóls um opinber skipti, sbr. 92. gr., og
3. staðfestur samningur um forsjá, lögheimili barns eða búsetu barns, sbr. 32. a barnalaga nr. 76/2003, eða staðfesting á að dómsmál hafi verið höfðað um forsjá og/eða lögheimili samkvæmt ákvæðum barnalaga.

Þau skilnaðarkjör sem hjón hafa komið sér saman um, eða ákveðin hafa verið með öðrum hætti, í tilefni skilnaðar að borði og sæng gilda einnig við lögskilnað að undangengnum skilnaði að borði og sæng nema annað hafi verið ákveðið. Um framfærslueyri eftir lögskilnað gildir ákvæði 38. gr.

VII. KAFLI

Framfærsluskylda hjóna

36. gr.

Sameiginleg ábyrgð hjóna á framfærslu fjölskyldunnar.

Hjón bera sameiginlega ábyrgð á framfærslu fjölskyldunnar. Til framfærslu telst það sem með sanngirni verður krafist til sameiginlegs heimilishalds og annarra sameiginlegra þarfa, uppeldis og menntunar barna og sérþarfa hvors hjóna. Um framfærsluskyldu gagnvart börnum gilda að öðru leyti ákvæði barnalaga.

Hjón sinna framfærsluskyldu sinni með fjárframlögum, vinnu á heimili og á annan hátt eftir getu þeirra og aðstæðum.

Framlag annars maka til sérþarfa hins verður hjúskapareign viðtakanda nema sérstök heimild sé til að telja það séreign.

Gagnkvæm framfærsluskylda hjóna helst eftir skilnað að borði og sæng og eftir atvikum eftir lögskilnað án undangengins skilnaðar að borði og sæng.

37. gr.

Samningur eða úrskurður um framfærslueyri meðan hjúskapur varir.

Hjón geta samið um að annað þeirra sinni framfærsluskyldu sinni meðan hjúskapur varir með greiðslu framfærslueyris til hins. Hjón geta staðfest samning sinn fyrir sýslumanni.

Ef annað hjóna vanrækir framfærsluskyldur sínar eftir að hjón hafa slitið samvistir getur sýslumaður úrskurðað það til að greiða hinu hjóna framfærslueyri þar til leyfi hefur verið veitt til skilnaðar. Framfærslueyri samkvæmt þessu ákvæði skal ákveða með hliðsjón af þörfum maka, fjárhagsstöðu og öðrum högum hjóna og atvika að öðru leyti.

Ákvörðun um framfærslueyri skv. 2. mgr. miðast að jafnaði við þann tíma sem krafa er sett fram en heimilt er að ákvarða framfærslueyri í allt að eitt ár aftur í tímann ef sérstaklega stendur á.

38. gr.

Samningur eða úrskurður um framfærslueyri eftir skilnað.

Hjón geta samið um greiðslu framfærslueyris eftir skilnað. Samningur skal vera skriflegur og undirritaður af hjónum eða umboðsmönnum þeirra. Um staðfestingu fer skv. 34. gr.

Ef hjón greinir á um framfærslueyri eftir skilnað getur sýslumaður úrskurðað annað hjóna til að greiða hinu framfærslueyri í allt að sex mánuði eftir skilnað að borði og sæng eða lögskilnað án undangengins skilnaðar að borði og sæng, eða í allt að 12 mánuði ef alveg sérstaklega stendur á. Framfærslueyri skal ákveða með hliðsjón af tekjum og fjárhagsstöðu beggja, þar á meðal aflahæfi þeirra, lengd hjúskapar, þörfum þess sem krefst framfærslueyris og atvika að öðru leyti.

Skylda til greiðslu framfærslueyris fellur niður við brottfall skilnaðar að borði og sæng, þegar sá sem á rétt til hans giftist að nýju eða þegar annað hvort hjónanna deyr.

39. gr.

Breyting á ákvörðun um framfærslueyri.

Sýslumaður getur með úrskurði breytt samningi hjóna um framfærslueyri eftir samvistarlit, skv. 1. mgr. 37. gr., og um framfærslueyri eftir skilnað, skv. 2. mgr. 38. gr., ef rökstudd krafa kemur fram um það, enda sé sýnt fram á að samningur sé bersýnilega ósanngjarn eða að fjárhagsstaða, þarfir og hagir hjóna hafi breyst verulega frá því að samningur var gerður.

Sýslumaður getur breytt úrskurði skv. 37. og 38. gr. ef rökstudd krafa kemur fram um það, enda sé sýnt fram á að þær aðstæður sem lágu til grundvallar úrskurði hafi breyst verulega frá því að hann var kveðinn upp.

40. gr.

Fjárnámsheimild.

Gera má fjárnám fyrir framfærslueyri á grundvelli staðfests samnings hjóna skv. 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 38. gr. eða úrskurðar sýslumanns skv. 2. mgr. 37. gr. og 2. mgr. 38. gr.

41. gr.

Greiðsluskylda Tryggingastofnunar ríkisins.

Sá sem er búsettur hér á landi og á rétt á greiðslum skv. VII. kafla laganna getur snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins og óskað eftir því að fá greitt samkvæmt þessu ákvæði.

Tryggingstofnun ríkisins er skylt að greiða réttthafa greiðslna samkvæmt úrskurði sýslumanns um framfærslueyri skv. 2. mgr. 37. gr. og 2. mgr. 38. gr.

VIII. KAFLI
Eignir hjóna

42. gr.

Eignir hjóna.

Allar eignir þess sem er í hjúskap eru annað hvort hjúskapareignir eða séreignir viðkomandi.

43. gr.

Hjúskapareign.

Allar eignir sem maki á við stofnun hjúskapar eða sem maki eignast síðar verða hjúskapareignir viðkomandi nema sérstakar heimildir standi til annars.

Verðmæti sem koma í stað hjúskapareignar verða einnig hjúskapareign þess sem eignina á, svo og arður af hjúskapareignum, nema annars sé getið í kaupmála.

Hjúskapareignir koma til skipta milli hjóna þegar fjárskipti fara fram, með þeim hætti sem mælt er fyrir um í lögum þessum, nema sérstakar heimildir leiði til annars.

44. gr.

Séreign.

Eign verður séreign maka ef fyrirbyggur:

1. kaupmáli milli hjóna eða hjónaefna,
2. ákvörðun gefanda um að gjöf verði séreign viðtakanda í hjúskap,
3. ákvörðun arfleifanda um að arfur verði séreign erfingja í hjúskap, eða
4. ákvæði í lögum.

Verðmæti sem koma í stað séreignar verða einnig samskonar séreign þess sem eignina á, svo og arður af séreignum. Sama á við um viðbætur sem verða óskiptur hluti séreignar. Sama á einnig við um eign sem maki eignast að hluta til með andvirði séreignar sinnar en að öðru leyti með fé sem makinn tekur að láni og/eða með yfirtöku hans á áhvílandi láni. Ef maki nýtir jafnframt andvirði hjúskapareigna sinna sem þegar eru til staðar verður eignin þó einungis séreign hans í því hlutfalli sem andvirði séreignar, lánsfjár og yfirtaka lána tekur til.

Ákvæði 2. mgr. gildir nema annars sé getið í kaupmála eða ákvörðun gefanda eða arfleifanda.

Séreignir koma eigi til skipta við fjárskipti milli hjóna, eða milli annars hjóna og erfingja hins, nema sérstakar heimildir leiði til annars. Á þetta einungis við að því marki sem verðmætin eru til staðar á viðmiðunardegi skipta og verða sérgreind.

45. gr.

Eignir í sameign.

Ef hjón eru sameigendur eignar þá er eignarhlutdeild hvors hjóna um sig í sameigninni hjúskapareign eða séreign hvors um sig, sbr. ákvæði laga þessara.

IX. KAFLI
Forræði maka á eign sinni

46. gr.

Ráðstöfunarréttur og meðferð eigna.

Hvort hjóna hefur rétt til að fara með og ráðstafa eignum sínum, með þeim takmörkunum sem leiða af lögum.

Maka er skylt að fara svo með hjúskapareign sína, þ.m.t. eignarhluta sem er í óskiptri sameign hjóna, að hún skerðist ekki vegna ótilhlýðilegrar háttsemi hans.

47. gr.

Takmarkaður ráðstöfunarréttur fasteignar.

Maka er óheimilt án skriflegs samþykkis hins hjóna að afhenda, gefa, selja, veðsetja eða leigja:

1. fasteign sína þar sem fjölskyldan býr eða fjölskyldumeðlimir dvelja reglulega, og
2. fasteign sína sem notuð er við atvinnurekstur beggja hjóna eða hins.

Sama á við um afhendingu á hlutabréfum, öðrum eignarskilríkjum, réttindaskjölum, eða samningum um afnota- eða búseturétt í fasteign skv. 1. mgr.

Samþykki verður einnig að liggja fyrir við uppsögn eða framsal leigusamnings um húsnæði skv. 1. mgr.

48. gr.

Takmarkaður ráðstöfunarréttur lausafjár.

Maka er óheimilt án skriflegs samþykkis hins að afhenda, gefa, selja, veðsetja eða leigja:

1. innbú í fasteign þar sem fjölskyldan býr eða fjölskyldumeðlimir dvelja reglulega,
2. annað lausafé sitt sem er ætlað til persónulegra nota fyrir hitt hjóna eða börn annars eða beggja, og
3. lausafé sitt sem notað er við sameiginlegan atvinnurekstur hjóna.

49. gr.

Samþykki skv. 47. gr. og 48. gr.

Ákvæði 47. gr. og 48. gr. eiga við hvort sem eign er hjúskapareign eða séreign þess sem á eignina.

Ákvæði 47. gr. og 48. gr. gilda þrátt fyrir samvistarlit eða skilnað, allt þar til úr því er skorið hvort hjóna fái verðmæti í sinn hlut.

Ef maki sem samþykkja á löggerning skv. 47. gr. og 48. gr. hefur verið sviptur lögræði þarf samþykki lögráðamanns.

Ef maki eða lögráðamaður hans synja um samþykki, eða ekki er unnt án verulegs dráttar að afla samþykkis, getur hinn makinn eða viðsemjandi hans snúið sér til sýslumanns sem getur veitt samþykki ef sýslumaður telur rök mæla með því.

50. gr.

Þinglýsing löggerninga skv. 47. gr.

Þegar óskað er þinglýsingar löggerninga skv. 47. gr. skal skjalið hafa að geyma yfirlýsingu um að útgefandi skjalsins sé í hjúskap og samþykki maka hans.

51. gr.

Ógilding samninga sem fara gegn 47. gr. og 48. gr.

Það hjóna sem samþykkja á löggerning skv. 47. gr. og 48. gr. getur krafist fyrir dómi ógildingar samnings sem gerður er án þess að samþykki liggi fyrir. Þetta á þó ekki við um samninga skv. 48. gr. ef viðsemjandi getur sýnt fram á að honum hafi hvorki verið ljóst né mátt vera ljóst þegar samningurinn var gerður að samþykkis væri þörf.

Dómsmál skal höfða innan sex mánaða frá því að það hjóna sem krafist getur ógildingar fékk vitneskju um samning og í síðasta lagi innan árs frá því að samningi var þinglýst eða réttindi eða lausafé afhent.

52. gr.

Riftun gjafar til þriðja manns.

Ef maki gefur þriðja manni gjöf úr hjúskapareign sinni sem telst óeðlileg, ósanngjörn eða úr hófi fram miðað við aðstæður og efnahag hjóna getur hitt hjóna krafist þess fyrir dómi að gjöfinni verið rift. Þetta á þó ekki við ef gjafþegi getur sýnt fram á að honum hafi hvorki verið ljóst né mátt vera ljóst að gerningurinn væri óheimill.

Dómsmál skal höfða innan árs frá því að það hjóna sem krafist getur riftunar fékk vitneskju um gjöfina og í síðasta lagi innan þriggja ára frá afhendingu gjafar.

X. KAFLI

Skuldaábyrgð hjóna

53. gr.

Ábyrgð á skuldbindingum.

Hvort hjóna ber ábyrgð á þeim skuldbindingum sem á því hvíla hvort sem þær hafa stofnast fyrir hjúskapinn eða síðar.

Annað hjóna getur ekki skuldbundið hitt nema það sé sérstaklega heimilað í lögum eða samningi hjóna.

54. gr.

Heimild maka til að skuldbinda hitt hjóna.

Ef maki getur ekki, meðan samvistir vara, gætt fjármála sinna vegna fjarveru eða veikinda er hinu hjóna heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir fyrir hönd makans að því marki sem þörf krefur vegna framfærslu fjölskyldunnar. Heimildin er ekki til staðar hafi öðrum verið falin umsýsla með fjármálum makans.

Samningur skuldbindur ekki makann ef viðsemjanda var ljóst eða mátti vera ljóst að samningur var utan heimildar þess hjóna sem hann gerði.

XI. KAFLI
Samningar milli hjóna o.fl.

55. gr.

Samningar.

Hjón geta gert samninga sín á milli og tekist á hendur skuldbindingar hvort gagnvart öðru, með þeim takmörkunum sem lög mæla fyrir um. Hjón geta ekki með samningi vikið frá ákvæðum laga þessara nema sérstakar heimildir standi til þess.

Hjón geta gefið hvort öðru gjafir. Hjón geta þó ekki ákveðið að það sem annað hjóna kann að eignast framvegis verði endurgjaldslaust eign hins nema þegar um er að ræða samninga hjóna um skiptingu lífeyrisréttinda eða váttryggingu sem maki tekur vegna lífs og heilsu hins hjóna eða ráðstöfun maka á slíkri tryggingu til hins hjóna.

56. gr.

Aðgangur kröfuhafa að gjöfum milli hjóna.

Sá sem fær ekki fullnustu fyrir kröfu á hendur þeim sem hefur gefið maka sínum gjöf getur gengið að gjöfinni eða verðmæti hennar nema það sannist að gefandi hafi ótvírætt verið gjaldfær þrátt fyrir gjafagerninginn. Ef endurgjald hefur að einhverju leyti komið fyrir dregst það frá því verðmæti sem unnt er að ganga að. Ef bú þess hjóna, sem gefið hefur hinu verðmæti, er tekið til gjaldþrotaskipta gildir ákvæðið eingöngu að svo miklu leyti sem búið krefst ekki riftunar á gjöf eða afsali.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um venjulegar gjafir sem teljast hóflegar miðað við efnahag gefanda eða sem felast í samningum eða ráðstöfunum skv. 2. másl. 2. mgr. 55. gr.

57. gr.

Séreignir samkvæmt kaupmála.

Hjón eða hjónaefni geta með kaupmála gert samning um eftirfarandi tegundir kaupmála:

1. að eign skuli verða séreign þess sem eignina á við fjárskipti vegna skilnaðar og andláts, eða
2. að eign skuli verða séreign þess sem eignina á við fjárskipti vegna skilnaðar en skuli verða hjúskapareign við fjárskipti vegna andláts, annars vegar ótilgreint eða hins vegar einskorðað við andlát skammlífara eða langlífara hjóna eða andlát annars hjóna, sem nafngreint er.

Heimilt er að samningur um séreign skv. 1. mgr. gildi um eftirfarandi efnisatriði óháð tegund:

1. tiltekna eign sem eru til staðar,
2. tiltekna tegundir verðmæta sem eru eða kunna að verða til staðar, þar með talið lífeyrisréttindi,
3. afmarkað hlutfall allra eða tiltekinna eigna annars hjóna,
4. afmarkaða fjárhæð eða afmarkaða fjárhæð af einu eða fleiri verðmætum, eða
5. allar eignir nema afmarkaða fjárhæð eða afmarkaða fjárhæð af einu eða fleiri verðmætum.

Samninga um séreignir má skilyrða með þeim hætti að kaupmáli gildi ekki ef hjón eignast sameiginlegan skylduerfingja.

Samninga um séreignir má binda tímamörkum þannig að samningur í heild sinni eða tiltekin ákvæði hans falli úr gildi að tilteknum tíma liðnum. Ennfremur er heimilt að semja um

að séreign dragist saman með tilteknum reglubundnum hætti, svo sem með lækkun hlutfalls eða lækkun fjárhæða.

Heimilt er að semja um að fjárhæð samkvæmt 4. og 5. tl. 2. mgr. taki hækkunum samkvæmt vísitölu neysluverð. Ennfremur er heimilt að semja um að fjárhæð skv. 5. tl. 2. mgr. hækki árlega, ótímabundið eða tímabundið, ýmist hlutfallslega eða um afmarkaða fjárhæð.

Ákvæðum kaupmála um séreignir er hægt að breyta eða fella niður með nýjum kaupmála.

58. gr.

Séreignir samkvæmt ákvörðun gefanda eða arfleifanda.

Gefandi getur ákveðið að gjöf skuli vera séreign í hjúskap gjafþega. Ákvörðun verður að liggja fyrir um leið og gjöf er gefin.

Arfleifandi getur ákveðið að arfur skuli vera séreign í hjúskap erfingja. Á það jafnt við um lögarf, þar með talinn skylduarf, og bréfarf og óháð því hvort arfur er greiddur fyrirfram eða ekki. Ákvörðun verður að koma fram í erfðaskrá. Ef um fyrirframgreiddan arf er að ræða verður erfðaskrá að liggja fyrir áður en arfurinn er afhentur eða greiddur.

Gefandi og arfleifandi geta afmarkað tegund og efnisatriði séreignar séreign með sama hætti og hjónum er heimilt að gera með kaupmála samkvæmt 57. gr. Þá eiga ákvæði 3.-5. mgr. 57. gr. við um ákvarðanir gefanda og arfleifanda um séreign. Gefandi og arfleifandi geta einnig takmarkað möguleika hjóna til að gera kaupmála í tengslum við gjöfina eða arfinn.

59. gr.

Kaupmáli hjóna í tengslum við ákvörðun gefanda eða arfleifanda.

Hjón eða hjónaefni geta með kaupmála samið um að draga úr réttaráhrifum eða umfangi séreigna samkvæmt ákvörðun gefanda eða arfleifanda í samræmi við ákvæði 57. gr., þar með talið að séreign verði hjúskapareign gjafþega eða erfingja að öllu leyti eða að hluta.

Samningar skv. 1. mgr. eru þó ekki gildir ef þeir ganga gegn því sem tekið er fram í gjafagerningi eða erfðaskrá.

60. gr.

Kaupmáli um að eignir komi til skipta.

Hjón eða hjónaefni geta með kaupmála gert samning um að eftirfarandi eignir komi til skipta:

1. verðmæti útgreiddra lífeyrisréttinda sem krefjast má að komi ekki undir skipti skv. 78. gr.

2. verðmæti bóta sem falla utan skipta skv. 77. gr.

Í samningi skv. 1. mgr. má ákveða að hann gildi einungis við andlát, ótilgreint eða einskorðað við að annað þeirra sem nafngreint er látist.

Ákvæði 1. mgr. á einungis við að því marki sem verðmætin eru til staðar á viðmiðunardegi skipta og verða sérgreind.

XII. KAFLI Kaupmálar

61. gr.

Form kaupmála.

Kaupmáli skal vera skriflegur og undirritaður af hjónum eða hjónaefnum og lögráðamanni ef viðkomandi er ólögráða.

Undirritun hjóna, hjónaefna og/eða lögráðamanns skal staðfest af sýslumanni, lögmanni eða af tveimur vottum sem skulu vera samtímis viðstaddir. Vottar skulu rita nöfn sín og kennitölur á kaupmálann og skal þeim vera kunnugt um að skjalið, sem vottað er, sé kaupmáli. Vottarnir skulu vera lögráða og mega ekki vera tengdir aðila með þeim hætti að geta skorast undan að gefa vitnaskýrslu fyrir dómi í einkamáli.

62. gr.

Gildi kaupmála.

Kaupmáli er ekki gildur nema hann sé undirritaður, vottaður og skráður í kaupmálabók samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Kaupmála er unnt að fella úr gildi að nokkru leyti eða öllu með dómi með stoð í ógildingarreglum samningaréttar. Við mat á því hvort ósanngjarnt telst að byggja á efni kaupmála ber m.a. að líta til ákvæða laga þessara um fjármál hjóna og um fjárskipti.

63. gr.

Skráning kaupmála

Kaupmála skal skrá í kaupmálabók sýslumanns.

Kaupmála hjónaefna skal skrá í lögsagnarumdæmi þar sem þau eiga lögheimili eða ætla sér að búa. Kaupmála hjóna skal skrá þar í umdæmi sem þau eiga lögheimili. Ef þau eiga ekki lögheimili hér á landi skal skrá kaupmálann í umdæmi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu.

Um frágang skjala og framkvæmd skráningar fer samkvæmt ákvæðum þinglýsingarlaga um framkvæmd þinglýsinga eftir því sem við getur átt. Gildi skráningar telst frá dagsetningu vottorðs um viðtökudag.

Ráðherra getur sett nánari reglur um skráningu kaupmála með reglugerð.

64. gr.

Allsherjarskrá um kaupmála o.fl.

Halda skal allsherjarskrá um kaupmála.

Að lokinni skráningu í kaupmálabók ber sýslumanni að senda tilkynningu um kaupmálann til þess sýslumanns sem ráðherra felur að halda allsherjarskrá um kaupmála. Í tilkynningu skal greina nöfn aðila, kennitölur þeirra og heimili og viðtökudag kaupmála.

Í lok hvers mánaðar skal auglýsa í Lögbirtingablaði það sem þann mánuð hefur verið tekið á kaupmálaskrá sýslumanns.

65. gr.

Þinglýsing kaupmála.

Ef kaupmáli varðar fasteign, skrásetningarskylt skip eða loftfar eða bifreið skal sýslumaður auk skráningar í kaupmálabók skrá kaupmálann í þinglýsingarbók ef eignin er

skráð í umdæmi hans. Ef eign er skráð í öðru umdæmi ber sýslumanni að áframsenda kaupmálann þangað til þinglýsingar.

66. gr.

Breyting eða niðurfelling kaupmála.

Við breytingu eða niðurfellingu kaupmála skal gæta ákvæða þessa kafla.

Að loknum fjárskiptum vegna skilnaðar eða andláts getur hvor maki um sig eða erfingjar maka krafist þess að kaupmáli verði afskráður í kaupmálabók.

67. gr.

Upplýsingar um kaupmála.

Hver, sem þess óskar, á rétt á upplýsingum úr kaupmálabók um tilvist kaupmála og efni hans.

XIII. KAFLI

Fjárskipti milli hjóna án skilnaðar

68. gr.

Heimild til að óska fjárskipta án skilnaðar.

Hjón geta krafist opinberra skipta til fjárslita án skilnaðar ef þau eru sammála um það.

Hvort hjóna um sig getur krafist opinberra skipta til fjárslita án skilnaðar ef:

1. hitt rýrir hjúskapareign sína með vangæslu á fjármálum sínum, misbeitingu á ráðum yfir hjúskapareign sinni eða annarri óhæfilegri háttsemi eða gefur sérstakt tilefni til að óttast að svo verði, eða
2. bú hins er tekið til gjaldþrotaskipta.

69. gr.

Framkvæmd opinberra fjárskipta án skilnaðar

Um varnarþing, meðferð kröfu og framkvæmd opinberra skipta fer samkvæmt ákvæðum XIV. kafla laga um skipti á dánarbúum o. fl., nr. 20/1991.

70. gr.

Efnisreglur um fjárskipti án skilnaðar.

Við opinber skipti til fjárslita án skilnaðar skiptast eignir milli hjóna eftir efnisreglum um skipti vegna skilnaðar skv. XIV. kafla.

Það sem hvort hjóna eignast eftir viðmiðunardag skipta skv. . gr. og það sem hvort hjóna fær í sinn hlut við skipti samkvæmt þessum kafla verður séreign þess í hjúskapnum. Hjón geta með kaupmála samið um að séreignir samkvæmt þessu ákvæði verði hjúskapareignir að öllu leyti eða að hluta.

XIV. KAFLI

Fjárskipti milli hjóna vegna hjúskaparslita o.fl.

71. gr.

Tílefni fjárskipta.

Fjárskipti milli hjóna skulu fara fram við skilnað eða ógildingu hjúskapar. Ákvæði þessa kafla eiga einnig við um fjárskipti vegna andláts annars hjóna eða beggja, nema annars sé sérstaklega getið.

72. gr.

Andlag fjárskipta.

Fjárskipti milli hjóna taka til hjúskapareigna og skulda hvors um sig nema lög mæli fyrir um annað.

Heimilt er að draga séreignir undir fjárskipti milli hjóna að svo miklu leyti sem þörf er á til að fullnægja endurgjaldskröfum skv. 85. og 86. gr.

73. gr.

Viðmiðunardagur skipta.

Fjárskipti milli hjóna taka til eigna skv. 72. gr. sem eru til staðar á viðmiðunardegi skipta, auk arðs, vaxta og tekna af þessum eignum. Hið sama á við um skuldir sem stofnast höfðu og voru ógreiddar við viðmiðunardag skipta. Eignir og skuldir, sem maki aflar sér eða stofnar til eftir þetta tímamark koma ekki til greina við skiptin.

Viðmiðunardagur skipta miðast við það tímamark:

1. sem hjón sammælast um,
2. þegar sýslumaður tók fyrst fyrir beiðni um leyfi til skilnaðar,
3. þegar dómsmál var höfðað um ógildingu hjúskapar, eða
4. þegar héraðsdómari tók fyrst fyrir kröfu um opinber fjárskipti milli hjóna.

Um viðmiðunardag skipta vegna andláts fer skv. 2. mgr. 79. gr.

74. gr.

Upplýsingar um eignir og skuldir o.fl.

Hafi sammæli ekki tekist um fjárskipti vegna skilnaðar eða sett fram krafa um opinber skipti, getur hvort hjóna:

1. óskað skriflegrar heimildar sýslumanns til að krefjast upplýsinga hjá öðrum um eignir og skuldastöðu hins hjóna. Skylt er þeim sem hjón leita til í skóli slíkrar heimildar að veita þær, með sambærilegum hætti og á við um sýslumann vegna dánarbús skv. 3. mgr. 10. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl, nr. 20/1991, og
2. krafist þess að eignir hvors hjóna verði að einhverju eða öllu leyti skráðar og metnar til peningaverðs. Með sama hætti getur annað hjóna krafist að skuldir er áhrif hafa á skiptin verði skrásettar og metnar til peningaverðs.

Kröfu um aðgerðir skv. 1. mgr. skal beina skriflega til sýslumanns og í kröfu skv. 2. tölul.

1. mgr. skal eftirfarandi tiltekið svo skýrt sem verða má:

1. nöfn og kennitölur beggja hjóna,
2. hverjar eignir eða hvers konar sé krafist að verði skrásettar, að hverju marki sé krafist mats á þeim og hvar þær sé að finna,
3. hverjar skuldir sé krafist að verði skrásettar og að hverju marki sé krafist mats á þeim.

Um skrásetningu og mat eigna og skulda gilda að öðru leyti ákvæði 17.-23. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991.

75. gr.

Verðmat eigna og skulda.

Ef ekki er samið um annað við fjárskiptin ber að miða verðmat við gangverð eigna þegar mat fer fram gegn staðgreiðslu kaupverðs og stöðu skulda við úthlutun.

76. gr.

Persónuleg verðmæti sem fallið geta utan skipta.

Ef ekki er samið um annað getur maki krafist þess að eftirfarandi verðmæti og munir falli utan skipta hvort sem um er að ræða hjúskapareign hans sjálfs eða hins hjónanna:

1. verðmæti eða réttindi sem eru persónulegs eðlis eða ekki er hægt að afhenda, nema annað leiði af lögum þessum,
2. munir sem aflað hefur verið eingöngu eða aðallega til persónulegra afnota makans eða eru honum nauðsynlegir til að halda áfram atvinnu eða menntun sinni,
3. munir sem eru nauðsynlegir vegna þarfa barna sem búa hjá viðkomandi, og
4. munir sem hafa minjagildi fyrir annan maka eða fjölskyldu hans.

Það hjóna, sem fær verðmæti eða muni utan skipta með þessum hætti, tekur að sér skuldir sem orðið hafa til vegna öflunar þeirra eða hvíla á þeim.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við ef verðgildi munanna er slíkt að það verði talið ósamngjarnt gagnvart hinu hjónanna eða erfingjum skammlífara hjóna.

Um heimild til að krefjast þess að verðmæti skv. 1. mgr. falli utan fjárskipta við andlát fer skv. 79. gr.

77. gr.

Bætur sem fallið geta utan skipta.

Ef ekki er samið um annað getur maki krafist þess að eftirfarandi verðmæti falli utan skipta:

1. skaðabætur vegna líkamstjóns,
2. bætur fyrir miska,
3. bætur almannatrygginga vegna líkamstjóns,
4. bætur samkvæmt váttryggingarsamningi vegna lífs-, heilsu- eða líkamstjóns, og
5. vextir, verðbætur og það sem kemur í stað verðmæta skv. 1. - 4. tölul.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón.

Ákvæði 1. mgr. á einungis við að því marki sem verðmætin eru til staðar á viðmiðunardegi skipta og verða sérgreind.

Um heimild til að krefjast þess að bætur skv. 1. mgr. falli utan fjárskipta við andlát fer skv. 79. gr.

78. gr.

Lífeyrisréttindi sem fallið geta utan skipta o.fl.

Ef ekki er samið um annað getur maki krafist þess að eftirfarandi verðmæti falli utan skipta:

1. lífeyrisréttindi sem myndast hafa með greiðslu lágmarksiðgjalds,

2. viðbótarlífeyrissparnaður sem myndast hefur með greiðslu iðgjalds umfram lágmarksiðgjald áður en til hjúskapar var stofnað, og
3. vextir, verðbætur og það sem kemur í stað verðmæta skv. 1. og 2. tölul.

Ákvæði 1. mgr. á einungis við að því marki sem verðmætin eru til staðar á viðmiðunardegi skipta og verða sérgreind. Ákvæði 1. mgr. á ekki við um lífeyrisréttindi sem ráðstafað hefur verið samkvæmt ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða inn á höfuðstól húsnæðisláns eða til kaupa á húsnæði til eigin nota eða ráðstafað hefur verið samkvæmt ákvæðum laga um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við ef munur á verðmæti þessara lífeyrisréttinda hjóna er slíkt að það verði talið ósanngjarnt gagnvart hinu hjónanna að halda réttindunum utan skipta. Um skiptingu og uppgjör lífeyrisréttinda við skipti fer þá skv. 84. gr.

Ef ekki er samið um annað getur langlífari maki krafist þess að öll lífeyrisréttindi hans falli utan fjárskipta vegna andláts skammlífara hjóna. Hið sama á við um vexti, verðbætur og það sem kemur í stað réttindanna sem falla utan skipta og þetta við að því marki sem réttindin eða verðmætin eru til staðar við skipti eftir andlát skammlífara hjóna og verða sérgreind. Undanskilin eru réttindi sem hefur verið ráðstafað skv. 2. másl. 2. mgr. Um heimild til að krefjast þess að lífeyrisréttindi falli utan fjárskipta við andlát fer að öðru leyti skv. 79. gr.

79. gr.

Sérreglur um fjárskipti vegna andláts maka í hjúskap.

Ákvæði 76., 77. og 78. gr. eiga einungis við um langlífara hjóna vegna fjárskipta eftir andlát skammlífara hjóna en eiga ekki við um erfingja skammlífara eða langlífara hjóna.

Ef skipti fara fram við andlát skammlífara hjóna miðast viðmiðunardagur skipta við dánarstund skammlífara hjóna. Ef maki fær leyfi til setu í óskiptu búi og búinu er skipt í lifanda lífi langlífari maka miðast viðmiðunardagur skipta við það tímamark þegar veitt er leyfi til einkaskipta eða þegar krafa er sett fram um opinber skipti, nema um annað sé samið. Ef skipti fara fram eftir andlát beggja miðast viðmiðunardagur skipta við dánarstund langlífara hjóna.

80. gr.

Helmingaskipti.

Eignum hjóna sem fjárskipti taka til skal skipt til helminga með þeim hætti sem nánar er mælt fyrir um í ákvæði þessu.

Við fjárskipti milli hjóna skal afmarka allar hjúskapareignir sem tilheyra hvoru hjóna fyrir sig, þar með taldir eignarhlutar í sameignum. Eins skal farið með skuldir hvors hjóna um sig og hlutdeild hvors um sig í sameiginlegum skuldum.

Frá heildarhjúskapareignum hvors um sig skal draga fjárhæð heildarskulda hvors hjóna um sig. Skuldir, sem stafa frá öflun, aukningu eða viðhaldi eigna sem standa utan skipta koma ekki til frádráttar við fjárskiptin. Þessar skuldir koma þó til frádráttar að því marki sem eignir sem standa utan skipta hrökkva ekki til greiðslu þeirra. Skuldir, sem annað hjóna hefur bakað sér með vanhirðu á fjármálum sínum eða með annarri óhæfilegri aðferð, koma því aðeins til frádráttar að önnur efni maka hrökkvi ekki til greiðslu þeirra.

Helmingaskipti felast í því að hvort hjóna um sig á tilkall til helmings úr hreinni hjúskapareign hins skv. 1.-3. mgr., nema annað leiði af ákvæðum laga.

Um meðferð lífeyrisréttinda við skipti fer skv. 84. gr.

81. gr.

Heimild til að gefa eftir af tilkalli sínu til eigna.

Maki er heimilt við fjárskipti að gefa eftir af tilkalli sínu til eigna, enda geti hann á þeim tíma fullnægt fjárskuldbindingum sem á honum hvíla.

82. gr.

Aukin hlutdeild í eignum.

Maki getur krafist þess að fá aukna hlutdeild í eignum ef sérstaklega stendur á og sýnt er fram á að hann geti ekki með neinum öðrum hætti haldið uppi heimili.

Réttur skv. 1. mgr. vikur þó fyrir rétti hins makans til að fá verðmæti í sinn hlut til greiðslu skuldbindinga sem á honum hvíla og til greina geta komið við skiptin.

83. gr.

Frávik frá helmingaskiptum.

Maki getur krafist þess að vikið verði frá reglum um helmingaskipti skv. 80. gr. ef skiptin yrðu að öðrum kosti bersýnilega ósanngjörn. Á það einkum við ef sýnt er fram á að makinn hafi:

1. Átt verulega miklu meira við hjúskaparstofnun en hitt hjóna.
2. Aukið hjúskapareignir sínar verulega meðan hjúskapur varir, eða skiptum er ólokið, án aðkomu eða framlaga frá hinu hjóna.
3. Fengið í sinn hlut arf eða gjöf frá öðrum en hinu hjóna meðan hjúskapur varir.

Við mat á ósanngirni ber auk þess einkum að líta til lengdar hjúskapar og fjárhagslegrar samstöðu hjóna, svo og til fjárhags og annarra aðstæðna hvors um sig eftir atvikum.

Fráviki frá helmingaskiptum skv. 1. mgr. er einnig hægt að beita til hagsbóta fyrir erfingja maka ef hagir þeirra mæla sértaklega með því.

84. gr.

Skipting og uppgjör lífeyrisréttinda o.fl.

Að því marki sem eftirfarandi réttindi koma til fjárskipta á ákvæði þetta á við um:

1. lífeyrisréttindi skv. 1. tölul. 1. mgr. 78. gr. sem ósanngjarnt er að halda utan skipta skv. 3. mgr. 78. gr.,
2. viðbótarlífeyrissparnað sem myndast hefur með greiðslu iðgjalds umfram lágmarksiðgjald frá þeim tíma sem hjúskapur stofnast og fram að viðmiðunardegi skipta, og
3. bætur samkvæmt váttryggingarsamningi um persónutryggingar aðrar en þær sem 4. tölul. 1. mgr. 77. gr. ná til.

Um fjárhæðir sem þegar hafa verið greiddar til lífeyris- eða bótaþega vegna réttinda skv. 1. mgr. fer samkvæmt ákvæði 80. gr. um helmingaskipti eftir því sem verðmætum er enn til að dreifa.

Áunnin réttindi skv. 1. mgr. skiptast einnig samkvæmt ákvæði 80. gr. frumvarpsins um helmingaskipti. Uppgjör áunninna réttinda fer fram með þeim hætti að hvort hjóna heldur réttindum hjá sínum lífeyrissjóði eða vörsluaðila. Ef maki fær með því móti minna en það sem viðkomandi ber að fá í sinn hlut við skiptin er réttindum skipt með þeim hætti að makinn öðlast sjálfstæð réttindi í lífeyrissjóði eða hjá vörsluaðila hins hjóna, sem skerða réttindi hins hjóna að réttri tiltölu.

Heimilt er að semja, eða eftir atvikum mæla fyrir, um uppgjör áunninna réttinda með öðrum hætti, svo sem með eingreiðslu eða nánar tilgreindum afborgunum.

85. gr.

Endurgjald vegna framlaga til eignamyndunar.

Maki getur krafist endurgjalds við fjárskipti ef:

1. hann hefur notað séreignir sínar, eða eignir sem halda má utan skipta, til að umtalsvert viðhalda eða auka verðmæti eigna sem koma til skipta,
2. hann hefur notað eignir sínar, eða með öðrum beinum og óbeinum framlögum átt þátt í að umtalsvert viðhalda eða auka verðmæti séreigna hins hjóna eða eigna hins hjóna sem halda má utan skipta, eða
3. hitt hjóna hefur notað hjúskapareignir sínar til að umtalsvert viðhalda eða auka verðmæti séreigna sinna eða eigna sem halda má utan skipta.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um iðgjöld sem greidd hafa verið til að tryggja eða ávinna sér réttindi skv. 77. og 78. gr.

Við ákvörðun um endurgjald skv. 1. mgr. ber að meta aðstæður með heildstæðum hætti, m.a. lengd hjúskapar og fjárhagslega samstöðu hjóna, hvenær og með hvaða hætti framlög voru innt af hendi, verðmæti framlaga og þess sem framlög renna til og fjárhag hjónanna almennt.

Endurgjald skv. 1. mgr. greiðist af hreinni hjúskapareign þess sem krafan beinist að. Ef hrein hjúskapareign hrekkur ekki til má krefjast greiðslu úr séreign viðkomandi, eða af verðmætum sem halda má utan skipta. Ef það dugar ekki til er endurgjald dregið af hreinni hjúskapareign þess sem kröfuna gerir áður en kemur að tilkalli hins hjóna til eigna skv. 80. gr.

Endurgjaldskrafa, sem ekki er hægt að jafna við skiptin, verður ekki höfð upp síðar.

86. gr.

Endurgjald vegna óhæfilegs atferlis.

Maki getur krafist endurgjalds við fjárskipti ef hitt hjóna hefur rýrt eign sína sem koma á til skipta með því að misbeita ráðum yfir eigninni eða með öðru óhæfilegu atferli og sú háttsemi hefur leitt til varanlegrar skerðingar á þeim verðmætum sem koma ættu til skipta.

Um uppgjör endurgjalds skv. 1. mgr. fer skv. 4. mgr. 85. gr.

Endurgjaldskröfu, sem ekki er hægt að jafna við skiptin, má hafa uppi síðar.

87. gr.

Úthlutun og útlagning.

Úthlutun felur í sér ákvörðun um hvert skuli vera heildarverðmæti þess sem hvort hjóna fær í sinn hlut. Þegar úthlutun liggur fyrir fer fram útlagning þar sem teknar eru ákvarðanir um hvaða eignir og skuldir hvort hjóna leysir til sín eftir atvikum.

Ef verðmæti þess sem maka er lagt út fer fram úr heildarverðmæti þess sem honum ber að fá í sinn hlut ber makanum að greiða hinu hjóna þá fjárhæð sem upp á vantar, nema um annað sé samið.

Ef ekki er samið um annað fer um rétt hvors hjóna um sig til að fá eign lagða sér út við fjárskiptin skv. ákvæðum XIV. kafla laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991. Um meðferð lífeyrisréttinda við skipti fer skv. 84. gr.

88. gr.

Leiguréttindi.

Ef annað hjóna eða bæði hafa tekið á leigu íbúðarhúsnæði þar sem fjölskyldan hefur búið getur það hjóna sem hefur meiri þörf fyrir húsnæðið krafist þess að halda leigusamningi áfram.

Ef annað hjóna eða þau bæði hafa tekið á leigu atvinnuhúsnæði hefur það hjóna sem aðallega hefur haft afnot af húsnæðinu atvinnu sinnar vegna rétt til að halda leigusamningi áfram.

Um leiguréttindi fer að öðru leyti skv. ákvæðum húsaleigulaga.

89. gr.

Fjárskiptasamningur.

Hjón geta samið um fjárskipti vegna skilnaðar. Þá geta hjón sameiginlega lýst því yfir að skipti verði ekki knúin fram. Samkomulag hjóna skv. 1. og 2. másl. skal vera skriflegt og undirritað af hjónum eða umboðsmönnum þeirra. Um staðfestingu samkomulags fer skv. 34. gr.

90. gr.

Ógildi fjárskiptasamnings.

Fjárskiptasamning hjóna er unnt að fella úr gildi að nokkru eða öllu leyti með dómi ef samningur er bersýnilega ósanngjarn. Við mat á ósanngirni ber fyrst að líta til þess hvort samningur vikur verulega frá því sem ætla má að hefði orðið niðurstaða skipta skv. lögum þessum þegar samningur var gerður. Þá ber að líta til aðdraganda að samningsgerð, afstöðu hjónanna og annarra atriða við samningsgerðina eftir því sem við á. Að öðru leyti má krefjast ógildingar með stöð í ógildingarreglum samningaréttar.

91. gr.

Úrskurður sýslumanns um að skipti verði ekki knúin fram.

Annað hjóna getur krafist úrskurðar sýslumanns um að skipti verði ekki knúin fram. Með kröfunni skulu fylgja öll nauðsynleg gögn og getur sýslumaður krafist frekari gagna og skýringa eftir því sem þörf krefur. Sýslumaður hafnar kröfunni ef hann telur framlögð gögn ófullnægjandi eða bera með sér að eignir sem koma til álita við skiptin séu til staðar eða kunni að vera vantaldar. Ákvörðun sýslumanns má skjóta til ráðuneytisins.

92. gr.

Opinber skipti til fjárslita milli hjóna.

Hafi annað hjóna eða þau bæði sótt um leyfi til skilnaðar eða dómsmál verið höfðað um gildi eða til ógildingar hjúskaparins getur annað þeirra eða þau bæði krafist þess að opinber fjárskipti fari fram.

Við opinber skipti fer efnislega um skiptin samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

Um varnarþing, meðferð kröfu og framkvæmd opinberra skipta fer samkvæmt ákvæðum XIV. kafla laga um skipti á dánarbúum o. fl., nr. 20/1991.

93. gr.

Áhrif brottfalls skilnaðar að borði og sæng.

Ef skilnaður að borði og sæng fellur niður eftir að fjárskiptum er lokið raknar við staða séreigna sem stóðu utan skiptanna. Eignir sem hvort hjóna fékk í sinn hlut við fjárskiptin teljast hjúskapareignir hvors um sig nema um annað sé samið. Sama á við um ábyrgð á skuldum.

Þegar fjárskipti fara fram að nýju við lok hjúskapar telst hvort hjóna um sig flytja með sér í hjúskapinn eignir sem stóðu utan fyrri skipta og þær eignir sem komu í hlut hvors um sig við fyrri fjárskipti.

XV. KAFLI Réttarfar í hjúskaparmálum

94. gr.

Hjúskaparmál.

Hjúskaparmál skv. þessum kafla eru eftirfarandi:

1. Mál til úrlausnar um hvort hjúskapur sé gildur eða ekki gildur.
2. Mál sem höfðuð eru til ógildingar hjúskapar.

95. gr.

Lögsaga.

Hjúskaparmál má höfða hér á landi í eftirfarandi tilvikum:

1. ef stefndi er búsettur hér á landi,
2. ef stefnandi er hér búsettur og hefur verið það sl. tvö ár eða búið hér áður svo langan tíma,
3. ef stefnandi er íslenskur ríkisborgari og leitt er í ljós að hann geti ekki vegna ríkisfangs síns höfðað mál í því landi sem hann er búsettur í,
4. ef bæði eru íslenskir ríkisborgarar og stefndi lýsir eigi andstöðu sinni gegn því að málið sæti úrlausn dómstóls hér á landi, eða
5. ef hjónavígslan hefur farið fram hér á landi.

Ákvæði milliríkjasamninga, sem Ísland er aðili að, skulu þó ganga framur ákvæðum þessarar greinar.

96. gr.

Varnarþing.

Mál skal höfða á heimilisvarnarþingi stefnda. Ef stefndi á ekki heimilisvarnarþing hér á landi skal mál höfða þar sem stefnandi á heimilisvarnarþing. Aðilar geta samið um annað varnarþing en að framan greinir.

Nú er eigi til að dreifa varnarþingi skv. 1. mgr. og skal þá höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

97. gr.

Aðild.

Annað hjóna getur höfðað hjúskaparmál. Sama á við um niðja hvors hjóna að því látinu.

Mál til ógildingar á hjúskap skv. 8. og 9. gr. getur ráðuneytið einnig höfðað. Ef ógilding er reist á ákvæði 9. gr. er málshöfðun einnig heimil því hjóna úr eldra hjúskap sem tvíkvænishjúskapur gengur í berhögg við.

98. gr.

Málsmeðferð.

Hjúskaparmál sæta meðferð einkamála nema um frávik sé mælt í lögum.

Ef hvorki er vitað um heimilisfang né dvalarstað stefnda er dómara heimilt að skipa honum málsvara. Sama á við þegar stefndi er búsettur eða dvelst erlendis og ekki tekst að birta honum stefnu eða hvorki hann né umboðsmaður hans sækir þing við þingfestingu máls og sérstakar ástæður mæla að öðru leyti með því að honum verði skipaður málsvari. Málsvari skal hafa samráð við umbjóðanda sinn ef unnt er. Dómari ákveður þóknun til málsvara sem greiðist úr ríkissjóði. Dómari getur kveðið á um að stefndi skuli endurgreiða ríkissjóði kostnað vegna málsvara að öllu eða nokkru leyti ef rök mæla með því.

99. gr.

Nafnleynd o.fl.

Þinghald í hjúskaparmálum skal háð fyrir luktum dyrum.

Áður en endurrit úr þingbókum og dómabókum eru afhent öðrum en aðilum máls skal afmá úr þeim atriði sem eðlilegt er að leynt fari með tilliti til einkahagsmuna.

100. gr.

Andlát.

Hjúskaparmál má höfða þótt annað hjóna eða bæði séu látin.

101. gr.

Frávísun og niðurfelling máls.

Ef máli er vísað frá dómi eða það fellt niður án kröfu stefnanda er heimilt að höfða mál að nýju innan mánaðar þó að lögmæltur málshöfðunarfrestur sé þá liðinn.

102. gr.

Áfrýjun og endurupptaka máls.

Hvorugt hjóna má ganga í nýtt hjónaband innan loka áfrýjunarfrests nema því aðeins að fallið hafi verið frá áfrýjun.

Endurupptaka máls er ekki heimil eftir lok áfrýjunarfrests.

XVI. KAFLI

Meðferð og úrlausn stjórnvalda á málum samkvæmt lögum þessum.

103. gr.

Lögsaga.

Stjórnvöld geta leyst úr málum sem tengjast öðrum ríkjum í eftirfarandi tilvikum:

1. ef sá sem krafa beinist gegn er búsettur hér á landi,
2. ef krefjandi er búsettur hér á landi og hefur verið það sl. tvö ár eða búið hér áður svo langan tíma,

3. ef krefjandi er búsettur hér á landi og leitt er í ljós að krefjandi getur ekki óskað eftir hjónaskilnaði í landinu þar sem hann á ríkisfang eða fasta búsetu,
 4. ef hjónavígslan hefur farið fram hér og leitt er í ljós að krefjandi getur ekki óskað eftir hjónaskilnaði í landinu þar sem hann hefur ríkisfang eða er búsettur,
 5. ef annað hjóna eða bæði eru íslenskir ríkisborgarar og þau eru sammála um að málið sæti úrlausn hér á landi,
 6. ef krafist er lögskilnaðar á grundvelli undanfarandi skilnaðar að borði og sæng sem veittur var hér á landi, eða
 7. ef hjónaefni óska sameiginlega könnunar hjónavígsluskilyrða.
- Ákvæði milliríkjasamninga, sem Ísland er aðili að, ganga frammar ákvæði 1. mgr.

104. gr.

Úrlausnarumdæmi.

Könnun hjónavígsluskilyrða fer fram í lögsgagnarumdæmi þar sem annað hjónaefna á lögheimili. Nú á hvorugt lögheimili hér á landi og fer könnun þá fram í umdæmi þar sem annað þeirra dvelst. Nú eiga ákvæði 9.–11. gr. laga um lögheimili og aðsetur við um hagi hjónaefnis og telst það þá ekki hafa glatað lögheimili hér á landi þótt það hafi tilkynnt flutning samkvæmt Norðurlandasamningi um almannaskráningu.

Leysa skal úr öðrum málum í því umdæmi þar sem sá sem krafa beinist gegn er búsettur. Ef hann er ekki búsettur hér á landi skal leysa úr máli í því umdæmi þar sem krefjandi er búsettur. Hjón eða hjónaefni geta samið um annað úrlausnarumdæmi.

Ráðuneytið ákvarðar úrlausnarumdæmi ef hvorki sá sem krafa beinist gegn né krefjandi eru búsettir hér á landi eða ef annars leikur vafi á því hvar leysa skuli úr máli samkvæmt framangreindu.

105. gr.

Kröfur og tilkynning um meðferð máls.

Aðilum máls ber að setja fram skýrar kröfur fyrir sýslumanni.

Eftir að sýslumanni berst krafa skal hann kynna hana þeim sem krafan beinist gegn og gefa honum kost á að gera grein fyrir afstöðu sinni, sbr. 2. mgr. 106. gr.

Ef sá sem krafa beinist gegn á lögheimili eða þekkt aðsetur í öðru ríki fer um birtingu tilkynningar eftir lögum þess ríkis. Móttekið ábyrgðarbréf eða birting tilkynningar af stefnuvotti telst þó ávallt nægileg birting. Hið sama gildir riti gagnaðili undir tilkynningu frá sýslumanni um að samrit hafi verið afhent sér.

Sýslumaður má birta tilkynningu um meðferð máls í Lögbirtingablaði ef:

1. upplýsinga verður ekki aflað um heimili gagnaðila,
2. erlendi yfirvöld neita eða láta hjá líða að birta tilkynningu um meðferð máls,
3. birting tekst ekki samkvæmt lögum þess ríkis sem reynt var að birta tilkynninguna, eða
4. neitað hefur verið viðtöku ábyrgðarbréfs á heimili gagnaðila.

Í tilkynningu sem birt er í Lögbirtingablaði skal geta um nafn, kennitölu og síðasta þekkta heimilisfang aðilans, ef unnt er, efni kröfu og tilvísun til þeirrar lagaheimildar sem hún byggist á, áskorun til aðilans um að mæta til fyrirtöku málsins á tilteknum stað og tíma, og loks hverju það varði að sinna ekki kvaðningu sýslumanns. Birta skal tilkynningu í Lögbirtingablaði hið minnsta 30 dögum áður en málið verður tekið fyrir.

106. gr.

Málsmeðferð.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um annað í lögum þessum fer um meðferð máls samkvæmt stjórnslulögum.

Sýslumaður ákveður hvort hann kveður aðila, saman eða hvorn í sínu lagi, á sinn fund til umræðu um málið eða hvort hann gefur þeim kost á að tjá sig skriflega um það, allt eftir eðli og umfangi þess svo og þörfum málsaðila. Sýslumaður skal þó ávallt verða við ósk aðila um að mega tjá sig munnlega um mál sitt.

Sýslumaður getur ákveðið að fyrirtaka máls varðandi gagnaðila fari fram í umdæmi þess sýslumanns þar sem gagnaðili býr.

107. gr.

Rannsókn máls.

Aðilum máls ber að afla þeirra gagna sem sýslumaður telur þörf á til úrlausnar máls. Enn fremur getur sýslumaður aflað gagna að eigin frumkvæði ef þörf krefur, sbr. 10. gr. stjórnslulaga.

Ef krefjandi sinnir eigi kvaðningum eða tilmælum sýslumanns um framlagningu gagna er sýslumanni heimilt að synja um úrlausn. Synjun sýslumanns um að veita úrlausn skal vera skrifleg og afrit hennar sent gagnaðila hafi honum verið tilkynnt meðferð máls.

Ef aðilar máls sinna eigi kvaðningum eða tilmælum sýslumanns um gagnaöflun þá ber öllum þeim sem sýslumaður leitar til að láta honum endurgjaldslaust í té afrit af gögnum sem hann telur nauðsynleg fyrir úrlausn málsins.

108. gr.

Leiðbeiningarskylda og sáttaumleitan.

Sýslumaður skal leiðbeina aðilum um réttindi þeirra og skyldur eftir því sem við á. Sýslumaður leitar sátta með aðilum áður en hann leysir úr ágreiningsmáli.

109. gr.

Form og efni úrskurðar.

Úrskurður sýslumanns skal vera skriflegur. Þar skal greina:

1. nöfn og kennitölur aðila,
2. kröfur aðila,
3. meginrök og málsástæður aðila,
4. stutta og glögga lýsingu á málsatvikum,
5. rökstuðning fyrir niðurstöðu máls,
6. aðalniðurstöðu sem skal draga saman í lok úrskurðar í sérstakt úrskurðarorð, og
7. embættisheiti sýslumanns, er úrskurðar í máli, og dagsetning úrskurðar.

Í úrskurði skal veita leiðbeiningar um kæruehimild og kærufrest.

Í úrskurðarorði skal geta fullnustu- og þvingunarúrræða, ef þeim er að skipta, svo og hvort kæra fresti réttaráhrifum úrskurðarins.

110. gr.

Birting úrlausnar.

Úrlausn sýslumanns skal komið til aðila með birtingu í stafrænu pósthólfi, með ábyrgðarbréfi, með birtingu af einum stefnuvotti eða með öðrum sannanlegum hætti.

111. gr.

Stjórnsýslukæra.

Úrlausn sýslumanns má kæra til ráðuneytisins innan tveggja mánaða frá dagsetningu hennar. Útgáfa skilnaðarleyfis verður þó ekki kærð til ráðuneytisins. Sýslumaður getur ákveðið í úrskurði að kæra fresti réttaráhrifum hans.

Um meðferð kærumálsins fer samkvæmt stjórnsýslulögum og ákvæðum þessara laga eftir því sem við getur átt.

XVII. KAFLI

Reglugerð, gjaldtaka, gildistaka, lagaskil o.fl.

112. gr.

Reglugerð o.fl.

Ráðherra setur reglugerð um könnun hjónavígsluskilyrða og útgáfu könnunartvöttoðs. Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að könnun á hjónavígsluskilyrðum skv. 11. gr. og viðurkenning á hjónavígslu skv. 23. gr. a verði á hendi eins sýslumanns.

Ráðherra getur sett reglugerð um:

1. skyldu löglegra vígslumanna til að framkvæma vígslu,
2. skráningu kaupmála,
3. málsmeðferð og starfshætti sýslumanns, og
4. önnur atriði er varða framkvæmd laganna.

Ráðherra skal gera sérstakar ráðstafanir til að kynna almenningi efni laga þessara.

113. gr.

Gildistaka.

Lög þessi taka gildi ...

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi hjúskaparlög, nr. 31/1993, ásamt síðari breytingum.

114. gr.

Lagaskil.

Lög þessi gilda um hjúskap sem stofnað var til fyrir gildistöku laganna nema annað sé tekið fram.

Hafi vottorð vegna könnunar á hjónavígsluskilyrðum verði gefið út fyrir gildistöku laga þessara má hjónavígsla fara fram samkvæmt ákvæðum hjúskaparlaga nr. 31/1993 innan gildistíma vottorðsins.

Hafi verið óskað könnunar hjónavígsluskilyrða án þess að vottorð hafi verið gefið út fyrir gildistöku laga þessara fer um hjónavígsluskilyrði, útgáfu vottorðs og framkvæmd hjónavígslu samkvæmt lögum þessum.

Hafi verið gerð krafa um framfærslueyri meðan hjúskapur varir eða lífeyri eftir skilnað fyrir gildistöku laga þessara fer um úrlausn kröfunnar samkvæmt ákvæðum hjúskaparlaga nr. 31/1993. Hið sama gildir ef úrskurður í slíku máli er kærður til ráðherra. Ef gerður hefur verið samningur eða kveðinn upp dómur eða úrskurður um framfærslueyri eða lífeyri fyrir

gildistöku laga þessara leysir sýslumaður úr kröfum um breytingar samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Hafi sýslumaður staðfest samning hjóna eða kveðið upp úrskurð um framfærslueyri eða lífeyri fyrir gildistöku laga þessara fer um fjárnámsheimild samkvæmt ákvæðum hjúskaparlaga nr. 31/1993. Greiðsluskylda Tryggingastofnunar ríkisins nær eingöngu til úrskurða um framfærslueyri sem kveðinn er upp eftir gildistöku laga þessara.

Um gjafir milli hjóna eða hjónaefna sem gefnar voru fyrir gildistöku laga þessara gilda ákvæði hjúskaparlaga nr. 31/1993.

Ef ákvörðun gefanda eða arfleifanda um að eign skuli vera séreign var tekin fyrir gildistöku laga þessara fer um heimild hjóna og hjónaefna til breytinga á þeirri ákvörðun eftir ákvæðum hjúskaparlaga nr. 31/1993.

Formlegt og efnislegt gildi kaupmála sem gerðir voru fyrir gildistöku laga þessara skal meta samkvæmt ákvæðum hjúskaparlaga nr. 31/1993. Að auki er heimilt er að beita ákvæði 2. mgr. 62. gr. um kaupmála sem gerðir voru fyrir gildistöku laga þessara.

Um ógildingu hjúskapar sem stofnað var til í tíð eldri laga fer samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Hjónum sem óskað hafa skilnaðar hjá sýslumanni fyrir gildistöku laga þessara skal gefinn kostur á að aðlaga kröfur sínar til samræmis við rétt til skilnaðar samkvæmt lögum þessum. Um skilyrði til að sýslumaður veiti leyfi til skilnaðar fer þá samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Hafi leyfi til skilnaðar að borði og sæng verið veitt fyrir gildistöku laga þessara á hvor maki um sig á rétt á lögskilnaði eftir að sex mánuðir eru liðnir frá því að leyfið var veitt.

Formlegt og efnislegt gildi fjárskiptasamnings sem gerður hefur verið fyrir gildistöku laga þessara skal meta samkvæmt ákvæðum hjúskaparlaga nr. 31/1993. Sama á við um kröfur um ógildingu fjárskiptasamnings.

Hafi hjón óskað skilnaðar hjá sýslumanni eða fyrir dómi, eða annað hjóna fallið frá, fyrir gildistöku laga þessara en fjárskiptum er ekki lokið fer efnislega um fjárskiptin milli hjóna samkvæmt ákvæðum hjúskaparlaga nr. 31/1993.

Dómsmál sem hafa verið þingfest fyrir gildistöku laga þessara en er ólokið skulu rekin og dæmd eftir hjúskaparlögum nr. 31/1993.

Beita skal lögum þessum um endurupptöku mála þótt þau hafi verið dæmd fyrir gildistöku laganna. Hið sama gildir um endurupptöku stjórnarsýslumála.

115. gr.

Réttaráhrif staðfestrar samvistar o.fl.

Einstaklingar í staðfestri samvist, sem stofnað var til samkvæmt lögum nr. 87/1996, og hefur ekki verið slitið, geta fengið samvist sína viðurkennda sem hjúskap. Einstaklingar sem óska eftir slíkri viðurkenningu skulu báðir undirrita yfirlýsingu þess efnis sem beint skal til Þjóðskrár Íslands. Breytingin miðast við þann dag þegar yfirlýsing er lögð fram hjá Þjóðskrár Íslands.

Einstaklingar í staðfestri samvist, sbr. 1. mgr., geta einnig stofnað til hjúskapar skv. IV. kafla. Vottorð um að viðkomandi séu í staðfestri samvist kemur þá í stað könnunarovttorðs skv. III. kafla.

Staðfest samvist, sem stofnað var til samkvæmt lögum nr. 87/1996, hefur sömu réttaráhrif og hjúskapur. Ákvæði laga sem varða hjúskap og maka gilda um staðfesta samvist og einstaklinga í staðfestri samvist.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 95. gr. er ávallt heimilt að höfða mál skv. 94. gr. vegna staðfestrar samvistar fyrir íslenskum dómstólum hafi staðfesting farið fram hér á landi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 103. gr. er íslenskum stjórnvöldum ávallt heimilt að leysa úr málum vegna staðfestrar samvistar sem stofnað hefur verið til hér á landi.

116. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. Lög um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991:

- a. 1. mgr. 27. gr. orðast svo: Hafi sá látni verið í hjúskap þegar hann lést gilda reglur erfðalaga um heimildir til útgáfu leyfis handa maka til setu í óskiptu búi og um þær eignir sem renna í óskipt búi. Ef allar eignir hins látna renna í óskipt búi lýkur skiptum á dánarbúinu með útgáfu leyfisins. Ef einungis hluti eigna hins látna rennur í hið óskipta búi ber að gefa út leyfi til setu í óskiptu búi en skipta séreignum skammlífara hjóna samkvæmt ákvæðum laga þessara.
- b. Í 2. mgr. 98. gr. falla brott orðin „skilnaðar hjóna að borði og sæng, lögskilnaðar þeirra eða“.
- c. Í 1. másl. 1. mgr. 104. gr. falla brott orðin „skilnaðar eða“.
- d. 2. mgr. 104. gr. orðast svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er hvoru hjóna um sig heimilt að krefjast þess að verðmæti falli utan skipta eftir því sem mælt er fyrir um í hjúskaparlögum.
- e. 3. mgr. 104. gr. fellur brott.

2. Erfðalög, nr. 8/1962:

- a. Í stað orðanna „foreldri sitt eða annan ættingja í beinan legg upp á við“ í 2. mgr. 23. gr. kemur: skyldmenni í beinan legg.
- b. 26. gr. orðast svo:

Erfðaréttur hjóna á milli fellur niður við skilnað að borði og sæng, við lögskilnað án undangengins skilnaðar að borði og sæng og með dómi um ógilding hjúskapar.

Ef hjúskapur fer í bága við ákvæði 9. gr. hjúskaparlaga og annað hjóna andast áður en slit fyrri hjúskapar eða ógilding síðari hjúskapar hefur náð fram að ganga fellur niður erfðaréttur milli hjóna í tvíkvænishjúskapnum. Síðari maki tvíkvænings tekur þó arf ef fyrri maki er fallinn frá.

Ef hjúskapur fer í bága við ákvæði 8. gr. hjúskaparlaga og annað hjóna andast áður en ógilding hefur náð fram að ganga fellur niður erfðaréttur milli hjóna.

Ef hjúskapur er ógildanlegur og það hjóna sem lengur lifir krefst skipta samkvæmt 27. gr. hjúskaparlaga.

3. *Lög um lögheimili, nr. 80/2018:* Í 1. másl. 2. mgr. 5. gr. falla brott orðin „, eða dómur gengið um hið sama,“.

4. *Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrisjóða, nr. 129/1997:* Ákvæði 4. mgr. 11. gr. orðast svo: Deyi rétthafi áður en innstæða er að fullu greidd út fellur hún til maka í hjúskap og barna eða niðja rétthafans. Um skiptingu innstæðunnar fer samkvæmt ákvæðum hjúskapar- og erfðalaga. Láti rétthafi ekki eftir

sig maka eða niðja rennur innstæðan til dánarbús réttshafans og gildir þá ekki takmörkunin í 2. másl. 2. mgr. 8. gr.

5. *Lög um váttryggingarsamninga, nr. 30/2004:*

- a. Í 2. másl. 2. mgr. 100. gr. falla brott orðin „eða kveðin upp dómur um það,“
- b. 3. másl. 2. mgr. 100. gr. fellur brott.
- c. 2. másl. 3. gr. 100. gr. fellur brott.

6. *Skaðabótalög, nr. 50/1993:*

- a. 3. mgr. 18. gr. fellur brott.
- b. Í stað orðanna „Reglur 1. og 3. mgr. eiga“ í 4. mgr. (verður 3. mgr.) kemur: Regla 1. mgr. á.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Sifjalaganefnd á vegum dómsmálaráðuneytisins var fyrst skipuð árið 1961 til að fjalla um endurskoðun hjúskaparlaga og laga um réttindi og skyldur hjóna. Nefndinni var síðar falin endurskoðun og nýsmíð ýmissa löggjafarmálefna á sviði sifjaréttar og persónuréttar. Nefndin sem skipuð var þremur nefndarmönnum var lögð niður árið 2007.

Þann 13. júlí 2022 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 71/2022 um breytingar á hjúskaparlögum nr. 31/1993 (hér eftir einnig hjúskl.). Lögunum fylgdi ákvæði til bráðabirgða um að ákvæði hjúskaparlaga og framkvæmd þeirra skyldi endurskoðuð innan tveggja ára frá samþykkt laganna. Þann 13. júlí 2023 skipaði þáverandi dómsmálaráðherra sifjalaganefnd tímabundið vegna verkefna á sviði barnaréttar og hjúskaparréttar. Skipuð voru Hrefna Friðriksdóttir prófessor við Lagadeild HÍ sem formaður án tilnefningar, Valborg Þ. Snævarr hrl. eftir tilefningu frá Lögmannafélagi Íslands og Óskar Sturlusson löglaerður fulltrúi Sýslumannsins á höfðuborgarsvæðinu eftir tilnefningu frá Sýslumannaráði. Með sifjalaganefnd vann lögfræðingur í dómsmálaráðuneytinu. Jafnframt voru fengnir tengiliðir frá fjármála- og efnahagsráðuneyti og mennta- og barnamálaráðuneyti vegna skörunar við málaflokka framangreindra ráðuneyta. Þá var kallað eftir tölfræðilegum upplýsingum frá Hagstofu Íslands, sýslumannaráði og Dómstólasýslunni.

Í ljósi hinnar ríku hefðar um norræna samvinnu á sviði sifjaréttar var nefndinni falið að hafa hliðsjón af reglum annarra norrænna ríkja. Þá var nefndinni falið að kalla eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila og annarra þeirra sem málið kynni að varða.

Sifjalaganefnd skilaði drögum að frumvarpi til nýrra hjúskaparlaga til ráðherra 1. febrúar 2026.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Markmið með setningu laga nr. 71/2022, um breytingar á hjúskaparlögum, var að styrkja stöðu þolenda ofbeldis og tryggja rétt þeirra til að slíta hjúskap. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til breytingarlaganna var vikið að nauðsyn frekari breytinga, m.a. á málsmeðferð skilnaðarmála. Samhliða frumvarpinu var lögð fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar um hraðari málsmeðferð og bættu réttarstöðu þolenda heimilisofbeldis við hjúskaparslit. Lagt var

til m.a. að fela ráðherra að taka hjúskaparlög til endurskoðunar með það að markmiði að stuðla að hraðari málsmeðferð við hjónaskilnaði, ekki síst til að bæta stöðu þolenda heimilisofbeldis. Þingsályktunartillagan sem slík náði ekki fram að ganga en meiri hluti allsherjar- og menntamálanefndar tók efnislega undir tillögurnar í nefndaráli við afgreiðslu frumvarpsins sem varð að breytingarlögum nr. 71/2022. Meiri hluti nefndarinnar taldi m.a. þörf á því að rýmka ákvæði um skilyrði gjafsóknar svo meðferð skilnaðarmála, fjárskipta eða forsjármála yrði þolendum heimilisofbeldis ekki jafn íþyngjandi og að gerð yrði greining á mannafla- og fjármagnsþörf sýslumannsembætta, til að tryggja í senn vandaða og skilvirka málsmeðferð skilnaðarmála og alls þess sem þeim tengist. Talið var mikilvægt að framangreind endurskoðun færi fram sem fyrst. Við setningu laga nr. 71/2022 var samþykkt ákvæði til bráðabirgða um að ákvæði hjúskaparlaga og framkvæmd þeirra skyldi endurskoða innan tveggja ára frá samþykkt laganna. Gert var ráð fyrir að ráðherra myndi kynna niðurstöðu endurskoðunarinnar eigi síðar en á haustþingi 2024.

Eins og áður sagði skipaði þáverandi dómsmálaráðherra sifjalaganefnd þann 13. júlí 2023 tímabundið vegna verkefna á sviði barnaréttar og hjúskaparréttar. Dómsmálaráðherra fól sifjalaganefnd að fjalla um og taka afstöðu til fyrrgreindra atriða. Auk þess var nefndinni falið að yfirfara hjúskaparlög í heild sinni og leggja mat á hvort ástæða væri til að skoða fleiri þætti og eftir atvikum móta rökstuddar tillögur að breytingum sem nefndin teldi æskilegar. Var nefndinni falið að skila til ráðherra drögum að frumvarpi til breytinga á hjúskaparlögum og eftir atvikum breytinga á öðrum lögum. Til skoðunar yrði einnig að móta drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga.

Sifjalaganefnd fór vandlega yfir hjúskaparlögin í heild sinni. Að mati sifjalaganefndar er ekki aðkallandi að breyta meginþáttum laganna. Þannig þykja þau grunnsjónarmið sem lögin byggja á eiga vel við í meginatriðum, þ.e. sjónarmið um hjúskap sem frjálst samkomulag tveggja einstaklinga, um jafnrétti hjóna og jafnvægi sjálfstæðis og samstöðu meðan hjúskapur varir og við fjárlit. Engu að síður telur sifjalaganefnd nauðsynlegt að leggja til að gerðar verði tilteknar efnislegar breytingar á ákvæðum hjúskaparlaga. Þær breytingar falla ekki allskostar vel að uppbyggingu og útfærslu gildandi laga. Með það í huga telur sifjalaganefnd æskilegt að endurskoða hjúskaparlög í heild sinni. Með því skapast tækifæri til að einfalda uppbyggingu laganna, færa orðalag til nútímans, fella einstök ákvæði brott og bæta við, breyta og skýra tiltekin ákvæði. Þannig verði lögin í heild í betra samhengi, skýrari og aðgengilegri.

3. Meginefni frumvarpsins.

3.1. Samantekt um helstu breytingar.

Í frumvarpinu eru lögð til ýmis nýmæli. Hér verður þau helstu dregin saman í stuttu máli en um nánari skýringar vísast til skýringa við einstaka kafla og við einstök ákvæði. Helstu breytingar sem frumvarpið hefur í för með sér eru eftirfarandi:

1. Hjúskaparlögin hafa ekki verið endurskoðuð í heild sinni síðan 1993. Í frumvarpinu er fylgt kaflaskipan gildandi laga en lögð er til skýrari uppbygging hjúskaparlaga að öðru leyti, fyrst og fremst með nokkurri einföldun, með nöfnum allra ákvæða og með markvissara og nútímalegra orðalagi.
2. Lagt er til að vikka út hjónavígsluskilyrði um skyldleika og tengsl þannig að það nái í ríkari mæli til að vernda fjölskyldutengsl eftir ættleiðingu.
3. Lagt er til að mæla með skýrari hætti á um annars vegar vígslu sem byggir á trúar- og lífsskoðunum og hins vegar borgaralega vígslu.

4. Gert er ráð fyrir að binda gildi hjónavígslu við að lögmætur vígslumaður hafi framkvæmt hana hér á landi.
5. Lagt er til að breyta orðalagi ákvæðis um ógildingu hjúskapar og lengja frest maka til að höfða mál hafi maki verið beittur blekkingum, þvingunum eða nauðung.
6. Í frumvarpinu er nýr VI. kafli um skilnaði þar sem finna má m.a. breytt skilnaðarskilyrði, skýrari ákvæði um skilnaðarkjör og breytt ákvæði um málsmeðferð skilnaðarmála. Ekki er lagt til að hverfa frá því að mæla fyrir um skilnað að borði og sæng og lögskilnað en gert er ráð fyrir að samspil þessa verði talvert breytt frá því sem nú er. Lögð er áhersla á rétt hvors hjóna til að velja það sem viðkomandi telur henta best.
 - a. Eitt af helstu nýmælum frumvarpsins er ákvæði um rétt maka til að krefjast beins lögskilnaðar án þess að tilgreina ástæðu. Um leið er lagt til að fella á brott sérstakar lögskilnaðarástæður, svo sem ákvæði um lögskilnað vegna hjúskaparbrotis og ofbeldis.
 - b. Með hliðsjón af einföldum skilnaðarskilyrða er lagt til að hverfa frá því að dómstólar leysi úr ágreiningsmálum um skilnað en þess í stað veiti sýslumenn alfarið leyfi til skilnaðar. Þá er ekki gert ráð fyrir skipan málsvara hjá sýslumanni með sama hætti og á við í dómsmáli um skilnað samkvæmt lögum.
 - c. Felld er niður skylda til sáttaumleitana sem felast í því að kanna grundvöll að framhaldi hjúskaparins. Þess í stað er mælt fyrir um að sýslumönnum beri að leiðbeina hjónum um skilnaðarkjör og auk þess á við hin almenna skylda sýslumanna til að leiðbeina aðilum og reyna sættir með það að markmiði að liðka fyrir farsælli lausn skilnaðarmáls.
 - d. Ákvæði um skilnaðarkjör eru mun skýrari en samkvæmt gildandi lögum. Þar má finna það nýmæli að sýslumaður geti úrskurðað um að skipti verði ekki knúin fram en nánari útlistun á þessu úrræði má finna í ákvæði 91. gr. frumvarpsins.
7. Lagðar eru til nokkrar breytingar á ákvæðum VII. kafla um framfærsluskyldu hjóna.
 - a. Lagt er til að afnema hugtakið lífeyrir sem notað hefur verið um framfærslueyri eftir skilnað og nota þess í stað eingöngu hugtakið framfærslueyri, hvorttveggja meðan hjúskapur varir og eftir skilnað.
 - b. Lagt er til að fella á brott heimild sýslumanns til að úrskurða um framfærslueyri meðan hjón eru samvistum enda reynir lítið sem ekkert á það í framkvæmd. Ef annað hjóna vanrækir framfærsluskyldur sínar eftir að hjón hafa slitið samvistir þá er gert ráð fyrir að sýslumaður geti úrskurðað það hjóna til að greiða hinu framfærslueyri og mælt er fyrir um tiltekin sjónarmið sem ber að líta til.
 - c. Þá er lagt til að mæla skýrar fyrir um fyrirkomulag framfærslueyris eftir skilnað og það nýmæli að þetta eigi við með sambærilegum hætti eftir skilnað að borði og sæng og eftir lögskilnað. Helst það í hendur við einföldun skilnaðarskilyrða og aukinn rétt hvors hjóna til að krefjast lögskilnaðar án undangengins skilnaðar að borði og sæng.
 - d. Einnig er lagt til það nýmæli að Tryggingastofnun ríkisins geti haft milligöngu um greiðslur framfærslueyris sem úrskurðað hefur verið um.

8. Markmið með breytingum á VIII. kafla laganna um eignir hjóna er að freista þess að auka skilning fólks á hugtökunum hjúskapareign, séreign og sameign þar sem þessi hugtök hafa margháttuð áhrif á forræði maka yfir eignum sínum og hafa grundvallaráhrif á fjárskipti milli hjóna.
 - a. Lagt er til breytt orðalag ákvæða um hjúskapareign og séreign og lagt til að geta helstu réttaráhrifa þessara eignardeilda í ákvæðunum.
 - b. Í ákvæði um séreign er lagt til nýmæli sem tekur af skarið um samspil séreignar og tiltekinna viðbóta við séreignina.
 - c. Til áréttingar er lagt til breytt orðlag ákvæðis um sameignir hjóna.
9. Lagt er til að breyta lítilla orðalagi um afmörkun þeirra eigna sem takmarkaður ráðstöfunarréttur maka tekur til í IX. kafla.
10. Lagt er til að fella á brott ákvæði 69. gr. hjúskaparlaga um rétt annars hjóna til að gera ákveðna samninga á ábyrgð beggja enda þykir ekki þörf á ákvæðinu í nútímasamfélaginu.
11. Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á ákvæðum XI. kafla um samninga milli hjóna. Mikilvægt er að ákvæði af þessu tagi séu eins skýr og unnt er þar sem þau fela í sér tæmandi talningu þeirra samninga sem hjónum er heimilt að gera fyrirfram um fjármálaskipan á fjölskylduréttarsviði.
 - a. Lagt er til að afnema kröfu laganna um að hjón verði að gera kaupmála um gjafir sín á milli umfram venjulegar tækifærisgjafir.
 - b. Þá er eitt af mikilvægustu nýmælum frumvarpsins ákvæði þar sem mun skýrar er mælt fyrir um tegundir og efnisatriði þeirra samninga sem hjón mega gera sín á milli með kaupmála um séreignafyrirkomulag. Þá er mælt skýrar fyrir um þau skilyrði sem binda má kaupmála.
 - c. Kveðið er nánar á um séreignir samkvæmt ákvörðun gefanda og arfleifanda. Tekið er fram að gefandi og arfleifandi geti afmarkað tegund og efnisatriði séreignar með sama hætti og hjón geta gert með kaupmála, svo og takmarkað möguleika hjóna til að breyta ákvörðunum.
 - d. Lagt er til nýmæli um rétt hjóna til að draga úr réttaráhrifum eða umfangi séreigna samkvæmt ákvörðun gefanda eða arfleifanda. Nýmæli þetta felur m.a. í sér að hjón geti breytt ákvörðunum gefanda og arfleifanda nema annað sé tekið fram í gjafagerningi eða erfðaskrá.
 - e. Þá hefur frumvarpið að geyma nýmæli um heimild hjóna til að með kaupmála semja um að tilteknar eignir komi til skipta. Tengist það eignum sem maki getur krafist að standi utan fjárskipta skv. XIV. kafla.
12. Lögð er til nokkur einföldun ákvæða XII. kafla um kaupmála sem þó fela ekki í sér eiginlegar efnisbreytingar. Lagt er til það nýmæli að kveða á um ógildingu kaupmála sem er fyrst og fremst í samræmi við réttarframkvæmd.
13. Talsverðar breytingar eru lagðar til á XIV. kafla um fjárskipti milli hjóna vegna hjúskaparslita o.fl. og verður hér getið þeirra helstu.
 - a. Lagt er til að hjúskaparlög hafi að geyma ákvæði um viðmiðunardag skipta og verðmat eigna og skulda. Nú er ákvæði af þessu tagi fyrst og fremst að finna í skiptalögum en mikilvægt þykir að hjúskaparlög hafi að geyma viðmið í þessum eignum enda lýkur fjárskiptum oftast með fjárskiptasamningi hjóna.

- b. Lagt er til nýmæli um rétt hjóna til að fá upplýsingar um eignir og stöðu skulda, svo og að óska skrásetningar eigna og verðmats eigna og skulda. Markmiðið er að liðka fyrir fjárskiptum án þess að krefjast þurfi opinberra skipta.
 - c. Lagt er til að kveða með skýrari hætti á um úthlutun og útlagningu í hjúskaparlögum.
 - d. Í stað 102. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir þremur nýjum ákvæðum um eignir eða verðmæti sem fallið geta utan skipta, í fyrsta lagi persónuleg verðmæti, í öðru lagi bætur og í þriðja lagi lífeyrisréttindi.
 - e. Lagt er til mun skýrara ákvæði um bætur sem maki getur krafist að komi ekki undir skipti.
 - f. Þá er ótvírætt eitt af mikilvægustu nýmælum frumvarpsins nýtt ákvæði um afmörkun lífeyrisréttinda sem fallið geta utan skipta. Helsta breytingin er sú að gert er ráð fyrir maki geti krafist þess að lífeyrisréttindi sem myndast hafa með greiðslu lágmarksiðgjalds komi ekki undir fjárskipti vegna skilnaðar. Á það einnig við um viðbótarlífeyrissparnað sem myndast hefur með greiðslu umfram lágmarksiðgjald á tímanum áður en til hjúskapar var stofnað. Hefur það í för með sér að viðbótarlífeyrissparnaður sem myndast meðan hjúskapur varir kemur almennt til skipta. Um nánari útfærslu vísast til ákvæða 78. og 84. gr. frumvarpsins og skýringa við ákvæðin. Ákvæðið hefur einnig að geyma rýmri rétt langlífara hjóna til að krefjast þess að lífeyrisréttindi hans falli utan fjárskipta vegna andláts skammlífara hjóna. Þá hefur frumvarpið að geyma sérstakt ákvæði um skiptingu og uppgjör lífeyrisréttinda sem koma til skipta.
 - g. Í frumvarpinu er að finna það nýmæli að mæla fyrir um sérreglur sem gilda um fjárskipti vegna andláts maka í hjúskap. Lagt er til að ákvæði um heimildir til að krefjast þess að verðmæti falli utan skipta eigi einungis við um langlífara hjóna en ekki erfingja, hvorki erfingja skammlífara hjóna né erfingja langlífara hjóna.
 - h. Lagt er til það nýmæli að lögín hafi að geyma ákvæði sem útlistar hvernig helmingaskipti fara fram. Markmiðið er fyrst og fremst að freista þess að útrýma misskilningi sem óhætt er að fullyrða að ríki oft um þessi atriði.
 - i. Í frumvarpinu er að finna mun ítarlegri ákvæði um endurgjald en er til staðar í gildandi lögum. Hefur þótt leika vafi á því hvað hefur átt við um sum þessara atriða. Gerður er greinarmunur á endurgjaldi vegna framlaga til eignamyndunar og endurgjaldi vegna óhæfilegt atferlis. Gert er ráð fyrir að fyrri ákvæðið komi m.a. að sínu leyti í stað ómarkviss ákvæðis í gildandi lögum um frávik frá skiptingu séreigna.
 - j. Lagt er til að kveða skýrar á um fjárskiptasamninga og ógildi þeirra.
 - k. Í ákvæði 91. gr. frumvarpsins er mælt nánar fyrir um það nýmæli að sýslumaður geti úrskurðað um að skipti verði ekki knúin fram. Vísast til skýringa við ákvæðið.
14. Í XVI. kafla er að finna nýmæli um kröfur og tilkynningar um meðferð máls hjá stjórnvaldi. Tengist þetta fyrst og fremst því hlutverki sýslumanns að gefa út skilnaðarleyfi.

15. Í frumvarpinu fjallað nokkuð ítarlega um lagaskil vegna þeirra nýmæla sem frumvarpið hefur að geyma.
16. Lagðar eru til breytingar á ýmsum öðrum lögum. Helst ber þar að nefna eftirfarandi:
 - a. Breytingar á skiptalögum þar sem tekin eru af tvímæli um að veita megi leyfi til setu í óskiptu búi, að lögmæltum skilyrðum uppfylltum, en samhliða skipta séreignum skammlífari hjóna.
 - b. Breytingar á erfðalögum um brottfall erfðaréttar.
 - c. Breytingu tiltekins ákvæðis laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (lífeyrissjóðalög) til skýringarauka.
 - d. Brottfall tiltekinnna ákvæða váttryggingarsamningalaga og skaðabótalaga, þar sem efni þeirra er tekið inn í frumvarpið.
17. Að lokum er rétt að geta þess að með frumvarpinu fylgir áskorun sifjalaganefndar um endurskoðun skattalaga á reglum um samsköttun hjóna og óskipta ábyrgð þeirra á greiðslu skatta, sbr. fylgiskjal 3 með frumvarpinu.

3.2. Fjölskyldur.

3.2.1. Almenn.

Fjölskyldu er oft lýst sem grundvallareiningu samfélagsins. Samkvæmt Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 1948 er fjölskyldan í eðli sínu frumeining þjóðfélagsins og ber þjóðfélagi og ríki að vernda hana. Viðar sjást merki þess að réttur til að stofna fjölskyldu og friðhelgi fjölskyldunnar eru talin til grundvallarmannréttinda. Í ákvæði 71. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. stjórnskipunarlög nr. 97/1995, er fjallað um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu og felst í því réttur til að stofna fjölskyldu og vernd á fjölskyldulífi og fjölskyldutengslum. Í 12. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, er fjallað berum orðum um réttinn til að ganga í hjúskap og stofna til fjölskyldu.

Fjölskylda sem slík er þó ekki skilgreint hugtak í lögum. Fjölskylda er þannig fyrst og fremst hugtak sem er notað um fólk sem stendur saman í nánun persónulegu, tilfinningalegu, félagslegu og fjárhagslegu sambandi með einum eða öðrum hætti.

Frá síðari hluta tuttugustu aldar hafa orðið örur þjóðfélagsbreytingar og hafa sjónir beinst í ríkara mæli að smærri einingum, eða kjarnafjölskyldum, sem oftast innihalda þör með eða án barna eða einstakling með barn. Um leið hefur vaxið umræða um mismunandi fjölskyldugerðir, svo sem með tilliti til fjölda einstaklinganna, kyns og kynvitundar. Þá hefur færst í aukana að fólk tilheyri fleiri en einni fjölskyldu á lífsleiðinni, m.a. vegna frjálslýndari viðhorfa til skilnaðar, hækkandi meðalaldurs og aukinnar velmegunar. Síðbreytileg fjölskyldutengsl valda oft álagi þar sem samþætta þarf ýmis persónuleg og fjárhagsleg viðfangsefni. Staða fjölskyldumeðlima hefur einnig breyst í takt við aukinn aðgang að menntun, áherslu á jafnrétti, atvinnuþátttöku og uppbyggingu ýmiskonar opinberrar þjónustu. Af öllu þessu leiðir að þarfir og hlutverk fjölskyldna eru mismunandi og mun fjölbreyttari en áður var.

Áhersla er lögð á að réttarreglur um fjölskyldur taki hverju sinni nokkurt mið af samfélagsgerðinni og fjölskylduhögum, mótist af þeim og móti þær að sínu leyti. Hér leikast á margvísleg sjónarmið, svo sem lagaleg, félagsleg, efnahagsleg, siðferðileg og trúarleg. Réttarstaða fjölskyldna og fjölskyldumeðlima ræðst svo af fjölbreyttri löggjöf á ýmsum réttarsviðum. Hefðbundið er að gera greinarmun annars vegar á grunnreglum sem tilheyra fjölskyldurétti, þ.e. fyrst og fremst hjúskaparlögum og barnalögum, og hins vegar mismunandi

löggjöf á öðrum sviðum, svo sem lögum á sviðum velferðarréttar, skattaréttar og menntamála svo dæmi séu nefnd.

Þá hafa ýmsir alþjóðasamningar aðrir en þeir sem þegar hafa verið nefndir áhrif á inntak og túlkun fjölskylduréttar. Má þar sérstaklega nefna samning Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð fra 1931, með síðari breytingum.

3.2.2. Sérkenni á reglum fjölskylduréttar.

Reglur á sviði fjölskylduréttar hafa nokkur sérkenni. Reglurnar eru í fyrsta lagi fjölbreyttar, þær varða nán persónuleg málefni fullorðinna einstaklinga innbyrðis, barna sérstaklega og samskipti fullorðinna og barna en þær varða einnig fjárhagsleg málefni þessara aðila og samskipti þeirra við hið opinbera.

Í öðru lagi eru reglurnar mjög persónulegar sem setur því skorður hversu langt er heppilegt að ganga við setningu laga. Engar beinar efnisreglur gilda á réttarsviðinu um atriði sem ætla má að skipt geti einstaklinga verulega máli, svo sem um innbyrðis samskipti þeirra, verkefni og verkaskiptingu. Í nokkrum mæli eru settar viðmiðunarreglur eða vísireglur sem hafa óljóst inntak og ekki er unnt að framfylgja með beinum hætti. Sjónir hafa þó í vaxandi mæli beinst að ofbeldi í nánnum samböndum og mikilvægi þess að lögin hafi að geyma viðeigandi heimildir til að bregðast við. Túlkun og beiting reglna á réttarsviðinu einkennist líka almennt af félagslegum réttlætis-, verndar- og öryggissjónarmiðum.

Í þriðja lagi gilda reglurnar um tengsl sem ætlað er að vera ótímabundin eða varanleg. Hefur þetta áhrif á útfærslu ákvæða um stofnun, réttaráhrif og uppgjör vegna slita. Ósætti og tilfinningaleg og fjárhagsleg átök geta fylgt slitum og hefur þetta oft áhrif langt umfram þann tíma sem eiginlegar samvistir vara.

Í þriðja lagi eru réttindi og skyldur oft samofin og samningsfrelsi settar allnokkrar skorður í fjölskyldurétti. Fjölskylduréttindi verða almennt ekki framseld og réttarsviðið einkennist nokkuð af ófrávíkjanlegum reglum um form og efni. Þar má þó finna ýmsar heimildir til fráviks til verndar þeim sem stendur lakar að vígi með sanngirni að leiðarljósi.

3.2.3. Viðurkennd sambúðarform – hjúskapur og óvígð sambúð

Löggjafinn hefur valið að tengja réttaráhrif við ákveðnar gerðir af fjölskyldum sem kalla má *viðurkennd sambúðarform*. Hugtakið *viðurkennd sambúðarform* nær til parsambanda í ákveðnum skilningi, þ.e. tveggja einstaklinga sem velja sér að búa saman í nánú lífssambandi og hafa vissa fjárhagslega samstöðu. Hjúskapur er það sambúðarform sem hefur skýrustu sérstöðuna og víðtækust, samfelld réttaráhrif. Um hjúskap gilda ákvæði hjúskaparlaga nr. 31/1993. Óvígð sambúð er einnig talin til viðurkenndra sambúðarforma á Íslandi, þ.e. hér er um að ræða fjölskylduform sem löggjafinn hefur valið að marka nokkra sérstöðu umfram ýmis önnur eða að tengja við allvíðtæk réttaráhrif. Í 1. gr. hjskl. er tekið skýrt fram að þau gildi ekki um óvígða sambúð, engin heildstæð löggjöf er því til um óvígða sambúð á Íslandi heldur eru lagaákvæði um réttarstöðuna á víð og dreif.

Óhætt er að fullyrða að óvígð sambúð hefur notið vaxandi viðurkenningar í íslensku samfélagi, sem og víða annars staðar í heiminum, og umræða um réttarstöðu sambúðarfólks hefur verið áberandi undanfarna áratugi. Tengja má þróun réttaráhrifa fyrst og fremst til breyttra viðhorfa til hjúskapar og sambúðar samhliða fjölgun þeirra sem kjósa að búa saman í nánú lífssambandi án þess að stofna til hjúskapar. Löggjafinn hefur markað þá stefnu að setja ekki heildarlög um óvígða sambúð heldur setja sérstök lagaákvæði á afmörkuðum sviðum þar

sem sett eru tiltekin skilyrði fyrir því að aðilar njóti réttinda eða beri vissar skyldur. Skilyrði þessi eru mismunandi eftir réttarsviðum en stefnumið undanfarinna ára hefur ótvírætt verið í þá átt að leggja óvígða sambúð sem uppfyllir afmörkuð skilyrði til jafns við hjúskap í einstökum lagasamböndum. Er þetta einkum áberandi ef sambúðarfólk á barn saman. Í barnalögum er leitast við að leggja hjúskap og óvígða sambúð að jöfnu. Að öðru leyti hafa ekki verið settar lagareglur sem jafna stöðu hjóna og sambúðarfólks að einkarétti hér á landi, þ.e. reglur um stofnun og slit, fjármál og fjárskipti eða reglur innan erfðaréttar. Lagareglur um óvígða sambúð hafa fyrst og fremst komið til álita á þeim sviðum þar sem reynir á félagsleg réttindi, t.d. þar sem hið opinbera útdeilir réttindum félagslegs eðlis og um þær skyldur sem af því leiða. Má nefna sem dæmi reglur á sviði skattaréttar, almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar. Á sumum sviðum getur sambúðarfólk valið milli þess að vera meðhöndlað sem einstaklingar eða með sama hætti og hjón en á öðrum sviðum gilda sjálfkrafa sömu lagareglur um hjón og sambúðarfólk.

Rök fyrir því að ganga ekki lengra í þessum efnun hafa fyrst og fremst verið tvenns konar. Í fyrsta lagi hefur þótt ástæða til þess að marka hjúskap skýra sérstöðu í lagalegu tilliti og að nokkru leyti hvetja til hjúskaparstofnunar, enda hefur hjúskapur þótt æskilegt og eftirsóknarvert lífsform. Ljóst er að aðstæður sambúðarfólks eru ólíkar innbyrðis og miklu fjölbreyttari en þeirra sem stofna til hjúskapar. Fólk er oft yngra þegar sambúð hefst, sambúð er í ríkum mæli undanfari hjúskapar og sambúð fylgir stundum minni festa, skuldbinding og fjárhagsleg samstaða. Hagsmunir sambúðarfólks með eða án barna eru mismunandi og afstaða þeirra sem stofna til sambúðar á efri árum kann að vera allt önnur en þeirra sem yngri eru. Að mati sifjalaganefndar er því varhugavert að fullyrða að þarfir og væntingar fólks í óvígðri sambúðar og í hjúskap séu að öllu leyti þær sömu eða fyllilega sambærilegar. Má geta þess að hvarvetna á Norðurlöndum hefur verið hafnað þeirri hugmynd að fjalla samfellt og í sama lagabálki um hjúskap og óvígða sambúð og hvergi á Norðurlöndum hefur verið gengið svo langt að jafna óvígðri sambúð að fullu við hjúskap.

Í öðru lagi hefur verið lögð áhersla á að munur á réttarstöðu fólks í hjúskap og óvígðri sambúð sé eðlilegur með tilliti til þess að fólk eigi að hafa raunverulega valkosti um hvernig það vilji haga nánú lífssambandi sínu. Vaxandi gagnrýni hefur komið fram á hugmyndina um meðvitað val. Rannsóknir benda til þess að fólk átti sig almennt ekki á muninum á hjúskap og óvígðri sambúð og vísbendingar er um að stór hópur þekki yfirleitt ekki réttaráhrifin eða haldi að þau verði þau sömu t.d. með tilkomu sameiginlegs barns eða eftir ákveðinn tíma. Þetta hefur meðal annars í för með sér að stór hópur fólks í óvígðri sambúð gerir ekki viðeigandi ráðstafanir meðan sambúðin varir. Þá hefur verið nefnt að sambúðarfólk geri ráð fyrir að hið almenna velferðarkerfi verndi lágmarksréttindi þeirra sem velja viðurkennt sambúðarform án þess að gera þurfi sérstakar ráðstafanir til að njóta verndarinnar. Einnig er ljóst að þar sem annar er í sterkari stöðu en hinn er hætta á að einstaklingarnir verði ósammála um val milli hjúskapar og óvígðrar sambúðar. Dómstólar hafa mótað matskenndar reglur um fjárhagslegt uppgjör við sambúðarslit sem koma þó ekki í veg fyrir að á hverju ári rati til þeirra talsverður fjöldi mála vegna ágreinings um fjárslitin. Málafjöldinn bendir ekki til þess að fólk taki almennt meðvitaðar og upplýstir ákvarðanir um sambúðarformið.

Að mati sifjalaganefndar er brýnt að setja sérstök lög um óvígða sambúð hér á landi. Vert er að nefna að á hinum Norðurlöndunum hefur verið vaxandi umræða um heildstæðar lausnir, sett hafa verið sérstök sambúðarlög í Svíþjóð og Finnlandi og nú liggur fyrir viðamikil skýrsla með drögum að frumvarpi til sambúðarlaga í Noregi, sbr. NOU 2025:6. Heildstæð lög myndu hafa þann ótvíræða kost að tryggja lágmarksvernd sambúðarfólks, einfalda og skýra


réttarstöðuna, auðvelda yfirsýn og draga úr ágreiningsmálum. Við undirbúning, lögfestingu og innleiðingu slíkrar löggjafar gæfist einnig kærkomið tækifæri til þess að bæta þekkingu fólks á réttarstöðunni í sambúð. Grundvallaratriði í sambúðarlögum yrði að afmarka þau skilyrði sem óvígð sambúð þyrfti að uppfylla til þess að hafa tilskilin réttaráhrif. Þá yrði væntanlega tekin afstaða til atriða eins og framfærsluskyldu, samningsfrelsis, ráðstöfunarréttar eigna og fjárskipta við slit sambúðar. Samhliða mætti taka afstöðu til hugsanlegra breytinga á erfðalögum.

3.2.4. Tölfræði.

Hagstofa Íslands safnar og birtir ýmsar upplýsingar um fjölskyldumálefni. Á mynd 1 má sjá mynd af fjölda kjarnafjölskyldna eftir fjölskyldugerð frá 1998-2024. Eins og myndin ber með sér hefur fjöldi þeirra fjölskyldugerða sem þarna eru taldar haldist nokkuð stöðugur en þó hefur orðið umtalsverð aukning í fjölda hjónabanda án barna.

Kjarnafjölskyldur

Fjöldi kjarnafjölskyldna eftir fjölskyldugerð



Hagstofa Íslands

Til skýringa þá teljast til kjarnafjölskyldu frá árinu 1999 hjón og fólk í óvígðri sambúð (þar með talin pör í staðfestri samvist og samkynhneigð pör í óvígðri sambúð), börn hjá þeim 17 ára og yngri, einhleypir karlar og konur, sem búa með börnum 17 ára og yngri. Börn 18 ára og eldri, sem búa með foreldrum sínum, teljast ekki til kjarnafjölskyldu og sama gildir um einhleypa sem búa með börnum sínum 18 ára og eldri.

Í fylgiskjali 1 með frumvarpinu má finna frekari tölfræði sem tengist hjúskaparslitum.

3.3. Þróun hjúskaparlaga.

Reglur um fjármál hjóna eru samofnar íslenskri réttarsögu. Á þjóðveldistímanum setti ættarsamfélagið mark sitt á þessar reglur og sú viðleitni að halda eignum í ættum ýtti undir séreignatilhögun. Á tímum lögbókanna Grágásar, Járnsíðu og Jónsbókar urðu sjónarmið um

húsbóndavaldið nær allsráðandi. Smá saman jókst áhersla á fjárfélag og félagsbú hjóna en samhliða eignarráðum karlsins mátti sjá viðleitni til að karli bæri að sjá konu borgið eftir lok hjúskapar. Má telja þetta rót reglu um helmingaskipti sem markaður var skýrari farvegur í Dönsku og Norsku lögum Kristjáns V á ofanverðri sautjándu öld. Þrátt fyrir að þessi lög hafi aldrei verið lögtekin á Íslandi eru taldar heimildir fyrir því að upp úr aldamótum 1800 hafi Íslendingar almennt litið svo á að helmingafélag Norsku laganna gildi hér að mestu. Höfuðeinkenni á þessum reglum um fjármál hjóna voru sameign á eignum bússins að meginstefnu til, karlinn var einráður um allar ráðstafanir og gift kona í raun „ómyndug“ eins og kallað var, eða ófjárráða. Þá var miðað við helmingaskipti eigna með tilteknum hætti við hjúskaparlok.

Allnokkrar breytingar urðu með lögum nr. 3/1900 um fjármál hjóna. Áfram var gert ráð fyrir að eignir hjóna yrðu að meginstefnu til sameignir. Jafnframt var þó möguleiki að skipa fjármálum á annan veg. Þegar hér var komið sögu þótti mikilvægt að bæta lagakjör og tryggja fjárræði giftra kvenna. Þessi réttur nýttist þeim þó lítið þar sem þær höfðu einungis rétt til að ráðstafa séreignum sínum og sjálfsaflafé. Eiginmaðurinn hafði á hinn bóginn eignarráð félagsbúsins og stóðu þær eignir undir skuldbindingum hans. Við skilnað var gert ráð fyrir helmingaskiptum á þeim grunni að eignir væru sameignir. Komu þá skuldir beggja til frádráttar öllum eignum.

Við upphaf tuttugustu aldar urðu sífellt háværari kröfur um bættu stöðu kvenna í samfélaginu. Jafnhliða fór að bera sérstaklega á gagnrýni á veika stöðu kvenna í hjúskap. Afar sjaldgæft var að gíftar konur ættu séreignir, þær voru sjaldan skráðar fyrir eignum og höfðu takmarkaða möguleika á að afla sér fjár. Voru þær því verulega háðar fjárstjórn eiginmannsins.

Reglubundin norræn samvinna á sviði fjölskylduréttar hófst árið 1909 og hefur staðið meira og minna síðan. Á þriðja áratug tuttugustu aldar voru sett tvö lög um meginþætti hjúskaparréttarins sem voru afrakstur samvinnu Norðurlandanna á réttarsviðinu. Annars vegar lög nr. 39/1921 um stofnun og slit hjúskapar, sem lög nr. 60/1972 leystu síðar af hólmi. Hins vegar lög nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna, þar sem fjallað var um framfærsluskyldur hjóna að einkarétti, eignarétt og skuldaábyrgð og fjárslit milli hjóna.

Lög nr. 60/1972 tóku ekki miklum breytingum fram að setningu gildandi laga en samhliða setningu erfðalaga, nr. 8/1962, voru gerðar allnokkrar breytingar á lögum nr. 20/1923.

Eitt meginmarkmið með setningu núgildandi hjúskaparlaga var að sameina tvo ofangreinda lagabálka til að samræma efni þeirra og skapa gleggri yfirsýn yfir reglur hjúskaparréttarins. Þá voru gerðar nokkrar breytingar og sett fyllri ákvæði um ýmis atriði. Auk þess var leitast við að samræma form- og efnisreglur hjúskaparlaga og skiptalaganna nr. 20/1991.

Nokkrum sinnum hafa verið gerðar breytingar á núgildandi hjúskaparlögum. Ber þar helst að geta laga nr. 65/2020 þar sem hjúskaparlög voru gerð kynhlutlaus, laga nr. 6/2013 í tilefni af viðurkenningu á stöðu lífsskoðunarfélaga til jafns við trúfélög, laga nr. 153/2020 vegna kynræns sjálfræðis, laga nr. 40/2022 um aldur hjónaefna og könnun hjónavígsluskilyrða og laga nr. 71/2022 um skilnaðarskilyrði.

3.4. Undirstöðusjónarmið hjúskaparlaga.

Norðurlöndin mörkuðu skýra stefnu í hjúskaparrétti á upphafsáratugum tuttugustu aldar og voru þar lagðar undirstöður sem hjúskaparlög flestra landanna byggja enn á. Grundvallaratriði í löggjöfinni hefur verið að tryggja jafnrétti karla og kvenna í hjúskap. Jafnstaða hjóna er m.a. tryggð með viðurkenningu á að mismunandi framlög til framfærslu fjölskyldunnar eru

jafnmikilvæg, hvort sem um er að ræða t.d. fjárhagsleg framlög, vinnu á heimili eða umönnun barna. Annað lykilatriði í að tryggja jafnrétti hjóna er einnig að kveða á um efnahagslegt sjálfstæði hvors hjóna fyrir sig. Mörkuð var sú stefna að hjón væru fjárhagslega sjálfstæð og tækju sjálfstæðar ákvarðanir um eignamyndum og skuldaábyrgð. Samhliða sjálfstæði hjóna er þó einnig undirstrikuð samstaða þeirra. Segja má að samstaða hjóna sé eitt af því sem einkennir hugtakið hjúskap sem lífssamband tveggja einstaklinga. Samstaða hjóna lýsir sér fyrst og fremst í trúnaðarskyldu, upplýsingaskyldu, gagnkvæmri framfærsluskyldu, takmörkuðum rétti til að ráðstafa tilteknum eignum, sérstökum sjónarmiðum um myndun sameignar og síðast en ekki síst í meginreglu um helmingaskipti við skilnað. Reglur um takmörkun ráðstöfunarréttar og meginreglan um helmingaskipti byggir einnig á sjónarmiðum um vernd þess sem stendur lakar að vígi auk þess sem verndarsjónarmið endurspeglast í reglum laganna um beitingu fráviks, með sanngirni að leiðarljósi, til að ná réttlátri niðurstöðu þegar við á.

Núgildandi hjúskaparlög hér á landi endurspeglar enn að verulegu leyti þá stefnu sem mótuð var á þessum tíma. Hjúskaparréttur byggist þannig enn á samskonar undirstöðusjónarmiðum um jafnrétti, sjálfstæði, samstöðu og vernd. Sjónarmið um sjálfstæði, samstöðu og vernd togast þó á og samspil þeirra hefur þróast í lögum og túlkun og framkvæmd laganna. Vert er að benda á að norræn löggjöf var mjög framsækin um þessi sjónarmið þegar þau voru mótuð enda skorti þá t.d. verulega forsendur fyrir fjárhagslegu sjálfstæði kvenna. Viðamiklar breytingar á samfélaginu, lífsháttum, samskiptum og hlutverkum innan fjölskyldu hafa aukið áherslu á sjálfstæði hvors hjóna. Þessar breytingar hafa að sama skapi dregið að einhverju leyti úr vægi sjónarmiða um samstöðu auk þess að hafa haft áhrif á túlkun og beitingu sanngirnismælikvarða.

Sterkar vísbendingar eru um að fólk hafi takmarkaðan skilning á lagalegu samspili sjálfstæðis og samstöðu í hjúskap. Stór hópur fólks þekki þannig lítið til meginreglna um fjármál hjóna, átti sig ekki á merkingu hugtakanna hjúskapareign og séreign og skorti réttan skilning á beitingu helmingaskiptareglunnar. Deila má um að hvaða marki löggjöf er til þess fallin að stýra nánum, persónulegum samskiptum fólks. Þar hafa væntanlega meiri áhrif atriði eins og tilfinningar, persónulegar væntingar, félagsleg viðhorf og venjur. Löggjöf hefur þó án efa margvísleg bein og óbein áhrif á t.d. viðhorf og venjur í samfélaginu á hverjum tíma. Þetta gerir sérstakar kröfur til laga á réttarsviðinu. Hafa verður í huga að lagareglur í hjúskaparrétti eru til þess fallnar að hafa umtalsverð áhrif á líf fólks og réttarstöðu þess á viðkvæmum tímamótum, svo sem við skilnað eða andlát. Sú staðreynd að fólk þekkir illa reglurnar og gerir sjaldan sérstaka samninga fyrirfram gerir það afar brýnt að grunnreglur hjúskaparlaga leiði til sem sanngjarnastrar niðurstöðu hverju sinni. Þetta er unnt að gera með því að laga meginreglur jafnt og þétt að raunverulegum högum og stöðu fólks og meta samhliða í hvaða mæli víkja megi frá þeim með tiltekin sanngirnissjónarmið í huga. Má orða þetta sem *leiðandi* fjölskyldustefnu sem byggir á heildrænni samfélagslegri sýn andstætt við *stýrandi* fjölskyldustefnu þar sem einstaklingum kann að finnast reglur þvinga sig í stöðu sem þau óska ekki eftir.

Á undanförunum áratugum hefur farið fram umfangsmikil umræða á Norðurlöndum um undirstöðusjónarmið hjúskaparlaga. Fyrst og fremst hefur verið rætt um skipan á fjármálum hjóna, sérstaklega hvort auka ætti séreignafyrirkomulag, eða umfang hjúskapareigna sem standi utan skipta, og draga þar með úr vægi helmingaskiptareglunnar. Undirstrika ber að meginreglan um helmingaskipti byggir á hugmyndum um fjárhagslega og félagslega samstöðu hjóna. Sums staðar hafa reglur um fjárskipti milli hjóna þróast út frá hinu fjárhagslega

sjónarhorni, þ.e. lögð er áhersla á sjálfstæð framlög hvors hjóna og hvernig þessi framlög hafi haft áhrif á eignamyndum. Þannig eigi fyrst og fremst að skipta eignum sem hafi orðið til í hjúskap fyrir tilstilli framlaga beggja. Hið fjárhagslega sjónarhorn byggir á því að hjón eigi jafna möguleika á að færa eignir í búið og lögð er áhersla á sanngirmi fyrir þann sem á eignir eða aflar meira. Minni áhersla er lögð á jafna stöðu maka við hjúskaparlok, eða sanngirmi fyrir það hjóna sem stendur verr að vígi fjárhagslega. Niðurstöður rannsókna á högum kynjanna styðja ekki þá hugmynd að þau hafi jafna möguleika á að færa eignir í hjúskap. Þá má gagnrýna hið fjárhagslega sjónarhorn fyrir að ýta undir einstaklingshyggju án þess að taka nægilegt tillit til flókans samspils áhrifaþátta sem eru mótandi um eignamyndun meðan hjúskapur varir. Við mótun þessa frumvarps um jafnvægi ólíkra sjónarmiða er lögð áhersla á félagslega samstöðu hjóna með svipuðum hætti og verið hefur hér á landi. Í stað þess að leggja áherslu á hvenær eignir verða til þykir mikilvægt að skoða að hve miklu leyti hin félagslega samstaða hjóna, m.a. verkaskipting og neyslumynstur, stýri eignamyndun. Áhersla er lögð á að samskipti og samheldni hjóna móti reglur um sanngjarna stöðu við hjúskaparlok. Byggir þetta í raun á rótgrónum hugmyndum um mikilvægi hins félagslega eðlis hjúskapar.

Í þessu frumvarpi eru ekki lagðar til breytingar á undirstöðusjónarmiðum í hjúskaparrétti eða meginreglum hjúskaparlaga. Áréttu ber sérstaklega að meginregla laganna um helmingaskipti þykir standa traustum fótum í íslenskrí réttarskipan og ekkert talið benda til þess að annað fyrirkomulag myndi leiða til réttlátari eða sanngjarnari niðurstöðu í fjárskiptum. Í frumvarpinu eru þó lagðar til ýmsar breytingar sem hafa áhrif á samspil sjálfstæðis og samstöðu. Helst ber þar að nefna aukið samningsfrelsi með skýrari reglum um kaupmála, greiðari aðgang að lögskilnaði án undangengis skilnaðar að borði og sæng og breytingar á stöðu lífeyrisréttinda við fjárskipti.

3.5. Áhrif ofbeldis

Eitt af meginmarkmiðum með endurskoðun hjúskaparlaga er að skoða hvernig styrkja megi stöðu þolenda ofbeldis og tryggja rétt þeirra til að slíta hjúskap. Hér á landi hafa verið gerðar fjölmargar áætlanir um aðgerðir gegn heimilisofbeldi og afleiðingum þess, má t.d. nefna aðgerðaráætlun stjórnvalda vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis 2006-2011, þingsályktun um áætlun um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess 2019-2022 og þingsályktun um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021-2025.

Þann 9. maí 2018 fullgilti Ísland samning Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi, svokallaðan Istanbúl samning. Markmið samningsins eru m.a. að vernda konur gegn öllum birtingarmyndum ofbeldis og fyrirbyggja ofbeldi, sækja til saka gerendur og uppræta ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi. Samningurinn kveður á um ýmis réttindi þolenda og skyldur opinberra aðila til að vernda og aðstoða þolendur kynbundins ofbeldis. Í samningnum er meðal annars lögð áhersla á að til staðar séu fullnægjandi einkaréttarleg úrræði fyrir þolendur til að leita réttar síns gegn gerendum, að ráðstafanir byggi á kynjuðum skilningi á ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi með áherslu á mannréttindi og öryggi þolenda og miðist við valdeflingu og fjárhagslegt sjálfstæði kvenna sem þolað hafa ofbeldi. Þá ber að tryggja fullnægjandi úrræði til að bregðast við nauðungarhjonaböndum.

Haustið 2021 gáfu íslensk stjórnvöld út skýrslu um stöðu innleiðingar Istanbúl samningsins hér á landi. GREVIO, eftirlitsnefnd með innleiðingu Istanbúl samningsins, birti fyrstu matsskýrslu sína fyrir Ísland haustið 2022. Í skýrslunni eru fjölmargar ábendingar, m.a. um atriði er talin voru þarfnast tafarlausra aðgerða íslenskra stjórnvalda. Í kjölfarið skipaði félags-

og vinnumarkaðsráðherra starfshóp sem falið var að skoða laga- og reglugerðarumhverfi þjónustu vegna ofbeldis og í mars 2023 skilaði starfshópurinn skýrslu sinni. Í skýrslu starfshópsins er gerð tillaga um að breyta ákvæðum hjúskaparlaga nr. 31/1993 um skilnað með það að markmiði að auðvelda þolendum heimilisofbeldis og þvingaðra hjónabanda að losna úr hjúskap með geranda. Tekið var fram að í vinnu starfshópsins hefði ítrekað komið fram að skilnaður og ágreiningur um hag barna að skilnaði loknum geti verið gríðarlega þungt ferli fyrir þolendur kynbundins ofbeldis. Helst var gagnrýnt hve langan tíma skilnaðarferli tæki, aðallega vegna ýmissa skilyrða fyrir útgáfu skilnaðarleyfis sem finna mætti í hjúskaparlögum, en slíkar aðstæður gætu leitt til áframhaldandi ofbeldis og stjórnunar gerenda. Að mati starfshópsins er brýnt að endurskoðun hjúskaparlaga taki m.a. efnislega til eftirfarandi atriða:

- Tryggja að ekki sé hægt að draga skilnaðarferli á langinn með því að semja ekki um fjárskipti. Lagt er til að í skilnaðarmálum þar sem uppi eru ásakanir um ofbeldi verði greidd skiptatrygging úr ríkissjóði vegna opinberra skipta. Tekið er fram að starfshópurinn telji óæskilegt að heimila skilnað án fjárskipta þar sem fjárhagslegt ofbeldi og stjórnun geti haldið áfram í tengslum við skipti eftir útgáfu skilnaðarleyfis.
- Tryggja að annað hjóna geti óskað beins lögskilnaðar, óháð því hvort um ofbeldi sé að ræða.
- Fella brott ákvæði ákvæði 42. gr. hjúskaparlaga um sættir.
- Mæla fyrir um skyldu sýslumanna til að veita tülkaþjónustu í skilnaðar- og fjölskyldumálum og tryggja sýslumönnum nægilegt fjármagn til að veita slíka þjónustu.
- Bregðast við nauðsyn vitundarvakningar og viðbragða vegna þvingaðra hjónabanda eða hjónabanda sem tengjast mansali. Ef grunur vakni um slíkt við könnun hjónavígsluskilyrða eða framkvæmd hjónavígslu verði stofnanir að geta miðlað upplýsingum eða tilkynnt grun um ofbeldi. Tryggja þurfi að könnunarvottorð liggja ætíð fyrir við framkvæmd hjónavígslu, ella verði hjúskapur ekki skráður eða unnt verði að beita ógildingarreglu hjúskaparlaga. Þá verði almennt hægt að beita ógildingarreglum án of strangra tímamarka.

Í skýrslu starfshópsins er einnig að finna fjölmargar aðrar tillögur sem geta stutt þolendur kynbundins ofbeldis í tengslum við skilnaðarferli. Má þar nefna tillögur um útfærslu verklags um skimun fyrir ofbeldi og gerð áhættumats, að tryggja aðgang að faglegri ráðgjöf til þolenda, gerenda, vitna og aðstandenda þeirra, að tryggja þolendum aðgang að athvarfi, að tryggja úrræði sem beita megj í stað nálgunarbanns og brottvísunar af heimili, að tryggja að nálgunarbanni og brottvísun verði beitt þegar við á og brugðist markvisst við brotum, að tryggja þolendum aukinn lagalegan stuðning réttargæslumanna og að tryggja vitnavernd í sakamálum. Unnið hefur verið að því að bregðast við þessum tillögum á ýmsum sviðum, m.a. hefur dómsmálaráðherra virt í samráðsgátt áform um breytingu á lögum nr. 85/2011 um nálgunarbann og brottvísun af heimili. Þá er þess að geta að á vegum dómsmálaráðherra er unnið að gerð landsáætlunar um innleiðingu Istanbúl samningsins þar sem m.a. verður metin framfylgni hans hér á landi.

Við setningu laga nr. 71/2022, um breytingar á hjúskaparlögum nr. 31/1993, var sem fyrr sagði lögð áhersla á endurskoðun hjúskaparlaga, m.a. breytingar á skilnaðarskilyrðum og málsmeðferð skilnaðarmála til hagsbóta fyrir þolendur heimilisofbeldis. Sifjalaganefnd mat sérstaklega áhrif ofbeldis í tengslum við stofnun hjúskapar, ógildingu, skilnað, framfærslu, fjármál hjóna og fjárskipti.

3.6. Stofnun hjúskapar

3.6.1. Almenn

Rétturinn til að ganga í hjúskap er talinn til grundvallarmannréttinda. Hjúskaparlöggjöfin byggir á því að hjúskapur sé frjálst, ábyrgt samband tveggja sjálfstæðra einstaklinga. Hjúskapur hefur margvísleg djúpstæð tilfinningaleg, félagsleg, fjárhagsleg og lagaleg áhrif. Rannsóknir sýna að það að rækta nán farsæl tengsl sé markvert til þess fallið að styrkja hvort tveggja andlega og líkamlega heilsu fólks. Mikilvægt er að lögin og framkvæmd þeirra við stofnun hjúskapar hafi það stefnumið að tryggja að hjónaefni hvort um sig taki sjálfstæða og meðvitaða áhrif um hjúskaparstofnun.

3.6.2. Hjónavígsluskilyrði.

Þar sem stofnun hjúskapar telst til grunnmannréttinda er mikilvægt að lög girði ekki fyrir að einstaklingar geti gengið í hjúskap nema brýnir þjóðfélagshagsmunir þjóði annað. Breytt viðhorf hafa almennt dregið jafnt og þétt úr hjónavígslutálmunum hér á landi sem og annars staðar. Aukin áhersla á vernd hefur þó haft nokkur áhrif á hið gagnstæða. Með lögum nr. 40/2022, um breytingu á hjúskaparlögum, var þannig afnumin undanþága frá því að heimila einstaklingum yngri en 18 ára að ganga í hjúskap. Markmiðið er að tryggja rétt barna og vernda þau fyrir aðstæðum sem leggja þeim byrðar á herðar og geta reynst þeim skaðlegar.

Þess má geta að í Noregi hefur nýverið verið tekið það skref að banna hjúskap milli einstaklinga og systkina foreldra viðkomandi svo og milli systkinabarna. Markmiðið er að koma í veg fyrir hugsanleg neikvæð heilsufarsleg áhrif barneigna hjóna í þessari stöðu en einnig að koma í veg fyrir neikvæðar félagslegar afleiðingar, svo sem þvinguð hjónabönd eða ofbeldi í nánnum samböndum. Í frumvarpinu er ekki lagt til að víkka út bann við hjúskap vegna skyldleika með sambærilegum hætti. Gera verði ráð fyrir að farnar verði aðrar leiðir til að vernda þau sem hugsanlega geta staðið höllum fæti og taka ekki sjálfstæða ákvörðun um hjúskaparstofnun.

Í þessu frumvarpi er lagt til að skýra og skerpa ákvæði laga um skyldleika og tengsl sem takmarka réttinn til hjúskaparstofnunar, fyrst og fremst í tengslum við ættleiðingar.

3.6.3. Könnun hjónavígsluskilyrða.

Áður en hjónavígsla fer fram ber hjónaefnum að leggja fram vottorð um könnun hjónavígsluskilyrða. Með lögum nr. 40/2022, um breytingu á hjúskaparlögum, var sýslumönnum falið að sjá alfarið um könnun hjónavígsluskilyrða með það fyrir augum að tryggja áreiðanleika og samræmda meðferð. Jafnframt var lögð áhersla á að einfalda ferlið með rafrænum lausnum. Hjónaefnum ber að lýsa því yfir að þau viti ekki um tálma á fyrirhuguðum hjúskap sínum. Jafnframt skulu tveir svaramenn rita undir vottorð þar sem svaramenn ábyrgjast að enginn lagatálmi sé á fyrirhuguðum hjúskap. Öflun gagna og meðferð málsins fer að mestu leyti fram rafrænt. Með þessu er lögð áhersla á vandaðan undirbúning ákvörðunar um hjúskaparstofnun en málsmeðferðin getur þó ekki tryggt að hjónaefni taki í öllum tilvikum upplýsta og sjálfstæða ákvörðun að þessu leyti. Mikilvægt er að brýna fyrir vígslumönnum að ganga á eftir því að fullbúið könnunarvottorð liggja fyrir. Vanræksla í þessum efnum við framkvæmd borgaralegrar vígslu getur talist brot í opinberu starfi með tilheyrandi viðurlögum. Þá eru forstöðumenn skráðra trú- og lífsskoðunarfélaga, og þau sem fengið hafa löggildingu til að annast hjónavígslu á þeirra vegum, háð ákveðnu eftirliti sýslumanns við framkvæmd starfa sinna. Getur sýslumaður veitt skriflega viðvörðun og ef ekki

er bætt úr, eða um mjög alvarlegt brot er að ræða, getur sýslumaður svipt viðkomandi rétti til að framkvæma hjónavígslur.

Samkvæmt gildandi lögum hefur vanræksla vígslumanns á að ganga á eftir fullgildu könnunartvottorði áður en vígsla fer fram ekki áhrif á gildi hjónavígslu. Ekki þykja standa rök til þess að breyta þessu enda kemur málsmeðferð við útgáfu könnunartvottorðs t.d. ekki í veg fyrir að nauðung kunnir að hafa verið beitt. Skortur á könnunartvottorði þarf heldur ekki að þýða að farið hafi verið á svig við efnisleg hjónavígsluskilyrði. Ljóst þykir að krafa um útgáfu könnunartvottorðs sem gildisskilyrði hjúskapar gæti haft í för með sér nokkuð óhagræði og skapað réttaróvissu.

3.6.3. Hjónavígsluathöfn.

Þegar kemur að sjálfri hjónavígslunni þá verða hjón bæði að vera viðstödd í eigin persónu auk tveggja vitna. Hjón skulu svara því játandi að þau vilji stofna til hjúskaparins. Spurning til hjónaefna verður að vera á tungumáli sem þau skilja og samþykki hjónaefna verður að vera skýrt, afdráttar- og skilmálalaust. Vígslumenn bera ríka ábyrgð á að fylgja þessu eftir og þeim ber að neita atbeina til vígslu eða neita að lýsa þau hjón ef talið er að hjónaefni séu beitt nauðung eða þvingun til að láta uppi jáyrði. Gera verður ráð fyrir að reka megi dómsmál um gildi hjónavígslu, m.a. hvort hjónaefni hafi veitt jáyrði með fullnægjandi hætti. Niðurstaðan gæti orðið sú að aldrei hafi stofnast til hjúskapar. Þá má geta þess að skv. 2. mgr. 225. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1944 varðar það allt að 4 ára fangelsi að neyða annan einstakling til að ganga í hjúskap. Ekki er talið æskilegt að ganga lengra til að koma í veg fyrir hugsanlega nauðung eða þvingun við stofnun hjúskapar.

Í frumvarpinu er lagt til að hnykkja á því að hjónavígsla sé einungis gild ef hún er framkvæmd hér á landi, nema ákvæði um sérstakar vígsluheimildir starfsfólks sendiráða eigi við. Þá er lagt til að dómstólar leysi úr álitamálum um gildi hjónavígslu.

3.7. Fjármál hjóna.

Ákvæði hjúskaparlaga um fjármál hjóna byggja á samspili sjálfstæðis hvors um sig og samstöðu þeirra. Samkvæmt 2. gr. eru hjón í hvívetna jafnréttá í hjúskap sínum og njóta sjálfstæðis í fjárhagslegu tilliti. Ýmis ákvæði laganna eru til þess fallin að vernda þann sem stendur höllum fæti. Fyrst má nefna að hjónum ber lögum samkvæmt að styðja hvort annað og gæta sameiginlega hagsmuna heimilisins og fjölskyldu. Þá eiga þau að hjálpast að við að framfæra fjölskylduna með fjárframlögum, vinnu á heimili eða á annan hátt. Ef annað hjóna vanrækir framfærsluskilyldur sínar gagnvart fjölskyldunni meðan hjúskapur varir getur hitt hjóna krafist úrskurðar sýslumanns, sbr. 48. og 49. gr. Við skilnað að borði og sæng er einnig unnt að úrskurða um greiðslu lífeyris, sbr. 50. og 51. gr. Þá gilda reglur barnalaga um framfærslu barns. Auk almennra reglna um framfærslu barns má nefna sérstaklega 26. barnalaga þar sem sá sem elur barn á rétt á því að sýslumaður úrskurði þann sem sætt hefur dómi fyrir brot skv. XXII. kafla almennra hegningarlaga sem leiddi til getnaðar barnsins, til að greiða allan kostnað sem af meðgöngu og barnsförum stafar. Þá er að auki heimilt skv. 58. gr. barnalaga að gera viðkomandi að kosta framfærslu barns að öllu leyti.

Ákveðin verndarsjónarmið búa einnig að baki efnis- og formkröfum um gerð kaupmála, svo og ákvæðum um tilhlýðilega meðferð hjúskapareigna, riftun óhóflegra gjafa, takmörkun ráðstöfunarréttar annars hjóna yfir tilteknum eignum sínum og takmörkun skuldaábyrgðar. Við ákveðnar aðstæður getur hvort hjóna óskað fjárskipta án skilnaðar, m.a. ef bú hins er tekið til gjaldþrotaskipta eða hitt hjóna rýrir eignir sínar eða misbeitir ráðum yfir eignum.

Meginreglan um tilkall til helmings hreinna hjúskapareigna hins við skilnað er til þess fallin að tryggja hjónum sanngjarna hlutdeild í eignum. Ef hjón óska annarrar niðurstöðu þá er þeim heimilt með kaupmála að semja um tiltekið séreignafyrirkomulag eða að gefa eftir af tilkalli eigna við fjárskiptin. Þá miðast ýmsar reglur laganna við að ná fram sanngjarnri og réttlátri niðurstöðu, svo sem 2. mgr. 95. gr. um ógildingu fjárskiptasamninga, 102. gr. um verðmæti sem geta fallið utan skipta, 104. gr. um frávik frá helmingaskiptum og 107. gr. um endurgjald. Ofangreindar reglur eru þó að langmestu leyti háðar því að hjón þekki til þeirra og séu í stakk búin til að leita réttar síns þegar við á.

Á undanförunum áratugum hefur verið fjallað rækilega um hvort breyta skuli skipan fjármála hjóna, sérstaklega í Noregi og Danmörku. Meðal annars hefur verið rætt hvort auka ætti séreignafyrirkomulag eða rétt til að halda eignum utan skipta og um þörf á að skerpa reglur um samninga hjóna. Niðurstöður eftir ítarlega skoðun í Noregi og í Danmörku voru samhljóða um nokkur grundvallaratriði. Í fyrsta lagi að helmingaskiptareglan væri almennt góð og gild meginregla með tilliti til samstöðu í hjúskap. Helmingaskipti taka mið af því eignafyrirkomulagi sem mælt er nánar fyrir um í lögum. Í öðru lagi að þörf væri fráviks frá helmingaskiptum til að ná sanngjarnri niðurstöðu. Í þriðja lagi blasir við að hér eru engar einhlítar lausnir, það hefur reynst flókið verkefni að finna ákjósanlegt jafnvægi milli sjónarmiða um sjálfstæði og samstöðu í regluverki um fjármál hjóna. Farnar voru ólíkar leiðir í Noregi og í Danmörku og segja má að hér sé hallast að niðurstöðum Dana eins og þær endurspeglast í dönskum lögum um fjármál hjóna sem sett voru árið 2018.

Í frumvarpinu eru ekki lagðar til grundvallarbreytingar á reglum um fjármál hjóna. Ýmis ákvæði eru þó útfærð með öðrum hætti og í frumvarpinu felast ýmis nýmæli. Meginreglur um hjúskapareignir og helmingaskipti er að finna í 43. og 80. gr. frumvarpsins og heimild hjóna til að semja með kaupmála um séreignafyrirkomulag er að finna í 57. gr. frumvarpsins. Þá miðar frumvarpið að því að ná fram sanngjörnum niðurstöðum, t.d. skv. 83. gr. um frávik frá helmingaskiptum, 90. gr. um ógildi fjárskiptasamninga, 76.-78. gr. um verðmæti sem geta fallið utan skipta og 85. og 86. gr. um endurgjald. Meðal helstu breytinga sem frumvarpið hefur í för með sér má nefna breytingar á framfærsluskyldu hjóna eftir samvistarlit og skilnað, breytingar á samningsfrelsi hjóna, svo sem ný útfærsla heimilda til afmörkunar efnisatriða kaupmála, breytingar á stöðu einstakra eigna við fjárslit, fyrst og fremst stöðu lífeyrisréttinda, skýrari sérreglur um fjárskipti vegna andláts maka í hjúskap og skýrari reglur um rétt til endurgjalds.

3.8. Slit hjúskapar.

3.8.1 Almenn

Hjúskap getur lokið með þrennum hætti. Í fyrsta lagi við andlát, en þá reynir á fjárskiptareglur hjúskaparlaga áður en kemur til kasta erfðalaga. Í öðru lagi með ógildingu þar sem reynt getur á atvik sem voru til staðar fyrir eða við hjúskaparstofnun. Í þriðja lagi getur hjúskap lokið með lögskilnaði.

3.8.2 Ógilding.

Eftir að stofnast hefur til hjúskapar getur annað hjóna krafist ógildingar hjúskapar síns að vissum skilyrðum uppfylltum, svo sem hafi það verið neytt til vígslunnar, skv. 4. tl. 1. mgr. 28. gr. hjúskaparlaga. Mál til ógildingar verður þá að höfða innan sex mánaða frá því að nauðung létti og alltaf innan þriggja ára frá hjónavígslu. Heimildir til að krefjast ógildingar

þykja hafa nokkuð varnaðargildi og þær árétta mikilvægi tiltekinna hjónavígsluskilyrða og frjálsrar ákvörðunar hvors um sig við hjúskaparstofnun.

Í þessum tilvikum er hjúskapur gildur frá því til hans stofnast og hefur hjúskapurinn almenn réttaráhrif þar til ógildingardómur gengur. Þá hefur dómur um ógildingu hjúskapar að meginstefnu til sömu réttaráhrif og lögskilnaður. Heimildir til ógildingar má því skoða í beinu samhengi við heimildir til að óska skilnaðar og þær reglur um gilda um fjárskiptin.

Í frumvarpinu er lagðar til orðalagsbreytingar á skilyrðum til ógildingar og lögð til breyting á tímamörkum um ógildingu hjúskapar vegna nauðungar.

3.8.3. Skilnaður.

a. Skilnaðarskilyrði.

Um leið og viðurkennt er að samstaða og nán tengsl hjóna geti haft umtalsverð jákvæð áhrif á líf þeirra má vera ljóst að hjúskapur getur einnig þróast í gagnstæða átt. Fjölmargt getur leitt til þess að hjón telji sig ekki eiga samleið lengur. Þá getur ofbeldi, erfið samskipti, skortur á virðingu, skilningi, samstöðu og samkennd haft viðvarandi neikvæð áhrif á hjónin og börn þeirra.

Með skilnaðarskilyrðum er átt við þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að eiga rétt til skilnaðar. Almennt er litið svo á að hjón eigi að geta slitið hjúskap sínum með samkomulagi eða samkvæmt einhliða kröfu þess sem telur sér ekki fært að halda hjúskapnum áfram. Hjónaskilnaði fylgja þó ýmsar áskoranir. Þannig rofnar persónulegt, félagslegt og efnahagslegt samband hjóna og fjölþætt röskun verður á stöðu þeirra og högum. Skilnaður hefur afgerandi og oft veruleg áhrif á börn ef þeim er til að dreifa. Þá er skilnaður líklegur til að raska eða rjúfa ýmiskonar mikilvæg nán fjölskyldu- og félagstengsl. Að lokum getur skilnaður haft talsverð samfélagsleg áhrif vegna breyttrar efnahags- og tilfinningalegrar stöðu fólks.

Útfærsla skilnaðarskilyrða hefur mótast af undirstöðusjónarmiðum um *samkomulag, vilja, brostnar forsendur* eða *sök*. Samkomulagsreglur miða að því að auðvelda hjónum að skilja þegar þau eru sammála um það. Viljareglur tryggja að annað hjóna eigi rétt á að losna úr hjúskap ef viðkomandi telur sér ekki fært að halda hjúskapnum áfram. Sjónarmið um brostnar forsendur liggja til grundvallar rétti til að skilja ef grundvöllur áframhaldandi hjúskapar þykir ekki lengur fyrir hendi, svo sem vegna langvarandi samvistarslita. Sakarreglur byggja á því að annað hjóna eigi rétt til skilnaðar vegna þess að hitt hafi brotið af sér með einhverjum hætti.

Í núgildandi hjúskaparlögum er gerður greinarmunur á rétti til skilnaðar að borði og sæng og lögskilnaðar. Markmið með skilnaði að borði og sæng er almennt að gefa hjónum færi á að meta hvaða áhrif skilnaður hefur áður en skrefið er stigið til fulls með endanlegum lögskilnaði. Samkvæmt gildandi lögum á hvort hjóna um sig eða hjónin saman óskoraðan rétt til skilnaðar að borði og sæng. Að undangengnum skilnaði að borði og sæng eiga þau saman og hvort um sig rétt til lögskilnaðar að ákveðnum tíma liðnum. Samkomulag hjóna getur verið grundvöllur beins lögskilnaðar, þó að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sbr. breytingarlög nr. 71/2022. Réttur annars til beins lögskilnaðar byggist á sérstökum ákvæðum sem grundvallast á sjónarmiðum um brostnar forsendur eða sök. Í fylgiskjali 1 með frumvarpinu má sjá fjölda beiðna um skilnað sem bærust sýslumönnum 2013-2024 sundurliðað eftir skilnaðarástæðum. Við skilnað að borði og sæng þarf að uppfylla samskonar skilmála og við beinan lögskilnað og hefur skilnaður að borði og sæng að meginstefnu til svipuð réttaráhrif, að því slepptu að framfærsluskylda er enn til staðar og viðkomandi mega ekki ganga í hjúskap að nýju.

Þróun hjúskaparlaga hefur verið í þá átt að draga úr ströngum skilnaðarskilyrðum. Áhersla hefur verið á að auka vægi samkomulags hjóna og draga úr sjónarmiðum um sök. Í þessu frumvarpi er lagt til að ganga lengra í þessum efnum með það að markmiði að einfalda skilnaðarskilyrði og gera þau skýrari. Þannig er lagt til að hjón saman eða hvort um sig eigi rétt til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar. Þá er lagt til að fella niður öll ákvæði um sérstakar lögskilnaðarástæður, svo sem vegna hjúskaparbrotis en þess má geta þess að samskonar ákvæði hefur verið fellt úr gildi í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Tillagan nær einnig til þess að fella niður sérstakt ákvæði um ofbeldi sem lögskilnaðarástæðu. Það er ýmsum vandkvæðum bundið að móta slíkt ákvæði og þykir aukinn réttur til lögskilnaðar draga verulega úr þörf fyrir ákvæðið. Visast nánar til skýringa við VI. kafla.

b. Sáttaumleitan og leiðbeiningar um skilnaðarkjör.

Í 42. gr. núgildandi laga er fjallað um sáttaumleitan sem miðar að því að kanna grundvöll að framhaldi hjúskaparins. Hjón eiga þess ávallt kost að leitað sé um sættir með þeim í þessum tilgangi en almennt er skylt að leita satta með hjónum sem fara sameiginlega með forsjá barns. Ekki er þó skylt að leita satta ef krafist er lögskilnaðar að undangengnum skilnaði að borði og sæng eða á grundvelli a-liðar 2. mgr. 40. gr., þ.e. þegar maki hefur gengist við ofbeldisbroti eða hlotið dóm fyrir það. Sáttaumleitunum er ætlað að draga úr ágreiningi milli hjóna og aðstoða þau við að skoða til hlítar hvort þau telji sig geta haldið áfram hjúskap sínum, sérstaklega þegar börn eru til staðar.

Í þessu frumvarpi er lagt til að fella ákvæðið niður. Undirstrika ber að sifjalaganefnd telur brýna þörf á að auka framboð á fræðslu um fjölskyldumál og öflugri fjölskylduráðgjöf til að styrkja jákvæð fjölskyldutengsl og aðstoða fólk við að leysa úr ágreiningi sem upp kann að koma. Æskilegt er að fólk eigi greiðan aðgang að slíkri þjónustu áður en komið er að því að hrinda áformum um skilnað í framkvæmd. Þar sem hjúskaparlög fjalla fyrst og fremst um beinan aðdraganda skilnaðar og meðferð skilnaðarmála eru þau ekki best til þess fallin að beina fólk í sáttaumleitan með það að markmiði að afstýra skilnaði. Þá hefur ekki verið komið í veg fyrir skyldu til sáttaumleitana í þessum tilgangi þegar ásakanir um heimilisofbeldi eru til staðar.

Sifjalaganefnd telur æskilegt að huga vandlega að uppbyggingu nýrrar stofnunar með það að markmiði að tryggja eftir því sem unnt er skýra, samþætta og þverfaglega meðferð fjölskyldumála, m.a. með hagsmuni barns í fyrirrúmi. Áhugavert er að líta til reynslu Dana í þessum efnum. Árið 2019 var ráðist í umfangsmiklar breytingar í Danmörku og sett á laggirnar ný þverfagleg stofnun, Fjölskylduréttarhús (d. Familieretshuset), sem annast úrlausn fjölbreyttra mála á fjölskylduréttarsviði. Hjá stofnuninni er hvert mál metið með markvissum hætti og mótaður farvegur ólíkra mála, m.a. með hliðsjón af efnisþáttum, þörf fyrir þjónustu, öryggi aðila og alvarleika ágreinings.

Í stað sáttaumleitana með því markmiði sem mælt er fyrir um í 42. gr. telur sifjalaganefnd mikilvægt að aðstoða hjón við að leysa þau atriði sem þarf að leiða til lykta í skilnaðarferlinu. Með tilliti til hagsmuna barna eru ákvæði 33. gr. og 33. gr. a barnalaga, nr. 76/2003, best til þess fallin að ná því markmiði. Samkvæmt þeim ákvæðum stendur foreldrum annars vegar til boða ráðgjöf og hins vegar er foreldrum gert skylt að leita satta áður en þau geta krafist úrskurðar eða höfðað mál um tiltekin ágreiningsefni. Markmið með sáttameðferðinni er að hjálpa foreldrum að gera samning um þá lausn sem er barni fyrir bestu.

Í frumvarpinu er einnig lagt til ákvæði um skyldu sýslumanns til að leiðbeina hjónum um skilnaðarkjör sem kemur til fyllingar ákvæði 108. gr. frumvarpsins um almenna

leiðbeiningarskyldu og sáttaumleitan af hálfu sýslumanns. Ákvæði svipaðs efnis var fellt brott úr hjúskaparlögum með breytingarlögum nr. 71/2022 en að mati sifjalaganefndar var það ekki rökstutt nægilega vel auk þess sem þar gætti nokkurs misskilnings um samspil og ólík markmið 42. og 43. gr. laganna, eins og hún var fyrir breytinguna.

c. Skilnaðarkjör.

Þegar skorið er úr um rétt hjóna til skilnaðar þarf að huga nánar að skilnaðarkjörum, þ.e. þeim atriðum sem þurfa að vera í skýrum farvegi eða leiða þarf til lykta áður en heimilt er að gefa út leyfi til skilnaðar. Reynir hér á úrlausn mála um framfærslueyri eftir skilnað, fjárskipti og málefni barna. Mál þessi fara í mismunandi farveg. Algengast er að sýslumaður leysi úr ágreiningi um framfærslueyri en samkvæmt gildandi lögum getur dómstóll þó kveðið á um skyldu til greiðslu lífeyris. Ágreiningsmál af þessu tagi eru fátíð og á undanförunum árum hafa sýslumenn kveðið upp færri en 5 úrskurði á ári um framfærslueyri og/eða makalífeyri. Þá er algengast að fjárskiptum vegna skilnaðar ljúki með gerð fjárskiptasamnings. Hjón geta einnig hvort um sig óskað opinberra skipta til fjárslita við skilnað. Undanfarin 5 ár hafa verið staðfestir hjá sýslumönnum um 500 fjárskiptasamningar á ári og kveðnir upp hjá dómstólum á bilinu 30-40 úrskurðir um opinber skipti til fjárslita milli hjóna. Í frumvarpinu er lagðar til nokkrar breytingar og settar fram skýrari reglur um skilnaðarkjör. Þar er m.a. að finna það nýmæli að sýslumaður leysi alfarið úr ágreiningi um framfærslueyri og að sýslumaður geti úrskurðað um að skipti verði ekki knúin fram.

d. Úrlausn skilnaðarmála.

Samkvæmt núgildandi lögum getur sýslumaður gefið úr leyfi til skilnaðar ef hjón eru sammála um það og er það algengasta leiðin. Að öðrum kosti verður það hjóna sem óskar skilnaðar almennt að höfða mál fyrir dómi. Á undanförunum árum hafa sýslumönnum borist á bilinu 1000 til 1150 beiðnir um skilnað á ári og útgefin leyfi hafa verið árlega um 700. Í frumvarpinu er lögð til sú mikilvæga breyting að sýslumaður sjái alfarið um útgáfu skilnaðarleyfa. Helst það í hendur við einföldun skilnaðarskilyrða og rétt hvors um sig til skilnaðar án þess að leggja þurfi sérstakt mat á ástæður eða aðdraganda. Um leið er bætt við skýrara ákvæði um kröfur og tilkynningar um meðferð mála hjá sýslumanni, sbr. 105. gr. frumvarpsins.

e. Almennt um fjárskipti milli hjóna.

Helmingaskipti er meginreglan við fjárskipti milli hjóna. Í lögnum er einnig kveðið á um heimild til að gefa eftir af tilkalli til eigna, skilyrði frávika frá helmingaskiptum og rétt til endurgjalds eftir atvikum. Með því er leitast við að ná réttlátri og sanngjarnri niðurstöðu.

Samkvæmt núgildandi lögum lýkur fjárskiptum með gerð fjárskiptasamnings hjóna eða með opinberum skiptum. Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar með það að markmiði að auðvelda skiptalok í ákveðnum tilvikum, liðka fyrir samningum um fjárskipti og að gefa skýrari mynd af fjárskiptum hjóna. Er þannig lagt til að heimila sýslumanni að úrskurða um að skipti verði ekki knúin fram og gera öðru hjóna kleift að afla upplýsinga um eignir og óska eftir verðmati eigna áður en krafist er opinberra skipta. Þá er lagt til að hjúskaparlög hafi að geyma almenn ákvæði um viðmiðunardag skipta og verðmat eigna og skýrari ákvæði um úthlutun og útlagningu. Gefur þetta betri heildarmynd en kallast jafnframt á við ákvæði laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, þar sem umrædd atriði eru útfærð frekar. Þá eru lagðar til breytingar á ákvæði um ógildi fjárskiptasamninga sem horfa til skýringarauka.

f. Nánar um stöðu lífeyrisréttinda við fjárskipti milli hjóna.

Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 102. gr. núgildandi hjúskaparlaga getur maki krafist þess að haldið verði utan skipta réttindum í opinberum lífeyrissjóðum eða einkalífeyrissjóðum, svo og kröfum til lífeyris eða líftryggingarfjár sem ekki hefur endurkaupsvirði. Með hliðsjón af 2. mgr. 102. gr. hefur það verið talin meginregla að réttindi af þessu tagi komi ekki til skipta og einungis er vikið frá meginreglunni þegar sérstaklega stendur á. Við setningu laganna var bent á að þarna væri tekið á vandasömu máli en lausnin tæki mið af persónulegu eðli þeirra réttinda sem ættu í hlut.

Umrætt ákvæði hjúskaparlaganna hefur verið gagnrýnt og nokkrum sinnum lagðar til breytingar á því sem ekki hafa náð fram að ganga. Eftir setningu hjúskaparlaganna var þannig lagt fram frumvarp á 118., 120. og 121. löggjafarþingi þar sem lagt var til að lífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hefðu meðan á hjúskap stæði, kæmu til fjárskipta við skilnað. Talið var réttlætismál að líta á öflun lífeyrisréttinda sem eignamyndun sem aðilar hefðu stuðlað að í sameiningu með ákveðinni verkaskiptingu. Bent var á að þarna skapaðist oft á tíðum mesta eign viðkomandi einstaklings á langri starfsævi. Árið 1997 fól allsherjarnefnd nefndasviði Alþingis að móta tillögur um málið í samvinnu við dóms- og fjármálaráðuneyti. Ári síðar, á 122. löggjafarþingi, og svo aftur á 125. löggjafarþingi, var samskonar frumvarp og áður var vikið að lagt fram að nýju. Talið var að nýmæli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (lífeyrissjóðalög), sem heimiluðu hjónum að semja um skiptingu réttinda, væri skref í rétta átt en gengi ekki nægilega langt.

Á undanförunum árum hafa einnig vaknað spurningar um túlkun 2. tölul. 1. mgr. 102. gr. hjúskaparlaga, fyrst og fremst hvort og að hvaða marki ákvæðið taki til þess sem flokkast sem séreign í lífeyrissjóði og til viðbótarlífeyrissparnaðar. Í dómi Hæstaréttar 28. maí 2014 í máli nr. 348/2014 var því slegið föstu að réttindi yfir séreignarlífeyrissparnaði yrðu hvorki talin til réttinda í opinberum eða einkalífeyrissjóðum. Lögð var áhersla á hvort réttindi þau sem deilt var um hefðu endurkaupsvirði. Í ljósi ákvæðis til bráðabirgða VIII í lífeyrissjóðalögum, um tímabundna heimild til útgreiðslu viðbótarlífeyrissparnaðar, varð niðurstaðan sú að tilgreind fjárhæð félli ekki undir 2. tölul. 1. mgr. 102. gr. hjúskaparlaga. Í dómi Landsréttar 21. september 2018 í máli nr. 514/2018 var talið að réttindi yfir séreignarlífeyrissparnaði teldust krafa til lífeyris í skilningi 2. tölul. 1. mgr. 102. gr. hjúskaparlaga og yrði slíkum réttindum því að meginstefnu haldið utan skipta nema þau hefðu endurkaupsvirði, þ.e. í gildi væri sérstök útgreiðsluheimild. Samskonar niðurstöðu má finna í dómum Landsréttar 15. maí 2019 í máli nr. 240/2019 og 15. september 2020 í máli nr. 368/2020. Þess má geta að heimildir til útgreiðslu hafa verið í gildi með ýmsu sniði meira eða minna frá árinu 2009, fyrst vegna efnahagslegra áfalla sem urðu árið 2008 og síðar vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Niðurstöður um skiptingu séreignarlífeyrissparnaðar við skilnað hafa því ekki byggst á greiningu á markmiðum og eðli sparnaðarins heldur hafa fyrst og fremst byggst á ófyrirsjáanlegum bráðabirgðaákvörðunum löggjafans um sérstakar ráðstafanir á sviði efnahagsmála. Í dómi Landsréttar 4. júní 2025 í máli nr. 120/2025 reyndi frekar á skilgreiningu á hugtakinu endurkaupsvirði. Þar sem annað hjóna hafði náð 60 ára aldri á viðmiðunardegi skipta þóttu tiltekin séreignarlífeyrisréttindi hafa endurkaupsvirði, þ.e. undir skiptin féllu öll þau séreignarlífeyrisréttindi sem stóð til boða að leysa út með eingreiðslu. Allir þessir dómar endurspeglar vel þá staðreynd að markmið, uppbygging og söfnun lífeyrisréttinda hefur breyst umtalsvert frá setningu hjúskaparlaga. Með hliðsjón af því er brýnt að skoða vandlega hvort og hvernig réttast sé að haga skiptingu lífeyrisréttinda hjóna við skilnað.

Segja má að íslenska lífeyriskerfið samanstandi fyrst og fremst af þremur stoðum; almannatryggingum, lífeyrissjóðum aðila vinnumarkaðarins og séreignarlífeyrissparnaði. Þessar stoðir hafa ólík hlutverk og mismunandi áhrif á lífeyriskjör einstaklinga. Þannig hafa tiltekna greiðslur úr lífeyrissjóðum t.d. áhrif til lækkunar lífeyris úr almannatryggingum með nánar skilgreindum hætti. Auk þessa hefur færst í vöxt að tilteknir vörsluaðilar bjóði einstaklingum að kaupa ýmsar tegundir persónutrygginga, svo sem samþættar líf- og lífeyrstryggingar.

Í umræddu ákvæði hjúskaparlaganna er sjónum fyrst og fremst beint að réttindum sem ávinnast með iðgjöldum til lífeyrissjóða eða annara vörsluaðila. Markmið með skyldutryggingu lífeyrisréttinda er fyrst og fremst að tryggja sjóðsfélögum reglulegan lífeyri frá ákveðnum aldri sem kemur í stað launa, svo og greiðslur vegna örorku eða andláts. Aukin áhersla hefur verið lögð á að víkka út heimildir til að beina iðgjöldum í fjölbreyttar sparnaðarleiðir. Markmiðið með því hefur verið að auka sparnað til efri ára, draga úr því tekjutapi sem verður við starfslok og skapa með því aukið svigrúm til ákvarðana um starfslok. Iðgjöld renna ýmist í sameignardeild, þar sem sjóðsfélagar ávinna sér lífeyrisréttindi án þess að eignast persónulega inneign í sjóðnum, eða séreignardeild, þar sem iðgjöldin eru færð á sérreikning viðkomandi ásamt ávöxtun. Vert er að undirstrika að í tengslum við lífeyrisréttindi er orðið séreign notað í annarri merkingu en í hjúskaparlögum. Öll inneign í séreignardeild er því hjúskapareign viðkomandi réttþafa nema gerður hafi verið kaupmáli um annað.

Breytingar á lífeyrissjóðakerfinu má að nokkru rekja til ársins 1995 en þá skipaði fjármálaráðherra nefnd um lífeyrismál með það að meginmarkmiði að treysta grundvöll lífeyriskerfisins þannig að allir landsmenn nytu sambærilegra lífeyrisréttinda. Skyldi lögð sérstök áhersla á leiðir til að auka valfrelsi í lífeyrissparnaði. Þótti einnig mikilvægt að stuðla almennt að meiri sparnaði í þjóðfélaginu sem var ekki mikill á þessum tíma. Vinna nefndarinnar lagði grunn að setningu laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Samkvæmt lífeyrissjóðalögunum er iðgjald til öflunar lífeyrisréttinda ákveðið í sérlögum, kjarasamningi, ráðningarsamningi eða með öðrum sambærilegum hætti. Í lífeyrissjóðalögunum er mælt fyrir um tiltekið lágmarksiðgjald, sem í dag er 15,5% af iðgjaldastofni, en ekki mælt fyrir um hámark. Lágmarksiðgjald er einnig oft kallað skylduiðgjald eða skyldusparnaður. Lágmarksiðgjaldi, skv. 1. mgr. 2. gr. lífeyrissjóðslaganna, er ráðstafað til *lágmarkstryggingaverndar* og eftir atvikum til *viðbótartryggingaverndar*. Auk þessa skylduiðgjalds er heimilt að greiða frekari iðgjöld til öflunar *viðbótarlífeyrissparnaðar* en með því er fólki gefið val um að leggja fyrir viðbótarhlutfall af launum og fá að auki mótframlag frá vinnuveitanda.

Samkvæmt lífeyrissjóðalögunum er heimilt að ákveða skilgreint lágmark tryggingaverndar þannig að skylduiðgjaldi sé að hluta varið til öflunar lífeyrisréttinda í sameign og að hluta þess sé varið til öflunar lífeyrisréttinda í séreign. Nokkrir lífeyrissjóðir bjóða þannig upp á samþættingu lágmarkstryggingaverndar í samtryggingu og séreign. Iðgjaldi til öflunar lífeyrisréttinda er þá að hluta til ráðstafað í samtryggingardeild og að hluta í svokallaða bundna séreign. Ef lágmarksiðgjald er hærra en þarf til að standa undir lágmarkstryggingarvernd er því sem umfram er varið í svokallaða frjálsa séreign. Með gildistöku breytingarlaga nr. 55/2022 var lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs hækkað en jafnframt mælt fyrir um að lífeyrissjóðir geti ákveðið í samþykktum sínum að heimila sjóðfélögum að ráðstafa tilteknum hluta af iðgjaldsstofni í svokallaða tilgreinda séreign. Markmiðið er að auka möguleika sjóðsfélaga til að tryggja að lífeyristekjur við starfslok komi í minna mæli úr sameignardeild og í ríkara mæli úr séreignardeild. Sérstakar reglur gilda um útgreiðslu og ráðstöfun

bundinnar, frjálsrar og tilgreindrar séreignar. Eru þær mismunandi eftir tegund séreignar, t.d. má nýta tilgreinda séreign vegna fyrstu íbúðarkaupa að uppfylltum nánari skilyrðum.

Eins og áður sagði hafa launagreiðendur og sjálfstæðir atvinnurekendur auk þessa val um að greiða iðgjald til viðbótar við venjulegt skylduiðgjald til myndunar svokallaðs viðbótarlífeyrissparnaðar. Er hér um að ræða sparnað í séreignardeild sem takmarkast oftast við 2-4% framlag réttihafa og 2% mótfamlag launagreiðanda af iðgjaldsstofni. Sérstakar reglur gilda um útgreiðslu og ráðstöfun viðbótarlífeyrissparnaðar, er m.a. heimilt að greiða slíkan sparnað skattfrjálst inn á húsnæðislán eða ráðstafa til íbúðarkaupa með tilteknum skilyrðum.

Algengast er að iðgjald til að standa undir lágmarkstryggingavernd í sameign greiðist til starfstengds lífeyrissjóðs en samkvæmt lífeyrisjóðalögunum geta sjóðsfélagar valið að ráðstafa þeim hluta skylduiðgjalds sem rennur til séreignar svo og viðbótarlífeyrissparnaði til annars skilgreinds vörsluaðila. Vert er að undirstrika að hugtakið séreignarlífeyrissparnaður er notað í lífeyriskerfinu sem samheiti yfir allan lífeyrissparnað með þátttöku launagreiðanda sem lagður er fyrir sem séreign launþega, þ.e. bundna, frjálsa og tilgreinda séreign auk viðbótarlífeyrissparnaðar.

Eitt af markmiðum áður nefndra breytingarlaga nr. 55/2022 var að aðgreina með skýrari hætti ráðstöfun á lífeyrisiðgjöldum og réttaráhrif mismunandi lífeyrisréttinda. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. lífeyrissjóðalaganna er þeim sem taka við lífeyrisiðgjöldum, skylt að senda Skattinum yfirlit yfir iðgjaldagreiðslur, sundurliðað eftir ráðstöfun þeirra til sameignar, frjálsrar og bundinnar séreignar, tilgreindrar séreignar eða viðbótarlífeyrissparnaðar. Einnig ber lífeyrissjóðum og öðrum vörsluaðilum að tilgreina skiptingu útborgunar í sameignarhluta, hluta séreignar sem myndast hefur af iðgjaldsstofni skv. 1. mgr. 2. gr. lífeyrissjóðalaganna og hluta séreignar sem myndast hefur á grundvelli viðbótarlífeyrissparnaðar. Þá eru réttindi þessi skýrt aðgreind þegar kemur að lækkun greiðslna skv. lögum um almannatryggingar og ákvörðun um kostnað vegna öldrunarþjónustu.

Af ofangreindu má skýrt ráða að frá setningu hjúskaparlaganna hafa verið gerðar ýmsar breytingar í þá átt að auka lífeyrissparnað, valfrelsi um ráðstöfun sparnaðar, möguleika á að beina sparnaði í séreignardeildir og fjölbreyttari reglur um útgreiðslu lífeyrissparnaðar. Auknar heimildir til úttekta séreignarlífeyrissparnaðar benda til þess að löggjafinn hafi að einhverju marki horfið frá því að einskorða lífeyrissparnað við reglubundinn framtíðarlífeyri til framfærslu og líti að minnsta kosti á hluta þessara fjármuna meira í ætt við almennan sparnað sem grípa megi til og nýta eftir þörfum. Þá hefur aukin velmegun átt stóran þátt í að auka réttindi fólks að þessu leyti, lífeyriseignir hafa farið stöðugt vaxandi undanfarna áratugi og í dag eru lífeyrisréttindi oft á tíðum stærsti eða verulegur hluti eigna við skilnað. Samkvæmt samantekt Landssamtaka lífeyrissjóða námu lífeyriseignir landsmanna í samtryggingarsjóðum 187% af vergri landsframleiðslu við árslok 2022. Til samanburðar námu aðrar eignir heimila 206% af vergri landsframleiðslu. Lífeyrisréttindi landsmanna voru því um helmingur allra eigna heimila og hafa lífeyriseignir vaxið mun hraðar en aðrar eignir, svo sem fasteignir, bílar, innlán og verðbréf.

Í nútímasamfélagi er algengast að hjón ávinni sér bæði lífeyrisréttindi að einhverju marki á lífsleiðinni. Launamunur kynja er á hinn bóginn enn til staðar, hann er umtalsverður í ákveðnum atvinnugreinum og eykst markvert eftir aldri. Launamun, og tilheyrandi mun á framlögum til lífeyrisréttinda, má einnig rekja til kynbundinnar skiptingar í störfum og atvinnugreinum. Þannig eru konur hlutfallslega fleiri í lægra launuðum störfum auk þess að vinna síður fulla vinnu eða yfirvinnu. Þá eru konur í flestum tilvikum lengur fjarverandi af

vinnumarkaði vegna barneigna og umönnunar barna. Reynslan sýnir að alloft er því verulegur munur á lífeyrisréttindum einstaklinga þegar kemur að skilnaði.

Að mati sifjalaganefndar stendur meginreglan um helmingaskipti við fjárskipti milli hjóna traustum fótum í íslenskum lögum. Helmingaskiptareglan grundvallast á því að í hjúskap ríki efnahagsleg og félagsleg samstaða milli hjóna. Reglan tekur meðal annars tillit til þess að hjón hafi mismikil tók á að afla tekna og þar með eigna. Þá eru hjón neyslueining, neyslumynstur ræðst oft af samanlögðum tekjum sem gefur hinum tekjulægri færri tækifæri til að leggja fyrir. Lögð hefur verið rík áhersla á verkaskiptingu hjóna og vægi mismunandi framlaga til eignamyndunar, svo sem þegar annað hjóna leggur veigamikinn skerf til heimilis og fjölskyldu og auðveldar maka sínum að afla meiri tekna og/eða eigna. Helmingaskiptareglan er til þess fallin að draga úr ágreiningi um mismunandi framlög til eignamyndunar og stuðlar ótvírátt að jafnstöðu hjóna við hjúskaparlok með sanngjörnum hætti. Með hliðsjón af eðli lífeyrissparnaðar og undirstöðusjónarmiðum hjúskaparréttar standa sterk rök til þess að hluti lífeyrisréttinda komi til skipta við hjúskaparlok með sama eða svipuðum hætti og aðrar hjúskapareignir.

Þess má geta að ef hjón eru sammála geta þau samið um jafna og gagnkvæma skiptingu lífeyrisréttinda og lífeyrisgreiðslna með tilteknum hætti, sbr. 3. mgr. 14. gr. lífeyrissjóðalaganna, ýmist greiðsluskiptingu, skiptingu áunninna réttinda eða skiptingu framtíðarréttinda. Slíkir samningar virðast þó vera fátíðir enda ekki öruggt að þeir henti öllum. Hér eru ekki gerðar tillögur til breytinga á efnislegum heimildum hjóna til að semja um ráðstöfun lífeyrisréttinda meðan hjúskapur varir en óhætt er að mæla með því að þetta verði skoðað frekar. Í frumvarpi þessu er lögð áhersla á réttlátar og sanngjarnar reglur um skiptingu lífeyrisréttinda við skilnað þegar ekki hefur verið samið um annað.

Færa má sterk rök fyrir því að grundvallarmunur sé á lífeyrisréttindum sem myndast með greiðslum í sameignardeild og réttindum sem verða til með greiðslum í séreignardeild. Í fyrra tilvikinu styðja réttindin við reglubundna lágmarksframsæslu réttthafans og þau falla niður við andlát hans. Greiðslur í séreignardeild eiga mun meira sameiginlegt með almennum sparnaði. Þar hafa iðgjöldin, eins og áður sagði, verið færð á sérreikning viðkomandi. Sérstakar reglur gilda um útgreiðslu réttinda í séreign auk þess sem þessi réttindi falla til erfingja réttthafans eftir ákveðnum reglum. Þetta er þó ekki eina sjónarmiðið sem vert er að hafa í huga við flokkun lífeyrisréttinda og mat á hver þeirra eigi undir skipti. Ljóst er að einstaklingar hafa í vaxandi mæli haft val um hvort og að hvaða leyti lágmarksiðgjald er varið til þess að mynda séreignarlífeyrissparnað í skilningi lífeyrissjóðalaga. Þetta er þó mismunandi milli sjóða og nokkrar líkur á að staða hjóna sé ólík að þessu leyti. Jafnvel í tilvikum þar sem hjón hafa svipuð laun og greiða sambærilega upphæð í skylduiðgjald getur því staðan verið sú að annað hjóna greiði allt í sameignardeild meðan hitt greiði lítinn hluta í sameignardeild en stærrri hluta í tilgreinda, bundna eða frjálsa séreign.

Við flokkum lífeyrisréttinda er óhætt að segja að viðbótarlífeyrissparnaður hafi skýrustu sérstöðuna. Þar er um að ræða iðgjöld umfram skyldu, eða sparnaðarform sem einstaklingar eiga alfarið val um, en sem um leið er afar hagkvæmt með hliðsjón af mótframlagi launagreiðenda, skattalegu hagræði og vernd frá fullnustuaðgerðum skuldheimtumanna.

Í frumvarpinu eru lagðar til nýjar reglur um stöðu lífeyrisréttinda við skilnað. Lagt til að maki geti krafist þess að utan skipta falli lífeyrisréttindi sem myndast með greiðslu lágmarksiðgjalds skv. 1. mgr. 2. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Gert er ráð fyrir að viðbótarlífeyrissparnaður komi til skipta en þó lögð til sérregla um að þetta eigi aðeins við þann sparnað sem fellur til meðan hjúskapur varir.

Þá er lagt til að setja sérstakar reglur um skiptingu og uppgjör lífeyrisréttinda sem falla undir fjárskipti.

g. Nánar um fjárskipti vegna andláts.

Samkvæmt 2. mgr. 96. gr. gildandi hjúskaparlaga eiga efnisreglur XIV. kafla laganna jafnt við um fjárskipti vegna skilnaðar og fjárskipti vegna andláts maka í hjúskap, nema annað leiði af einstökum ákvæðum. Ákvæði laganna um andlag skipta, helmingaskipti hjúskapareigna, heimildir til að halda hjúskapareignum utan skipta, frávik frá helmingaskiptum og um endurgjaldskröfur eiga því almennt við.

Staða maka við skilnað er nokkuð frábrugðin því sem á við eftir andlát. Þegar maki í hjúskap fellur frá fara fyrst fram fjárskipti milli langlífara hjóna og dánarbús skammlífara hjóna samkvæmt ákvæðum hjúskaparlaga. Að þeim fjárskiptum loknum liggur fyrir hvaða verðmæti tilheyra dánarbúi skammlífara hjóna sem er svo skipt milli erfingja hans, þar með talið langlífara hjóna, samkvæmt ákvæðum erfðalaga.

Fjárskipti samkvæmt ofangreindu fara ekki fram við andlát ef langlífari er einkalöngerfingi skammlífara. Ef langlífara hjóna, sem var einkalöngerfingi, gengur ekki í hjúskap að nýju, lætur ekki eftir sig arfgenga niðja og hefur ekki ráðstafað eignum sínum með erfðaskrá skiptast eignir langlífara hjóna milli erfingja beggja að jöfnu, sbr. 6. gr. erfðalaga.

Þá fara fjárskipti samkvæmt hjúskaparlögum ekki fram ef maki fær leyfi til setu í óskiptu búi. Áréttta ber að maki getur fengið leyfi til setu í óskiptu búi samhliða því að séreign skammlífara hjóna renni í dánarbú hans og komi til skipta samkvæmt ákvæðum erfðalaga. Þá gilda sérstakar reglur um stöðu lífeyrisréttinda við andlát samkvæmt ákvæðum lífeyrissjóðalaganna.

Fjárskipti samkvæmt hjúskaparlögum eftir andlát maka fara þannig fram við eftirfarandi aðstæður:

- við andlát skammlífara þegar langlífara hjóna óskar ekki leyfis til setu í óskiptu búi,
- við skipti á óskiptu búi í lifanda lífi langlífara hjóna,
- við skipti á óskiptu búi eftir andlát langlífara hjóna. Áréttta ber að hér gildir önnur regla en á við eftir andlát langlífara hjóna sem var einkalöngerfingi. Ef óskiptu búi er skipt eftir lát beggja fara fyrst fram fjárskipti samkvæmt hjúskaparlögum, til afmörkunar hugsanlegra séreigna hvors hjóna um sig og annarra réttinda eða skulda. Ef engum séreignum er til að dreifa skiptast eignirnar í tvo hluta sem renna til erfingja hvors um sig, enda fellur lögmæltur erfðaréttur langlífara hjóna eftir hið skammlífara niður. skv. 2. mgr. 19. gr. erfðalaganna.

Það er ekki sjálfgefið að sömu reglur gildi að öllu leyti um fjárskipti við skilnað og um fjárskipti við andlát. Þannig getur verið rétt að gera greinarmun á annars vegar réttarstöðu maka og hins vegar réttarstöðu erfingja. Í núgildandi lögum er ekki að finna heildstætt yfirlit yfir reglur þar sem vikið er frá meginreglum um fjárskipti hjóna í kjölfar andláts. Slíkar reglur er að finna að nokkru leyti í skaðabótalögum og lögum um vátryggingarsamninga. Í frumvarpinu er lagt til að hjúskaparlögin hafi að geyma skýrari sérreglur um fjárskipti við andlát. Sérreglurnar endurspeglar að sínu leyti þann mun sem er á annars vegar séreignum og hins vegar hjúskapareignum sem fallið geta utan skipta. Þannig taka reglurnar sérstaklega til heimilda til að krefjast þess að hjúskapareignir falli utan skipta þar sem hagsmunir erfingja þykja ekki þeir sömu og hagsmunir maka.

3.9. Norrænn réttur.

Norrænt samstarf á sviði fjölskylduréttar á sér langa sögu. Eins og áður hefur verið getið mörkuðu Norðurlöndin skýra stefnu í hjúskaparrétti á upphafsáratugum tuttugustu aldar og voru þar lagðar undirstöður sem hjúskaparlög flestra landanna byggja enn á. Á síðari hluta tuttugustu aldar hófst umræða á Norðurlöndum um undirstöðusjónarmið hjúskaparlaga og útfærslu einstakra atriða. Síðan þá hefur náðst samstaða um ákveðnar breytingar, svo sem að gera hjúskap kynhlutlausan og að afnema undanþágur frá skilyrðinu um 18 ára aldur við hjúskaparstofnun. Gerðar hafa verið breytingar á skilnaðarskilyrðum sem þó eru ekki samræmd milli landanna. Þá hafa verið áberandi umræður um fjármálaskipan í hjúskap, sérstaklega hvort auka ætti séreignafyrirkomulag, eða umfang hjúskapareigna sem standi utan skipta, og draga þar með úr vægi helmingaskiptareglunnar.

Á Norðurlöndum er samstaða um nokkur almenn grundvallaratriði þegar kemur að fjármálaskipan og fjárskiptum. Í fyrsta lagi er helmingaskiptareglan almennt talin góð og gild meginregla með tilliti til samstöðu í hjúskap. Helmingaskipti taka mið af því eignafyrirkomulagi sem mælt er nánar fyrir um í lögum. Í öðru lagi er alls staðar talin þörf frávíka frá helmingaskiptum til að ná sanngjarnri niðurstöðu. Við nánari skoðun á norrænni löggjöf blasir við að hér eru engar einhlítar lausnir og farnar hafa verið ólíkar leiðir í leit að ákjósanlegu jafnvægi milli sjónarmiða um sjálfstæði og samstöðu í regluverki um fjármál hjóna.

Óhætt er að segja að norrænt samstarf hafi færst frá hugmyndum um samræmda löggjöf yfir til þess að miðlað er þekkingu og haft reglubundið samráð sem nýtist þegar hvert landanna útfærir sína löggjöf. Í fylgiskjali 2 má finna samantekt yfir löggjöf Norðurlandanna og frekari útlistun á þróun einstakra atriða.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið styður við ákvæði 71. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, sbr. 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1944, um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu. Þá styður það við 12. gr. Mannréttindasáttmálans um réttinn til að ganga í hjúskap og stofna til fjölskyldu. Í frumvarpinu er lögð áhersla á að hjúskapur sé frjálst samband tveggja einstaklinga og að virða beri sjálfstæðan rétt hvors um sig til að taka þær ákvarðanir sem viðkomandi telur sér og fjölskyldunni fyrir bestu. Er þess gætt að færa skýr rök fyrir hjónavígsluskilyrðum til að skerða ekki um of rétt fólks til að stofna til hjúskapar. Þá er lögð áhersla á frjálstan vilja hvors hjóna þegar kemur að skilnaði. Ef frumvarpið verður að lögum verður Ísland fyrst Norðurlandanna til að viðurkenna óskoraðan rétt annars hjóna til að fá beinan lögskilnað án þess að tilgreina sérstaka ástæðu. Um leið er tryggt að þetta hafi ekki áhrif á gagnkvæman rétt hjóna til framfærslueyris eftir skilnað. Einnig er lagt til að auðvelda skilnaðarferlið með það að markmiði að ferlið verði skýrara, einfaldara og fyrirsjáanlegra. Í frumvarpinu er lagt til að mæla fyrir um skilnaðarkjör með skýrum hætti. Ekki er horfið frá því að hjón verði annað hvort að hafa samið um viss atriði eða komið þeim í ákveðinn farveg áður en hægt er að gefa út leyfi til skilnaðar. Í frumvarpinu er þó að finna nokkur nýmæli sem eru til þess fallinn að auðveldara verði að uppfylla kröfur um skilnaðarkjör. Í fyrsta lagi að ekki þurfi að liggja fyrir úrskurður um framfærslueyri heldur nægi að hans hafi verið krafist. Í öðru lagi er lagðar til breytingar á skiptalögum sem gera maka kleift að fá heimild til að afla upplýsinga um eignir hins hjóna og að fá þær skrásettar og metnar. Þá er í frumvarpinu mikilvægt nýmæli um skyldu sýslumanns til að úrskurða um að skipti verði ekki knúin fram að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Ákvæði um friðhelgi einstaklings felur í rétt til verndar gegn ofbeldi. Í frumvarpinu eru lögð til mikilvæg skref til að koma til móts við þolendur ofbeldis. Lagt er til að lengja málhöfðunarfrest til að krefjast ógildingar vegna nauðungar. Þá er einföldun skilnaðarskilyrða einnig stórt skref í þessa átt. Við setningu breytingarlaga nr. 71/2022 var leitað leiða til að móta rétt maka til lögskilnaðar vegna ofbeldis. Við nánari skoðun þykir ljóst að flókið er að útfæra það ofbeldi sem slíkt ákvæði ætti að ná til svo og réttlátar sönnunarkröfur. Réttur til beins lögskilnaðar án þess að tilgreina ástæðu kemur því sérstaklega til móts við maka sem búið hefur við ofbeldi í hjúskap. Sama á við um einföldun ákvæða um sættir, ákvæði um að fela sýslumanni að gefa út skilnaðarleyfi og að mæla með skýrara hætti á um skilnaðarkjör.

Undirstöðusjónarmið hjúskaparlaga um jafnrétti, sjálfstæði og samstöðu eru samofin ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar um jafnrétti og ákvæði 71. gr. um friðhelgi einstaklings. Í frumvarpinu er leitast við að finna sanngjarnt jafnvægi milli þessara sjónarmiða um leið og tryggð er vernd þess sem stendur lakar að vígi. Markmið frumvarpsins er að tryggja jafnrétti og fjárhagslegt sjálfstæði og skuldaábyrgð hvort hjóna. Um leið og hjúskapareignafyrirkomulagið er enn meginregla í frumvarpinu hefur það að geyma skýrari og rýmri ákvæði um möguleika hjóna og gefanda og arfleifanda til að kveða á um að eignir skuli vera séreignir. Markmið frumvarpsins er einnig að virða samstöðu hjóna og tryggja réttláta og sanngjarna niðurstöðu við fjárskipti. Skýrt er kveðið á um helmingaskipti sem meginreglu en um leið hefur frumvarpið að geyma mikilvæg nýmæli sem útfæra heimildir hjóna til að krefjast þess að eignir falli utan skipta. Stendur þar upp úr nýmæli um frekari skiptingu lífeyrisréttinda en núgildandi lög gera ráð fyrir.

5. Samráð.

5.1. Athugasemdir í samráðsgátt um áform um lagasetningu.

Í nóvember 2023 var tilkynnt í samráðsgátt stjórnvalda um fyrirhugaða endurskoðun á hjúskaparlögum og gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum eða ábendingum sem gætu nýst við endurskoðun laganna. Alls bárust 5 umsagnir í samráðsgáttinni, nánar tiltekið frá Öryrkjabandalagi Íslands, Þroskahjálpi, Mannréttindaskrifstofu Íslands, auk umsagna frá 2 einstaklingum. Þá barst umsögn frá Þjóðskrá Íslands eftir að fresti til þess að senda umsögn lauk.

Ábendingar komu fram um að bæta þyrfti í lög in ákvæði um rétt aðila til þess að fá túlk vegna meðferðar máls hjá sýslumanni. Bent var á að í nágrannalöndum væri ýmist að finna ákvæði um rétt til túlkunar eða álitid að sá réttur leiði af ákvæðum stjórnsýslulaga. Tekið var fram að dæmi væru um að einstaklingar hefðu afsalað sér forsjá barna og rétt til eignarhlutar úr búi við skilnað vegna þess að þeir þekktu ekki rétt sinn og fengju ekki nauðsynlegar leiðbeiningar á tungumáli sem þeir skildu. Þá var bent á að sýslumanni ætti að vera falið úrskurðarvald í skilnaðarmálum þegar annar aðili mætir ekki til viðtals þrátt fyrir ítrekaðar boðanir eða er að leitast við að tefja mál. Í slíkum málum ætti sýslumaður að geta kveðið upp úrskurð um lögskilnað eða skilnað að borði og sæng en þegar aðilar ættu börn eða eignir mætti gera það að skilyrði að höfðað hefði verið forsjármál og/eða gerð hefði verið krafa um opinber skipti. Bent var á að ef aðilar ættu ekki börn og engar eignir væru í búi ætti sýslumaður að geta kveðið upp úrskurð um skilnað í stað þess að höfða þurfi mál fyrir dómstólum með tilheyrandi kostnaði og fyrirhöfn. Þá var bent á að sýslumaður ætti að geta vikið frá sáttamiðlun í þeim tilvikum sem sótt væri um skilnað vegna ofbeldis eða ljóst væri að sáttamiðlun myndi ekki bera árangur.

Fram komu ábendingar um að þrátt fyrir að mál samkvæmt 40. gr. núgildandi hjúskaparlaga skuli sæta flýtimeðferð sé það ekki mögulegt þegar fólk á börn. Þá þurfi að fara í sáttameðferð og í lok hennar þurfi yfirleitt að höfða forsjármál fyrir dómi. Af þeim sökum var lagt til að sáttameðferð verði sleppt í þessum tilvikum. Jafnframt komu fram tillögur um að 42. gr. laganna yrði breytt þannig að höfða mætti dómsmál um hjónaskilnað áður en sáttameðferð færi fram. Ástæðan væri sú að mikill biðtími geti verið hjá sýslumanni eftir sáttameðferð og á meðan gæti annað hjóna lagt fram kröfu um skilnað í öðru landi og fengið hagstæðari málsmeðferð. Einnig komu fram sjónarmið um að endurskoða þyrfti ákvæði laganna til þess að gera aðilum kleift að fá skjóttari málsmeðferð fyrir dómstólum.

Bent var á að ákvæði 4. gr. laganna um að hvort hjóna skuli ráða yfir eign sinni og svara til skulda sinna eftir því sem nánar sé mælt fyrir í lögum stangist á við ákvæði 1. mgr. 116. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Samkvæmt ákvæðinu bera hjón óskipta ábyrgð á greiðslu skatta sem á þau eru lagðir og getur innheimtumaður ríkissjóðs gengið að hvoru hjóna um sig til greiðslu á sköttum þeirra beggja. Bent var á að ákvæði um samábyrgð hjóna á sköttum hvors annars væri dæmi um lagaákvæði sem nánast eingöngu kæmi niður á konum. Dæmi væru um að eftir skilnað væri dregið af launum kvenna eða að þær fái ekki barnabætur o.s.frv. vegna skattaskulda fyrrum eiginmanna sem urðu til á meðan á hjónabandi þeirra stóð. Í sumum tilvikum væri ofbeldi ástæða skilnaðar og þyrftu því brotaþolar ofbeldis að greiða skattskuldir gerenda. Þá var bent á að í þeim tilvikum þegar maki stofnar til ágreinings varðandi eignaskipti þá náist þau ekki fram nema gerð væri krafa um opinber skipti. Opinber skipti á eignum sé hins vegar afar kostnaðarsöm aðgerð. Þá væri lítið eftirlit með opinberum skiptum og kostnaður geti verið gífurlegur. Því var lagt til að sett verði ákvæði um hámarkstímafjölda og fast tímagjald vegna opinberra skipta í hjúskaparmálum.

Fram komu ábendingar um að brýnt væri að kveðið yrði á um í lögum að einstaklingur í hjúskap eða sambúð geti fært lögheimili sitt og fengið það dulið ef viðkomandi væri þolandi heimilisofbeldis og ákjósanlegt væri að skoða hvernig og hvort hægt væri að útfæra þennan möguleika í hjúskaparlögum. Skoða þyrfti þó hvernig fara ætti með skráningu á lögheimili barna við þessar aðstæður.

Þá komu fram ábendingar um að breyta mætti orðalagi varðandi könnun hjónavígsluskilyrða til þess að einfalda framkvæmdina og kveða á um aukna leiðbeiningarskyldu sýslumanna og dómstóla þegar aðilar eru í skilnaðarferli og annar aðilinn væri barnshafandi.

Bent var á að í þeim tilvikum þar sem maki hefur aldrei verið á Íslandi eða hann yfirgefið landið og verustaður hans er óþekktur, þá geti verið mjög erfitt fyrir einstakling sem býr hér á landi að ná fram skilnaði, t.d. vegna kröfu um að reynt hafi verið að hafa upp á viðkomandi o.fl. Lagt var til einföldun ferlis svo auðvelda megi maka sem hér býr að fá skilnað, enda geti það varðað hann miklu persónulega og fjárhagslega, t.d. vegna barnabóta, barnalífeyris o.fl. Þá var lagt til að mæla fyrir um lögbundna gjafsókn í málum sem falla undir XV. kafla hjúskaparlaga. Varðandi viðurkenningu á hjúskap sem fram fer erlendis, þegar annað eða bæði hjóna voru yngri en 18 ára, var bent á að þó svo að skilningur væri á þeim sjónarmiðum sem búa að baki umræddu ákvæði geti það valdið ýmsum vandkvæðum og varðað ýmsar fjölskyldur réttindamissi og jafnvel stíað þeim sundur. Í sumum tilvikum geti maki t.d. ekki fengið dvalarleyfi vegna hjúskapar eða verið viðurkenndur sem forsjáraðili barns, átt rétt til eigna o.s.frv. Lagt var til að undanþáguákvæðinu yrði breytt þannig að víkja mætti frá núgildandi skilyrðum ákvæðisins þannig að unnt yrði að viðurkenna hjúskap sem fór fram þegar bæði eða annað hjónaefna var yngri en 16 ára.

Auk þess komu ábendingar um að löginn virtust einungis gera ráð fyrir borgaralegri og kirkjulegri hjónavígslu, en uppfæra mætti löginn í samræmi við þróun á lögum um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög. Enn fremur var bent á mikilvægi þess að endurskoðun hjúskaparlaga færi fram með hliðsjón af Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

5.2. Fundir með haghöfum.

Á fundi sifjalaganefndar komu fulltrúar eftirtalinnna haghafa: Barna- og fjölskyldustofu, Dómarafélags Íslands, Fagráðs sýslumanna í fjölskyldumálum, Félagi stjúp-fjölskyldna, Félagsráðgjafafélags Íslands, Foreldrajafrétti, heilbrigðisráðuneytis, Líf án ofbeldis, Lögmannafélags Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands, mennta- og barnamálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka um kvennaathvarf, Samtakanna 78, Sátt – félags um sáttamiðlun, Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, Sýslumannaráðs, umboðsmanns barna, Þjóðskrár Íslands og Þroskahjálpar.

Fram komu ábendingar um að tímabært væri að endurskoða löginn og gera þau nútímalegri. Margar ábendingar komu fram um að skilnaðarmál tækju of langan tíma og þörf væri á því að einfalda ferlið. Bent var á að fella mætti út heimild til þess að fá skilnað að borði og sæng og einungis ætti að vera um lögskilnað að ræða. Einnig komu fram ábendingar um að auka þyrfti heimildir sýslumanns til þess að geta lokið skilnaðarmáli án þess að það þyrfti að fara fyrir dómstóla og í sáttameðferð. Fram kom að of löng bið væri eftir sáttameðferð hjá sýslumanni og dæmi væru um að aðilar væru að nota sáttameðferð til þess að draga mál á langinn. Þá kom fram að ekki ætti að skylda konur í ofbeldissamböndum að fara í sáttameðferð. Fram komu ábendingar um að sýslumaður ætti að fá meira úrskurðarvald þegar annar aðili væri að reyna tefja skilnaðarmál. Bent var á dæmi um aðila sem væru að slíta hjúskap eða sambúð þar sem að kona þyrfti að flytja af heimilinu og skilja börnin eftir og þá væri maðurinn í sterkari stöðu þegar kæmi að ákvörðunum um forsjá og umgengni við börnin. Einnig kom fram varðandi konur sem væru að koma úr ofbeldissamböndum að það þyrfti að vera hægt að losa þær úr hjónabandi með skjóttum hætti, þó það væri e.t.v. ekki búið að leysa úr fjárskiptum og forsjá barna.

Fram komu ábendingar um að skiptatrygging væri fyrirstaða fyrir því að fá skilnað. Samkvæmt núgildandi reglum þyrftu einstaklingar að vera með mjög lágar tekjur til þess að eiga rétt á því að fá gjafsókn, en gjafsókn fengist ekki til þess að fara í opinber skipti. Margar konur væru því sérstaklega í erfiðri stöðu varðandi það að geta fengið skilnað. Bent var á að skoða mætti hvort unnt væri að leita eftir fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögum í meira mæli án þess að það hefði áhrif á rétt viðkomandi síðar til þess að öðlast íslenskan ríkisborgararétt. Bent var á að nauðsynlegt væri að hafa frekari fræðslu og leiðbeiningar um kaupmála og hvaða gildi þeir hefðu. Afnema þyrfti heimild til þess að gera kaupmála án aðkomu sýslumanns þannig að aðilar skildu betur inntak kaupmála. Þá þyrfti einnig að auka aðkomu tülka að skilnaðarmálum. Fram komu ábendingar um að lengja þyrfti tíma könnunarvottorða úr 30 dögum í 60 daga, en umfangið væri orðið það mikið að nauðsynlegt væri að lengja tímann.

Einnig kom fram að tryggja þyrfti rétt einstaklinga til stuðnings þegar væri verið að taka ákvarðanir og skoða þyrfti hvort stjórnvöld ættu að kalla til réttindagæslu þegar við á. Bent var á þörf fyrir að mæta þörfum fatlaðra einstaklinga með upplýsingagjöf og veita upplýsingar á auðskildu máli.

Við gerð frumvarpsins var farið vandlega í gegnum allar ábendingar og sjónarmið haghafa. Við frekari úrvinnslu einstakra atriða var einnig haft nánara samstarf við Landssamtök lífeyrissjóða og einstaka sérfræðinga.

6. Mat á áhrifum.

6.1. Afleiðingar af samþykkt frumvarps fyrir almannahagsmuni og helstu hagsmunaaðila.

Eins og áður hefur verið vikið að er fjölskyldu oft lýst sem grundvallareiningu samfélagsins. Staða og velferð fjölskyldu byggir óhjákvæmilega á heildrænu samspili almannahagsmuna og persónulegra hagsmuna. Hjúskaparlög varða persónuleg, fjárhagsleg og félagsleg málefni hjóna og þau mótast af sjónarmiðum um jafnrétti, sjálfstæði, samstöðu, vernd og öryggi. Í frumvarpinu er leitast við að finna sanngjarnt og réttlátt jafnvægi þessara sjónarmiða sem stuðlar að velferð hjónana og þjónar þar með almannahagsmunum.

Sérstaklega má benda á að í frumvarpinu er lagt til að einfalda skilnaðarskilyrði og auðvelda að ákveðnu leyti skilnaðarferli. Lagt er til að skýra og auka samningsfrelsi hjóna sem er til þess fallið að koma til móts við hjón sem kjósa að víkja frá meginreglum um fjármálaskipan. Þá má geta nýmælis um skiptingu lífeyrisréttinda við fjárskipti sem tryggir sanngirni við fjárlit. Í því sambandi er vert að geta þess að nýmæli um skiptingu og uppgjör lífeyrisréttinda mun að öllum líkindum hafa nokkur áhrif á lífeyrissjóði og vörsluaðila. Aukin vinna muni fylgja því að maki öðlist í ríkara mæli en nú er sjálfstæð réttindi í lífeyrissjóði eða hjá vörsluaðila hins hjóna. Þó er erfitt að sjá fyrir sér fjölda tilvika í framkvæmd.

Mikilvægt er að minna á að hjónaskilnaður hefur með einum eða öðrum hætti afgerandi og oft veruleg fjölbætt áhrif á stöðu og hagi hjóna og fjölskyldur þeirra. Sifjalaganefnd áréttar ábendingu til stjórnvalda um að huga vandlega að uppbyggingu nýrrar stofnunar með það að markmiði að tryggja eftir því sem unnt er skýra, samþætta og þverfaglega meðferð fjölskyldumála, m.a. með hagsmuni barns í fyrirrúmi.

Þá er æskilegt að skoða samspil hjúskaparlaga og skatta- og velferðarréttar í heild sinni, m.a. áhrif hjúskapar á rétt til stuðnings og bóta af ýmsu tagi. Í fylgiskjali nr. 3 með frumvarpi þessu er sérstaklega hvatt til þess að endurskoða ákvæði skattalaga um samsköttun hjóna og óskipta ábyrgð þeirra á greiðslu skatta.

6.2. Áhrif á stjórnýslu ríkisins og sveitarfélaga.

Þar sem hér er um ræða ný heildarlög sem fela í sér ýmis nýmæli má gera ráð fyrir kostnaði ráðuneytisins við setningu nýrra reglugerða, gerð handbókar, endurnýjun upplýsinga, leiðbeininga og eyðublaða o.fl. eftir atvikum. Þá er æskilegt að ráðast í sérstakt kynningarátak um efni laganna. Gæta þarf þess vandlega að allar upplýsingar séu aðgengilegar fyrir ólíka hópa og fólk með ólíkar þarfir.

Gera má ráð fyrir að í frumvarpinu felist fyrst og fremst aukin verkefni fyrir embætti sýslumanna. Áhrifin eru margbætt. Í fyrsta lagi felast þau í aðlögun að breyttu regluverki. Í öðru lagi eru lagðar ríkari skyldur á sýslumann um meðferð skilnaðarmála og útgáfu skilnaðarleyfa. Þrátt fyrir að sýslumenn gefi út flest skilnaðarleyfi í dag þá hafa þeir vísað frá ýmsum snúnum málum, t.d. ef ekki tekst að hafa upp á þeim sem krafa beinist að, sem hefur þá komið til kasta dómstóla að leysa. Ef frumvarpið verður að lögum eru þannig gerðar nokkuð ríkari kröfur til sýslumanna um meðferð allra skilnaðarmála auk þess sem málsmeðferð í einstaka málum verður flóknari. Í þriðja lagi er lagt til það nýmæli að sýslumaður heimili maka að fá upplýsingar um eignir hins hjóna eða að óska skráninga og verðmats með

formlegum hætti. Óvíst er hversu oft mun reyna á þetta í framkvæmd. Í fjórða lagi er lagt til að nýmæli að sýslumaður úrskurði um að skipti verði ekki knúin fram. Óvíst er í hvaða mæli mun reyna á þetta og hversu umfangsmikil málin verða. Í fimmta lagi kann nýmæli um greiðsluskyldu Tryggingastofnunar ríkisins að leiða til fjölgunar beiðna um úrskurð sýslumanns um framfærslueyri.

Skilnaðarmál fyrir dómi hafa aldrei verið mörg en nýmæli frumvarpsins um að sýslumaður gefi alfarið út skilnaðarleyfi léttir þessu hlutverki af dómstólum. Þá er mögulegt að auknar heimildir hjóna til að afla upplýsinga um fjárhag og krefjast skráningar og mats, svo og heimildir til að óska úrskurðar sýslumanns um að skipti verði ekki knúin fram, muni fækka beiðnum um opinber skipti til fjárslita milli hjóna.

Gera má ráð fyrir einhverjum kostnaðarauka vegna nýmæla frumvarpsins um greiðsluskyldu Tryggingastofnunar ríkisins á grundvelli úrskurða sýslumanns um framfærslueyri. Í dag eru þessi úrskurðir fátíðar en þeim kann að fjölga.

Kostnaðaráhrif frumvarpsins eru metin óveruleg fyrir sveitarfélög og stofnanir þeirra.

6.3. Fjárhagsmat.

Kaflinn er í vinnslu.

6.4. Mat á jafnréttisáhrifum.

Hér vísast til 4. kafla um samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

6.5. Mat á áhrifum á persónuvernd.

Frumvarpið þykir ekki hafa teljandi áhrif á persónuvernd.

6.6. Ávinningur af samþykkt frumvarpsins.

Telja verður augljósan ávinning fylgja því að lögfesta skýrari og aðgengilegri hjúskaparlög. Farið hefur verið rækilega í gegnum öll atriði laganna og leitast við að finna jafnvægi undirstöðusjónarmiða með það að markmiði að tryggja sanngjarnar og réttlátar niðurstöður. Ávinningur er af því að auka svigrúm hjóna til að finna lausnir sem henta í hverju tilviki, hvort tveggja meðan hjúskapur varir og hvernig þau vilja haga hjúskaparslitum. Þá er leitast við að bæta stöðu maka sem búið hefur við ofbeldi í hjúskap.

Neikvæð eða íþyngjandi áhrif eru fyrst og fremst aukið álag á einstaka stofnanir en sem um leið dregur að einhverju leyti úr álagi á aðrar stofnanir. Í samanburði við ákvæði gildandi laga kann að vera að nýmæli um skiptingu lífeyrisréttinda við fjárskipti þyki ávinningur fyrir ákveðinn hóp en um leið íþyngjandi fyrir annan hóp. Undirstrika ber að rökin að baki nýmælunum er að mæla fyrir um réttlátari niðurstöðu með hliðsjón af undirstöðurökum meginreglunnar um helmingaskipti.

Með hliðsjón af ofangreindu þykir ávinningur af samþykkt frumvarpsins ótvírætt meiri en neikvæð eða íþyngjandi áhrif þess.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í fyrsta kafla núgildandi hjúskaparlaga er lögnum markað efnissvið og gefið yfirlit yfir helstu atriði sem marka stöðu hjóna. Lagt er til að einfalda ákvæði kaflans. Auk ákvæða um

gildissvið laganna og stofnun og slit hjúskapar hefur kaflinn að geyma almenn ákvæði um persónuleg réttindi og skyldur hjóna. Þessi ákvæði endurspeglu undirstöðusjónarmið hjúskaparlaga um jafnrétti, samstöðu og sjálfstæði hjóna. Þau eru að meginstefnu til vísireglur en marka um leið stefnu um túlkun laganna. Þá eru sum ákvæðin útfærð nánar í lögnum, svo sem ákvæði um framfærsluskyldu og sjálfstæði í fjármálum, þar með talið samspil sjónarmiða um sjálfstæði og samstöðu.

Hefðbundið er að hjúskaparlögin fjalli um innri réttaráhrif hjúskapar, þ.e. réttindi og skyldur hjóna hvort gagnvart öðru, og að einhverju leyti um samskipti hjóna við þriðja mann, sérstaklega þegar kemur að fjármálum. Ljóst er að hjúskapur hefur víðtæk önnur réttaráhrif á fjölmörgum réttarsviðum en um það er fjallað nánar í sérlögum á hverju sviði.

Um 1. gr.

Ákvæði 1. mgr. markar gildissvið laganna. Lagt er til óbreytt ákvæði, þ.e. að lögin gildi um hjúskap tveggja einstaklinga en gildi ekki um óvígða sambúð. Vísast nánar um þetta til almennra athugasemda.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu eru mörkuð stofnun og slit hjúskapar. Hjúskapur er ekki skilgreindur með beinum hætti í lögnum en inntak hugtaksins ræðst af öðrum ákvæðum laga.

Hjúskapur stofnast við framkvæmd hjónavígslu í samræmi við ákvæði laganna, sbr. ákvæði 20. og 21. gr. frumvarpsins um hjónavígsluathöfn og gildi hjónavígslu. Þá lýkur hjúskap sjálfkrafa við andlát maka en að öðrum kosti með dómi um ógildingu hjúskapar eða með útgáfu leyfis til lögskilnaðar.

Um 3. gr.

Almennt ákvæði um jafnstöðu hjóna er mikilvæg vísiregla í samskiptum þeirra innbyrðis. Ákvæðið hefur einnig leiðsagnargildi við mótun og túlkun réttaráhrifa hjúskapar á öðrum réttarsviðum eftir atvikum. Orðið jafnstaða er valið þar sem ákvæðið á við hvort tveggja um réttindi og skyldur.

Ákvæðið mælir ekki fyrir um hvernig hjón uppfylla skyldur sínar og vísar til þess að hjón skipti með sér verkum eftir því sem best hentar þörfum þeirra og fjölskyldunnar. Lögð er áhersla á að meta mismunandi verkefni og framlög með sambærilegum og sanngjörnum hætti.

Um 4. gr.

Ákvæðið endurspeglar grunnsjónarmið hjúskaparlaga um samstöðu hjóna. Samstaða hjóna er talin eitt af því sem einkennir hugtakið hjúskap sem lífssamband tveggja einstaklinga. Samstaða hjóna lýsir sér fyrst og fremst í trúnaðarskyldu, upplýsingaskyldu og gagnkvæmri framfærsluskyldu. Þá eru sjónarmið um samstöðu undirstöður ýmissa annarra ákvæða laganna, svo sem um takmarkaðan rétt til að ráðstafa tilteknum eignum, túlkun ákvæðis um myndun sameignar og síðast en ekki síst í meginreglu um helmingaskipti við skilnað. Þá ræður samstaða hjóna miklu um réttaráhrif á öðrum sviðum, svo sem um hæfi samkvæmt ákvæðum stjórnsýslu- og réttarfarslaga, samsköttun samkvæmt ákvæðum tekjuskattslaga og um sérstök ákvæði refsilaga um brot í nánnum samböndum.

Í 1. mgr. er vikið að ýmsum atriðum er marka samstöðu hjóna. Með trúmennsku er átt við að hjón sýni hvort öðru hollustu um öll þau atriði sem þau sammælast um að skipti máli í innbyrðis samskiptum þeirra og samskiptum við aðra. Þá ber hjónum að styðja hvort annað og

gæta hagsmuna fjölskyldunnar í sameiningu. Stuðningur getur m.a. verið af tilfinningalegum, félagslegum og fjárhagslegum toga.

Í 2. mgr. er sérstaklega vikið að skyldu hjóna til að annast framfærslu fjölskyldunnar í sameiningu. Í VII. kafla laganna er fjallað nánar um gagnkvæma framfærsluskyldu fjölskyldunnar og úrræði sem má beita ef annað hjóna vanrækir skyldur sínar.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um gagnkvæma upplýsingaskyldu hjóna. Upplýsingar eru oftast forsenda þess að hjón geti rætt og tekið sameiginlegar ákvarðanir um margvísleg málefni sem varða fjölskylduna. Þá eru upplýsingar um efnahag nauðsynleg undirstaða fjárskipta milli hjóna ef til þeirra kemur.

Um 5. gr.

Ákvæðið endurspeglar grunnsjónarmið hjúskaparlaga um sjálfstæði hvors hjóna. Hjón eru þannig sjálfstæði um persónuleg og fjárhagsleg málefni sín nema annað leiði af lögum. Í hjúskap er mikilvægt að finna jafnvægi milli samstöðu og sjálfstæðis.

Hjón njóta hvort um sig friðhelgi einkalífs og réttar til að taka sjálfstæðar ákvarðanir um persónuleg málefni þó gera megi ráð fyrir að þau taki samhliða tillit til skyldunnar um trúmennsku og gagnkvæman stuðnings.

Ákvæði um fjárhagslegt sjálfstæði stendur í beinu samhengi við jafnrétti hjóna og undirstrikar að hjón taka hvort um sig sjálfstæðar ákvarðanir um fjárhagsleg málefni. Hvort hjóna á þær eignir sem það kemur með í hjúskap og ber ábyrgð á þeim skuldum sem það hefur stofnað til. Þá tekur hvort hjóna sjálfstæðar ákvarðanir um frekari eignamyndun, ráðstöfun eignar og skuldsetningu. Ákvarðanir hjóna meðan á hjúskap stendur hljóta þó að litast af sjónarmiðum um samstöðu, ekki síst gagnkvæmri framfærsluskyldu. Hjón geta valið að standa saman að eignamyndun og þá verða oft óskýr skil á milli framlaga til framfærslu og framlaga til eignamyndunar, t.d. neysluútgjalda og afborgana af lánum af húsnæði þar sem fjölskyldan býr. Oftar reynir á sjálfstæði hjóna í fjárhagslegu tilliti þegar hjón hafa meira á milli handanna en þarf til að sinna grunnþörfum fjölskyldunnar, t.d. við stofnun fyrirtækja, eignamyndun í öðru húsnæði, hlutabréfum eða verðbréfum eða aðrar fjárfestingar.

Í frumvarpinu eru fjölmörg ákvæði sem móta frekar fjárhagslegt sjálfstæði hjóna og takmarkanir á því, svo sem VIII. kafli um eignir hjóna, IX. kafli um forræði maka á eign sinni, X. kafla um skuldaábyrgð hjóna, XI. og XII. kafla um samninga og kaupmála og XIV. kafla um fjárskipti milli hjóna.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er að finna hjónavígsluskilyrði, þ.e. þau skilyrði sem fólk þarf að uppfylla til þess að þau eigi rétt á að stofna til hjúskapar. Við mótun hjónavígsluskilyrða er lögð áhersla á að takmarka ekki rétt fólk til hjúskaparstofnunar nema brýn rök standi til þess. en að baki skilyrðanna liggja siðrænar, félagslegar og efnahagslegar aðstæður. Í frumvarpinu eru hjónavígsluskilyrði að mestu óbreytt frá því sem verið hefur.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er gerð krafa um lágmarksaldur við hjúskaparstofnun. Ákvæðið er samhljóða 7. gr. laganna, sbr. breytingarlög nr. 40/2033. Verða bæði hjón af hafa náð 18 ára aldri og þar með orðin lögráða. Almennt er viðurkennt að hjúskapur hafi víðtæk réttaráhrif og leggi hjónum margvísleg réttindi og skyldur á herðar. Rökin að baki aldurskilyrði eru þau að

réttarstaða barns eigi fyrst og fremst að ráðast af reglum sem taki mið af réttindum og hagsmunum barnsins en ekki sjónarmiðum sem búa að baki ákvæðum hjúskaparlaga.

Um 7. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 8. gr. nógildandi hjúskaparlaga. Ákvæðið á við um lögræði almennt, þ.e. þau sem svipt hafa verið sjálfræði og/eða fjárræði. Fellur svipting til bráðabirgða einnig hér undir. Ákvæðið á einungis við þann tíma sem lögræðissvipting varir. Áréttu ber að ekki er þörf á samþykki þess sem skipaður er ráðsmaður skv. lögræðislögum.

Með hliðsjón af skilyrðum lögræðislaga má draga í efa hæfi og getu einstaklinga, sem sviptir hafa verið lögræði, til að ráða óstuddir til lykta persónulegum og/eða fjárhagslegum málefnum sínum. Ákvæðið byggir þó á því að virða að vissu marki rétt einstaklings sem sviptur hefur verið lögræði til að lýsa vilja sínum til að stofna til hjúskapar. Krafa um samþykki lögráðamanns stuðlar að því að ákvörðun verði tekin í samræmi við heildarmat á hagsmunum hins svipta. Vert er að minna á að skv. lögræðislögum skal lögráðamaður ætíð hafa samráð við hinn lögræðissvipta um framkvæmd starfs síns og skal haga störfum sínum í þágu hins ólögráða eins og best hentar hag hans hverju sinni.

Samkvæmt 2. málsl. er gert ráð fyrir að sýslumaður geti leyft hjónavígslu ef ekki þykir gild ástæða fyrir synjun lögráðamanns. Hafa ber í huga meginregluna um að fólk eigi rétt á að ganga í hjúskap og kanna hvort einhver sérstök rök mæli gegn því. Hér verður að meta aðstæður hverju sinni, svo sem ástæður lögræðissviptingar, afstöðu lögráðamanns og afstöðu, og hagsmuni hins svipta.

Um 8. gr.

Ákvæði um skyldleika og tengsl eru rótgróin í flestum réttarkerfum og eiga sér sterkar siðferðilegar rætur. Talin er rík ástæða til að skilja á milli réttarstöðu og tengsla sem skapast annars vegar vegna náins skyldleika og hins vegar milli einstaklinga í parsambandi. Ákvæði um bann við hjúskap vegna skyldleika eiga sér einnig að vissu leyti erfðafræðilegar rætur, þ.e. að hætta geti skapast á óheppilegum kynfylgjum ef náskylt fólk á barn saman. Skiptar skoðanir eru þó á hættum þessu samfara, hvar eigi að draga línuna um skyldleikann og hvaða áhrif það eigi að hafa að nokkur hluti hjónaefna eru ekki á barnseignaraldri eða velja að eiga ekki börn.

Ákvæði 8. gr. um skyldleika og tengsl kemur í stað 9. og 10. gr. laganna um skyldleika hjónaefna og ættleiðingu.

Samkvæmt 1. mgr. má hvorki vígja skyldfólk í beinan legg né systkin. Hér er gengið út frá formlegum tengslum sem leiða af móðerni, faðerni og foreldrastöðu samkvæmt ákvæðum barnalaga. Bannið tekur jafnt til alsystkina sem hálfssystemkina.

Samkvæmt 1. málsl. 2. mgr. á það sama við þrátt fyrir ættleiðingu. Hefur þetta þótt leiða af túlkun nógildandi laga en rétt er að þetta taka fram með skýrum hætti. Hér er átt við skyldleikatengsl þess sem ættleiddur er, þ.e. kjörbarns, við upprunafjölskyldu sína.

Í 2. málsl. 2. mgr. er gengið lengra en mælt er fyrir um í 10. gr. nógildandi laga og lagt til að ákvæði 1. mgr. eigi einnig við um sambærileg tengsl sem stofnast við ættleiðingu. Byggir þetta á því að við ættleiðingu er stefnt að því að foreldratengsl komist á milli kjörforeldra, þ.e. þeirra sem ættleiða, og kjörbarns, eða þess sem ættleiddur er. Samhliða stofnist tengsl sem jafna megji við tengsl í beinan legg og tengsl við systkin. Til viðbótar við bann við hjúskap kjörforeldris og kjörbarns er því t.d. lagt bann við hjúskap kjörbarns og foreldri kjörforeldris og bann við hjúskap kjörsystkina. Ákvæðið er einskorðað við formlega ættleiðingu samkvæmt

ákvæðum ættleiðingarlaganna. Ákvæðið tekur ekki til fósturforeldra og fósturbarna né til stjúpfóreltra og stjúpbarna.

Um 9. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 11. gr. laganna. Bann við tvíkvæni styðst við rík siðferðisviðhorf en einnig félagsleg og fjárhagsleg sjónarmið þar sem flókið yrði að aðgreina réttindi og skyldur og fjármál og fjárlit. Fyrri hjúskap verður að vera endanlega lokið með formlegum hætti áður en stofna má til hjúskapar að nýju.

Um 10. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 12. gr. laganna. Hér búa hagkvæmnisrök og fjárhagsleg sjónarmið að baki en mikilvægt er að draga úr eignaflækjum eins og kostur er við þær aðstæður sem lýst er í ákvæðinu. Tryggast er að skiptum vegna fyrri hjúskapar sé að fullu lokið áður en stofnað er til nýs hjúskapar. sýslumaður getur þó leyst hjónaefni undan þessu skilyrði ef sérstaklega stendur á, t.d. ef maki úr fyrri hjúskap samþykkir það eða ef úrskurður hefur verið kveðinn upp um opinber skipti, upplýsingar um eignir og skuldir liggja fyrir og ágreiningsmálum hefur verið markaður skýr farvegur.

Um III. kafla.

Ljóst er stofnun hjúskapar hefur í för með sér margvísleg réttaráhrif. Tilgangur hjónavígsluskilyrða er að fastmóta hverjir eigi rétt á því að stofna til hjúskapar og könnun hjónavígsluskilyrða er ætlað að koma í veg fyrir að farið verði á svig við þessar reglur. Mikilvægt er að tryggja áreiðanleika, sérfræðiþekkingu og samræmda framkvæmd við könnun hjónavígsluskilyrða. Frá gildistöku breytingarlaga nr. 40/2022 hefur þetta verkefni því verið alfarið í höndum sýslumanns. Fullgilt könnunarvottorð sýslumanns er svo forsenda þess að hjónavígsla geti farið fram.

Í frumvarpinu er ekki lagðar til efnislegar breytingar á grunnákvæðum III. kafla laganna. Lagt er til að einfalda kaflann með breytingum á skipulagi ákvæða og orðalagi og með því að færa ákvæði um málsmeðferð í XVI. kafla.

Um 11. gr.

Ákvæðið er að mestu sambærilegt við 14. gr. laganna að öðru leyti en því að ákvæði um málsferð eru færð í XVI. kafla.

Í ákvæðinu er tekið fram að sýslumaður annist könnun hjónavígsluskilyrði og viðbrögð við synjun sýslumanns.

Um 12. gr.

Ákvæðið er sambærilegt við 2. mgr. 13. gr. laganna en er þó með einfaldara sniði.

Samkvæmt 1. mgr. senda hjónaefni sýslumanni undirritaða beiðni um könnun hjónavígsluskilyrða ásamt drengskaparheiti. Með hliðsjón af IX. kafla stjórnsýslulaga um rafræna meðferð stjórnsýslumála þykir óþarfi að hjúskaparlög kveði nánar á um form beiðninnar og fyrirkomulag undirritunar.

Samkvæmt 2. mgr. skulu tveir svaramenn undirritað beiðnina. Ber þeim að ábyrgjast að enginn lagatálmi sé á fyrirhuguðum hjúskap. Gera verður ráð fyrir að svaramenn þekki nokkuð vel til beggja hjónaefna, a.m.k til þeirra atriða sem hjónavígsluskilyrðin mæla fyrir um.

Sýslumaður getur vikið frá kröfu um svaramenn ef sérstaklega stendur á, t.d. vegna skyndilegra og alvarlegra veikinda eða ef nær útilokað er að ná til fólks sem hefur fullnægjandi þekkingu á högum hjónaefna.

Samkvæmt 3. mgr. verða nauðsynleg gögn að fylgja beiðni um könnun. Sýslumanni er einnig heimilt að afla gagna og er tilteknum aðilum skylt að láta sýslumanni í té gögn. Eðlilegt er að nota rafræna miðlun upplýsinga eins og kostur er.

Í 4. mgr. er sýslumanni gert að upplýsa hjónaefni um gagnaöflun.

Um 13. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um útgáfu könnunarvottorðs.

Samkvæmt 1. mgr. gefur sýslumaður út könnunarvottorð ef hann telur öllum skilyrðum fullnægt.

Í 2. mgr. kemur fram sú skýra meginregla að hjónavígsla megi ekki fara fram nema það liggja fyrir fullgilt könnunarvottorð. Einungis er heimilt að víkja frá þessu í algerum undantekninartilvikum ef annað hjóna eða bæði eru alvarlega sjúk. eru þetta nokkuð strangari kröfur en í 2. mgr. 15. gr. laganna enda auðveldar nútímaleg rafræn málsmeðferð afgreiðslu könnunarvottorða til muna. Áréttu ber að vígslumenn verða í tilvikum sem þessum að ganga úr skugga um að hjónaefni sé fært um að lýsa vilja sínum með fullnægjandi hætti við hjónavígsluna.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um gildistíma könnunarvottorðs. Ber vígslumönnum að fullvissa sig um að fullgilt könnunarvottorð liggja fyrir og synja ella um hjónavígslu. Þá er tekið fram að vígslumenn megi ekki framkvæma vígslu þrátt fyrir fullgilt vottorð ef þeim er kunnugt um hjúskapartálma.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um könnun hjónavígsluskilyrða og útgáfu könnunarvottorðs.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um lögmæta vígslumenn og framkvæmd og gildi hjónavígslu. Kaflinn samsvarar að miklu leyti IV. kafla gildandi laga. Lagt er til að einfalda kaflann með breytingum á skipulagi ákvæða og orðalagi þar sem við á. Meðal annars er mælt skýrar fyrir um hverjir annist annars vegar vígslu sem byggir á trúar- eða lífsskoðunum og hins vegar borgaralega vígslu. Þá er lagt til að fella niður vígsluheimild þjóðkirkjupresta sem látið hafa af embætti og heimild ráðherra til að löggilda íslenska presta til að framkvæma hjónavígslur erlendis. Réttara þykir að hjónavígslur erlendis fari eftir lögum þess lands sem þar gilda.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er tekið af skarið um að stofna megi til hjúskapar fyrir löglegum vígslumanni. ákvæðinu svipar til 16. gr. laganna. Óþarfi þykir að telja upp löglega vígslumenn í ákvæðinu þar sem það leiðir af öðrum ákvæðum laganna.

Samkvæmt 2. mgr. getur ráðherra sett reglugerð um skyldu vígslumanna til að framkvæma vígslu og skilyrði þar um. Kemur ákvæðið í stað 22. gr. laganna.

Um 15. gr.

Ákvæði 1. mgr. mælir fyrir um hverjir annist vígslu sem byggir á trúar- eða lífsskoðunum. Er þar annars vegar um að ræða presta þjóðkirkjunnar og hins vegar forstöðumenn skráðra trúarfélaga og lífsskoðunarfélaga samkvæmt lögum um slík félög.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um heimild sýslumanns til að veita tilnefndum einstaklingum löggildingu til að annast hjónavígslu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Um 16. gr.

Í ákvæðinu kemur fram að sýslumaður annist borgaralega vígslu. Áréttu ber að ekkert stendur því í vegi að fulltrúar sýslumanns sinni þessu verkefni í hans umboði líkt og á við um önnur verkefni sýslumanns.

Um 17. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um hjónavígsluheimild starfsmanna íslenskra sendiráða. Ákvæðið óbreytt 19. gr. laganna.

Um 18. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um hjónavígsluheimildir erlendra vígslumanna hér á landi. Ákvæðið er óbreytt 20. gr. laganna.

Um 19. gr.

Í ákvæðinu er sérregla sem gildir um hæfi eða tengsl vígslumanns við hjónaefni en hún vikur frá almennum reglum stjórnvígslulaga um hæfi. Ákvæðið er sama efnis og 21. gr. laganna.

Um 20. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um hjónavígsluathöfn. Ákvæðið á við um allar hjónavígslur, jafnt vígslur sem byggja á trúar- og lífsskoðunum og borgaralegar vígslur. Vert að minna á ákvæði 13. gr. frumvarpsins um könnunarvottorð. Áður en vígslumaður framkvæmir hjónavígsluathöfn ber honum að ganga úr skugga um að fyrir liggi fullgilt könnunarvottorð og honum er jafnframt, þrátt fyrir gilt könnunarvottorð, óheimilt að vígja hjónaefni ef honum er kunnugt um hjúskapartálma.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um hvernig hjónavígsluathöfn fer fram, sem um leið felur í sér lágmarksskilyrði fyrir því að hjónavígsla sé gild, sbr. 1. mgr. 21. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi verður að vera um að ræða lögmætan vígslumann. Í öðru lagi verða hjónaefni að vera bæði viðstödd í eigin persónu. Í þriðja lagi spyr vígslumaður þau hvort um sig hvort það sé vilji þeirra að stofna til hjúskapar við hitt hjónaefna. Gæta verður að því að spurning til hjónaefnis sé á tungumáli sem viðkomandi skilur nægilega vel. Í fjórða lagi verða hjónaefni að gefa jáyrði sitt. Ber vígslumanni að gæta þess að samþykki hjónaefna sé skýrt, afdráttar- og skilmálalaust. Vígslumenn bera ríka ábyrgð á að fylgja þessu eftir og þeim ber að neita atbeina til vígslu eða neita að lýsa þau hjón ef talið er að hjónaefni séu beitt nauðung eða þvingun til að láta uppi jáyrði. Í fimmta lagi ber vígslumanni að þessu loknu að lýsa þau hjón. Yfirlýsing vígslumanns verður að vera skýr þar sem hún markar formlegt upphaf hjúskaparins.

Samkvæmt 2. mgr. skal hjónavígsla fara fram í viðurvist tveggja vitna en við borgaralega vígslu nægir þó eitt vitni. Reglan stuðlar að sönnun fyrir því að hjónavígslan hafi stofnast með réttum hætti. Ekki eru gerðar sérstakar kröfur til vitna en gengið út frá því að þau hafi nægan þroska til að skilja gildi athafnarinnar og geti borið um framkvæmd hennar. Tengsl vitnis við vígslumann eða hjónaefni valda ekki vanhæfi.

Samkvæmt 3. mgr. má auk lágmarksskilyrða 1. mgr. viðhafa við hjónavígsluathöfn þá helgisiði og framgöngu sem gera má ráð fyrir að vígslumenn og hjónaefni sammælist um. Ákvæðið kemur í stað 3. mgr. 24. gr. laganna sem ekki þykir þörf á.

Um 21. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um gildi hjónavígslu. Ákvæðið er svipað ákvæði 25. gr. laganna.

Í 1. mgr. eru áréttuð gildisskilyrði hjónavígslu, sbr. 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins. Auk þeirra skilyrða sem þar koma fram er tekið fram að hjónavígsluathöfn sé einungis gild ef lögmætur vígslumaður framkvæmir hana hér á landi, sbr. þó 17. gr. frumvarpsins). Rétt þykir að taka af öll tvímæli um þetta enda er meginreglan sú að hjónavígslur fari eftir lögum þess lands þar sem þær eru framkvæmdar.

Ef hjónavígsla uppfyllir ofangreind skilyrði er hún gild. Gera verður ráð fyrir að reka megi dómsmál um gildi hjónavígslu, m.a. hvort hjónaefni hafi veitt jáyrði sitt með fullnægjandi hætti. Niðurstaðan gæti orðið sú að aldrei hafi stofnast til hjúskapar. Áréttuð ber að gildi hjónavígslu er ekki háð því að hjónavígsluskilyrði hafi verið uppfyllt en eftir atvikum getur hjúskapur verið ógildanlegur skv. V. kafla frumvarpsins. Þá er gildi hjónavígslu ekki háð því að könnunartottorð hafi legið fyrir eða að vitni hafi verið til staðar en ef vígslumaður gætir ekki þessara skilyrða er um að ræða vanræsklu í starfi.

Samkvæmt 2. mgr. má lýsa hjónavígslu gilda þrátt fyrir að hún uppfylli ekki skilyrði 1. mgr. ef sérstakar ástæður mæla með því. Lagt er til það nýmæli að leysa verði úr þessum málum fyrir dómstólum.

Um 22. gr.

Í ákvæðinu er lagt til það nýmæli að taka fram um skyldu vígslumanns til að senda Þjóðskrá Íslands upplýsingar um hjónavígslu innan viku frá því að hún fór fram. Um leið er lagt til að fella niður ákvæði 26. gr. laganna þar sem vikið er að færslu embættisbóka. Með því er þó ekki dregið út skyldu þeirra sem annast hjónavígslu til að halda skýrt til haga upplýsingum um störf sín. Í tilviki borgaralegrar vígslu er vert að geta þess að skv. 9. gr. laga nr. 50/2014, um framkvæmdarvald og stjórnáskilríkisins í héraði, setur ráðherra í reglugerð nánari ákvæði um m.a. starfs- og upplýsingakerfi sýslumanna. Með stoð í 133. gr. gildandi hjúskaparlaga er í gildi reglugerð nr. 230/1992, um stjórnáskilríkisskipting hjúskaparmála, þar sem gerðar eru kröfur til skráningar sifjamála. Í tilviki vígslu sem byggir á trúar- eða lífsskoðunum leiða skyldur vígslumanna af ákvæðum laga nr. 108/1999, um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög. Þannig ber skráðum trú- og lífsskoðunarfélögum skv. 5. gr. laganna að senda sýslumanni árlega skýrslu um starfsemi sína og er sýslumanni á hverjum tíma heimilt að kalla eftir gögnum og upplýsingar, m.a. um athafnir félags. Samkvæmt 5. mgr. 7. gr. laganna getur sýslumaður einnig fyrirskipað forstöðumanni að færa tiltekna embættisbækur.

Um 23. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um viðurkenningu hjúskapar sem stofnað er til erlendis. Ákvæðið er sama efnis og 25. gr. a laganna, sem lögfest var með breytingarlögum nr. 40/2022.

Í 1. mgr. er að finna þá grunnreglu sem lengi hefur verið talin eiga við hér á landi um viðurkenningu hjónavígslu sem stofnað er til erlendis en reglan stendur styrkum fótum í alþjóðlegum einkamálarétti. Þar er almennt gert ráð fyrir að hjónavígsla sem framkvæmd er í einu landi verði viðurkennd í öðrum löndum, nema hún þyki brjóta í bága við grunnreglur réttarskipunar eða allsherjarreglu í því landi þar sem óskað er viðurkenningar hjónavígslunnar.

Nauðsynlegt þykir að gefa skýra heildarmynd af því sem almennt á við um viðurkenningu hjúskapar sem stofnað er til erlendis í þessu samhengi. Ljóst er að skilyrði og framkvæmd hjónavígslu er mismunandi milli landa og að meta verður hvert tilvik. Gengið er út frá því að vígslan uppfylli allar kröfur sem gerðar eru í landinu þar sem stofnað var til hennar og að parið njóti þar réttarstöðu sem hjón. Hér getur þurft að meta hvað á við um mismunandi fjölskylduform, t.d. stofnun og skráningu hjúskapar, sambúðar eða samvistar, og ólík réttaráhrif í hverju landi. Þá er helsta grunnskilyrði íslenskrar réttarskipunar á þessu sviði að um tvo einstaklinga sé að ræða sem hvor um sig hafi látið í ljós ótvíræðan vilja sinn til að ganga í hjúskap. Að því uppfylltu þarf að meta hvort, með hvaða hætti og hvaða áhrif það hafi að hjónavígsla erlendis víki í grundvallaratriðum frá þeim skilyrðum sem gerð eru hér á landi.

Í 2. mgr. er fjallað sérstaklega um viðurkenningu á hjúskap sem stofnað var til erlendis þegar einstaklingur hafði ekki náð 18 ára aldri. Er það skýr meginregla að slíkur hjúskapur er ekki viðurkenndur hér á landi. Með þeim skilyrðum að hjónavígslan hafi verið lögleg í landinu þar sem hún fór fram og að viðkomandi hafi náð 16 ára aldri þegar hjónavígslan fór fram er þó veitt þröng heimild til að viðurkenna hjúskapinn þegar sérstaklega stendur á og ótvíræðir hagsmunir þess sem var yngri en 18 ára krefjast þess. Hér togast á réttur barns til verndar og friðhelgi einstaklingsins. Með tilliti til réttinda er fylgja því að ganga í hjúskap, meðalhófs og kröfunni um að niðurstaða þjóni hagsmunum barns í hverju tilviki þykir nauðsynlegt að hafa umrædda heimild í lögunum. Hér getur meðal annars komið til álita aldur viðkomandi þegar óskað er viðurkenningar og tími sem liðinn er frá því að hjónavígsla var framkvæmd. Í einhverjum tilvikum kunna að vera liðin mörg ár eða áratugir frá því að hjónavígslan fór fram og hjónin kunna að hafa gert margháttáðar ráðstafanir í hjúskapnum sem þau vænta að standi óhaggaðar. Þá geta verið uppi sérstakar aðstæður að öðru leyti, svo sem reynt á erfðarétt annars við skyndilegt fráfalls hins eða aðstæður ungra barna viðkomandi.

Í 3. mgr. er gerður fyrirvari um að hjúskapur brjóti ekki í bága við þyki brjóta í bága við grunnreglur íslenskrar réttarskipunar eða allsherjarreglu.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um málsmeðferð. Gert er ráð fyrir að hjón snúi sér fyrst til Þjóðskrár Íslands og óski skráningar. Skráning felur þá í sér viðurkenningu hjúskaparins og er það í samræmi við framkvæmd sem tíðkast hefur um árabíl. Þykir þetta óhætt til samræmis við meginregluna um að erlendir hjúskapur sé almennt gildur hér á landi. Ekki þykir á hinn bóginn rétt að Þjóðskrá Íslands meti að hvaða marki víkja beri frá meginreglunni. Ef vafi leikur á hvort uppfyllt er skilyrði fyrir skráningu er því gert ráð fyrir að Þjóðskrá beini málinu til sýslumanns sem leysi úr því með úrskurði. Synjun sýslumanns er kæránleg til ráðuneytisins. Sýslumaður upplýsir Þjóðskrá Íslands í kjölfar úrskurðar um hvort hjúskapurinn sé viðurkenndur eða ekki. Þjóðskrá Íslands skráir hjúskaparstöðu viðkomandi í samræmi við úrskurð sýslumanns, eða eftir atvikum ráðuneytisins,

Undirstrika ber að ef synjað er viðurkenningar á hjónavígslu sem framkvæmd er erlendis þá hefur hjúskapurinn engin bein réttaráhrif hér á landi, hvorki samkvæmt ákvæðum hjúskaparlaga, erfðalaga, barnalaga né annarra laga. Skráning hjúskaparstöðu viðkomandi hér yrði því í samræmi við það, þ.e. skráning á hjúskaparstöðu viðkomandi í þjóðskrá yrði því óbreytt ef viðkomandi hafði áður verið skráður í þjóðskrá en annars í samræmi við hjúskaparstöðu viðkomandi fyrir þá hjónavígslu sem óskað var viðurkenningar á hér á landi. Viðkomandi geta því t.d. ekki óskað þess að slíta hjúskap hér á landi. Þá geta þau, þrátt fyrir ákvæði 9. gr. frumvarpsins, gengið í nýjan hjúskap hér á landi að uppfylltum öðrum hjónavígsluskilyrðum. Jafnframt geta þau látið á það reyna hvort þau njóta eftir atvikum tiltekinna réttinda og bera skyldur sem fylgja óvígðri sambúð. Einnig ber að undirstrika að

þau geta hugsanlega notið réttinda sem talin eru leiða af grundvallarreglum um friðhelgi fjölskyldulífs við tilteknar aðstæður.

Um V. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um ógildingu hjúskapar. eru þau að mestu sambærileg við V. kafla laganna.

Sjaldan reynir á ógildingu hjúskapar og hafa slíkar reglur verið afnumdar annars staðar á Norðurlöndum en í Danmörku og á Íslandi. Réttur til beins lögskilnaðar, sbr. 29. gr. frumvarpsins, dregur að sönnu úr þörf fyrir reglur um ógildingu en engu að síður er lagt til að halda þeim í íslenskum lögum. Reglur um ógildingu hjúskapar undirstrika mikilvægi tiltekinna hjónavígsluskilyrða. Þá mæla lögín fyrir um sérstakar reglur sem gildi um fjárskipti við ógildingu hjúskapar.

Mikilvægt er að gera greinarmun á ógildisreglum og ógildingarreglum enda eru skilyrði þeirra mismunandi og réttaráhrif önnur. Í ákvæði 1. mgr. 21. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr., koma fram skilyrði þess að hjúskapur teljist gildur. Ef dómstólar fallast á að skilyrðin hafi ekki verið uppfyllt þá hefur aldrei stofnast til löglegs hjúskapar. Í ákvæðum 24. gr. og 25. gr. eru á hinn bóginn skilyrði um hvenær er skylt eða heimilt að ógilda hjúskap sem þegar hefur stofnast. Hjúskapur er þá gildur frá stofnun og þar til dómur um ógildingu er kveðinn upp.

Um 24. gr.

Í ákvæðinu er lýst skyldu til að ógilda hjúskap sem brýtur í bága við hjónavígsluskilyrði um skyldleika og tengsl og um tvíkvæni. Ákvæðið er sama efnis og 27. gr. laganna en með breyttu orðalagi.

Um 25. gr.

Í ákvæðinu er lýst heimildum til að krefjast ógildingar hjúskapar fyrir dómi. Ákvæðið er svipað efnis og 28. gr. laganna en lögð er til breytt uppsetning og orðalag.

Í 1. mgr. er óbreytt sú regla að ógildingar verði að leita fyrir dómi. Þá eru skilyrði ógildingar talin upp en þau eru orðuð á annað hátt en í gildandi lögum.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. getur maki krafist ógildingar hafi hann ekki verið fær um að skuldbinda sig þegar vígsla fór fram. Ákvæðið er efnislega sambærilegt við 1. tölul. 1. mgr. 28. gr. laganna.

Ákvæði 2. tölul. 1. mgr. er efnislega sambærilegt við 2. tölul. 1. mgr. 28. gr. laganna.

Ákvæði 3. tölul. 1. mgr. kemur í stað 3. og 4. tölul. 1. mgr. 28. gr. laganna. Þykir mikilvægt að mæla fyrir um heimild til að ógilda hjúskap hafi annað hjóna verið blekkt, þvingað eða neytt til vígslunnar.

Í 2. mgr. er lagt til það nýmæli að kveða á um sérstaka málshöfðunarfresti í málum skv. 3. tölul. 1. mgr. Þykir það eðlilegt með hliðsjón af sérstöðu þessara mála og með þessu er komið betur til móts við þau sem kunna að hafa verið þvinguð í hjónaband og fórnarlömb mansals eftir atvikum.

Um 26. gr.

Ákvæðið um réttaráhrif ógildingar er óbreytt 29. gr. laganna. Helsti munurinn á réttaráhrifum liggur í sérreglu um fjárskipti, sbr. 27. gr. frumvarpsins.

Um 27. gr.

Í ákvæðinu er að finna sérreglu um fjárskipti vegna ógildingar eða andláts áður en til ógildingar kemur. Lagt er til að sameina efnislega ákvæði 30.-32. gr. laganna.

Ákvæði 1. mgr. er svipaðs efnis og 30. gr. laganna með breyttu orðalagi. Megininntak ákvæðisins er að hvort hjóna taki að óskiptu tiltekin verðmæti, fyrst og fremst verðmæti sem svara til þess sem það átti þegar hjúskapur stofnaðist, það sem kann að hafa verið flutt frá séreign til hjúskapareignar og það sem hvort um sig hefur fengið í gjöf eða arf. Hér er lagt til það nýmæli að það sama gildi um arð af þessum eignum. Önnur verðmæti en tilgreind eru í ákvæðinu sæta helmingaskiptum en gera má ráð fyrir að leita megi frávika eftir atvikum skv. XIV. kafla frumvarpsins.

Ákvæði 2. mgr. er sambærilegt við 1. mgr. 31. gr. og 32. gr. laganna.

Ákvæði 3. mgr. er sambærilegt við 2. mgr. 31. gr. laganna.

Í 4. mgr. er lagt til að taka fram að ákvæði erfðalaga gildi um brottfall erfðaréttar vegna ógildingar hjúskapar.

Um VI. kafla.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er hjúskaparlöggjöfin byggð á því að hjúskapur sé frjálst, ábyrgt samband tveggja sjálfstæðra einstaklinga. Þrátt fyrir að við stofnun hjúskapar sé litið svo á að hann eigi að vara ævilangt er almennt litið svo á að hjón eigi að geta slitið hjúskap sínum með samkomulagi eða samkvæmt einhliða kröfu þess sem telur sér ekki fært að halda hjúskapnum áfram. Skilnaðarskilyrði, skilnaðarkjör og málsmeðferð skilnaðarmála verður þó að móta með hliðsjón af þeim áskorunum sem alla jafna fylgja hjónaskilnaði. Hjónaskilnaður hefur með einum eða öðrum hætti afgerandi og oft veruleg fjölbætt áhrif á stöðu og hagi hjóna og fjölskyldur þeirra.

Með skilnaðarskilyrðum er átt við ákvæði um rétt hjóna til skilnaðar. Ákvæði um skilnaðarkjör mæla fyrir um þau atriði sem hjón, sem eiga rétt á skilnaði, þurfa að leysa eða koma í farveg svo veita megi leyfi til skilnaðarins.

Skilnaðarskilyrði hafa mótað af undirstöðusjónarmiðum um *samkomulag, vilja, brostnar forsendur* eða *sök*. Þróun hjúskaparlaganna hefur verið í þá átt að draga úr ströngum skilnaðarskilyrðum með því fyrst og fremst að auka vægi sjónarmiða um samkomulag og vilja og draga úr sjónarmiðum um sök. Með frumvarpi þessu er lagt til að ganga lengra í þá átt.

Rök þykja standa til þess að lögin hafi að geyma ákvæði um hvort tveggja skilnað að borði og sæng og lögskilnað en fyrst og fremst gefa hjónum kost á að velja frekar hvað hentar þeim hverju sinni. Skilnaður að borði og sæng gefur hjónum kost á að meta áhrif skilnaðar áður en hjúskapur er endanlega slitið. Samkvæmt núgildandi lögum verða hjón að uppfylla ákveðin skilyrði til að eiga rétt á lögskilnaði, m.a. að skilnaður að borði og sæng eða samvistarlit hafi varað í ákveðinn tíma, annað hjóna hafi framið hjúskaparbrot eða annað hjóna hafi beitt ofbeldi.

Í frumvarpinu er lagt til að einfalda skilnaðarskilyrði til muna. Í fyrsta lagi er lagt til að hjón eigi rétt til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar ef þau eru sammála um það. Í öðru lagi á maki sem telur sig ekki geta haldið hjúskap áfram rétt til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir rétti til lögskilnaðar að liðnum sex mánuðum frá skilnaði að borði og sæng. Er því lagt til að fella á brott ákvæði um lögskilnað vegna samvistarslita, tvíkvænis, hjúskaparbrotis og heimilisofbeldis. Samhliða eru lagðar til breytingar á ákvæðum um framfærslu eftir skilnað og vísast til skýringa á þeim ákvæðum.

Í ljósi nýrra ákvæða um rétt til skilnaðar þykja sérstök ákvæði um lögskilnað vegna samvistarslita og tvíkvennis með öllu óþörf. Aukinn réttur til lögskilnaðar þykir einnig draga verulega úr þörf fyrir sérstakt ákvæði um lögskilnað vegna hjúskaparbrot. Vísendingar eru um að oftast reyni á þetta ákvæði núgildandi laga þegar hjón sammælast um að beita því til að fá lögskilnað strax óháð því hvað hafi raunverulega gerst. Brottfall ákvæðisins kemur í veg fyrir að meta þurfi hvers konar háttsemi teljist hjúskaparbrot eða atferli sem jafna megi til þess, hvenær maki teljist hafa samþykkt brot eða stutt að framgangi þess, hvenær háttsemi átti sér stað og hvenær maka varð kunnugt um hana. Með hliðsjón af breyttum þjóðfélagsháttum þykir einnig varhugavert að gefa það afgerandi til kynna að öll háttsemi sem fallið getur undir ákvæðið kippi stóðum undan áframhaldandi hjúskap. Má geta þess að samskonar ákvæði hafa verið felld úr gildi í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi.

Rík þörf hefur þótt á ákvæði um lögskilnað vegna ofbeldis og var ákvæði hjúskaparlaga um rétt til lögskilnaðar vegna ofbeldis breytt með lögum nr. 71/2022. Í ákvæði núgildandi laga er notað orðið ofbeldi en í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til breytingarlaganna er lögð áhersla á að ákvæðið taki til heimilisofbeldis í víðtækum skilningi, svo sem líkamlegs, kynferðislegs, andlegs og fjárhagslegs ofbeldis og annarra birtingarmynda ofbeldis í nánnum samböndum. Þá er tekið fram að ákvæðið nái einnig til hótana um að beita ofbeldi. Ákvæðið takmarkast við ofbeldi sem beinist gegn maka og barni sem býr hjá þeim. Færa má sterk rök fyrir því að margvísleg önnur brot óháð því að hverjum þau beinast myndu þykja svo verulega samfélagslega og siðferðilega ámælisverð að telja mætti líkur á að grundvöllur hjúskapar væri varanlega brostinn ef upp um þau kæmist. Það er þó flókið að telja upp slík brot með tæmandi hætti og óæskilegt að hafa ákvæðið of opið og matskennt, svo sem ef eingöngu yrði notað orðalag um alvarleg brot. Þá hefur þótt mikilvægt að marka með eins skýrum hætti og nokkur er kostur hvað þurfi til að koma svo annað hjóna geti krafist lögskilnaðar vegna ofbeldis. Með lögum nr. 71/2022 voru lögfestar sönnunarkröfur í nokkrum liðum til skýringar á því hvernig það hjóna sem krefst skilnaðar vegna heimilisofbeldis getur sýnt fram á brot maka síns. Ekki er gerð krafa um að viðkomandi hafi hlotið dóm fyrir brot sitt en skýrt kveðið á um að veita skuli leyfi til lögskilnaðar ef maki gengst við broti sínu eða hefur hlotið dóm fyrir það. Sönnunarstaðan er að öðru leyti háð mati. Þannig ber að veita leyfi til skilnaðar ef fyrir liggja upplýsingar frá lögreglu sem staðfesta útkall vegna heimilisofbeldis en þá ber að meta skýrslu út frá efni hennar. Einnig ef önnur gögn á borð við áverkavottorð eða mat sálfræðings bendir til þess að ofbeldi hafi átt sér stað eða heildarmat á aðstæðum og upplýsingum gefur af öðrum ástæðum tilefni til þess að ætla að maki hafi mátt þola ofbeldi. Af ofangreindu má ráða að ekki er gerð krafa um að óskað hafi verið lögreglurannsóknar á meintu refsiverðu broti heldur er lagt í hendur dómstóla að meta hvort skilyrði ákvæðisins eru uppfyllt. Ljóst er að ákvæðið getur lagt þeim sem óskar lögskilnaðar ýmsar skyldur á herðar og þá eru skilyrðin nokkuð matskennd. Að mati sifjalaganefndar er það verulegum vandkvæðum bundið að útfæra ákvæði um rétt til lögskilnaðar vegna ofbeldis með fullnægjandi hætti. Réttasta leiðin sé að heimila hvoru hjóna að óska lögskilnaðar án þess að nokkrar ástæður séu tilgreindar. Ákvæðið nýtist meðal annars öllum þeim sem telja forsendur fyrir áframhaldandi hjúskap varanlega brostnar, svo sem öðru hjóna vegna ofbeldisverknaðar hins, óháð því að hverjum ofbeldi beinist eða hvernig hafi verið brugðist við því að öðru leyti, eða vegna hverrar annarrar ámælisverðrar hegðunar.

Auk þess að mæla fyrir um rétt til skilnaðar er í kaflanum fjallað um leyfi til skilnaðar og skilnaðarkjör.

Um 28. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um rétt hjóna sem eru sammála um að skilja.

Samkvæmt núgildandi lögum eiga hjón sem eru sammála um skilnað fyrst og fremst rétt til skilnaðar að borði og sæng. Eftir gildistöku breytingarlaga nr. 71/2022 eiga hjón rétt til lögskilnaðar án undangengins skilnaðar að borði og sæng komi um það ósk frá þeim báðum, enda eigi þau hvorki sameiginlegar eignir né börn undir 18 ára aldri, eða hjón hafi náð samkomulagi um skipan forsjár fyrir börnum, um framfærslueyri og aðra skilnaðarskilmála.

Hér er lagt til það nýmæli að hjón sem eru sammála eigi óskoraðan rétt til að þess að fá annað hvort skilnað að borði og sæng eða lögskilnað eftir því hvort þau telja að henti betur. Hjón þurfa ekki að gefa upp ástæður fyrir beiðni um skilnað né útskýra hvora leiðina þau velja.

Með því að velja skilnað að borði og sæng geta hjón stigið skref til reynslu og þeim gefst færi er á að meta hvaða áhrif skilnaður hefur áður en skrefið er stigið til fulls með endanlegum lögskilnaði. Reynslan sýnir að þrátt fyrir skilnað að borði og sæng enda ekki öll hjónabönd með lögskilnaði. Ef hjón vilja taka saman að nýju geta þau með tiltölulega einföldum hætti óskað eftir brottfalli skilnaðar að borði og sæng. Með hliðsjón af markmiðum skilnaðar að borði og sæng getur þessi leið einnig dregið úr áfalli fyrir þann sem ekki er sáttur við skilnaðinn og jafnvel aukið líkur á að viðkomandi samþykki skilnað og skilnaðarkjör. Þó ber að áréttta að áður en gefið er út leyfi til skilnaðar að borði og sæng verða hjón að uppfylla öll skilyrði laga um skilnaðarkjör, þ.e. semja um tiltekin mál eða koma ágreiningsmálum í réttan farveg.

Ákvæði um rétt hjóna sem eru sammála til að fá beinan lögskilnað þykir endurspeglar ríkjandi tíðaranda og breyttar samfélagslegar áherslur. Með hliðsjón af sjálfstæði og aukinni jafnstöðu hjóna þykja ekki standa rök til að meina hjónum að taka þessa ákvörðun ef þau telja hana henta stöðu þeirra og högum best. Lagt er til að fella niður þau skilyrði sem lögfest voru með breytingarlögum nr. 71/2022 enda ljóst að uppfylla þarf kröfur um skilnaðarkjör áður en skilnaðarleyfi er veitt, svo sem að samningur liggi fyrir um framfærslueyri, fjárskipti og forsjá og/eða lögheimili barns eftir atvikum, eða að málum hafi verið beint í ákveðinn farveg.

Ákvæði um samkomulag hjóna um að leita skilnaðar er haft í forgrunni þar sem það þykir ótvíræður kostur að hjón leitist við að standa saman og taka þessa mikilvægu ákvörðun í sameiningu.

Um 29. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um rétt annars hjóna til skilnaðar.

Samkvæmt ákvæðinu á maki sem ekki telur sig geta haldið áfram hjúskap rétt til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar. Sú staða getur komið upp að annað hjóna óski lögskilnaðar en hitt óski skilnaðar að borði og sæng. Samkvæmt þessu ákvæði verður krafan um lögskilnað látin ganga framar.

Réttur annars hjóna til skilnaðar að borði og sæng hefur lengi verið við lýði en hér er lagt til það nýmæli að annað hjóna eigi auk þess rétt til að fá beinan lögskilnað. Það hefur lengi þótt umhugsunarvert að stíga þetta skref í hjúskaparlögum og má geta þess að ekkert Norðurlandanna heimilar beinan óskilyrtan lögskilnað að kröfu annars hjóna. Talið hefur verið rétt að standa vörð um skuldbindingargildi hjúskapar, koma í veg fyrir fljótfærnislegar ákvarðanir og að draga úr því áfalli sem getur fylgt ósk annars hjóna um endanlegan skilnað.

Óhætt þykir að gera ráð fyrir að ákvörðun hvers og eins um að óska skilnaðar sé almennt tekin að vel athuguðu máli. Þótt annað hjóna taki af skarið og óski skilnaðar meggi gera ráð fyrir að skilnaður eigi sér oft nokkurn aðdraganda og að hjón hafi leitast við að leysa ágreining

sinn eftir atvikum. Þá geti komið upp sérstakar aðstæður þar sem rétt sé að fallast á mat annars hjóna á því að forsendur fyrir áframhaldandi hjúskap séu varanlega brostnar. Eins og rakið var í athugasemdum við VI. kafla hefur verið lögð áhersla á rétt annars hjóna til lögskilnaðar án undangengis skilnaðar að borði og sæng við vissar aðstæður. Rökin fyrir því nýmæli sem hér er að finna eru ekki síst þau hversu vandasamt er að móta sérstök lögskilnaðarskilyrði og þær sönnunarkröfur sem liggja ættu þeim til grundvallar. Með ofangreint í huga þykir réttast að mæla fyrir um það nýmæli sem hér er að finna.

Um 30. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um brottfall skilnaðar að borði og sæng.

Ákvæðið er efnislega samhljóða ákvæði 35. gr. núgildandi laga eins og því var breytt með lögum nr. 77/2022. Fyrir breytinguna féll skilnaður að borði og sæng niður ef makar héldu áfram sambúð umfram stuttan tíma eða tóku upp sambúð síðar nema um væri að ræða skammvinna tilraun til að endurvekja samvistir. Helst reyndi á eldra ákvæðið við meðferð kröfu um lögskilnað að undangengnum skilnaði að borði og sæng en ákvæðið var matskennt og gat dregið málsmeðferð á langinn þegar ágreiningur um skilyrðin var fyrir hendi.

Gera má ráð fyrir að skilnaður hafi oftast í för með sér samvistarlit hjóna. Áréttu ber að af ákvæðinu leiðir að ekki er gerð krafa um að hjón sem fá leyfi til skilnaðar að borði og sæng slíti samvistir. Þau geta valið að halda sambúð áfram eða tekið upp sambúð að nýju eftir lengri eða skemmri samvistarlit. Eftir atvikum fer þá um réttarstöðu þeirra eins og á við um einstaklinga í óvígðri sambúð.

Þau geta einnig valið brottfall skilnaðar að borði og sæng. Ákvæðið gerir ráð fyrir að hjón verði að vera sammála um brottfall skilnaðar að borði og sæng enda felst í því samkomulag þeirra um áframhaldandi hjúskap. Krafa um staðfestingu sýslumanns á samkomulagi þeirra tryggir skýrleika og réttaröryggi.

Réttarhrif brottfalls skilnaðar að borði og sæng miðast við staðfestingu sýslumanns. Getur þetta m.a. haft áhrif á hvenær erfðaréttur hjóna raknar við að nýju. Við brottfall skilnaðar að borði og sæng falla niður ákvarðanir um málefni barna skv. barnalögum. Þá fellur niður skylda til greiðslu framfærslueyris eftir skilnað, sbr. 38. gr. frumvarpsins. Um áhrif fjárskipta vísast til skýringa við 93. gr. frumvarpsins.

Um 31. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um rétt maka til lögskilnaðar að undangengnum skilnaði að borði og sæng að ákveðnum tíma liðnum. Á það jafnt við hvort svo sem fyrir liggur samkomulag um að óska lögskilnaðar eða annar maki krefst þess. Frumkvæði að lögskilnaði verður sem endranær að koma frá hjónunum sjálfum.

Ljóst er að skilnaður að borði og sæng getur ekki gegnt hlutverki sínu sem reynslu- og sáttaúrræði nema hann taki yfir nokkurt tímabil. Ef óskað er skilnaðar að borði og sæng skapast því væntingar um að tiltekinn tími muni líða áður en krafist verði lögskilnaðar. Þá er ekki ólíklegt að skilnaðarkjör taki í einhverjum tilvikum mið af þessum væntingum að ákveðnu marki, svo sem samkomulag um frekari framfærslueyri fyrstu mánuðina sem dragi síðan úr ef til lögskilnaðar komi eða tímabundið samkomulag um forsjá, lögheimili og/eða umgengni til reynslu. Ef annað hjóna hefði rétt til að krefjast lögskilnaðar strax eftir útgáfu leyfis til skilnaðar að borði sæng er töluverð hætta á ágreiningi, m.a. um brostnar forsendur slíkra samninga.

Með hliðsjón af þessu þykir rétt að gera þá kröfu, í 1. másl. ákvæðisins, að þegar veitt hefur verið leyfi til skilnaðar að borði og sæng verði að líða sex mánuðir áður en annað hjóna getur krafist lögskilnaðar. Ákvæðið gengur þannig frammar rétti til lögskilnaðar skv. 29. gr. frumvarpsins. Í 2. másl. ákvæðisins eiga hjón sem fengið hafa skilnað að borði og sæng þó rétt til lögskilnaðar áður en sex mánuðir eru liðnir ef þau eru sammála um það. Ekki þykja standa rök til að koma í veg fyrir að hjón geti farið þessa leið ef þau eru sammála á tímabilinu um að grundvöllur frekari hjúskapar sé endanlega brostinn.

Um 32. gr.

Í ákvæðinu er að finna það mikilvæga nýmæli að sýslumaður veiti leyfi til skilnaðar. Samkvæmt núgildandi lögum er almenna reglan sú að sýslumaður veitir leyfi til skilnaðar ef hjón eru sammála um að sýslumaður leysi úr máli en ef svo er ekki þarf að leita til dómstóls. Rök fyrir dómstólaleiðinni þegar hjón greinir á hafa verið þau að skilnaður sé afdrifarík ákvörðun, skilnaðarskilyrði séu sum hver matskennd og mikilvægt að mál sæti úrlausn með tryggilegum hætti. Á móti kemur að í vissum tilvikum á maki skilyrðislausan rétt til skilnaðar og dómstólaleiðin er oftast tímafrekari og kostnaðarsamari en stjórnvaldsleiðin.

Í frumvarpinu er lagt til að skilnaðarskilyrði verði mjög einföld þannig að hjón sameiginlega eða annað þeirra eigi svo að segja skilyrðislausan rétt til skilnaðar án þess að meta þurfi ástæður skilnaðarins eða aðstæður hjónanna. Samhliða þykir óhætt að fella sýslumanni alfarið að veita leyfi til skilnaðar. Ber að geta þess að um leið er styrkt ákvæði í 105. gr. frumvarpsins um kröfur og tilkynningar um meðferð mála hjá sýslumanni.

Samkvæmt 1. mgr. sendir annað hjóna, eða bæði eftir atvikum, beiðni um skilnað til sýslumanns þar sem viss atriði þurfa að koma fram. Áréttu ber að ef viðkomandi hefur ekki kennitölu skal gefa upp fæðingardag og ef heimilisfang er ekki þekkt ber að veita allar upplýsingar sem maki hefur um hvar og hvernig megi ná til hins hjóna. Þá ber að veita upplýsingar um að hvaða marki uppfyllt hafa verið skilyrði um skilnaðarkjör skv. 35. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er tekið fram að beiðni skuli fylgja gögn um skilnaðarkjör, sbr. 35. gr. frumvarpsins. Sýslumaður verður að geta lagt mat á hvort nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir svo veita megi leyfi til skilnaðar.

Samkvæmt 3. mgr. veitir sýslumaður leyfi til skilnaðar. Ekki er gert ráð fyrir málskoti á útgáfu skilnaðarleyfis en skjóta má synjun sýslumanns til ráðuneytis. Gera má ráð fyrir að synjun komi helst til ef talið er að ekki liggi fyrir fullnægjandi upplýsingar um skilnaðarkjör. Þótt ráðuneytið felli synjun sýslumanns úr gildi gefur það ekki út skilnaðarleyfi heldur leggur fyrir sýslumann að taka málið til nýrrar meðferðar.

Um 33. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um leiðbeiningar um skilnaðarkjör.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er lagt til að fella brott ákvæði 42. gr. núgildandi laga. Í stað sáttaumleitana með því markmiði sem mælt er fyrir um í 42. gr. telur sifjalaganefnd mikilvægt að aðstoða hjón við að leysa þau atriði sem þarf að leiða til lykta í skilnaðarferlinu. Í því skyni er lagt til að sýslumanni beri að leiðbeina hjónum um skilnaðarkjör, nema í þeim tilvikum þegar óskað er lögskilnaðar að undangengnum skilnaði að borði og sæng með óbreyttum skilnaðarkjörum. Ákvæðið kemur til fyllingar ákvæði 108. gr. frumvarpsins um almenna leiðbeiningarskyldu og sáttaumleitun af hálfu sýslumanns.

Hafið er yfir vafa að almennt er farsælast að hjón komist að samkomulag um skilnaðarkjör. Eftir atvikum geta þau gert einn eða fleiri samninga eða samið um einstök atriði en leitað úrlausna um önnur atriði, sbr. 35. gr. frumvarpsins. Leiðbeiningarskylda sýslumanns stendur þannig í beinu samhengi við ákvæði 34. gr. frumvarpsins um staðfestingu samninga um skilnaðarkjör þegar það á við. Hlutverk sýslumanns er fyrst og fremst að leiðbeina hjónum um þau ákvæði laga sem áhrif hafa á skilnaðarkjör, svo sem ákvæði um framfærsluskyldu, um helmingaskipti og framkvæmd þeirra, aðrar reglur sem koma til álita við skiptin og ákvæði barnalaga eftir því sem við á. Þá getur sýslumaður veitt almennar leiðbeiningar um farveg einstakra ágreiningsmála. Markmiðið er að stuðla að því að hjón hafi forsendur til að taka upplýstar ákvarðanir um skilnaðarkjör.

Um 34. gr.

Ákvæði þetta er í grunninn í samræmi við 1. mgr. 43. gr. nógildandi laga, um að hjón skuli staðfesta fyrir sýslumanni samninga um skilnaðarkjör. Í ákvæðinu er sérstaklega gert ráð fyrir að hjón staðfesti fyrir sýslumanni sameiginlega yfirlýsingu um að skipti verði ekki knúin fram en um það vísast nánar til skýringa við 90. gr. frumvarpsins. Þá er áréttuð krafa barnalaga um að sýslumaður staðfesti samninga um forsjá, lögheimili og búsetu barns.

Hlutverk sýslumanns er það sama og verið hefur en kallast hér á við ákvæði 33. gr. frumvarpsins um leiðbeiningarskyldu um skilnaðarkjör. Þegar hjón óska eftir að staðfesta samning um framfærslueyri eftir skilnað og/eða um fjárskipti eða að skipti verði ekki knúin fram metur sýslumaður það út frá fyrirliggjandi samningi hvort og að hvaða marki leiðbeininga sé þörf. Áréttuð ber að sýslumaður veitir ekki aðstoð við að gera samninga efnislega né leggur sérstakt mat á gögn sem liggja samningi til grundvallar. Sýslumanni ber að huga að vísbendingum um hvort raunverulegt samkomulag liggi fyrir og hvort báðir aðilar átti sig á efni samnings. Mikilvægt er að samningur sé nægilega skýr, t.d. til að telja megi fjárskiptum lokið og framkvæma megi ákvæði fjárskiptasamnings. Þá getur verið ástæða til að vekja sérstaka athygli hjóna á óvenjulegum ákvæðum eða ákvæðum samnings sem virðast ósanngjörn. Um leið verður þó að hafa ríkt í huga samspil meginreglna og frávika í lögnum, t.d. um rétt hjóna til að gefa eftir af tilkalli sínu til eigna, sbr. 81. gr. frumvarpsins, um frávík frá helmingaskiptareglu, sbr. 83. gr. frumvarpsins og um sanngirnismat 3. mgr. 78. gr. frumvarpsins. Lykilatriði er að stuðla að því að báðir aðilar hafi tekið upplýsta og meðvitaða ákvörðun um öll samningsatriði. Um staðfestingu samninga skv. ákvæðum barnalaga vísast til þeirra laga og skýringa sem þeim fylgja.

Um 35. gr.

Ákvæðið kemur í stað 44. gr. nógildandi laga. Markmið þess er fyrst og fremst að gefa skýrari mynd af þeim skilyrðum sem uppfylla þarf áður en veitt er leyfi til skilnaðar. Þrátt fyrir að hjón kunni að eiga óskorðan rétt til skilnaðar þykir þannig óhjákvæmilegt að gera kröfu um að leyst verði samhliða úr helstu lykilatriðum eða málum beint í skýran farveg.

Í 1. tölul. 1. mgr. er fjallað um framfærslueyri eftir skilnað. Samkvæmt nógildandi lögum verður að liggja fyrir samkomulag hjóna eða úrskurður um framfærslueyri áður en veitt er leyfi til skilnaðar. Hér er lagt til það nýmæli að annað hvort liggi fyrir samningur hjóna um framfærslueyri eftir skilnað, sem þau hafa staðfest fyrir sýslumanni sbr. 34. gr. frumvarpsins, eða krafa um úrskurð um framfærslueyri eftir skilnað. Samningur hjóna getur ýmist kveðið á um að ekki verði greiddur framfærslueyris eða um fjárhæð framfærslueyris og tímamörk.

Í 2. tölul. 1. mgr. er fjallað um fjárskipti. Ákvæðið er að mestu samhljóða 44. gr. núgildandi laga. Óbreytt er það skilyrði að leyfi til skilnaðar verði ekki veitt nema það liggi fyrir samningur um fjárskipti, sem hjón hafi staðfest fyrir sýslumanni, eða úrskurður um opinber skipti. Með úrskurði um opinber skipti er hvort tveggja átt við úrskurði þar sem fallist er á kröfu og þar sem kröfu um opinber skipti er hafnað. Í stað skilyrðis um sameiginlega yfirlýsingu um eignaleysi er gert ráð fyrir sameiginlegri yfirlýsingu um að skipti verði ekki knúin fram. Þykir það orðalag ná betur yfir þau tilvik sem þarna koma til álita en nánar vísast til skýringa við ákvæði 89. gr. frumvarpsins um fjárskiptasamning o.fl. Ákvæðið felur einnig í sér það nýmæli að krefjast megi úrskurðar sýslumanns um að skipti verði ekki knúin fram. Vísast hér einnig til skýringa við 91. gr. frumvarpsins.

Í 3. tölul. 1. mgr. er fjallað um réttarstöðu barns. Óbreytt er að annað hvort þurfi að liggja fyrir samningur foreldra um forsjá, lögheimili eða búsetu barns eða staðfesting á að dómsmál hafi verið höfðað um forsjá og/eða lögheimili barns samkvæmt ákvæðum barnalaga. Í ákvæðinu er áréttuð krafa 32. gr. a barnalaga um að gildi samninga foreldra um forsjá, lögheimili eða búsetu barns sé háð staðfestingu sýslumanns.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 45. gr. núgildandi laga. Er hér mælt fyrir um að skilnaðarkjör sem ákveðin hafa verið í tilefni skilnaðar að borði og sæng gildi einnig við eftirfarandi lögskilnað, nema annað hafi verið ákveðið. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæði um framfærslueyri eftir lögskilnað og vísast til skýringa við ákvæði 38. gr. frumvarpsins.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla eru einkaréttarreglur um ábyrgð hjóna á framfærslu fjölskyldunnar, þ.e. um gagnkvæma framfærsluskyldu hjóna og ábyrgð þeirra á framfærslu barna á heimilinu. Sameiginleg ábyrgð hjóna á framfærslu fjölskyldunnar hefur lengi verið talin ein af grunnskyldum hjúskapar og endurspeglar mikilvæg sjónarmið um jafnrétti og samstöðu hjóna. Ákvæði kaflans fela í sér stefnumörkun enda erfitt að mæla fyrir um nákvæmar skyldur hvors hjóna eða verkaskiptingu þeirra. Lögð er áhersla á mismunandi framlög hvors hjóna eftir getu þeirra og aðstæðum.

Kaflinn byggir á sömu grunnreglum og eiga við samkvæmt núgildandi lögum. Lagt er til að einfalda ákvæði kaflans talsvert og lagðar til vissar efnislegar breytingar. Ber þar helst að nefna þann greinarmun sem gerður er á framfærslu *meðan hjúskapur varir* og framfærslu *eftir skilnað*.

Meðan hjúskapur varir. Lagt er til að fella á brott heimild til að krefjast úrskurðar um framfærslu meðan hjón eru samvistum. Ákvæðið þykir óþarft þar sem slík mál eru nánast óþekkt í framkvæmd og líklegra að við þessar aðstæður reyni á reglur um opinberan fjárhagslegan og annars konar stuðning eftir atvikum. Meðan hjón búa saman getur einnig verið vandkvæðum bundið að sundurgreina framlög þeirra og staðreyna að annað hafi vanrækt framfærsluskyldu sína. Áfram verður unnt að krefjast úrskurðar ef annað hjóna vanrækir framfærsluskyldu sína frá samvistarlitum og þar til veitt hefur verið leyfi til skilnaðar. Áréttá ber að ef sérstaklega stendur á má úrskurða aftur í tímann. Gert er ráð fyrir að um þetta gildi sömu sjónarmið og beitt er við núverandi framkvæmd.

Eftir skilnað. Lagt er til nýtt ákvæði um framfærsluskyldu eftir skilnað. Í fyrsta lagi er lagt til að nota alfarið hugtakið framfærslueyrir og hverfa þannig frá því að nota mismunandi hugtök um framfærslu fyrir og eftir skilnað, þ.e. framfærslueyrir annars vegar og lífeyrir hins vegar, eins og gert er í núgildandi lögum. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á ákvæði um

framfærslueyri eftir lögskilnað. Samkvæmt nógildandi lögum helst gagnkvæm framfærsluskylda hjóna eftir skilnað að borði og sæng en gert er ráð fyrir að öðru hjóna verði ekki gert að greiða hinum lífeyri eftir lögskilnað nema sérstaklega standi á. Í frumvarpinu er framfærsluskylda meðan skilnaður að borði og sæng varir óbreytt en lagt er til að gagnkvæm framfærsluskylda haldist einnig eftir lögskilnað án undangengnis skilnaðar að borði og sæng. Rökin eru fyrst og fremst þær gagngeru breytingar sem lagðar eru til á rétti annars hjóna til að óska lögskilnaðar án undangengins skilnaðar að borði og sæng. Ef hjón eru sammála um að óska lögskilnaðar má gera ráð fyrir að þau komist í flestum tilvikum að samkomulagi um hvort greiddur verði framfærslueyri eða ekki. Í frumvarpinu er lagt til að rýmka verulega rétt annars hvors hjóna til að óska beins lögskilnaðar og ljóst er að á það getur reynt við margvíslegar og ólíkar aðstæður. Að mati sifjalaganefndar er ekki rétt að annað hjóna geti valið að krefjast beins lögskilnaðar gagngert til að breyta í grundvallaratriðum möguleika hins á að krefjast framfærslueyris eftir skilnað. Óbreytt ákvæði um framfærslu eftir skilnað gæti þannig t.d. þýtt að sá sem beitt hefur ofbeldi gæti krafist lögskilnaðar til að draga verulega úr líkum á að úrskurðað yrði um framfærslueyri.

Gert er ráð fyrir að hjón geti samið um greiðslu framfærslueyris eftir skilnað en ef hjón greini á geti sýslumaður úrskurðað annað hjóna til að greiða hinu framfærslueyri í ákveðinn tíma. Heimildin nær til samninga sem gerðir eru í tilefni af skilnaði og undirstrika ber að hjón geta ekki samið fyrirfram um hvort eða hvaða framfærslueyri skuli greiða fyrir skilnað ef eða þegar til hans gæti komið. Framfærslueyri við skilnað er þannig t.d. ekki meðal þeirra atriða sem hjóna geta samið um með gerð kaupmála, sbr. XI. kafli laganna. Um leið er vakin athygli á að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að settar verði skýrari reglur en gilt hafa um efni kaupmála, m.a. sérstaklega tekið fram að hjón geti með kaupmála gert samning um að tiltekin fjárhæð verði séreign.

Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að sýslumaður leysi alfarið úr kröfu um skilnað er ekki er gert ráð fyrir að kröfur af þessu tagi komi til kasta dómstóla. Þá er lagt til það nýmæli að hjón geti leitað til Tryggingastofnunar ríkisins um milligöngu um greiðslu framfærslueyris að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Um 36. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um sameiginlega ábyrgð hjóna á framfærslu fjölskyldunnar. Ákvæði 1. og 2. mgr. eru efnislega sambærileg við ákvæði 2. gr., 1. mgr. 3. gr., 1. mgr. 46. gr. og 1. mgr. 47. gr. nógildandi laga. Þá kemur ákvæðið í staðinn fyrir 50. gr. laganna.

Ákvæði 1. og 2. mgr. veita viðmið um hvað telst til framfærslu fjölskyldunnar og hver framlög geti verið að efni til. Hæpið er að gefa leiðbeiningar um umfang framlaga eða hversu rífleg þau skuli vera. Stefnuviðmið er jafnræði milli hjónanna og að þau njóti sambærilegra lífskjara eftir samkomulagi, efnu og aðstæðum. Rétt er að vísa til þess að skv. 4. gr. frumvarpsins er hjónum skylt að veita hvort öðru upplýsingar um efnahag sinn og afkomu. Slíkar upplýsingar geta verið mikilvægur grundvöllur ákvarðana um þarfir fjölskyldunnar og um framlög hvors um sig. Skylda til framlaga er ekki bundið við hjúskapareignir heldur verða hjón að nýta séreignir sínar í þessum tilgangi ef þörf krefur. Undirstrika ber að ágreiningur getur risið um eðli og tilgang framlags frá öðru hjóna til hins, þ.e. hvort framlag er ætlað til að fullnægja framfærsluskyldu, hvort það er ætlað til sameiginlegrar eignamyndunar eða hvort um er að ræða gjöf eða lán frá öðru hjóna til hins.

Ákvæði 3. mgr. er samhljóða 2. mgr. 46. gr. nógildandi laga. Í fyrsta lagi felur ákvæðið í sér áréttingu á því að framlög annars til sérþarfa hins verða eign viðtakans. Í öðru lagi er tekið

skýrt fram að þetta verði hjúskapareign viðtakands nema sérstök heimild sé til að telja það séreign.

Í 4. mgr. er tekið fram að gagnkvæm framfærsluskylda haldist eftir skilnað að borði og sæng og eftir atvikum eftir lögskilnað án undangengis skilnaðar að borði og sæng. Gagnkvæm framfærsluskylda eftir lögskilnað er nýmæli og vísast til skýringa við VII. kafla. Skyldan er ekki jafn óskoruð og þegar um er að ræða skilnað að borði og sæng. Hjónum er frjálst að semja um greiðslu framfærslueyris, hvort tveggja fjárhæð hans og tíma sem greiðslur vara, með hverjum þeim hætti sem hentar þörfum þeirra og aðstæðum. Ef óskað er úrskurðar reynir á skilyrði 38. gr. frumvarpsins.

Um 37. gr.

Ákvæðið tekur til samninga og úrskurða um framfærslueyri meðan hjúskapur varir. Ákvæðið kemur efnislega í staðinn fyrir 2. mgr. 47., 48. gr. og 49. gr. núgildandi laga.

Í 1. mgr. er tekið fram að hjón geti samið um að annað þeirra sinni framfærsluskyldu sinni með því að greiða hinu framfærslueyri. Eins og tekið er fram í skýringum við 36. gr. frumvarpsins er almennt gengið út frá því að hjón sammælist um hvernig samspili ólíkra framlaga er háttað meðan hjúskapur varir. Engu að síður þykir rétt að minnast sérstaklega á samninga um tiltekin framfærsluframlög. Gera má ráð fyrir að helst reyni á þetta eftir samvistarlit en við þau þáttaskil breytist oftast samstaða og verkaskipting hjónanna sem kallar á nýtt fyrirkomulag um hvernig hjónin uppfylli gagnkvæmar framfærsluskyldur sínar.

Samkvæmt 2. mgr. getur annað hjóna snúið sér til sýslumanns og krafist þess að hitt hjóna verði úrskurðað til greiðslu framfærslueyris ef sýnt er fram á að það hjóna sem krafa beinist að hafi vanrækt framfærsluskyldur sínar eftir að hjón slitu samvistir. Ákvæðið er þrengra en ákvæði 49. gr. núgildandi laga, sem heimilar sýslumanni að úrskurða um framfærslueyri meðan hjónin eru samvistum. Telja má að ákvæðið verði mun markvissara með þeirri breytingu sem hér er lögð til og það sé betur til þess fallið að mæta raunverulegum þörfum hjóna eftir atvikum. Á þetta einnig samhljóm með ákvæði barnalaga um heimild til að úrskurða um meðlag með barni eftir samvistarlit foreldra.

Í ákvæðinu er vikið að helstu sjónarmiðum sem eiga við um ákvörðun framfærslueyris eftir samvistarlit. Gert er ráð fyrir að ákvæðið verði túlkað með svipuðum hætti og á við um sambærilegt ákvæði í núgildandi lögum. Af orðinu framfærslueyri má ráða að sýslumaður getur einungis úrskurðað annað hjóna til að greiða hinu tiltekna peningafjárhæð en sýslumaður getur ekki úrskurðað um annars konar framfærsluframlög. Ákvörðun um framfærslueyri er matskennd og verður að taka mið af aðstæðum í hverju máli. Hér verður þó að taka mið af meginreglunni um að hjón eigi að vera jafnstæð meðan hjúskapur varir og líta til þess hvaða breytingar á þörfum þeirra, stöðu og högum samvistarlit hafi haft í för með sér. Eðlilegt er að líta til þess hvernig mismunandi framlögum var háttað fyrir samvistarlit og hvort annað þeirra hafi þá einhliða hætt eða dregið verulega úr peningaframlögum sem nauðsynleg eru til að tryggja jafnstöðu og hag fjölskyldunnar. Hafa ber í huga að draga að vissu marki úr röskun á stöðu og högum hjóna fram að skilnaði. Sýslumaður getur úrskurðað um tímabilið frá samvistarlitum og fram til þess að leyfi er veitt til skilnaðar. Tímabilið getur verið mislangt eftir því hvenær óskað er skilnaðar og hversu vel gengur að komast að niðurstöðu um skilnaðarkjör.

Samkvæmt 3. mgr. miðast úrskurður um framfærslueyri eftir samvistarlit að jafnaði við þann tíma sem krafa er sett fram. Er þá gert ráð fyrir að maki hafi vanrækt framfærsluskyldu sína frá því tímamarki. Ef sá sem krafa beinist að sýnir fram á að hann hafi að einhverju marki

uppfyllt framfærsluskyldur sínar í ákveðinn tíma eftir samvistarlit tekur upphaf greiðsluskyldu mið af því. Þá er heimilt að ákvarða framfærslueyri í allt að eitt ár aftur í tímann frá því að krafa var gerð ef sérstaklega stendur á. Eins og áður var rakið getur annað hjóna ekki sett fram kröfu um framfærslueyri skv. 2. mgr. fyrir en eftir samvistarlit. Úrskurður um framfærslueyri aftur í tímann myndi helst koma til álita ef sýnt er fram á að það hjóna sem krafa beinist að hafi á tímabilinu bersýnilega vanrækt framfærsluskyldur sínar, svo sem með því að einhliða hætta eða draga verulega úr nauðsynlegum fjárframlögum án þess að annars konar framlög hafi komið í staðinn.

Um 38. gr.

Ákvæðið tekur til samninga og úrskurða um framfærslueyri eftir skilnað. Ákvæðið kemur efnislega í staðinn fyrir 51. gr. núgildandi laga.

Í 1. mgr. er tekið fram að hjón geti samið um greiðslu framfærslueyris eftir skilnað. Samningurinn verður að vera nokkuð formlegur og skýr enda ber hjónum að staðfesta hann fyrir sýslumanni, sbr. 34. gr. frumvarpsins. Þá er samningur yfirleitt hluti af skilnaðarkjörum, sbr. 35. gr. frumvarpsins og staðfestur samningur er fjárnámsheimild, sbr. 40. gr. frumvarpsins. Undirstrika ber að þrátt fyrir að notað sé orðið hjón er ekkert því til fyrirstöðu að fyrrverandi hjón semji um greiðslu framfærslueyris eftir að þau hafa fengið lögskilnað.

Samkvæmt 2. mgr. getur annað hjóna snúið sér til sýslumanns og krafist þess að hitt hjóna verði úrskurðað til greiðslu framfærslueyris eftir skilnað. Gera má ráð fyrir að yfirleitt reyni á þetta við skilnaðinn. Þrátt fyrir orðalagið um hjón getur ákvæðið þó einnig átt við þau sem þegar hafa fengið lögskilnað en gera kröfu eftir á. Krafan verður þó að koma fram innan þess tíma sem úrskurður getur náð til og miðast við þau tímamörk sem mælt er fyrir um í ákvæðinu. Lagt er til að úrskurður sýslumanns takmarkist að jafnaði við sex mánuði eftir skilnað að borði og sæng eða lögskilnað án undangengins skilnaðar að borði og sæng. Þó verði unnt að úrskurða framfærslueyri í allt að 12 mánuði ef sérstaklega standi á. Gera má ráð fyrir að þetta komi helst til álita ef hjúskapur hefur varað lengi, tekjumunur verið verulegur, það hjóna sem gerir kröfuna hafi treyst á fjárframlög hins í hjúskapnum, viðkomandi sé í viðkvæmri og verulegra lakari stöðu og hafi ríka þörf fyrir frekari fjárframlög. Þess má geta að samkvæmt núgildandi lögum miðast það tímabil sem úrskurður nær til oftast við þann tíma sem líða þarf milli skilnaðar að borði og sæng og lögskilnaðar, þ.e. sex mánuði.

Í ákvæðinu er vikið að helstu sjónarmiðum sem eiga við um ákvörðun framfærslueyris eftir skilnað. Nokkur munur er á ákvörðun um framfærslueyri eftir samvistarlit og framfærslueyri eftir skilnað. Í fyrri tilvikinu er áhersla lögð á að koma í veg fyrir að annað hjóna vanræki framfærsluskyldur sínar og að tryggja jafnstöðu hjóna. Tekið er tillit til þess hvernig framlögum var háttáð fyrir samvistarlit og reynt að koma í veg fyrir mikla röskun á stöðu og högum hjóna fram að skilnaði. Í tilviki framfærslueyris eftir skilnað er gert ráð fyrir að samstaða hjóna hafi rofnað að mestu leyti og að hvort um sig þurfi að aðlagast nýrri stöðu og framtíðarhorfum sem geta verið mjög mismunandi. Tilgangur framfærslueyris eftir skilnað er að tryggja viðeigandi framfærslu til handa maka í ákveðinn tíma meðan viðkomandi aðlagast nýjum aðstæðum. Gert er ráð fyrir að ákvæðið verði túlkað með svipuðum hætti og á við um sambærilegt ákvæði í núgildandi lögum. Miðað hefur verið við ákveðnar verklagsreglur til viðmiðunar. Önnur þeirra, *fjórðungsreglan*, gengur út á að líta á tekjur hvors hjóna, draga frá fjárhæðir vegna framfærsluframlaga, svo sem meðlags, reikna mismun á tekjum og miða lífeyri við fjórðung af mismuninum. Hin er svokölluð *þriðjungsregla* sem gerir ráð fyrir að heildarframlag til framfærslu með maka og börnum fari ekki fram úr þriðjungi af

heildartekjum greiðanda. Almennt er litið til framreiknaðra tekna síðustu tveggja ára, eða aflahæfis þegar það á við.

Í 3. mgr. er fjallað um brottfall skyldu til greiðslu framfærslueyris sem ákvæðinn hefur verið eftir skilnað. Ákvæðið er samhljóða 3. mgr. 51. gr. núgildandi laga. Skyldan fellur niður ef sá sem á rétt til hans giftist að nýju. Litið er svo á að nýr hjúskapur hljóti að breyta stöðu þess sem þiggur framfærslueyri verulega, m.a. stofnast nýjar gagnkvæmar framfærsluskyldur sem óheppilegt er að blanda saman við framfærslueyri eftir fyrri hjúskap. Skylda fyrri maka til greiðslu framfærslueyris raknar ekki við þótt síðara hjúskap sé slitið. Áréttá ber að ný óvígð sambúð hefur ekki sjálfkrafa sömu lögbundnu réttaráhrif á skyldu til greiðslu framfærslueyris eftir skilnað enda er ekki til staðar einkaréttarleg gagnkvæm framfærsluskylda sambúðarfólks. Þetta mætti skoða nánar ef sett yrðu sérstök sambúðarlög, sérstaklega ef gert yrði ráð fyrir gagnkvæmri framfærsluskyldu í óvígðri sambúð. Ekki er útilokað að hjón kveði á um það í samningi að skylda til greiðslu framfærslueyris falli niður stofni sá sem rétt á til greiðslu til óvígðrar sambúðar. Óvígð sambúð þess sem rétt á til greiðslu getur einnig hugsanlega stutt kröfu um breyting á ákvörðun á þeim forsendum að fjárhagsstaða og hagir hjóna hafi breyst verulega. Áréttá ber að skyldan til greiðslu framfærslueyris fellur ekki niður ef hinn greiðsluskyldi gengur í hjúskap að nýju.

Í ákvæðinu er einnig tekið fram að skyldan falli niður þegar annað hvort hjóna deyr. Litið er á framfærslueyri sem persónulegar greiðslur sem óeðlilegt er að falli til dánarbús eða að skyldur falli á erfingja. Ef hinn greiðsluskyldi fellur frá getur sá sem á rétt á greiðslum þó alltaf krafist greiðslu á því sem er gjaldfallið en ógreitt við andlátið, að gættum almennum reglum.

Um 39. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um heimildir sýslumanns til að breyta samningi hjóna eða úrskurði um framfærslueyri. Ákvæðið hefur efnislega sömu markmið og 49. gr., 4. mgr. 51. gr. og 52. gr. núgildandi laga. Áréttá ber að hjón hafa almennt frelsi til að breyta fyrri samningum sínum eða gera nýja samninga um framfærslueyri. Eftir atvikum getur reynt á skyldu þeirra til að staðfesta nýjan samning fyrir sýslumanni. Ákvæðið um breytingar á samningi á því eðli málsins samkvæmt við þegar hjón eru ekki sammála að þessu leyti.

Í ákvæðinu er lagt til breytt samspil sýslumanns og dómstóla. Samkvæmt 2. mgr. 49. gr. núgildandi laga getur sýslumaður að kröfu annars hjóna breytt samningi þeirra um framfærslueyri meðan hjúskapur varir en skv. 52. gr. er gert ráð fyrir að höfða verði dómsmál til breytinga á samningi um lífeyri, þ.e. framfærslueyri eftir skilnað. Hér er lagt til að heimila sýslumanni að úrskurða um breytingar á samningum um framfærslueyri eftir samvistarlit og eftir skilnað. Ákvæðið er mikilvægt til að stuðla að skjótri úrlausn ágreiningsmála um framfærslu.

Samkvæmt 1. mgr. getur sýslumaður að kröfu annars hjóna kveðið upp úrskurð sem breytir samningi hjóna um framfærslueyri. Á þetta við um samninga hjóna um framfærslueyri eftir samvistarlit og samninga þeirra um framfærslueyri eftir skilnað.

Skilyrði þess að úrskurða um breytingar á samningi um framfærslueyri er að sýnt hafi verið fram á að samningur sé bersýnilega ósanngjarn eða að fjárhagsstaða, þarfir og hagir hjóna hafi breyst verulega frá því að samningur var gerður. Getur t.d. reynt á þetta þegar gerður hefur verið samningur um engan framfærslueyri en sýnt fram á að öll skilyrði séu uppfyllt til að skylda annað hjóna til að greiða hinu framfærslueyri. Þá getur hinn greiðsluskyldi t.d. borið því við að sá sem á rétt á greiðslu hafi stofnað til óvígðrar sambúðar sem breyti þörfum hans

og högum verulega til hins betra. Þá kunna tekjur eða aflahæfi að breytast óvænt þannig að það raski forsendum samnings.

Samkvæmt 2. mgr. getur sýslumaður breytt fyrri úrskurðum skv. 37. og 38. gr. frumvarpsins, þ.e. úrskurði um framfærslueyri eftir samvistarlit og úrskurði um framfærslueyri eftir skilnað. Skilyrði þess að breyta fyrri úrskurði er að fram komi rökstudd krafa um það og að sá sem óskar breytinga sýni fram á að þær aðstæður sem lágu til grundvallar úrskurði hafi breyst verulega frá því að fyrri úrskurður var kveðinn upp.

Um 40. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um fjárnámsheimild vegna framfærslu. Kemur það í stað 52. gr. a en lagðar til breytingar til samræmis við breytingar þær sem lagðar eru til á ákvörðun um framfærslueyri.

Samkvæmt ákvæðinu má gera fjárnám fyrir framfærslueyri sem annað hvort er ákveðinn með samningi hjóna sem þau hafa staðfest fyrir sýslumanni eða fyrir framfærslueyri sem ákveðinn hefur verið með úrskurði. Á þetta við hvort tveggja um framfærslueyri eftir samvistarlit og framfærslueyri eftir skilnað.

Um 41. gr.

Hér er lagt til það nýmæli að Tryggingastofnun ríkisins hafi milligöngu um greiðslu framfærslueyris. Mikilvægt er að hvetja fólk til þess að standa við gerða samninga eða fylgja úrskurðum um greiðslu framfærslueyris án innheimtuaðgerða eða milligöngu hins opinbera. Engu að síður þykir æskilegt að gera ráð fyrir tiltekinni milligöngu til að stuðla að því að framfærsluskuldur verði uppfylltar. Markmiðið er að tryggja betur hagsmuni þess sem lakar stendur í skilnaðarferlinu.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að sá sem á rétt á greiðslum geti snúið sér til Tryggingastofnunar og óskað eftir að fá greitt. Ekki er þó gert ráð fyrir milligöngu til að tryggja greiðslur samkvæmt samningum hjóna enda erfitt að leggja línur með hámarksfjárhæðir í þeim efnum. Tryggingastofnun er þannig einungis skylt að greiða rétthafa samkvæmt úrskurði sýslumanns samkvæmt 2. mgr. 37. gr. og 2. mgr. 38. gr. frumvarpsins.

Um VIII. kafla.

Í ákvæðum VIII.-XII. kafla frumvarpsins er fjallað um fjármálaskipulag í hjúskap, eignamynstur, forræði eigna, skuldaábyrgð og samninga hjóna. Ákvæði þessi eiga við meðan hjúskapur varir en leika einnig lykilhlutverk við fjárskipti skv. XIII. og XIV. kafla.

Í almennum athugasemdum er vikið að þróun hjúskaparlaga og undirstöðusjónarmiðum í hjúskaparrétti sem hafa samþætt áhrif á fjármál hjóna meðan hjúskapur varir og við fjárskipti. Einnig er vikið sérstaklega að meginreglum um fjármál hjóna. Grunnreglur um fjármálaskipulag í hjúskap standa enn á traustum grunni alls staðar á Norðurlöndunum þótt ólíkar útfærslur hafi svo orðið fyrir valinu. Í frumvarpinu eru ekki lagðar til meiriháttar breytingar á fjármálaskipulagi í hjúskap.

Í VIII. kafla er mælt fyrir um ákveðið eignamynstur hjóna. Undirstöðuatriði í kaflanum er að allar eignir hjóna eru annað hvort hjúskapareignir eða séreignir. Reynslan sýnir glögg að fólki hættir til að misskilja þessi hugtök og algengt er að fólk leggi hjúskapareignir að jöfnu við sameignir. Hugtökin eru þó rótgróin og snúið að finna önnur sem lýsa eignamynstrinu betur. Ekki eru því lagðar til breytingar á hugtökunum en þess freistað að skýra þau betur. Ákvæði kaflans samsvara ákvæði VIII. kafla laganna en lögð er til nokkur einföldun og

orðalagsbreytingar. Lagt er til að fella á brott sérstakt ákvæði 57. gr. laganna um persónubundin réttindi enda þykir það óþarft. Eins og ákvæðið ber með sér eru persónubundin réttindi hjúskapareignir og í XIV. kafla er mælt fyrir um stöðu slíkra réttinda við fjárskipti.

Um 42. gr.

Í ákvæðinu er að finna meginregluna um eignamynstur í hjúskap, þ.e. að allar eignir í hjúskap séu annað hvort hjúskapareignir eða séreignir. Á það eðli málsins samkvæmt einnig við um eignarhluti í eignum sem hjón kunna að eiga í sameign. Hugtökin eru nánar skýrð í næstu ákvæðum á eftir.

Með orðalagi ákvæðsins er undirstrikað að horfa þurfi á þetta frá sjónarhorni hvors hjóna fyrir sig. Allar eignir maka í hjúskap eru þannig annað hvort hjúskapareignir hans eða séreignir hans og sama á við um hitt hjóna.

Um 43. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um hjúskapareignir og vikið að helstu réttaráhrifum þeirra. Ákvæðið er að mestu sambærilegt við 54. gr. laganna en orðalagið er breytt og ákvæðið gefur skýrari mynd af hugtakinu hjúskapareign.

Af ákvæði 1. mgr. leiðir skýrt að allar eignir sem maki á við stofnun hjúskapar eða sem maki eignast síðar verða sjálfkrafa hjúskapareignir viðkomandi við stofnun hjúskapar, nema sérstakar heimildir leiði til annars. Á þetta við um allar eignir hverju nafni sem þær nefnast og bæði bein og óbein eignarréttindi eftir atvikum. Hjúskapareignatilhögunin er meginregla um fjármál hjóna og af ákvæðinu leiðir að sá sem heldur því fram að eign sé séreign hefur sönnunarbyrði fyrir því að til séreignar hafi stofnast, sbr. 44. gr.

Undirstrika ber að hjúskapur haggar ekki við eignarréttinum sem slíkum og eign annars hjóna verður því ekki sjálfkrafa sameign, eða hjúskapareign beggja við stofnun hjúskapar. Er þetta helsti kjarni meginreglu 5. gr. frumvarpsins um sjálfstæði hvors hjóna. Eignarréttur hvors um sig er mikilvægur þar sem hvort hjóna hefur svigrúm til að beita eignarrétti sínum meðan hjúskapur varir. Um leið er þó vert að geta þess að þrátt fyrir að hvort hjóna eigi áfram sínar eignir eftir að gengið er í hjúskap þá tekur eignarrétturinn nokkrum breytingum. Má þar helst geta ákvæða um meðferð eigna, takmarkanir á ráðstöfunarrétti tiltekinna eigna og stöðu eigna við skipti. Þá má gera ráð fyrir að gagnkvæmar framfærsluskyldur og persónuleg og hagsmunaleg samstaða hjóna hafi áhrif á hvernig eignarréttinum er beitt.

Í 2. mgr. er lagt til að lögfesta til áréttingar ákvæði um stöðu verðmæta sem koma í stað hjúskapareigna og arð af þessum verðmætum, en sambærileg regla hefur þótt gilda í framkvæmd.

Í 3. mgr. er að finna það nýmæli að mæla fyrir um stöðu hjúskapareigna við fjárskipti milli hjóna í tengslum við afmörkun eignamynsturs í hjúskap. Stendur ákvæðið í beinu samhengi við ákvæði 4. mgr. 44. gr. frumvarpsins um séreign. Þykir það til þess fallið að auka skilning á hugtökunum enda endurspeglast munurinn á hjúskapareignum og séreignum fyrst og fremst í stöðu eigna við fjárskipti.

Um 44. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um séreignir, stofnun þeirra og helstu réttaráhrif sem fylgja séreign. Ákvæðið er að mestu sambærilegt við 55. og 75. gr. laganna en orðalagið er breytt auk þess sem ákvæðið gefur skýrari mynd af hugtakinu séreign. Þá er lagt til nýmæli um hvenær eign

verður alfarið séreign og hvenær eign verður hlutfallslega séreign, þ.e. þegar tiltekin álitamál eru um fjármögnun séreignar. Hefur þetta valdið vafa í fræðilegri umræðu og framkvæmd.

Í 1. mgr. er greint frá því hvernig séreign getur stofnast. Kallast þetta á við ákvæði 43. gr. frumvarpsins um að eignir geti orðið annað en hjúskapareignir ef sérstakar heimildir standi til þess. Hér er þessum heimildum lýst með tæmandi hætti. Stofnunarhættir séreignar eru þeir sömu og verið hefur, þ.e. séreign getur stofnast með kaupmála hjóna eða hjónaefna, með ákvörðun gefanda eða arfleifanda og með sérstökum lagaákvæðum. Í XI. kafla frumvarpsins er fjallað nánar um samninga hjóna eða hjónaefna um að gera eign að séreign með kaupmála og þykir fara betur á því að fjalla þar nánar um ákvarðanir gefanda og arfleifanda um að eign skuli vera séreign og heimildir hjóna til að víkja frá slíkum ákvörðunum með kaupmála. Í XII. kafla er fjallað um form og gildi kaupmála.

Í 1. másl. 2. mgr. er því slegið föstu að verðmæti sem koma í stað séreignar og arður af séreignum verði samskonar séreign, sbr. 75. gr. laganna. Reglan um að verðmæti sem koma í stað séreignar verði einnig séreign kallast í framkvæmd ígildisreglan. Henni fylgja margháttadar áskoranir í framkvæmd þar sem algengt er að tiltekin verðmæti sem gerð voru að séreign séu ekki lengur til staðar þegar á reynir. Þá getur reynst snúið að rekja tengsl upprunalegra verðmæta við nýjar eignir. Sem endranær hvílir sönnunarbyrði á þeim sem heldur því fram að tilteknar eignir eða verðmæti hafi komið í staðinn fyrir það sem upphaflega var gert að séreign. Samkvæmt ákvæðinu er ekki nægilegt að sýna fram á að tiltekin verðmæti hafi einhvern tíma verið til staðar sem séreign heldur verður að sýna fram á hvernig verðmætunum hafi verið ráðstafað og hvernig þau hafi myndað tiltekin ný verðmæti sem eru enn til staðar á viðmiðunardegi skipta. Séreign getur tapast hafi hún runnið til gjafa, framfærslu eða neyslu eða verðmætin farið forgörðum með öðrum hætti eða ef upprunaleg séreign hefur blandast hjúskapareignum þannig að verðmætin verði ekki lengur sérgreind.

Í 2.- 4. másl. eru lögð til nýmæli til að skýra frekar afmörkun séreigna í ákveðnum tilvikum, þ.e. um réttaráhrifin sem verða þegar séreign er augin að umfangi. Ekki er vikið að þessu í gildandi lögum, í fræðum hefur verið bent á að aðstæður sem þessar valdi óvissu og ekki hefur mörkuð um þessi atriði skýr stefna í dómaframkvæmd. Sambærileg ákvæði og hér eru lögð til má finna í dönskum lögum um fjármál hjóna sem sett voru 2018. Fer best á því að fjalla um þessi nýmæli í nokkurri samfellu.

Í fyrsta lagi er því slegið föstu í 2. másl. að viðbætur sem verða óskiptur hluti séreignar verði einnig séreign viðkomandi, þ.e. haggi ekki við stöðu heildareignarinnar sem séreignar. Getur þetta átt við um ýmis tilvik þar sem erfitt er að líta á viðbætur sem afmarkaðan eignarhluta. Viðbætur sem falla hér undir geta verið fjármagnaðar með ýmsum hætti og eftir atvikum getur reynt á ákvæði 85. gr. frumvarpsins, um endurgjald vegna framlaga til eignamyndunar.

Í öðru lagi er fjallað um þá stöðu þegar séreign samanstendur af hluta af hreinni eign en við sögu kom einnig yfirtaka lána eða fjármögnun með lánsfé eða með framlagi úr hjúskapareign. Getur reynt á þetta þegar tiltekin eign er gerð að séreign maka með ákvörðun gefanda eða arfleifanda og þegar séreign er ráðstafað og eigandinn aflar nýrrar eignar í staðinn. Í þessum tilvikum hefur leikið vafi á því hvort öll eignin verði séreign eða einungis hluti hennar. Til skýringa er vert að taka fram að staðan er skýr ef séreign samkvæmt ákvörðun gefanda eða arfleifanda fylgja hvorki lán né er gert ráð fyrir nokkru endurgjaldi af hálfu gjafþega eða erfingja. Þegar ný eign kemur í stað eldri eignar er staðan einnig skýr ef andvirði eldri séreignar er jafnt verðmæti þeirrar séreignar sem kemur í staðinn. Í slíkum tilvikum verður umrædd eign séreign að öllu leyti, eftir atvikum með sömu skilmálum og fyrri séreign.

Staðan vandast ef gert er ráð yfirtöku lána, lánsfé eða fjármögnun með öðrum eignum. Í 3.-4. másl. er lagt til að taka af skarið um þessi atriði.

Í 3. másl. er mælt fyrir um að ef maki eignast eign að hluta með andvirði séreignar sinnar en að öðru leyti með lánsfé eða yfirtöku áhvilandi lána þá verði eignin að öllu leyti séreign makans. Rétt þykir að taka hér nokkur dæmi til frekari útskýringa.

Ákvæðið á við um ákvörðun gefanda eða arfleifanda um að eign skuli verða séreign maka í hjúskap þar sem gert er ráð fyrir yfirtöku lána eða endurgjaldi, sem viðtakandi tekur lán til að greiða. Rétt er að undirstrika að heimild gefanda eða arfleifanda til að ákveða að eign verði séreign maka í hjúskap á ekki við um eignayfirfærslu þar sem fullt endurgjald kemur fyrir, þ.e. sölu eða skipti. Ákvæði 44. gr. getur átt við þrátt fyrir að eitthvað endurgjald sé innt af hendi ef í eignayfirfærslu felst gjöf að öðru leyti.

Getur þetta einnig átt við um afmarkaðan eignarhluta að sínu leyti, þ.e. ef sá sem átti upphaflegu séreignina kaupir t.d. helming nýrrar eignar á móti maka sínum og fjármagnar þau kaup með andvirði séreignar sinnar og lántöku.

Í 4. másl. er á hinn bóginn gert ráð fyrir að ef maki notar andvirði séreignar sinnar en notar jafnframt hjúskapareignir sínar sem þegar eru til staðar verði eignin hlutfallslega séreign viðkomandi, þ.e. að því marki sem andvirði séreignar, lánsfjár og yfirtaka lána hrekkur til. Getur þetta einnig átt við að sínu leyti þegar eign er keypt með öðrum. Þá getur ákvæðið átt við um ákvörðun gefanda eða arfleifanda um að eign skuli verða séreign maka í hjúskap þar sem gert er ráð fyrir endurgjaldi sem greitt er með hjúskapareignum.

Undirstrika ber að hjón geta staðið saman að lántöku og verið samskuldarar gagnvart lánveitanda. Ábyrgð þeirra á láninu innbyrðis ræðst þó af samspili eignarhluta þeirra og fjárframlaga að öðru leyti eða sérstökum samningi þeirra um fjármögnun og ábyrgð innbyrðis. Þá ber að árétta sérstaklega að krafa um endurgjald getur komið til greina í tilvikum sem hér hafa verið nefnd, t.d. ef maki notar hjúskapareignir sínar til að greiða niður lán sem tilheyrir séreign hans eða maki notar hjúskapareignir sínar til að greiða niður lán sem tilheyrir séreign hins hjóna.

Af 3. mgr. leiðir að víkja má frá ákvæðum 2. mgr. með ákveðnum hætti. Samkvæmt því geta hjón t.d. með kaupmála samið um að eign, sem fjármögnuð er með yfirtöku lána eða lánsfé, verði hlutfallslega séreign.

Í 4. mgr. er að finna það nýmæli að mæla fyrir um stöðu séreigna við fjárskipti milli hjóna í tengslum við afmörkun eignamynsturs í hjúskap. Stendur ákvæðið í beinu samhengi við ákvæði 3. mgr. 43. gr. frumvarpsins um hjúskapareign. Þykir það til þess fallið að auka skilning á hugtökunum enda endurspeglast munurinn á séreignum og hjúskapareignum fyrst og fremst í stöðu eigna við fjárskipti. Í því samhengi er vert að minna á heimildir til að gera greinarmun á fjárskiptum vegna skilnaðar og fjárskiptum vegna andláts, þ.e. hvort um verði að ræða algera séreign eða skilnaðarséreign, sbr. nánari XI. kafla frumvarpsins. Þá er áréttað að séreignir standi einungis utan skipta að því marki sem verðmætin eru til staðar á viðmiðunardegi skipta og verði sérgreind. Vísað er til skýringa á 2. mgr. um ígildisregluna.

Um 45. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 56. gr. laganna og undirstrikar að hjón geti átt eign í sameiningu. Gera má ráð fyrir að það sé nokkuð algengt fyrirkomulag, a.m.k. um ákveðnar eignir eins og húsnæði þar sem fjölskyldan býr. Ef hjón eru sameigendur eignar þá er eignarhluti hvors um sig í sameigninni annað hvort hjúskapareign eða séreign hvors um sig. Það sama þarf ekki að eiga við um hlut hvors hjóna. Nefna má dæmi um hjón sem kaupa íbúð saman og ákveða að

eiga hana í jöfnum eignarhlutföllum. Annað hjóna notar arf, sem gerður var að séreign viðkomandi með erfðaskrá, til að greiða að fullu fyrir sinn eignarhluta í íbúðinni og verður helmingur verðmætis íbúðarinnar þá séreign þess hjóna. Hitt hjóna greiðir fyrir sinn hluta með hjúskapareignum sínum eða með fé sem viðkomandi fær að láni og verður hinn helmingur íbúðarinnar þá hjúskapareign þess hjóna.

Ágreiningur getur risið um hvort og að hvaða marki tiltekin eign er sameign hjóna. Líklegast er að það gerist við fjárskipti við lok hjúskapar og þá helst ef það getur haft úrslitaáhrif á niðurstöðu helmingaskipta, sbr. 80. gr. frumvarpsins. Sérstök sjónarmið eiga við um stofnun sameignar í hjúskap sem telja verður að miklu leyti sambærileg við sjónarmið sem mótast hafa um svipaðan ágreining fólks í óvígðri sambúð. Þannig getur stofnast til sameignar hjóna óháð því á hvort þeirra einstakar eignir eru skráðar að lögum. Skráning veitir þó allt að einu líkindi fyrir því hvort hjóna telst eigandi og sönnunarbyrði um að skráning gefi ekki rétta mynd af innbyrðis eignastöðu og eignamyndun í hjúskap hvílir að meginreglu á því hjóna sem ekki er skráður eigandi. Við mat á sönnun um eignarrétt ber að öðru leyti að líta til aðdraganda og ákvarðana hjóna um eignamyndunina. Ef ákvarðanir hjóna eru ekki einhlýtar ber að líta til fjárhagslegrar samstöðu í hjúskap, lengd hjúskapar, fjölskylduhaga, þar með talið tilkomu sameiginlegra barna og fjölskyldustærðar, vinnuframlags aðila innan heimilis og utan, öflun menntunar á hjúskapartíma og hvernig hún hefur nýst, tekjuöflunar, sameiginlegra nota eignar auk fleiri atriða eftir atvikum.

Um IX. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um forræði maka á eign sinni og þær takmarkanir sem rétt þykir að gera á ráðstöfunarrétti maka um tilteknar eignir. Ákvæðin eru sama efnis og IX. kafla laganna en lagðar eru til orðalagsbreytingar til skýringa.

Ákvæði kaflans byggja á meginreglunni um fjárhagslegt sjálfstæði hvors hjóna en markmið hans er fyrst og fremst að afmarka þær skorður sem maka eru settar við ráðstöfun tiltekinna eigna sinna. Eðli máls samkvæmt er maka almennt óheimilt að ráðstafa eignum hins hjóna og þá er almennt gert ráð fyrir að hjón standi saman að ráðstöfun sameigna sinna.

Takmarkanir á ráðstöfunarrétti felast fyrst og fremst í því að áskilið er samþykki hins hjóna fyrir ráðstöfunum sem ákvæði kaflans taka til. Ákvæði kaflans ná gagngert til þeirra eigna sem telja má að sé mikið hagsmunamál fyrir fjölskylduna að haft sé samráð um. Með tilliti til undirstöðusjónarmiðs laganna um samstöðu hjóna og þeirra verndarsjónarmiða sem búa hér að baki þykja ákvæði kaflans ekki skerða um of fjárhagslegt sjálfstæði og almennan eignarráð. Með sömu rökum er litið svo á að hjón geti ekki afsalað sér fyrirfram þeim rétti sem tryggð eru í þessum kafla, hvorki með kaupmála ná annars konar samningi.

Ákvæði kaflans sporna ekki gegn því að skuldheimtumenn eiganda leiti fullnustu í eignum né kemur í veg fyrir að eign verði tekin eignarnámi.

Um 46. gr.

Í ákvæðinu er fjallað almennt um forræði maka á eign sinni og meðferð hjúskapareigna. Ákvæðið er efnislega samhljóða 58. og 59. gr. laganna.

Ákvæði 1. mgr. um rétt maka yfir eignum sínum endurspeglar kjarna meginreglu 5. gr. frumvarpsins um fjárhagslegt sjálfstæði hvors hjóna. Ákvæðið tekur fyrst og fremst til samningsgerðar maka við þriðja mann. Fjallað er um samninga milli hjóna í XI. kafla frumvarpsins.

Ákvæði 2. mgr. leggur almennt þá skyldu á maka að fara vel með hjúskapareignir sínar. Markmiðið er að stuðla að því að þessir eignir verði til staðar við fjárskipti. Gera má ráð fyrir að hætta á ótilhlýðilegri háttsemi sé mest í aðdraganda skilnaðar og eftir samvistarlit. Getur hér reynt á rétt til endurgjalds skv. 86. gr.

Um 47. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um takmarkanir á ráðstöfunarrétti maka yfir fasteignum sínum. Er það að mestu sambærilegt að efni til og 60. gr. laganna. Orðalagi er þó breytt til að skýrleika, m.a. til að áréttu að það takmarkar rétt maka til að ráðstafa sínum eigin eignum. Þá er orðalagi um afmörkun fasteigna breytt lítillega.

Í ákvæðinu er afmarkað með sambærilegum hætti og í gildandi lögum til hvaða ráðstafana það taki og að mestu til hvaða fasteigna það nái. Þó er lagt til að í stað þess að tiltaka að ákvæðið nái til fasteignar, þar með talið sumarbústaðar, sem ætluð er til bústaðar fyrir fjölskylduna, þá nái ákvæði 1. tölul. 1. mgr. til fasteigna þar sem fjölskyldan býr eða fjölskyldumeðlimir dvelja reglulega. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að ákvæðið verði túlkað með sama hætti og verið hefur að því er varðar heimili fjölskyldunnar, m.a. hvort fjölskylda búi í hluta fasteignar eða eigi fleiri en eitt heimili. Í öðru lagi hefur leikið nokkur vafi á því hvernig túlka beri hugtakið sumarbústaður og þykir rétt að taka af skarið um að slíkt hugtak sé ekki afgerandi, ákvæðið geti eftir atvikum t.d. einnig náð til veiðihúsa, skíðaskála eða annarra sambærilegra fasteigna. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að þegar kemur að öðrum eignum en heimili fjölskyldunnar þá verði orðalagið um reglubundna dvöl túlkað með sambærilegum hætti og á við um orðalagið um bústað fyrir fjölskylduna samkvæmt gildandi lögum. Ákvæðið á því ekki við fasteign sem gagngert er ætluð til útleigu en að öðru leyti þarf sem endranær að meta hvernig notkun fasteignar er háttáð eftir atvikum. Vert er að áréttu að ákvæðið getur náð til fleiri en einnar fasteignar á sama tíma.

Um 48. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um takmarkanir á ráðstöfunarrétti maka yfir lausafé sína. Er það sama efnis og 61. gr. laganna. Orðalagi er þó breytt til að skýrleika, m.a. til að áréttu að það takmarkar rétt maka til að ráðstafa sínum eigin eignum.

Í ákvæðinu er afmarkað með sambærilegum hætti og í gildandi lögum til hvaða ráðstafana það taki og til hvaða eigna það nái. Vert er þó að geta þess að lagt er til að ákvæði 1. tölul. nái ekki eingöngu til innbús á sameiginlegu heimili heldur nái það til innbús í fasteign þar sem fjölskyldan býr eða fjölskyldumeðlimir dvelja reglulega. Vísað um skýringa við 47. gr. frumvarpsins. Þá er lagt til að 2. tölul. nái m.a. til lausafjár til persónulegra nota fyrir börn annars eða beggja.

Um 49. gr.

Í ákvæðinu er fjallað nánar um samþykki. Ákvæðið er sama efnis og 62. og 63. gr. laganna. Í ákvæðinu kemur m.a. fram sú mikilvæga regla að samþykkis sé þörf hvort sem ráðstafanir eigi við um hjúskapareignir eða séreignir maka.

Um 50. gr.

Ákvæðið markar kröfur sem gera þarf þegar óskað er þinglýsingar skjals er varðar fasteign. Ákvæðið er sama efnis og 1. mgr. 64. gr. laganna.

Um 51. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um ógildingu samninga sem fara gegn ákvæðum 47. og 48. gr. frumvarpsins. Ákvæðið er sama efnis og 65. gr. laganna.

Um 52. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um heimild til riftunar gjafar maka til þriðja manns. Ákvæðið er efnislega sambærilegt við 66. gr. laganna.

Um X. kafla.

Í þessum kafla er safnað saman ákvæðum sem varða skuldaábyrgð hjóna. Ákvæðin eru svipaðs efnis og IX. kafla laganna en lagðar eru til orðalagsbreytingar til skýringa. Þá er lagt til að fella niður ákvæði 69. gr. laganna um heimild annars hjóna til að gera ráðstafanir fyrir hönd beggja þar sem ákvæðið þykir óþarft með hliðsjón af viðskiptaháttum í nútímasamfélagi.

Um 53. gr.

1. mgr. ákvæðisins hefur að geyma meginregluna um sjálfstæða skuldaábyrgð hjóna og er hún samhljóða 67. gr. laganna. Ákvæðið á almennt við um fjárskuldbindingar hjóna gagnvart þriðja manni og gagnvart hvort öðru. Beiting ákvæðisins er þó mismunandi eftir því hvor staðan er uppi. Gagnvart þriðja manni er það sá sem stendur að fjárskuldbindingu sem ber ábyrgð, t.d. lántaki, skuldari eða tjónvaldur. Ef hjón standa saman að fjárskuldbindingu getur þriðji maður snúið sér að þeim báðum.

Mikilvægt er að undirstrika að sérstök sjónarmið gilda um innbyrðis ábyrgð hjóna á skuld sem annað eða bæði kunna að hafa stofnað til. Ábyrgð maka á skuld gagnvart þriðja manni gefur ekki einhlíta vísbendingu um hvernig skuldin skiptist milli hjónanna í fjárskiptum þeirra sín á milli. Með svipuðum hætti og á við um sameign hjóna getur risið ágreiningur milli þeirra um hvort og að hvaða marki skuld tilheyri öðru hjóna eða tilheyri þeim í sameiningu og þá í hvaða hlutföllum. Líklegast er að það gerist við fjárslit við lok hjúskapar. Skráning hins formlega lántaka eða skuldara hefur áhrif en ef leysa þarf ágreining hjóna um hvoru þeirra skuld tilheyrir verður einnig að skoða m.a. aðdraganda þess að stofnað var til skuldar, ákvarðanatöku um skuld, hvert lánsfé rann ef því er að skipta og hvort hjóna hefur axlað raunverulega ábyrgð á skuldinni. Þessi atriði verður að skoða heildstætt í tengslum við fjárhagslega samstöðu hjóna að öðru leyti, fjölskylduhagi og bein og óbein framlög til annarra þátta. Niðurstaða um innbyrðis skuldaábyrgð hjóna bindur ekki hendur kröfuhafa nema hann samþykki það sérstaklega.

Ákvæði 2. mgr. er sama efnis og 68. gr. laganna og er 1. mgr. til fyllingar. Samkvæmt ákvæðinu ber maki ekki ábyrgð á skuldbindingum hins makans nema sérstök heimild sé til þess. Lagagrundvöllur fjárskuldbindinga makans skiptir ekki máli, hér getur verið um að ræða samningsskyldu, bótaskyldu, meðlagsskyldu, sektargreiðslur eða önnur réttaratvik. Heimild til að binda hinn makann verður að vera ótvíræð samkvæmt almennum lögskýringarreglum. Sem dæmi um slíkt má nefna umboð sem annar maki gefur hinum til samningsgerðar fyrir sig. Áréttá ber að þrátt fyrir að hjón eigi eign í sameign þá verður ekki talið að fjárskuldbindingar sem tengjast sameigninni feli sjálfkrafa í sér grundvöll að samábyrgð hjónanna. Samþykki maka til veðsetningar á eign felur þannig t.d. ekki sjálfkrafa í sér persónulega ábyrgð á skuld hins hjóna sem veðsetningu er ætlað að tryggja.

Rétt er að geta þess að samkvæmt gildandi lögum bera hjón sameiginlega ábyrgð á greiðslu skatta og útsvars, sbr. 116. gr. laga nr. 90/2002 og 30. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna

sveitarfélaga. Fela þessar reglur í sér frávik frá meginreglu hjúskaparlaga um sjálfstæða skuldaábyrgð hjóna. Að mati sifjalaganefndar er rík ástæða til að skoða þetta nánar og vísast um þetta álitaefti til fylgiskjals nr. 3 með frumvarpinu.

Um 54. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 70. gr. laganna en þar er að finna heimild fyrir annað hjóna til að baka hinu fjárskyldu. Ákvæðið er því dæmi um sérstaka heimild sem vísað er til í 68. gr. laganna, sbr. 2. mgr. 53. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. er mörkuð heimild annars hjóna til samningsgerðar eða ráðstafana sem eru bindandi fyrir hitt hjóna. Heimildin er takmörkuð í eðli sínu og bundin við að nauðsyn beri til vegna framfærslu fjölskyldunnar. Þá á heimildin einungis við þann tíma sem samvistir vara. Ekki þykir ástæða til að telja sérstaklega upp hvaða ráðstafana má grípa til vegna framfærslu fjölskyldunnar en gert er ráð fyrir að ákvæðið verði túlkað með sama hætti og 70. gr. gildandi laga. Nær heimildin að öðrum skilyrðum uppfylltum því t.d. til þess að innheimta laun og aðrar skuldir, taka við greiðslum, ráðstafa bankainnistæðum og jafnvel taka lán. Heimildin nær ekki til sölu eða veðsetningar fasteigna. Þá verður að ganga út frá því að aðstæður leyfi ekki eða svigrúm sé ekki til staðar til að leita samþykkis hins hjóna eða að maka eða öðrum verði falin umsýslan með formlegum hætti, svo sem ráðsmanni eða lögráðamanni samkvæmt lögræðislögum.

Samkvæmt 2. mgr. eru ráðstafanir ekki skuldbindandi fyrir makann ef viðsemjanda var ljóst eða mátti vera ljóst að samningur var utan þess sem heimilt er að gera skv. 1. mgr.

Um XI. kafla.

Í þessum kafla er safnað saman ákvæðum um tiltekna samninga sem hjón geta gert sín á milli, m.a. samninga um að eign skuli vera séreign. Samhengis vegna er einnig fjallað nánar um heimildir gefanda og arfleifanda til að ákveða að eign skuli vera séreign viðtakanda í hjúskap og heimildir hjóna til að breyta slíkum ákvörðunum. Kaflinn kemur í stað XI. kafla gildandi laga, framsetningin er skýrari auk þess sem hér má finna ýmis nýmæli.

Áður en vikið er nánar að þeim samningum milli hjóna sem kaflinn tekur til er vert að minna á meginreglu um samningsfrelsi og grunnsjónarmið hjúskaparlaga um fjárhagslegt sjálfstæði hvors hjóna, sbr. 5. gr. og IX. og X. kafla frumvarpsins. A þeim grunni hafa hjón ríkt svigrúm til samninga um fjárhagsleg málefni við þriðja mann. Sérstök sjónarmið eiga við um samninga milli hjóna. Þrátt fyrir að þá gildi einnig almennt samningsfrelsi eru settar mun þrengri skorður þegar kemur að samningum milli hjóna heldur en á við um samninga við þriðja mann. Hér ráða sjónarmið um náð og persónulegt samband hjóna, hagsmunalega og félagslega samstöðu þeirra og vernd þess sem stendur lakara að vígi. Þannig má gera ráð fyrir að tilefni, aðdragandi og samningsstaða hjóna innbyrðis sé oftast í grundvallaratriðum ólík því sem á við um samninga við þriðja mann þar sem fjárhags- og viðskiptaleg sjónarmið ráða frekar.

Samningum milli hjóna má í grunninn skipta í *samninga á sviði fjármunaréttar* og *samninga á sviði fjölskylduréttar*. Hjón hafa að meginstefnu til rúmt svigrúm til að gera sín á milli almenna samninga um fjárhagsleg málefni og um þá gilda fyrst og fremst ákvæði á sviði fjármunaréttar, svo sem samningaréttar og eignaréttar, eða annara réttarsviða eftir atvikum. Hér er átt við samninga sem eru að mestu leyti óháðir hjúskaparstöðu samningsaðila, t.d. samninga milli hjóna um gjafir, kaup, sölu og skipti á eignum, afnota- og lánasamninga, stofnun óbeinna eignaréttinda og vinnusamninga. Við þessar aðstæður getur þó reynt á

sérreglur og sjónarmið sem taka mið af persónulegu sambandi hjóna, svo sem um túlkun og mat á gildi samnings og sérreglur um riftun ráðstafana.

Samningar á sviði fjölskylduréttar geta verið af margvíslegum toga og gera má greinarmun á annars vegar þeim sem snerta í meginatriðum persónuleg málefni og hins vegar þeim sem snerta fjármál hjóna. Í flokk samninga um persónuleg málefni fellur t.d. samkomulag hjóna um að stofna til hjúskapar, um samvistarlit og skilnað og ýmsir samningar sem snerta réttarstöðu foreldris og barns. Um slíka samninga gilda fjölbreytt lagaákvæði, sum þeirra eru ófrávíkjanleg en um önnur atriði má semja, í sumum tilvikum innan tiltekins ramma eða með ákveðnum skilyrðum. Ekki er ástæða til að víkja nánar að slíkum samningum hér. Frekari þörf er á að beita sjónum að samningum milli hjóna á sviði fjölskylduréttar sem standa í beinu samhengi við ákvæði laganna um fjármál hjóna. Undir þetta falla fyrst og fremst samningar um framfærslu sem fjallað er um í VII. kafla laganna, fjárskiptasamningar sem fjallað er um í XIV. kafla laganna og samningar um fjármálaskipan hjóna sem er meginviðfangsefni XI. kafla. Vert er að geta þess að mikilvægt getur verið að huga að samspili samninga um fjármálaskipan hjóna og löggerninga eða réttarstöðu sem ræðst af reglum á öðrum réttarsviðum, má þar nefna sem dæmi reglur um arfleðsluheimild, afsal eða höfnun arfs, lögerfðareglur og reglur um óskipt bú samkvæmt ákvæðum erfðalaga.

Samninga milli hjóna um fjármál á fjölskylduréttarsviði verður að skoða í samhengi við lögbundnar reglur um fjármálaskipan í hjúskap, sem m.a. hafa það að markmiði að vernda stöðu þess sem stendur lakar að vígi eða er í viðkvæmri stöðu. Slíkir samningar geta haft áhrif á stöðu hjóna meðan hjúskapur varir en almennt miða þeir að réttarstöðu hjóna við fjárskipti og kallast á við lögbundið fyrirkomulag hjúskapareigna og meginregluna um tilkall eigna við helmingaskipti. Lykilatriði er að greina annars vegar á milli samninga sem gerðir eru við ákveðnar aðstæður um tilgreint málefni og hins vegar samninga sem gerðir eru fyrirfram og ætlað er að hafa áhrif þegar til fjárskipta kemur. Sérstakar skorður eru settar við gerð samninga sem lúta að málefnum og aðstæðum er kann að reyna á í ófyrirsjáanlegri framtíð og erfitt eða ómögulegt er að hafa fulla yfirsýn yfir og virða fyrirfram. Er þetta einkar mikilvægt í fjölskyldurétti þar samningsstaðan ræðst af flóknu samspili fjárhagslegra, félagslegra og tilfinningalegra hagsmuna og hjón kunna að hafa afar ólík viðhorf, t.d. til þess hvort skilnaður er ólíklegur eða jafnvel yfirvofandi. Þá geta slíkir samningar haft umtalsverð áhrif á hagsmuni erfingja ef fjárskipti verða vegna andláts. Hjón geta samkvæmt þessu gert samninga um framfærslueyri og fjárskipti þegar beint tilefni er til þess, fyrst og fremst í beinum tengslum við skilnað. Í XI. kafla laganna er megináherslan á að skýra hvort og með hvaða hætti hjón geta samið fyrirfram um atriði sem ætlað er að hafa áhrif á fjárskipti þegar til þeirra kemur. Í kaflnum er þannig með tæmandi hætti mælt fyrir um heimild hjóna til að með kaupmála gera afmarkaða samninga um séreignafyrirkomulag sem víkja frá meginreglum laganna um fjármálaskipan í hjúskap, fyrst og fremst meginreglunni um helmingaskipti. Þá er mælt fyrir um heimild til að með kaupmála semja um að tiltekna eignir muni koma til skipta, þ.e. eignir sem ella mætti krefjast þess að falli utan skipta. Ljóst er að fjárskipti hjóna geta tekið til verulegra verðmæta af ýmsu tagi, þau fela í sér allsherjaruppgjör og hafa lykiláhrif á stöðu og framtíð hvors hjóna um sig. Afar mikilvægt er að reglur laganna um heimildir hjóna til að semja fyrirfram um fjármálaskipan séu eins skýrar og unnt er svo vafi leiki ekki á gildi samnings.

Eins og áður sagði er að finna nokkur mikilvæg nýmæli í þessum kafla frumvarpsins en þau helstu eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að fella niður kröfuna um að hjón verði að gera kaupmála um gjafir sín á milli. Um leið er felld brott ákvæði 78. og 79. gr. þar sem þeirra þykir ekki þörf.

Samkvæmt gildandi lögum eru gjafir milli hjóna að meginstefnu til einungis gildar ef gerður er um þær kaupmáli, sbr. 72. gr. laganna. Krafa um kaupmála bindur hvort tveggja hjónin sjálf og skuldheimtumenn þeirra. Ef ekki er gerður kaupmáli þegar þess er þörf getur það hjóna sem gaf gjöfina krafist hennar til baka og skuldheimtumenn gefanda geta gengið að gjöfinni óháð gjaldfærni gefandans, jafnvel mörgum árum síðar. Einstaka ráðstafanir eru undanþegnar kröfunni um kaupmála. Þannig er ekki þörf kaupmála um venjulegar gjafir sem eigi eru úr hófi fram miðað við efnahag gefanda og gjafir sem fölgna eru í líftryggingu, lífrentu, lífeyri eða þess konar framfærsluþryggingum af hendi annars hjóna til hagsbóta hinu. Þá getur annað hjóna án kaupmála afhent hinu endurgjaldslaust allt að helmingi af tekjuafgangi sínum umliðið almanaksár, sbr. 78. gr. laganna. Einnig er vert að nefna að vafi getur leikið á því hvort framlag annars hjóna til hins teljist t.d. til framfærsluframlag, framlag háð einhvers konar endurgjaldi, lán eða gjöf.

Rannsóknir hafa sýnt að flestir kaupmálar eru hvort tveggja gjafa- og séreignakaupmálar, þ.e. hjón gera kaupmála þar sem maki afsalar eign sinni til hins og lýsir því jafnframt yfir að eignin verði séreign hins hjóna. Hreinir gjafakaupmálar eru nánast óþekktir, þ.e. að hjón geri kaupmála þar sem maki afsalar sér eign sem verður þar með hjúskapareign hins hjóna. Gæti það bent til vanþekkingar á kröfunni um gjafakaupmála. Krafa um kaupmála og óvissa um túlkun undantekninga frá reglunni getur leitt til ósanngjarnrar niðurstöðu fyrir þann sem þiggur gjöf. Engir tímafreistir eiga við um réttinn til að ganga að gjöf sem gefin er án kaupmála og getur því verið liðinn langur tími frá því að gjöfin var afhent þar til gengið er að henni. Sú staða getur t.d. komið upp að maki sem er fyllilega gjaldfær gefi hinu hjóna gjöf án kaupmála en skuldheimtumenn makans gangi að gjöfinni vegna skuldar sem stofnað er til löngu síðar, að maki kalli gjöfina sjálfur til baka þegar skilnaður er yfirvofandi eða að erfingjar skammlífara hjóna kalli til baka verðmæti sem langlífari hefur talið sig eiga áratugum saman.

Krafa um að hjón geri kaupmála um gjafir sín á milli hefur m.a. stuðst við sjónarmið um vernd þess hjóna sem stendur lakar að vígi, eða á það á hættu að vera þvingað til að láta eigur sínar af hendi. Krafa um kaupmála nær þó tæpast því markmiði ef þvingun er fyrir hendi á annað borð. Þá hefur krafa um kaupmála þótt vernda skuldheimtumenn gefanda, m.a. til að koma í veg fyrir að skuldari geti komist hjá því að gengið verði að eignum með því að lýsa því yfir að hann hafi gefið þær hinu hjóna. Á móti kemur að flestar þær eignir sem gengið er að vegna ógjaldfærni eru háðar formlegu skráðu eignarhaldi þar sem forgangsáhrif skráningar eða þinglýsingar veita skuldheimtumönnum fullnægjandi vernd. Þá geta skuldheimtumenn eftir atvikum borið fyrir sig 73. gr. hjúskaparlaganna, um aðgang kröfuhafa að gjöfum milli hjóna, svo og riftunarreglur gjaldþrotaskiptalaga.

Þess má geta að krafa um kaupmála um gjafir milli hjóna var felld úr dönskum lögum árið 2018. Í Svíþjóð er gerð krafa um sérstaka skráningu gjafar hjá skattýfirvöldum en krafa um kaupmála er enn fyrir hendi í Noregi.

2. Lagt er til að útfæra nánar ákvæði laganna um heimildir hjóna til að gera eign að séreign með kaupmála. Til að taka af öll tvímæli er lagt til að lögin beri skýrt með sér að hjón geti einungis samið um frávik frá efnisreglum hjúskaparlaga þegar sérstakar heimildir standi til þess. Nauðsynlegt er að enginn vafi leiki á um þetta en efnislega hefur reglan þótt leiða af ákvæði 1. mgr. 71. gr. laganna, þar sem tekið er fram að hjón geti gert samninga sín á milli með þeim takmörkunum sem lög mæla fyrir um. Þá felur hjúskapareignatilhögun og helmingaskipti í sér meginreglur um fjármál hjóna og þarf skýrar heimildir til að víkja frá því

fyrirkomulagi. Takmörkunum á samningsfrelsi hjóna verða að fylgja skýr ákvæði um hvaða tegundir kaupmála má gera og hvaða efnisatriði mega felast í kaupmála. Markmiðið með ákvæði 57. gr frumvarpsins er að bæta úr þeim vafa sem þótt hefur leika á því hvernig megi útfæra séreignarákvæði í kaupmála. Nýtt ákvæði tekur mið af breytingum sem gerðar voru á dönskum lögum um fjármál hjóna árin 1990 og 2018.

3. Lagt er til það nýmæli að mæla fyrir um rétt hjóna til að með kaupmála semja um að tilteknar eignir falli undir skipti sem ella mætti krefjast að stæðu utan skipta.

4. Gerðar eru skýrari kröfur til ákvarðana um að gjöf eða arfur verði séreign viðtakanda í hjúskap. Æskilegt er að lögin endurspegli þær kröfur sem leiða má af dómaframkvæmd um þessi atriði. Þá er heimild hjóna eða hjónaefna til að breyta ákvörðun gefanda og arfleifanda útfærð með öðrum hætti en í gildandi lögum.

Um 55. gr.

Ákvæðið kemur í stað 71. og 72. gr. laganna og felur það m.a. í sér það nýmæli af afnema kröfu um kaupmála í tilefni gjafa milli hjóna. Vísast nánar um það atriði til athugasemda um efni XI. kafla.

Í 1. mgr. er undirstrikuð grunnreglan í fjármálamynstri hjúskaparlaga með hliðsjón af fjárhagslegu sjálfstæði hvors hjóna, þ.e. að hjón geti gert samninga sín á milli og tekist á hendur skuldbindingar hvort gagnvart öðru. Samhliða kemur skýrt fram að hjón njóti samningsfrelsis með þeim takmörkunum sem lög mæla fyrir um og áréttað að hjón geti ekki vikið frá reglum hjúskaparlaga nema sérstakar heimildir standi til þess. Samninga á sviði fjölskylduréttar um fjármál geta hjón því gert með þeim hætti sem hjúskaparlög mæla fyrir um.

Í 2. mgr. er áréttað til að taka af öll tvímæli að hjón geti gefið hvort öðru gjafir og eins og áður sagði er lagt til að afnema þá kröfu gildandi laga að gera þurfi kaupmála um gjafir milli hjóna. Í 2. málsl. eru þó settar sambærilegar skorður og eiga við samkvæmt 3. mgr. 72. gr. laganna, þ.e. að hjón geti ekki ákveðið að það sem annað þeirra kann að eignast í framtíðinni verði endurgjaldslaust eign hins, eða það sem kalla má bann við framtíðargjöfum. Maki getur því einungis gefið hinu hjóna verðmæti sem liggur fyrir þegar gjöfin er gefin en maka er óheimilt, með kaupmála eða á annan hátt, að gefa hinu hjóna verðmæti sem ekki hefur verið aflað. Áréttá ber að þetta kemur ekki í veg fyrir að hjón geri með kaupmála samning um að allt sem maki eignast sjálfur í framtíðinni verði séreign hans sjálfs, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 57. gr. frumvarpsins.

Lagt er til að afnema það frávik gildandi laga að bann við framtíðargjöfum taki ekki til innbús á sameiginlegu heimili. Ekki er talin rík þörf á ákvæðinu og með því að afnema það má forðast átök um hvað telst venjulegt innbú á sameiginlegu heimili á hverjum tíma og hvernig innbús hafi verið aflað.

Þá er lagt til það nýmæli að taka fram að bann við framtíðargjöfum taki í fyrsta lagi ekki til samninga hjóna um skiptingu lífeyrisréttinda. Samkvæmt 14. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða geta hjón, að vissum skilyrðum uppfylltum, samið um gagnkvæma skiptingu lífeyrisréttinda, þ.e. að skipta lífeyrisgreiðslum sem þegar eru hafnar, skipta áunnum lífeyrisréttindum eða skipta framtíðarréttindum, þ.e. þeim réttindum sem munu ávinnast eftir að samkomulag um skiptinguna hefur verið gert. Mikilvægt er að taka af öll tvímæli um að ákvæði um bann við framtíðargjöfum komi ekki í veg fyrir slíka samninga. Þá er í öðru lagi tekið fram að bann við framtíðargjöfum eigi ekki við um váttryggingu sem maki tekur vegna lífs og heilsu hins hjóna eða um ráðstöfun maka á slíkri

tryggingu til hins hjóna. Samkvæmt ákvæðum váttryggingarsamningalaga er heimilt að taka váttryggingu vegna lífs eða heilsu váttryggingartakans eða annarra og þá er váttryggingartaka heimilt að ráðstafa tryggingu til tiltekins réttshafa. Mikilvægt þykir að taka af öll tvímæli um að bann við framtíðargjöfum komi ekki í veg fyrir slíkar ráðstafanir, að uppfylltum skilyrðum váttryggingarsamningalaga.

Um 56. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um aðgang kröfuhafa að gjöfum milli hjóna. Kemur það í stað 73. gr. laganna og er sambærilegt að efni til. Ákvæðið er til hagsbóta fyrir skuldheimtumenn sem eiga kröfur á hendur gefanda á því tímamarki þegar gjöf er afhent.

Um 57. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um heimildir hjóna til að gera með kaupmála tiltekna samninga um séreignafyrirkomulag. Ákvæðið kemur í stað 74. og 76. gr. laganna en hefur að geyma skýrari ákvæði og nokkur nýmæli um tegundir og efnisatriði kaupmála. Þá kallast ákvæðið á við 44. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er almennt um séreignir.

Ákvæðið grundvallast á því að hjón verði að standa saman með formlegum hætti að því að gera tilteknar ráðstafanir sem oftast hafa veruleg áhrif á fjárskipti þegar til þeirra kemur. Undirstrika ber að hér er oftast um að ræða frávík frá meginreglum um fjármálaskipulag í hjúskap. Með hliðsjón af því geta hjón ekki með kaupmála samið um stigvaxandi vægi séreigna í framtíðinni en geta aftur á móti dregið smá saman úr vægi séreigna og aukið þannig hlut hjúskapareigna. Þá er nauðsynlegt að minna á bann við framtíðargjöfum, sbr. 2. mgr. 55. gr. frumvarpsins. Einnig er vert að minna á að kaupmála er einungis hægt að breyta eða fella niður með nýjum kaupmála, sbr. 88. gr. laganna og 6. mgr. þessa ákvæðis frumvarpsins.

Eins og á við samkvæmt gildandi lögum, og vikið er að í almennum athugasemdum með XI. kafla, er ákvæði kaflans tæmandi um efni og útfærslu kaupmála. Með kaupmála verður því ekki með öðrum hætti haggð við fjármálaskipan hjóna eða almennum réttarreglum hjúskaparlaga. Sem dæmi má áréttast að hjón geta ekki með kaupmála fallið frá rétti til að krefjast skilnaðar, fallið frá lögbundnum takmörkunum á ráðstöfunarrétti eigna, samið fyrirfram um fyrirkomulag framfærslueyris ef til skilnaðar kemur eða fallið frá rétti til krefjast riftunar gjafa eða krefjast endurgjalds.

Meginatriði ákvæðisins eru eftirfarandi. Í fyrsta lagi eru nefndar *tegundir kaupmála*, þar sem greinarmunur er gerður á almennum réttaráhrifum, þ.e. á annars vegar kaupmála sem reynir á við skilnað og andlát og hins vegar kaupmála sem reynir á við skilnað en ekki við andlát. Í öðru lagi eru nefnd *efnisatriði kaupmála*, þ.e. með hvaða hætti má kveða á um umfang verðmæta sem kaupmáli tekur til óháð tegund. Í þriðja lagi er kveðið á um þau *skilyrði* sem löglegt er að binda kaupmála. Önnur skilyrði en þar eru tiltekin eru þar af leiðandi óheimil, hvort sem þau er að finna í kaupmálanum sjálfum eða annars konar löggerningi, t.d. má ekki binda kaupmála því skilyrði að hjón séu samvistum eða að þau búi í tilteknu landi, að annað eða bæði sinni tiltekinni atvinnu, að þau tilheyri tilteknu trú- eða lífsskoðunarfélagi, að annað eða bæði haldi trúnaðarskyldur sínar eða að binda gildi kaupmála við bann við að beita ofbeldi, bann við að óska skilnaðar eða bann við að gera tilteknar kröfur í tilefni skilnaðar.

Í 1. mgr. eru tilgreindar þær tegundir kaupmála sem heimilt er að gera. Ákvæðið er efnislega sambærilegt 1. og 3. mgr. 74. gr. laganna en framsetning og orðalag er skýrara. Ef tegund séreignar er ekki tiltekin í kaupmála þá ber að líta á hana sem algera séreign. Vert er að undirstrika mikilvægi þess að taka upplýsta ákvörðun um tegund séreignar enda hefur þetta

úrslitaáhrif, fyrst og fremst við fjárskipti vegna andláts. Sérstaklega er mikilvægt að minna á að alger séreign skammlífara hjóna rennur ekki í óskipt bú samkvæmt ákvæðum erfðalaga.

Samkvæmt 1. tölul. er um að ræða kaupmála um að eign skuli verða séreign hvort tveggja við fjárskipti vegna skilnaðar og andláts. Verður þetta hér nefnt *alger séreign*. Ákvæðið getur náð til eigna annars hjóna eða þeirra beggja. Þá getur það tekið til allra eigna annars eða beggja (algert séreignafyrirkomulag) eða einhverra þeirra verðmæta sem nánar eru afmörkuð í 2. mgr. ákvæðisins.

Samkvæmt 2. tölul. er um að ræða kaupmála um að eign skuli verða séreign við fjárskipti vegna skilnaðar en skuli verða hjúskapareign vegna andláts. Verður þetta hér nefnt *skilnaðarséreign*. Ef ákvæði um andlát er ótilgreint verða allar eignir sem gerðar voru að séreignum sjálfkrafa að hjúskapareignum við andlát skammlífara. Í kaupmála má þó einnig einskorða réttaráhrifin sérstaklega við fjárskipti vegna andláts annars hjóna. Getur það miðast við andlát skammlífara eða langlífara hjóna eða miðast við andlát þess hjóna sem nafngreint er í kaupmálanum. Með sama hætti og á við um algera séreign geta ákvæði um skilnaðarséreign náð til eigna annars hjóna eða beggja og náð til allra eigna eða tiltekinna verðmæta. Það sama þarf ekki að gilda um eignir beggja, t.d. má semja um að eignir annars hjóna verði algerar séreignir viðkomandi en eignir hins verði skilnaðarséreignir. Rétt er að taka fram að eins og á við samkvæmt gildandi lögum er óheimilt að kveða á um að kaupmáli um séreign gildi ekki við fjárskipti vegna skilnaðar heldur gildi einungis við andlát. Þykir slíkt stangast á við reglur erfðalaga um skylduvarf og gerð erfðaskrár.

Í 2. mgr. eru tilgreind efnisatriði kaupmála, þ.e. afmörkun og umfang réttinda. Er framsetning þessara atriða mun skýrari en í gildandi lögum auk þess sem þarna má finna nokkur nýmæli. Ákvæðið á við óháð tegund kaupmála, þ.e. hvort tveggja kaupmála um algera séreign og um skilnaðarséreign skv. 1. mgr. ákvæðisins. Þá þarf það sama ekki að gilda um öll þau verðmæti sem gerð eru að séreign, t.d. má semja um að tiltekin afmörkuð eign verði skilnaðarséreign en tiltekin tegund verðmæta eða tiltekin fjárhæð verði alger séreign. Vert er að minna á að kaupmála má einungis binda þeim skilyrðum sem heimiluð eru í 3.-5. mgr. ákvæðisins.

Samkvæmt 1. tölul. má með kaupmála semja um að tiltekin eign sem er til staðar verði séreign, t.d. tilgreind fasteign, sumarhús, bill eða verðbréf, en gæta þarf að fullnægjandi sérgreiningu verðmæta í hvert sinn. Getur þetta átt við um eina eign eða fleiri. Rétt er að taka fram að ekkert er því til fyrirstöðu að maki gefi hinu hjóna eign sem þegar er til staðar og hjónin geri um leið kaupmála um að eignin verði séreign þess sem hana þiggur. Sem endranær gildir hér bann við framtíðargjöfum, þ.e. hjón geta ekki með kaupmála samið um að eignir sem maki muni eignast í framtíðinni verði sjálfkrafa séreignir hins hjóna.

Samkvæmt 2. tölul. má með kaupmála semja um að tilteknar tegundir verðmæta verði séreign. Getur það tekið til verðmæta sem þegar eru til staðar eða sem kunna að verða til staðar en hér þarf einnig að gæta þess að verðmæti séu afmörkuð með fullnægjandi hætti og virða bann við framtíðargjöfum. Bann við framtíðargjöfum hefur það í för með sér að eingöngu sá sem á verðmætin eða væntir þeirra getur með kaupmála gert verðmætin að sinni séreign. Samningar af þessu tagi myndu oftast miðast við tilgreiningu á því hvenær eða hvernig afmarkaðar tegundir verðmæta verða til og mikilvægt er að kveða á um þetta eins skýrt og unnt er. Með stoð í þessu ákvæði geta hjón með kaupmála t.d. samið um að allar eignir maka, hverju nafni sem þær nefnast, sem viðkomandi á og mun eignast verði séreignir makans, að allt sem maki átti fyrir hjúskapinn verði séreign makans, að allur arfur sem annað eða bæði hafa fengið eða muni fá, eða arfur eftir tilgreinda aðila, verði séreign erfingjans eða að öll

verðbréf sem annað eða bæði muni eignast eftir að kaupmáli er gerður verði séreign eigandans. Hjón geta einnig með kaupmála samið um að allar eða tiltekna bætur sem maki hefur fengið eða muni fá verði séreign bótaþegans svo og að bætur samkvæmt vátryggingu sem undanþegin er banni við framtíðargjöfum, sbr. 2. mgr. 55. gr. frumvarpsins, verði séreign rétthafa bóttanna. Ástæða er til að minnast sérstaklega á 4. mgr. 11. gr. lífeyrissjóðalaganna þar sem lögbundið er að við andlát renni séreignalífeyrissparnaður til maka og barna. Hér er ekki um að ræða framtíðargjöf annars hjóna til hans heldur lögbundna yfirfærslu eigna sem svipar til arfs. Hjón geta því með kaupmála samið um að verðmæti sem falla muni langlífara hjóna í hlut skv. 4. mgr. 11. gr. lífeyrissjóðalaganna verði séreign langlífara hjóna.

Til að taka af öll tvímæli er lagt til að geta þess sérstaklega að ákvæði 2. tölul. eigi við um lífeyrisréttindi og samkvæmt orðanna hljóðan getur það átt við um áunnin og framtíðarlífeyrisréttindi af hvaða tagi sem er, ýmist í heild eða hluta. Til nánari skýringa má nefna að skv. 14. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða geta hjón samið um gagnkvæma skiptingu lífeyrisréttinda, þ.e. að skipta lífeyrisgreiðslum sem þegar eru hafnar, skipta áunnum lífeyrisréttindum eða skipta framtíðarréttindum, þ.e. þeim réttindum sem munu ávinnast eftir að samkomulag um skiptinguna hefur verið gert. Samkvæmt 8. gr. lífeyrissjóðalaganna getur rétthafi ekki framselt, veðsett eða á annan hátt ráðstafað innistæðu eða réttindum. Ákvæði þessi þykja ekki koma í veg fyrir að hjón geti gert kaupmála þar sem lífeyrisréttindi sem rétthafi á eða mun eignast verði séreign rétthafans í hjúskap enda felst ekki í því ráðstöfun, eða yfirfærslu réttinda frá rétthafanum til annars aðila í skilningi lífeyrissjóðalaganna. Undirstrika ber að þetta felur í sér að hafi hjón samið um skiptingu réttinda samkvæmt ákvæðum lífeyrissjóðalaganna þá geta þau með kaupmála samið um að þau réttindi sem muni falla til hvors hjóna verði séreign viðtakandans, sbr. 2. mgr. 55. gr. sem undirþiggur slíka samninga frá banni við framtíðargjöfum. Hafi hjón ekki samið um skiptingu lífeyrisréttinda samkvæmt ákvæðum lífeyrissjóðalaganna þá geta þau með kaupmála samið um að lífeyrisréttindi verði séreign þess sem réttindin á. Að því marki sem lífeyrisréttindi eru gerð að séreign falla þau alfarið utan skipta. Reynir því ekki á ákvæði um heimild til að halda lífeyrisréttindum utan skipta og um skiptingu og uppgjör lífeyrisréttinda, sbr. 78. og 84. gr. frumvarpsins. Vert er að minna á að hjón geta gert lífeyrisréttindi að algerri séreign eða skilnaðarséreign, að því marki sem ekki er mælt fyrir um ráðstöfun þessara réttinda með lögum. Getur það haft áhrif á stöðu eignanna við andlát, t.d. þar sem algerar séreignir renna ekki í óskipt bú samkvæmt ákvæðum erfðalaga.

Samkvæmt 3. tölul. má með kaupmála semja um að tiltekið afmarkað hlutfall allra eða tiltekinna eigna annars hjóna verði séreign viðkomandi. Semja má um hlutfall eða prósentur. Hjón geta því t.d. samið um að $\frac{1}{4}$ hluti tiltekinna fasteignar maka verði alger séreign hans eða að eignir maka verði 30% skilnaðarséreignir og 20% algerar séreignir makans. Við fjárskipti eiga þessi hlutföll við um hreina eign makans, þ.e. viðkomandi eign eða eignir makans að frádregnum skuldum sem eignum tilheyra. Undirstrika ber að hjón geta eingöngu samið með þessum hætti um eigin eignir eða eignir sem eru til staðar. Þau geta ekki samið um að afmarkað hlutfall allra eigna beggja eins og eignir muni standa við fjárskipti verði séreign annars þeirra, t.d. geta þau ekki samið um að $\frac{1}{4}$ hluti af samanlögðum eignum beggja við fjárskiptin verði séreign annars og $\frac{3}{4}$ séreign hins. Slíkt brýtur í bága við bann við framtíðargjöfum.

Samkvæmt 4. tölul. má með kaupmála semja um að afmörkuð fjárhæð eða afmörkuð fjárhæð ef einu eða fleiri verðmætum verði séreign. Samkvæmt ákvæðinu er hægt að tryggja maka ákveðna fjárhæð við fjárskiptin en að öðru leyti gildi t.d. algert séreignafyrirkomulag, eða tryggja maka ákveðna fjárhæð með hliðsjón af umfangi réttinda hins sem heimilt er að

krefjast að standi utan skipta. Þá má t.d. tryggja maka sem séreign ákveðna fjárhæð af verðmæti fasteignar sem hjónin eiga í sameign og tryggja þannig að verðhækkanir komi báðum til góða. Taka má sem dæmi hjón sem ákveða að kaupa fasteign í sameiningu þar sem maki leggur fram peninga sem viðkomandi fékk í arf en þau standa að öðru leyti saman að fjármögnun kaupanna. Hjónin geta með kaupmála samið um að ákveðið hlutfall fasteignarinnar verði séreign makans sem leggur til arfinn, sbr. 3. tölul., og þá koma verðhækkanir makanum hlutfallslega til góða. Hjónin geta einnig samið um að fjárhæð sem samsvarar arfinum, sbr. 4. tölul., verði séreign makans og þá koma verðhækkanir fasteignarinnar báðum til góða. Kann síðari valkosturinn að eiga betur við t.d. ef ljóst er að leggja á í umfangsmiklar breytingar eða viðhald á eigninni. Ákvæðið getur átt við með sambærilegum hætti þegar maki á fasteign við upphaf hjúskapar en á henni hvílir lán. Hjónin geta með kaupmála samið um að öll eignin verði séreign makans. Ef hjón eru sammála um að hluti fasteignarinnar skuli vera séreign makans geta þau valið á milli þess að gera tiltekið hlutfall eignarinnar að séreign eða tiltekna fjárhæð, sem t.d. samsvarar hreinni eign makans í eigninni. Sú leið að velja ákveðna fjárhæð getur átt vel við ef hjón eru sammála um að standa saman að greiðslu lánsins og að viðhald, viðbætur og verðhækkanir á fasteigninni komi báðum til góða. Bent er á að samkvæmt 1. málsl. 5. mgr. ákvæðsins má semja um að slík fjárhæð taki hækkunum samkvæmt vísitölu neysluverðs. Óheimilt er að semja um annars konar hækkunir, t.d. má ekki semja um að fjárhæðin hækki um 10% ári eða um tiltekna fjárhæð með reglubundnum hætti.

Samkvæmt 5. tölulið má með kaupmála semja um að eignir verði séreignir að undanskilinni afmarkaðri fjárhæð eða afmarkaðri fjárhæð af einu eða fleiri verðmætum. Svipar þessu til 4. töluliðar, þar er þó samið um að tiltekin fjárhæð verði séreign meðan hér er í raun samið um að tiltekin fjárhæð verði hjúskapareign, þ.e. komi til skipta. Með hliðsjón af því má skv. 2. málsl. 5. mgr. ákvæðsins semja um að fjárhæð sem koma á til skipta hækki árlega, ótímabundið eða tímabundið, svo sem hlutfallslega eða um afmarkaða fjárhæð. Einnig má semja um hækkun miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs en ákvæðið er að öðru leyti rýmra en á við um hækkun séreignar.

Í 3. mgr. er tekið fram að samninga um séreignir megi skilyrða með þeim hætti að kaupmáli gildi ekki ef hjón eignast sameiginlegan skylduerfingja. Fellur þá séreignafyrirkomulag niður og hjúskaparfyrirkomulag raknar við að nýju. Er það í samræmi við ákvæði gildandi laga. Áréttá ber að samninga um séreignir má aftur á móti ekki binda því skilyrði að kaupmáli taki einungis gildi ef hjón eignast sameiginlega skylduerfingja.

Samkvæmt 4. mgr. er heimilt að tímabinda kaupmála en öll tímamörk sem samið er um samkvæmt þessu ákvæði verða að vera skýrt afmörkuð.

Samkvæmt 1. málsl. 4. mgr. má tímabinda kaupmála þannig að samningur um séreign í heild sinni eða tiltekin ákvæði hans falli úr gildi að tilteknum tíma liðnum. Hjón geta aftur á móti ekki gert tímabundinn samning um hjúskapareignarfyrirkomulag, t.d. hvorki samið um að eignir verði séreignir eftir tiltekinn tíma, svo sem að liðnum ákveðnum árum eftir stofnun hjúskapar eða önnur atvik, né samið um að séreignir aukist með reglubundnum hætti í tiltekinn tíma.

Í 2. málsl. 4. mgr. er tekið fram að semja megi um að séreign dragist saman með tilteknum hætti, svo sem með lækkun hlutfalls eða lækkun fjárhæða. Hjón geta t.d. samið um að eign verði alger séreign í 10 ár eftir stofnun hjúskapar, skilnaðarséreign næstu 10 árin en að kaupmáli falli svo niður eða samið um að tiltekin eign verði 100% alger séreign fyrstu fimm árin, 50% alger séreign næstu fimm árin, 25% skilnaðarséreign næstu fimm árin en

kaupmálinn falli brott eftir það. Undirstrika ber að einungs má semja um að séreign dragist saman en ekki að hún aukist, hvorki réttaráhrif hennar né að séreign aukist að umfangi. Þar sem réttaráhrif algerrar séreignar eru meiri en skilnaðarséreignar geta hjón t.d. ekki samið um að eign verði skilnaðarséreign í 10 ár en alger séreign eftir það eða að hlutfall algerrar séreignar aukist með reglubundnum hætti.

Í 5. mgr. er tiltekið með tæmandi hætti hvernig heimilt er að semja um að séreign aukist eða að fjárhæð sem koma á til skipta aukist. Eins og áður hefur verið vikið að gerir ákvæðið greinarmun á fjárhæð sem gerð er að séreign og fjárhæð sem samið er um að komi til skipta. Fjárhæð sem gerð er að séreign með kaupmála getur einungis tekið hækkunum samkvæmt vísitölu neysluverðs. Fjárhæð sem ákveðið er að komi til skipta getur tekið hækkunum samkvæmt vísitölu neysluverð eða tekið hækkun árlega, ótímabundið eða tímabundið, ýmist hlutfallslega eða um afmarkaða fjárhæð.

Í 6. gr. er áréttað að ákvæðum kaupmála um séreignir sé einungis hægt að breyta eða fella niður með nýjum kaupmála.

Um 58. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um séreignir samkvæmt ákvörðun gefanda eða arfleifanda. Ákvæðið kemur í stað 1. mgr. 77. gr. laganna. Það kallast á við ákvæði 44. gr. frumvarpsins um séreignir.

Í 1. mgr. er áréttað að gefandi geti ákveðið að gjöf skuli vera séreign í hjúskap gjafþega. Er hér átt við gjafir frá þriðja manni. Eins og nefnt var í skýringum við 44. gr. frumvarpsins um séreignir nær heimildin ekki til samninga um eignayfirfærslu þar eign er afsalað gegn fullu endurgjaldi, svo sem við sölu eða skipti. Ákvæðið getur átt við þrátt fyrir að eitthvað endurgjald sé innt af hendi ef í eignayfirfærslu felst gjöf að öðru leyti. Nýmæli er að taka fram að ákvörðun verði að liggja fyrir um leið og gjöf er gefin. Sú krafa er eðlileg og í samræmi við dómafordæmi. Ekki eru gerðar sérstakar formkröfur til ákvörðunar gefanda en sem endranær hvílir sönnunarbyrði á þeim sem heldur því fram að eign sé séreign. Mikilvægt er að það liggja skýrt fyrir að um gjöf hafi verið að ræða, hvort gjöfin sé til annars hjóna eða beggja, að ákvörðun um séreign og séreignarfyrirkomulag sé skýr og komin til vitundar viðtakanda gjafarinnar. Ef ákvörðun um að gjöf verði séreign beinist að öðru hjóna er ekki skylt að tilkynna það hinu hjóna. Óhætt er þó að mæla með því að það sé gert enda eru upplýsingar um fjármálaskipulag í hjúskapnum til þess fallnar að koma í veg eða draga úr ágreiningi síðar meir. Vert er að benda á að gefandi getur afmarkað ákvörðun um tegund, efnisatriði og skilyrði séreignar með sama hætti og hjón geta gert með kaupmála. Þá ber að minna á heimild í váttryggingarsamningalögunum til váttryggja hagsmuna annars aðila og til tilnefningar sérstaks rétthafa váttryggingarbóta. Í 77. gr. frumvarpsins er lagt til að slíkar bætur vegna lífs-, heilsu- eða líkamstjóns falli utan skipta. Þriðji maður sem tekur slíka tryggingu til hagsbóta fyrir einstakling sem er í hjúskap, t.d. foreldri fyrir barn sitt, getur einnig tekið af öll tvímæli og mælt fyrir um að bæturnar verði séreign viðkomandi í hjúskap.

Í 2. mgr. er áréttað að arfleifandi geti ákveðið að arfur skuli vera séreign í hjúskap erfingja. Tekið er skýrt fram að þetta eigi jafnt við um lögarf, þar með talinn skylduurf, sem og um bréfarf. Þá er nýmæli að taka fram í lögum að ákvæðið eigi einnig við um fyrirfram greiddan arf en því hefur verið slegið föstu í dómaframkvæmd. Eins og á við samkvæmt gildandi lögum verður ákvörðun að koma fram í erfðaskrá arfleifanda og ef um er að ræða fyrirfram greiddan arf verður erfðaskrá að liggja fyrir áður en arfurinn er afhentur eða greiddur. Undirstrika ber að maki sem situr í óskiptu búi getur aðeins mælt fyrir um að arfur eftir hann sjálfan verði

séreign erfingja í hjúskap en getur ekki ákveðið að þetta eigi við um arf eftir skammlífara hjóna. Um form og gildi erfðaskrár fer samkvæmt ákvæðum erfðalaga. Með sama hætti og gefandi þá getur arfleifandi afmarkað ákvörðun um tegund, efnisatriði og skilyrði séreignar með sama hætti og hjón geta gert með kaupmála. Vert er að undirstrika að hvorki er skylt að erfingi né maki hans fái vitneskju um gerð erfðaskrárinnar meðan arfleifandi er á lífi. Óhætt er þó að mæla með því að hjónum sé kunnugt um ráðstafanir af þessu tagi enda eru upplýsingar um fjármálaskipulag í hjúskapnum til þess fallnar að koma í veg eða draga úr ágreiningi síðar meir.

Í 3. mgr. er í fyrsta lagi tekið fram að gefandi og arfleifandi geti afmarkað tegund og efnisatriði séreignar með sama hætti og hjónum er heimilt að gera með kaupmála. Má því kveða á um algera séreign eða skilnaðarséreign en ef ekkert er tekið fram ber að líta á séreignina sem algera séreign. Þá má afmarka efnisatriði innan ramma 1.-5. tölul. 2. mgr. 57. gr. frumvarpsins. Undirstrika ber að ákvörðun um séreign í formi fjárhæða skv. 4. eða 5. tölul. 2. mgr. 57. gr. verður að standa í beinu sambandi við gjöf eða arf og kemur því einungis til álita að því marki sem umrædd gjöf eða arfur eru til staðar á viðmiðunardegi skipta og verða sérgreind. Í öðru lagi er tekið fram að gefandi og arfleifandi megi binda ákvörðun um séreign sömu skilyrðum og hjón mega samkvæmt kaupmála. Er þar átt við þau skilyrði sem eru tæmandi talin í 3.-5. gr. 57. gr. frumvarpsins. Í þriðja lagi er tekið fram að gefandi og arfleifandi geti takmarkað möguleika hjóna til að með kaupmála breyta ákvörðun um séreignafyrirkomulag. Stendur ákvæðið í beinu samhengi við 59. gr. frumvarpsins. Gefandi og arfleifandi geta takmarkað möguleika hjónanna til breytinga alfarið eða að vissu marki, t.d. heimilað hjónum að ákveða með kaupmála að breyta tegund séreignar en um leið útilokað þau frá því að breyta efnisatriðum séreignar eða að gera séreign að hjúskapareign. Í dæmaskyni má sá sem gefur maka fasteign með yfirlýsingu um að hún verði alger séreign makans í hjúskap t.d. taka fram að hjónum sé alfarið óheimilt að breyta þessu eða t.d. taka fram að hjónunum sé með kaupmála heimilt að semja um að séreignin verði skilnaðarséreign, hvenær sem er, eftir ákveðinn tíma eða í ákveðnum áföngum á tilteknu tímabili, en heimila þeim ekki að draga úr umfangi séreignarinnar, svo sem úr 100% í 50%, eða gera eignina að hjúskapareign.

Um 59. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um heimildir hjóna til að með kaupmála semja sín á milli um breytingar á ákvörðun gefanda og arfleifanda. Ákvæðið kemur í stað 2. mgr. 77. gr. laganna og felur í sér nýmæli. Samkvæmt gildandi lögum geta hjón ekki breytt ákvörðunum gefanda eða arfleifanda nema slíkt sé heimilað í gjafagerningi eða erfðaskrá eða leiði ótvírætt af þeim gerningum. Hér er lagt til að hjón eða hjónaefni geti með kaupmála breytt ákvörðun gefanda eða arfleifanda nema tekið sé fyrir það í gjafagerningi eða erfðaskrá. Segja má að með því sé gerð ríkari krafa til gefanda og arfleifanda um að taka skýra afstöðu til afmörkunar á séreign og heimild til að breyta henni.

Samkvæmt 1. mgr. geta hjón eða hjónaefni með kaupmála samið um að draga úr réttaráhrifum eða umfangi séreigna samkvæmt ákvörðun gefanda eða arfleifanda. Er hér miðað við tegundir séreigna og efnisatriði samkvæmt 57. gr. Ef gefandi eða arfleifandi hefur t.d. ákveðið að eign skuli verða alger séreign geta hjón samið um að hún verði skilnaðarséreign eða ef gefandi eða arfleifandi hafa samið um að tiltekin fasteign verði séreign geta hjón samið um að 50% fasteignarinnar verði séreign. Þá er tekið fram að hjón geti samið um að umræddar séreignir verði hjúskapareignir gjafþega eða erfingja að öllu leyti eða hluta. Áréttu ber að hjón

geta ekki með kaupmála eða öðrum hætti samið um viðtækari réttaráhrif eða aukið umfang þessara séreigna. Ef gefandi eða arfleifandi hefur t.d. ákveðið að eign skuli vera skilnaðarséreign þá geta hjón ekki samið um að hún verði alger séreign.

Af 2. mgr. leiðir að samningar hjóna um að breyta ákvörðun gefanda eða arfleifanda eru því aðeins gildir að þeir gangi ekki gegn því sem tekið er fram í gjafagerningi eða erfðaskrá. Gefandi og arfleifandi geta því komið í veg fyrir að hjón geti breytt ákvörðunum þeirra um séreignafyrirkomulag. Meðal annars er litið svo á að gefandi og arfleifandi geti ákveðið að eign verði hjúskapareign maka í hjúskap og um leið gefið fyrirmæli sem koma í veg fyrir að hjón eða hjónaefni geti með kaupmála gert eignina að séreign. Rétt er að benda á að ákvörðun gefanda eða arfleifanda getur fallið brott ef hún er bundin skilyrðum, svo sem tímamörkum.

Um 60. gr.

Ákvæðið er nýmæli en markmið þess er að auka samningsfrelsi hjóna. Ákvæðið kallast fyrst og fremst á við ákvæði í XIV. kafla um eignir sem fallið geta utan skipta en einnig að sínu leyti við ákvæði 57. gr. frumvarpsins um séreignir samkvæmt kaupmála. Með ákvæðinu er hjónum veitt heimild til þess með kaupmála að semja fyrirfram um að tiltekna eignir, sem krefjast mætti að stæðu utan skipta, muni falla undir fjárskipti þegar til þeirra kemur. Segja má að með þessu geti hjón með kaupmála samið um að falla frá rétti til að krefjast þess að tiltekna eignir standi utan skipta, þ.e. geti samið fyrirfram um að auka umfang eða vægi helmingaskipta. Ákvæðið tekur eingöngu til verðmæta sem þegar eru til staðar með ákveðnum hætti þannig að hjón geti gert sér grein fyrir umfangi þeirra. Rétt er að minna á að maki getur hvenær sem er meðan hjúskapur varir gefið hinu hjóna þau verðmæti sem hér um ræðir, að öllu leyti eða að hluta, eða ákveðið að nota peningana til sameiginlegra þarfa hjónanna. Ákvæðið gerir maka kleift að njóta eignarhalds meðan hjúskapur varir en með kaupmála semja við maka sinn um að verðmætin komi til skipta eftir því sem þau verða þá til staðar. Undirstrika ber að ákvæðið nær eingöngu til tiltekinna réttinda og veitir hjónum ekki rétt til að semja um að lögbundnar séreignir komi til skipta, svo sem erfðahluti maka sem stendur inni í óskiptu búi skv. 18. gr. erfðalaga eða réttindi skv. 30. gr. höfundalaga.

Í 1. tölul. 1. mgr. er fjallað um verðmæti tiltekinna útgreiddra lífeyrisréttinda. Ákvæðið á við hafi lífeyrisréttindum ekki þegar verið skipt samkvæmt samningi hjóna. Vert er að minna á að í þessum kafla frumvarpsins er afmarkað hvaða samninga hjón geta gert fyrirfram um atriði sem áhrif munu hafa á fjárskipti. Hér reynir á samspil samningsfrelsis samkvæmt ákvæðum lífeyrissjóðalaganna og hjúskaparlaga. Sérstaða lífeyrisréttinda er m.a. sú að gert er ráð fyrir að ákvæði 14. gr. lífeyrissjóðalaganna sé tæmandi um þá samninga sem hjón mega gera fyrirfram um skiptingu lífeyrisréttinda hjá lífeyrissjóði eða vörsluaðila, þ.e., eins og áður hefur verið nefnt, að skipta lífeyrisgreiðslum sem þegar eru hafnar, skipta áunnum lífeyrisréttindum eða skipta framtíðarréttindum, þ.e. þeim réttindum sem munu ávinnast eftir að samkomulag um skiptinguna hefur verið gert. Hjón geta aftur á móti ekki gert samning samkvæmt ákvæðum lífeyrissjóðalaganna um skiptingu lífeyrisréttinda sem þegar hafa verið greidd út þegar samningur er gerður, svo sem eftir að greiddur hefur verið út séreignalífeyrissparnaður við ákveðinn aldur. Í 78. gr. frumvarpsins er lagt til að hafi ekki verið samið um annað megi maki krefjast þess að tiltekin lífeyrisréttindi falli utan skipta, en á þetta reynir ekki fyrr en kemur að eiginlegum fjárskiptum. Í frumvarpinu er lagt til að hjón geti með kaupmála samið beint um stöðu lífeyrisréttinda fyrirfram með tvennum hætti. Í fyrsta lagi er tekið fram til áréttingar í 2. tölul. 2. mgr. 57. gr. frumvarpsins að hjón geti með kaupmála samið um að lífeyrisréttindi rétthafa verði séreign hans, og vísast nánar til skýringa

við það ákvæði. Um leið er vert að minna á að hjón geta skv. 4. tölul. 2. mgr. 57. gr. frumvarpsins einnig samið um að tiltekin fjárhæð verði séreign annars hjóna, t.d. með hliðsjón af muni á lífeyrisréttindum hvors hjóna. Í öðru lagi er hér lagt til að hjón geti með kaupmála samið um að verðmæti útgreiddra lífeyrisréttinda komi til skipta, þ.e. þeirra réttinda sem mætti krefjast að féllu utan skipta. Samkvæmt orðanna hljóðan á ákvæðið einungis við að því marki sem ekki er þegar til staðar samningur um skiptingu lífeyrisréttinda, þ.e. samningur samkvæmt lífeyrissjóðalögum. Nefna má sem dæmi hjón sem samið hafa samkvæmt lífeyrissjóðalögum um skiptingu allra lífeyrisréttinda, þau hafa eingöngu þann valkost að semja með kaupmála um að lífeyrisréttindi sem falla öðru hvoru þeirra í skaut verði séreign viðkomandi, sjá nánar skýringu á 2. tölul. 2. mgr. 57. gr. frumvarpsins. Hjón sem samið hafa samkvæmt ákvæðum lífeyrissjóðalaga t.d. um skiptingu lífeyrisréttinda í sameignarsjóði en ekki um lífeyrisréttindi í séreignarsjóði geta einnig valið að gera lífeyrissparnað að séreign réttihafa með kaupmála. Þau geta ekki með kaupmála mælt fyrir um skiptingu séreignarlífeyrisréttindanna meðan réttindin standa inni hjá lífeyrissjóði eða vörsluaðila en þau geta með kaupmála samið um að verðmæti þessara réttinda eftir að þau eru útgreidd muni falla undir fjárskipti.

Í 2. tölul. 1. mgr. er ákvæði um verðmæti bóta sem fallið geta utan skipta skv. 77. gr. frumvarpsins. Eins og tekið er fram í skýringum við það ákvæði á það við um bætur vegna tjónsatburðar sem þegar hefur orðið. Hjón geta því ekki með kaupmála samið um að bætur sem gætu fallið til vegna ófyrirséðra tjónsatburða í framtíðinni muni koma til skipta. Gera má ráð fyrir að helst reyni á ákvæðið ef tjónsatburður og afleiðingar hans eru líklegar til að hafa veruleg áhrif á stöðu og fjárhag maka tjónþolans. Rétt er að minna á að hjón geta einnig styrkt stöðu maka tjónþolans með því t.d. að gera tiltekna fjárhæð að séreign makans með kaupmála skv. 4. tölul. 2. mgr. 57. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 2. mgr. svipar til 2. tölul. 1. mgr. 57. gr. að öðru leyti en því að hér er tekið fram að semja megi um að eignir skv. 1. mgr. komi einungis til skipta við andlát. Ákvæðin eru af sömu rót runnin, þannig má semja um að séreignafyrirkomulag gildi við skilnað og falli úr gildi við andlát en ekki öfugt.

Ákvæði 3. mgr. er sambærilegt því sem gerð er krafa um við afmörkun séreigna og eigna sem krefjast má að standi utan skipta.

Um XII. kafla.

Í lögunum er víða tekið fram að samningar milli hjóna verði að vera í formi kaupmála. Í þessum kafla er safnað saman almennum ákvæðum um kaupmála, fyrst og fremst um form þeirra, skráningu og gildi. Ákvæðin eru að mestu leyti efnislega sambærileg ákvæðum XII. kafla laganna en framsetning þeirra er einfaldari og skýrari. Þá er að finna nýtt ákvæði um ógildingu kaupmála.

Kaupmálar eru oftast veigamiklir löggæringar þar sem mælt er fyrir um þá fjármálaskipan hjóna sem hefur úrslitaáhrif þegar kemur að fjárskiptum. Formreglur stuðla að því að vandað sé til verka um efni og frágang og þær eru til þess fallnar að treysta því að hjón undirriti löggæringinn að fúsum og frjálsum vilja. Ekki er gerð krafa um að löggæringur sé nefndur kaupmáli berum orðum en efni skjals verður að bera það ótvírætt með sér og vottum skal vera kunnugt að skjalið sé kaupmáli.

Um 61. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um form kaupmála. Ákvæðið kemur í stað 80. og 81. gr. laganna og er efnislega sambærilegt.

Samkvæmt 1. mgr. skal kaupmáli vera skriflegur og undirritaður af hjónum eða hjónaefnum og lögráðamanni ef viðkomandi er ólögráða. Áréttu ber að hjón eða hjónaefni verða sjálf að undirrita kaupmála og undirritun samkvæmt umboði er ekki gild. Þá er þörf undirritunar þess sem sviptur hefur verið lögræði og að auki undirritun lögráðamanns. Lögráðamaður getur því ekki staðið einn að undirritun kaupmála í stað hins ólögráða en vekja má athygli á að lögráðamaður getur krafist fjárskipta án skilnaðar, sbr. XIII. kafla.

Í 2. mgr. er fjallað um staðfestingu undirritunar. Þrjár leiðir koma til greina, að undirritun sé staðfest af sýslumanni, lögmanni eða tveimur vottum sem skulu verða samtímis viðstaddir. Gerð er krafa um að vottar séu lögráða, þeir riti nöfn sín og kennitölur á kaupmálann og að þeim sé kunnugt um að skjalið sé kaupmáli. Um hæfi votta segir í gildandi lögum að þeir skuli vera staðfestingarhæfir samkvæmt réttarfarslögum. Með því er átt við að þeir geti ekki skorast undan því að gefa vitnaskýrslu fyrir dómi í einkamáli, sbr. 52. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Lagt er til að það komi fram berum orðum í ákvæðinu.

Um 62. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um gildi kaupmála. Ákvæðið kemur í stað 82. gr. laganna en orðalagi er lítillega breytt. Þá hefur ákvæðið að geyma nýmæli um ógildingu kaupmála.

Samkvæmt 1. mgr. er kaupmáli ekki gildur nema hann sé undirritaður, vottaður og skráður í kaupmálabók í samræmi við ákvæði kaflans. Áréttu ber að það hefur ekki áhrif á gildi kaupmála þótt það farist fyrir að skrá hann í allsherjarskrá um kaupmála og auglýsa hann í Lögbirtingablaði, sbr. 64. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er að finna nýmæli um ógildingu kaupmála. Eðli málsins samkvæmt getur reynt á það fyrir dómi hvort kaupmáli er yfirleitt gildur eða ekki, t.d. hvort hann var undirritaður af fúsum og frjálsum vilja, hvort vottar voru hæfir og hvort hann uppfyllir skilyrði laga um tegund og efnisatriði. Þá kann kaupmáli að falla úr gildi samkvæmt lögmæltum skilyrðum, sbr. 57. gr. Í gildandi er lögum er ekki fjallað með beinum hætti um ógildingu kaupmála en ljóst er að dómstólar hafa metið gildi kaupmála með hliðsjón af reglum um ógildingu samninga. Í ákvæðinu er lagt til að taka af skarið og mæla fyrir um að kaupmála sé unnt að fella úr gildi að nokkru eða öllu leyti með dómi með stoð í ógildingarreglum samningaréttar. Er þar átt við lögbundnar og ólögbundnar ógildingarreglur, svo sem nauðung, svik, misneytingu, misskilning og brostnar forsendur. Meðal annars getur reynt á ákvæði 36. gr. samningalaganna. Auk þeirra almennu atriða sem þá koma til skoðunar er tekið fram að m.a. skuli líta til ákvæða laganna um fjármál hjóna og um fjárskipti. Með því er minnt á að efni kaupmála getur þurft að spegla við annað regluverk laganna með heildstæðum hætti. Sem dæmi kann kaupmáli þar sem arfur maka er gerður að séreign hans að litast af því að arfur hins hjóna hafi þegar verið gerður að séreign þess hjóna með ákvörðun arfleifanda.

Um 63. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um skráningu kaupmála í kaupmálabók. Ákvæðið kemur í stað 83.-85. gr. laganna en lagt er til að orða efnisatriði með einfaldari hætti.

Samkvæmt 1. mgr. er óbreytt regla um að kaupmála skuli skrá í kaupmálabók sýslumanns. Óskráður kaupmáli hefur ekkert gildi og er ekki hægt að byggja á honum við fjárskipti. Minna má þó á að hjónum er heimilt að gefa eftir af tilkalli sínu til eigna þegar að fjárskiptum kemur.

Þá er vert að taka fram að skráning kaupmála felur ekki í sér staðfestingu á að engir þeir annmarkar séu á kaupmálanum sem leitt geti til ógildingar hans síðar.

Í 2. mgr. er óbreytt regla um hvar skuli skrá kaupmála að öðru leyti en því að í stað Reykjavíkur er gert ráð fyrir umdæmi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu.

Í 3. mgr. er að finna það nýmæli til einföldunar að í stað þess að mæla fyrir um frágang skjala og framkvæmd skráningar kaupmála í hjúskaparlögum fari um þessi atriði samkvæmt ákvæðum þinglýsingarlaga eftir því sem við getur átt. Er það efnislega í samræmi við ákvæði laganna. Til að taka af öll tvímæli er þess getið að gildi skráningar teljist frá dagsetningu vottorðs um viðtökudag.

Ofangreindu til fyllingar er í 4. mgr. að finna heimild ráðherra til að setja nánari reglur um skráningu kaupmála með reglugerð.

Um 64. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um allsherjarskrá um kaupmála og birtingu í Lögbirtingablaði. Ákvæðið er sama efnis og 86. gr. laganna og þarfnast ekki skýringa.

Um 65. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um þinglýsingu kaupmála. Ákvæðið er sama efnis og 87. gr. laganna. Til áréttingar er tekið fram að ef kaupmáli varði eign sem skráð er í öðru umdæmi beri sýslumanni að framsenda kaupmálann þangað til þinglýsingar.

Um 66. gr.

Í ákvæðinu er vikið að breytingu eða niðurfellingu kaupmála. Ákvæðið kemur í stað 88. og 89. gr. laganna en er sama efnis.

Ákvæði 1. mgr. stendur í beinum tengslum við ákvæði 6. mgr. 57. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að kaupmála sé einungis hægt að breyta eða fella hann niður með nýjum kaupmála. Hér er áréttað að við breytingu og niðurfellingu kaupmála skuli gæta allra formreglna kaflans.

Í 2. mgr. er fjallað um aðstæður þar sem kaupmáli hefur hætt að gegna hlutverki sínu, þ.e. þegar fjárskiptum er lokið. Má þá krefjast afskráningar hans úr kaupmálabók.

Um 67. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um upplýsingar um kaupmála. Ákvæðið er sama efnis og 90. gr. laganna og þarfnast ekki skýringa.

Um XIII. kafla.

Í þessum kafla er að finna reglur um fjárskipti milli hjóna án þess að skilnaður fari fram. Kaflinn er efnislega sambærilegur XIII. kafla gildandi laga. Ákvæðum kaflans er ekki oft beitt í framkvæmd en engu að síður þykir mikilvægt að þetta réttarræði sé til staðar. Nefna má sem dæmi að því hefur verið slegið föstu að ef maki er ekki fær um að ráða fjármálum sínum geti skipaður lögráðamaður krafist opinberra fjárskipta án skilnaðar ef sú staða er uppi sem lýst er í 68. gr. Getur þetta veitt makanum mikilvæga réttarvernd án þess að þörf sé á skilnaði. Áréttar ber að hvorki skuldheimtumenn né erfingjar hjóna geta krefjast opinberra fjárskipta án skilnaðar.

Kaflinn fjallar fyrst og fremst um opinber fjárskipti án skilnaðar. Vert er að nefna að hjón sem þess óska geta náð sambærilegri niðurstöðu með því að gera kaupmála um algert séreignarfyrirkomulag.

Um 68. gr.

Samkvæmt 1. mgr. geta hjón staðið saman að ósk um opinber skipti til fjárlita án skilnaðar.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um heimild hvors hjóna um sig til að krefjast opinberra skipta til fjárlita án skilnaðar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Skilyrðin eru þau sömu og mælt er fyrir um í gildandi lögum. Maki sem krefst fjárskipta hefur sönnunarbyrði fyrir því að skilyrðum sé fullnægt.

Samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. kemur í fyrsta lagi til álita að sýna fram á að hitt hjóna hafi þegar rýrt hjúskapareign sína með tilteknum hætti. Ákvæðið tekur einungis til meðferðar á hjúskapareignum en á ekki við um séreignir, enda eru þær ekki andlag skipta. Vert er að taka fram að skilyrðið um vangæslu á fjármálum ber að skýra svo að ekki þurfi að vera um ámælisverða háttsemi eða ásetning að ræða. Getur fallið hér undir t.d. verulegt hirðuleysi um verðmæti eða skortur á fyrirhyggju eða eðlilegri aðgát í fjármálum og viðskiptum. Þó þarf að gæta þess að skerða ekki um of athafnafrelsi þess sem krafa um fjárskipti beinist að. Undir misbeitingu og óhæfilega háttsemi geta fallið athafnir eða athafnaleysi sem hefur það markmið að rýra eignir meira en sanngjarnt getur talist. Í öðru lagi má verða við kröfu maka sem sýnir fram á háttsemi sem gefur sérstakt tilefni til að óttast rýrnun hjúskapareigna. Hér þarf að meta aðstæður hverju sinni, þ.e. í hverju háttsemi er fólgin og hvaða áhætta er henni samfara.

Samkvæmt 2. tölul. 2. mgr. getur annað hjóna krafist fjárlita án skilnaðar ef bú hins er tekið til gjaldþrotaskipta. Við mat á því hvort heppilegt er að fara þessa leið verður að taka tillit til þess að við fjárskiptin samkvæmt þessum kafla fara almennt fram helmingaskipti milli hjónanna en við gjaldþrotaskipti á búi annars hjóna fara á hinn bóginn ekki fram fjárskipti milli hjóna samkvæmt ákvæðum hjúskaparlaga.

Um 69. gr.

Ákvæðið kemur í stað 91. gr. gildandi laga. Í stað þess að mæla fyrir um málsmeðferð í hjúskaparlögunum er lagt til að mæla fyrir um að um varnarþing, meðferð kröfu og framkvæmd opinberra skipta fari samkvæmt ákvæðum XIV. kafla laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991.

Um 70. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um efnisreglur um skiptin og eignafyrirkomulag eftir skiptalok. Ákvæðið kemur í stað 93. og 94. gr. laganna en er sama efnis.

Samkvæmt 1. mgr. skal beita sömu efnisreglum um fjárskipti án skilnaðar og eiga við um fjárskipti vegna skilnaðar skv. XIV. kafla. Meginreglan er því helmingaskipti á hjúskapareignum hvors um sig en reynt getur á rétt til að halda eignum utan skipta og t.d. ákvæði um rétt til endurgjalds eða eftirgjöf á tilkalli til eigna eftir atvikum.

Í 2. mgr. er tekið fram að það sem hvort hjóna eignast eftir viðmiðunardag skipta og það sem hvort hjóna fær í sinn hlut við skiptin verði framvegis séreign þess í hjúskapnum. Þá er lagt til að taka af öll tvímæli um að hjón geti breytt þessu fyrirkomulagi með kaupmála, þ.e. ákvæðið að séreign verði hjúskapareign að öllu leyti eða að hluta. Gætu þau t.d. ákvæðið að

eign skuli vera séreign ef til skilnaðar kemur en hjúskapareign að öðru hvoru látnu, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 57. gr.

Um XIV. kafla.

Í þessum kafla er að finna reglur sem gilda um fjárskipti milli hjóna við lok hjúskapar. Annars vegar er um að ræða heildstæðar efnisreglur sem gilda um fjárskiptin. Hins vegar er um að ræða helstu formreglur um framkvæmd fjárskipta. Í lögum um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991 er að öðru leyti að finna heildstæðar reglur um framkvæmd fjárskipta.

Í frumvarpinu er að finna allmörg nýmæli um fjárskipti. Í fyrsta lagi er lagt til að breyta skipulagi, framsetningu og orðalagi ákvæða. Í öðru lagi er lagt til að kaflinn hafi í ríkari mæli að geyma almenna útlistun á lykilatriðum við framkvæmd fjárskipta, svo sem um viðmiðunardag skipta, verðmat, framkvæmd helmingaskipta, úthlutun og útlagningu. Markmiðið er að gefa aðgengilega og skýrara yfirlit yfir skiptaferli sem hefur m.a. ótvírætt leiðsagnargildi fyrir hjón við gerð fjárskiptasamnings. Umrædd ákvæði taka skýrt mið af ákvæðum skiptalaga þar sem einnig er að finna nánari útlistun einstakra atriða. Í þriðja lagi er að finna nýmæli um um heimildir hjóna til að afla upplýsinga um eignir og skuldir og um rétt til að krefjast skráningar eigna og mats á verði eigna og skulda. Í fjórða lagi er breytt ákvæðum um verðmæti sem fallið geta utan fjárskipta. Skipta þar mestu máli mikilvæg nýmæli um stöðu lífeyrisréttinda við fjárskipti. Í fimmta lagi eru breytt og skýrari ákvæði um endurgjald. Í sjötta lagi er lagt til það mikilvæga nýmæli að sýslumaður geti úrskurðað um að fjárskipti verði ekki knúin fram. Í sjöunda lagi eru dregnar saman sérreglur sem gilda um fjárskipti vegna andláts. Að lokum er í áttunda lagi lagt til breytt ákvæði um ógildi fjárskiptasamnings.

Um 71. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um tilefni fjárskipta. Sterk rök þykja mæla með því að fjárskipti milli hjóna fari fram við skilnað og ógildingu hjúskapar. Áréttá ber að fjárskipti skulu fara fram við skilnað að borði og sæng eða lögskilnað án undangengins skilnaðar að borði og sæng. Ef skilnaður að borði og sæng er undanfari lögskilnaðar er gert ráð fyrir að sömu skilnaðarkjör gildi nema hjón semji sérstaklega um annað.

Við skilnaðinn rofnar samstaða hjóna að mestu leyti, mikilvægt er að stuðla að því að hjónin fái gott yfirlit yfir eignir og stöðu skulda og að fram fari allsherjaruppgjör sem gerir hvoru hjóna betur kleift að átta sig á stöðu sinni og skipuleggja framtíðina. Ákvæðið stendur í beinu samhengi við ákvæði 35. gr. frumvarpsins um skilnaðarkjör. Af því ákvæði má ráða að þess er ekki krafist afdráttarlaust að skiptum sé lokið áður en veitt er leyfi til skilnaðar en mál verða að vera í ákveðnum farvegi þar sem stefnt er að skiptalokum.

Samkvæmt 2. málsl. eiga ákvæði kaflans einnig við um fjárskipti sem fara fram vegna andláts annars hjóna nema annars sé sérstaklega getið. Markmið með fjárskiptum milli hjóna vegna andláts annars þeirra er að afmarka þær eignir og skuldir sem tilheyra dánarbúi sem kemur í kjölfarið til skipta samkvæmt ákvæðum erfðalaga.

Um 72. gr.

Í ákvæðinu er almenn afmörkun andlags skipta. Ákvæðið er efnislega sambærilegt við 99. gr. laganna.

Samkvæmt 1. mgr. er meginreglan sú að fjárskipti milli hjóna taki til hjúskapareigna og skulda hvors um sig, sbr. 43. gr. frumvarpsins. Lög geta þó mælt fyrir um annað, sbr. ákvæði 76.-78. gr. frumvarpsins um rétt til að krefjast þess að tilteknum hjúskapareignum verði haldið

utan skipta og 2. mgr. 80. gr. frumvarpsins um skuldir sem standa utan skipta. Ef séreignir hafa verið til staðar í hjúskap getur þurft að meta hvort þær eru enn til staðar nægilega sérgreindar og hvaða skuldir kunni að fylgja þeim. Sönnunarbyrði hvílir fyrst og fremst á þeim sem heldur því fram að eignir komi ekki undir skiptin.

Í 2. gr. er tekið fram að heimilt sé að draga séreignir undir fjárskipti ef þörf er á til að fullnægja endurgjaldskröfum.

Um 73. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um viðmiðunardag skipta. Ákvæðið er að mestu efnislega sambærilegt við 1. mgr. 101. gr. laganna þar sem fjallað er um tímamark við úrlausn um eignir og skuldir og 1. mgr. 104. gr. skiptalaganna. Hér er notað orðalagið um viðmiðunardag skipta sem hefur fest sig í sessi m.a. í dómaframkvæmd.

Af 1. mgr. má ráða að viðmiðunardagur skipta hefur mjög mikla þýðingu því hann ræður úrslitum um hvaða eignir og skuldir koma til álita við skiptin.

Í 2. mgr. er að finna skýrari framsetningu á þeim atriðum sem ráða viðmiðunardegi skipta. Er þar fyrst nefnt samkomulag hjóna sem gengur framár öðrum atriðum. Að því slepptu miðast viðmiðunardagur skipta í framkvæmd oftast við það tímamark þegar sýslumaður tók fyrst fyrir beiðni um skilnað. Þá kann viðmiðunardagur skipta að miðast við dómsmál sem höfðað er um ógildingu hjúskapar eða við fyrirtöku kröfu um opinber skipti ef óskað er opinberra skipta til fjárslita án skilnaðar.

Í 3. mgr. er vísað til nýmælis 79. gr. um sérreglur sem gilda um viðmiðunardag þegar skipti fara fram eftir andlát.

Um 74. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um heimild hjóna til að óska upplýsinga með tilteknum hætti um eignir og skuldir og til að krefjast skráningar og verðmats. Ákvæðið er nýmæli sem hefur það að markmiði að auðvelda hjónum að ljúka fjárskiptum án þess að óska opinberra skipta. Samkvæmt gildandi lögum hefur maki engar heimildir til að afla upplýsinga um eignir og skuldir hins hjóna og getur þetta gert hjónum erfitt um vik að meta samningsstöðu sína við gerð fjárskiptasamnings. Nauðsynlegt er að fjárskiptasamningur byggi á réttum upplýsingum og því afar mikilvægt að annað hjóna eða bæði geti með formlegum hætti leitað upplýsinga um eignir og skuldir, krafist skráningar eigna og skulda og mats á verðmæti þeirra. Getur þetta í einhverjum tilvikum dregið úr umstangi og kostnaði sem fylgir opinberum skiptum. Um leið ber að áréttta að með þessu er ekki dregið úr rétti hjóna til að óska opinberra skipta ef það er talið henta betur.

Í 1. mgr. er lagt til að ákveðin úrræði standi hjónum til boða þegar sammæli hafa ekki tekist um fjárskipti vegna skilnaðar og ekki hefur verið sett fram krafa um opinber skipti. Samkvæmt orðalagi ákvæðsins um fjárskipti vegna skilnaðar er gert ráð fyrir að annað hjóna eða þau bæði hafi óskað leyfis til skilnaðar.

Í 1. tölul. er lagt til að hvort hjóna geti óskað heimildar sýslumanns til að krefjast upplýsinga hjá öðrum um eigna og skuldastöðu hins hjóna og að fenginni slíkri heimild beri að láta hjónum upplýsingar í té. Ákvæðinu svipar til 24. gr. skiptalaga um að erfingi geti fengið skriflega heimild sýslumanns til að krefjast upplýsinga hjá öðrum um eignir dánarbús og skuldastöðu þess, svo og að sínu leyti til ákvæðis 10. gr. um upplýsingaöflun sýslumanns um málefni dánarbús og skyldu annarra til að láta upplýsingar í té.

Í 2. tölul. er lagt til að hjón geti óskað skráningar eigna og skulda og að eignir og skuldir verði metnar til peningaverðs.

Í 2. mgr. eru mælt fyrir um nánari formskilyrði.

Í 3. mgr. er tekið fram að um skrásetningu og mat eigna fari að öðru leyti skv. 17.-23. gr. skiptalaganna. Til samanburðar er rétt að geta þess að skv. 17. gr. skiptalaganna er erfingjum heimilt að fara fram á skrásetningu og mat á eignum án þess að dánarbú hafi verið tekið til opinberra skipta. Samkvæmt 3. mgr. 17. gr. á þetta m.a. við hafi sá látni verið í hjúskap en þá getur erfingi hins látna krafist skrásetningar og mats á hjúskapareignum og séreignum maka hans.

Um 75. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að hjúskaparlögin hafi að geyma almennt viðmið um verðmat eigna og skulda við fjárskipti. Markmiðið er að skapa betri heildarsýn yfir ferli skipta þar sem ákvörðun um verðgildi er órjúfanlegur hluti fjárskipta. Ákvæðið er nýmæli í hjúskaparlögum en er sambærilegt við 20. gr., sbr. 3. mgr. 105. gr. skiptalaga

Undirstrika ber að ákvæði um viðmiðunardag skipta varðar eingöngu það álitamál hvaða eignir og skuldir falli undir skiptin en tekur ekki til þess við hvaða tímamark skuli miða mat á verðgildi eignanna og stöðu skuldanna. Ljóst er fjárskipti eru misumfangsmikil, langur tími getur liðið frá því t.d. að sýslumaður tók fyrst fyrir beiðni um leyfi til skilnaðar og þar til komið er að úthlutun og útlagningu og á þeim tíma geta orðið breytingar á verðmæti eigna og stöðu skulda sem heyra undir skiptin.

Af ákvæðinu má ráða að hjón geta í fyrsta lagi sammælt um það tímamark sem verðmæti eigna og skulda miðast við. Mikilvægt er að hjón geri sér grein fyrir áhrifum þessa og afleiðingum á niðurstöðu skiptanna. Óljósar ákvarðanir í þessum eignum geta verið einn liður í því að fjárskiptasamningur verði metinn bersýnilega ósanngjarn, sbr. 90. gr. frumvarpsins. Vísast nánar til skýringa við það ákvæði.

Ef ekki er samið um annað miðast verðmat við gangverð eigna þegar mat fer fram gegn staðgreiðslu kaupverðs og stöðu skulda við úthlutun. Vert er að nefna að við opinber skipti gildir ákvæði 5. mgr. 22. gr., sbr. 3. mgr. 105. gr. skiptalaga, um vexti ofan á matsverð.

Um 76. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um tiltekin persónuleg verðmæti sem krefjast má að falli utan skipta. Ákvæðið er sambærilegt við 1. og 3. tölul. 1. mgr. 102. gr. laganna og á samhljómi með 2. mgr. 104. gr. skiptalaga. Þykir fara betur á því að fjalla um þessi verðmæti í sérstöku lagaákvæði. Vert er að benda á í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 2. mgr. 104. gr. skiptalaganna til áréttingar á því að það ákvæði eigi ekki bara við um persónuleg verðmæti heldur eigi það við um allar eignir sem krefjast má að standi utan skipta samkvæmt ákvæðum hjúskaparlaga. Þá er mikilvægt að benda á að í 79. gr. frumvarpsins er að finna sérreglur um beitingu þessa ákvæðis vegna fjárskipta sem fara fram í kjölfar andláts.

Af 1. mgr. má skýrt ráða að persónuleg verðmæti eru hjúskapareignir. Þessi verðmæti koma því til skipta nema skilyrði ákvæðisins séu talin uppfyllt. Með sama hætti og á við um gildandi lög getur maki krafist þess að tiltekin verðmæti komi í hans hlut utan skipta, gera má ráð fyrir að oftast sé um að ræða hjúskapareignir makans sjálfs en ekki er útilokað að um sé að ræða hjúskapareignir hins hjóna ef munir hafa eingöngu verið til afnota fyrir þann sem kröfuna gerir.

Undir ákvæðið falla m.a. verðmæti sem eru persónulegs eðlis eða ekki er hægt að afhenda, sbr. 57. gr. gildandi laga, muni sem eru til persónulegra nota eða vegna atvinnu eða menntunar, eða sem hafa sérstakt minjagildi. Undir þetta geta fallið t.d. föt, skartgripir, skrautmunir, íþróttabúnaður ýmis konar, bækur, námsgögn og persónulegur tölvubúnaður.

Samkvæmt 2. mgr. tekur sá sem fær verðmæti utan skipta skv. 1. mgr. að sér skuldir sem orðið hafa til vegna öflunar þeirra.

Í 3. mgr. er gerður fyrirvari um að ákvæði 1. mgr. eigi ekki við ef verðgildi munanna er slíkt að það verði talið ósanngjarnt gagnvart hinu hjónanna.

Um 77. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um bætur sem fallið geta utan skipta. Ákvæðið er að flestu leyti efnislega sambærilegt við 4. tölul. 1. mgr. 102. gr. laganna en lagðar eru til orðalagsbreytingar til skýringa og nokkrar áherslubreytingar. Þá kemur ákvæðið að sínu leyti í stað 3. mgr. 18. gr. skaðabótalaga og 3. másl. 2. mgr. 100. gr. váttryggingarsamningalaga. Brýnt er að hjúskaparlög hafi að geyma heildstæða mynd af réttindum hjóna sem falla innan eða utan fjárskipta. Þykir því fara betur á því að færa efnið úr sérreglum og samræma það almennum reglum hjúskaparlaga um fjárskipti. Mikilvægt er að benda á að í 79. gr. frumvarpsins er að finna sérreglur um beitingu þessa ákvæðis vegna fjárskipta sem fara fram í kjölfar andláts.

Sterk rök standa til þess að bætur af því tagi sem ákvæðið tekur til falli utan skipta enda standa þær í beinu samhengi við sérstakar persónulegar aðstæður bótaþega. Í ákvæðinu er tekið af skarið um að tiltekna bætur falli utan skipta nema því aðeins að hjón semji um annað. Ekki er því gert ráð fyrir sérstöku mati á sanngirni hvað bætur varðar. Átt er við bætur vegna tjónsatviks sem á sér stað fyrir viðmiðunardag skipta óháð því hvort endanleg fjárhæð bóta hefur verið ákveðin eða bætur þegar greiddar rétt hafa eftir þeim reglum sem um það gilda. Ákvæðið er ekki bundið við bætur sem ákvarðaðar hafa verið samkvæmt íslenskum lögum þó geri megi ráð fyrir að það eigi oftast við.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. á ákvæðið við um skaðabætur vegna líkamstjóns. Er hér fyrst og fremst átt við bætur sambærilegar þeim sem fjallað er um í I. kafla skaðabótalaga nr. 50/1993, þ.e. bætur vegna sjúkrakostnaðar, fjártjóns sem tengist tjónsatviki, þjánínga, varanlegs miska, örorku og bætur vegna missi framfæranda. Í tilviki bóta vegna missis framfæranda er vert að áréttu að maki sem fengið hefur bætur vegna missis framfæranda getur krafist þess að þær falli utan skipta við slit síðari hjúskapar. Að sama skapi getur barn sem fengið hefur bætur vegna missis framfæranda krafist þess að þeim verði haldið utan skipta við slit hjúskapar sem viðkomandi stofnar til. Ekki skiptir máli á hvaða lagagrundvelli bætur eru ákvarðaðar. Eiga hér t.d. við bætur sem ákvarðaðar hafa verið við aðstæður sambærilegar þeim sem lýst er í lögum nr. 47/2024 um sjúklingatryggingu.

Vert er að áréttu að ákvæðið á ekki við um skaðabætur vegna líkamstjóns tjónþola sem falla til sem arfur eftir tjónþolann, hvorki bætur sem tjónþola hafa verið greiddar fyrir andlát né bætur sem dánarbú gerir kröfu um vegna tjónsatviks sem átti sér stað fyrir andlát tjónþola.

Samkvæmt 2. tl.1. mgr. er um að ræða bætur fyrir miska sambærilegar þeim sem 26. gr. skaðabótalaga nær til, þ.e. bætur fyrir ófjárhagslegt tjón vegna líkamstjóns eða dauða eða meingerðar gegn frelsi, persónu, friði eða æru. Nær ákvæðið m.a. til miskabóta sem þeim sem veldur dauða annars manns með tilteknum hætti er gert að greiða maka, börnum eða foreldrum. Rétt hafa bótanna geta krafist þess að þeim verði haldið utan skipta í hjúskap sem þau eru í eða kunna að stofna til síðar. Áréttu ber að ákvæðið á ekki við um miskabætur tjónþolans sjálfs sem falla til sem arfur.

Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. er um að ræða bætur almannatrygginga vegna líkamstjóns.

Samkvæmt 4. tl. 1. mgr. er um að ræða bætur samkvæmt váttryggingarsamningi vegna lífs-, heilsu- eða líkamstjóns og felur það ákvæði í sér nokkur nýmæli. Ákvæðið nær fyrst og fremst til líftrygginga, slysatrygginga og sjúkratrygginga, sbr. til hliðsjónar 1. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, þ.e. að því marki sem réttihafa eru greiddar bætur vegna lífs-, heilsu- eða líkamstjóns. Rétt er að geta þess að váttryggingu má taka vegna lífs eða heilsu váttryggingartakans sjálfs eða annarra. Undirstrika ber að túlkun ákvæðisins ræðst af efni váttryggingarsamnings en ekki heiti hans. Í tilviki samsettra líftrygginga nær ákvæðið t.d. eingöngu til bóta sem greiddar eru vegna andláts eða tjóns á líkama eða heilsu en ekki bóta sem greiddar eru vegna söfnunarþáttar, þ.e. þegar um er að ræða tryggingar þar sem iðgjöldum er m.a. ætlað að byggja upp réttindi til innlausnar við ákveðinn aldur, ýmist í einu lagi eða með öðrum tilgreindum hætti. Með hliðsjón af eðli samninga af þessu tagi og undirstöðusjónarmiðum hjúskaparréttar þykja standa sterk rök til þess að slíkir afmarkaðir söfnunarþættir persónutrygginga komi til skipta við hjúskaparlok með sama eða svipuðum hætti og aðrar hjúskapareignir. Um skiptingu og uppgjör þessara réttinda vísast til 3. tölul. 1. mgr. 84. gr. frumvarpsins.

Með sama hætti og á við í gildandi hjúskaparlögum nær ákvæðið til bóta sem maki hefur fengið samkvæmt váttryggingarsamningi vegna eigin líkams- eða heilsutjóns. Þá er gert ráð fyrir að ákvæðið leysi af hólmi og eigi efnislega við um aðstæður sem lýst er í 3. másl. 2. mgr. 100. gr. vsl., þar sem tekið er fram að váttryggingarfjárhæð sem fellur til við andlát váttryggingartaka og rennur til maka hans teljist ekki til þeirra eigna sem skipta eigi að jöfnu eftir ákvæðum hjúskaparlaga. Ákvæðið er háð því að maki eigi rétt á bótunum, þ.e. að hvorki hafi verið veitt leyfi til skilnaðar eða kveðinn upp dómur um ógildingu né hafi váttryggingartaki ráðstafað fjárhæðinni sérstaklega til annars aðila. Rök fyrir þessu eru þau sömu og átt hafa við um ákvæði váttryggingarsamningalaganna. Nýmæli er að ákvæðið nái einnig til annarra bóta sem maki kann að hafa fengið áður samkvæmt váttryggingarsamningi vegna lífs-, heilsu- eða líkamstjóns annars. Um getur verið að ræða m.a. bætur sem maki kann að hafa fengið lögbundið úr líftryggingu við fráfall fyrri maka, sbr. 100. gr. vsl., eða sem maki kann að hafa fengið lögbundið með öðrum hætti, eða sem tilefndur réttihafi að váttryggingarfjárhæð, t.d. lögbundið sem niðji eða tilnefndur réttihafi vegna fráfalls fyrri sambúðarmaka eða fráfalls foreldris. Ákvæði váttryggingarsamningalaga um rétt til að fá greidda váttryggingarfjárhæð við andlát miða almennt við þann sem hefur mesta þörf fyrir fjármunina til að takast á við þær breytingar sem andlátinu fylgja eða þann sem váttryggingartaki ráðstafar bótum til. Þetta þykir réttlæta að bótum af þessu tagi fylgi nokkur sérstaða við fjárskipti milli hjóna.

Samkvæmt 5. tölul. falla einnig utan skipta vextir, verðbætur og það sem kemur í stað verðmæta skv. 1.-4. tölul. 1. mgr. Í ákvæði 102. gr. laganna er ekki vikið að þessu sérstaklega. Rétt að geta þess að samkvæmt greinargerð sem fylgdi frumvarpi til skaðabótalaga á regla 3. mgr. 18. gr. skaðabótalanna, um að bætur komi ekki til fjárskipta milli hjóna, einungis við um bæturnar sjálfar en ekki vexti, arð eða verðaukningu. Með þessu ákvæði í frumvarpinu er farin önnur leið enda þykir sanngjarnt að ávöxtun bóta standi utan skipta með sama hætti og bæturnar sjálfar.

Samkvæmt 2. mgr. á ákvæði 1. mgr. ekki við um bætur vegna tímabundins atvinnutjóns enda koma slíkar bætur í stað launa sem alla jafna koma til skipta. Er þetta að sínu leyti einnig í samræmi við 3. mgr. 18. gr. skaðabótalaga.

Í 3. mgr. er tekið fram að ákvæði 1. mgr. eigi einungis við að því marki sem verðmætin eru til staðar á viðmiðunardegi skipta og verða sérgreind. Er þetta sambærileg regla og á við um séreignir sem standa utan skipta, sbr. 2. málsl. 4. mgr. 44. gr. frumvarpsins, sbr. einnig 2. mgr. 78. gr. frumvarpsins. Sönnunarbyrði um þessi atriði fellur á þann sem krefst þess að bótum verði haldið utan skipta. Samkvæmt ákvæðinu er ekki nægilegt að sýna fram á að tilteknar bætur hafi einhvern tíma verið greiddar út heldur verður að sýna fram á hvernig bótum hafi verið ráðstafað og hvernig þær hafi myndað tiltekin verðmæti sem séu enn til staðar á viðmiðunardegi skipta. Krafa um að bætur standi utan skipta kemur þannig t.d. ekki til álita ef bæturnar hafa runnið til gjafa, framfærslu, neyslu eða verðmætin farið forgörðum með öðrum hætti eða ef bætur hafa blandast öðrum eignum þannig að verðmætin verði ekki sérgreind.

Í 4. mgr. er minnt á nýmæli 79. gr. frumvarpsins sem hefur að geyma sérreglur um fjárskipti vegna andláts.

Um 78. gr.

Í ákvæðinu er að finna mikilvæg nýmæli um stöðu lífeyrisréttinda við fjárslit milli hjóna. Eru hér afmarkaðar þær tegundir lífeyrisréttinda sem krefjast má að falli utan fjárskipta. Gefur það um leið til kynna hvaða tegundir lífeyrisréttinda koma almennt til skipta, sbr. og 84. gr. um skiptingu og uppgjör vegna lífeyrisréttinda sem koma til skipta. Vísast nánar til skýringa í almennum athugasemdum. Ákvæðið kemur í stað 2. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 102. gr. hjúskl. Rétt er að taka fram að ákvæðið er ekki bundið við lífeyrisréttindi sem aflað hefur verið hér á landi eða samkvæmt íslenskum lögum þó geri megi ráð fyrir að það eigi oftast við. Ef ágreiningur verður um lífeyrisréttindi sem aflað er annars staðar en hér á landi verður að meta í hvert sinn hvernig þau falla að ákvæðum laganna.

Undirstrika ber að í ákvæðinu er í fyrsta lagi fjallað um heimildir hvors hjóna til að krefjast þess að tiltekin lífeyrisréttindi falli utan fjárskipta vegna skilnaðar. Í öðru lagi er fjallað um viðtækari heimildir langlífari maka til að krefjast þess að lífeyrisréttindi hans falli utan fjárskipta vegna andláts. Til viðbótar er vert að benda á að í 79. gr. frumvarpsins er að finna sérreglur um beitingu þessa ákvæðis vegna fjárskipta sem fara fram í vegna andláts.

Ákvæðið á við hafi ekki verið samið um annað. Það á því ekki við að því marki sem hjón hafa samið skv. 3. mgr. 14. gr., sbr. 2. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem heimilar hjónum að semja um skiptingu lífeyrisréttinda með tilteknum hætti eða að því marki sem hjón kunna að hafa samið um skiptingu lífeyrisréttinda samkvæmt lögum annarra landa. Undirstrika ber að hjón geta ekki gert samninga sem fela í sér ráðstöfun eða framsal ógreiddra lífeyrisréttinda sem aflað er hér á landi nema skv. 3. mgr. 14. gr. lífeyrissjóðalaganna. Um leið má minna á að hjón geta gert kaupmála þar sem lífeyrisréttindi maka eru að hluta eða öllu leyti gerð að séreign makans sjálfs í skilningi hjúskaparlaga enda er það ekki talið fela í sér ráðstöfun eða framsal réttinda. Getur þetta tekið til allra lífeyrisréttinda eða til afmarkaðra hluta þeirra. Með því að gera lífeyrisréttindi skv. 1. tölul. 1. mgr. að séreign lífeyrisþegans með kaupmála má m.a. koma í veg fyrir ágreining hjóna um túlkun sanngirnismælikvarða 3. mgr. ákvæðisins Með kaupmála má einnig gera viðbótarlífeyrissparnað að öllu leyti eða að hluta að séreign lífeyrisþegans. Þá er rétt að geta þess að varðandi lífeyrisréttindi sem koma til skipta er ekki útilokað að reynt geti á ákvæði 83. gr. frumvarpsins um frávik frá helmingaskiptum, að þar tilgreindum skilyrðum uppfylltum. Að lokum er mikilvægt að undirstrika að ákvæði 81. gr. frumvarpsins, um heimild

til að gefa eftir af tilkalli til eigna, veitir hjónum svigrúm til að semja um ráðstöfun fjármuna sem þegar hafa verið greiddur út eða verðmæti sem komið hafa í stað slíkra fjárhæða.

Í 1. mgr. er lagt til að maki geti krafist þess að utan fjárskipta vegna skilnaðar falli tiltekin lífeyrisréttindi. Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. er þar um að ræða lífeyrisréttindi sem myndast af greiðslu lágmarksiðgjalds. Er hér fyrst og fremst átt við lágmarksiðgjald sem mælt er fyrir um í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Hér getur einnig reynt á túlkun laga annarra ríkja eftir því sem við á. Gildir þetta jafnt um öll réttindi sem myndast með greiðslu lágmarksiðgjalds, það er réttindi sem falla í sameignardeild og eftir atvikum í séreignardeild sem tilgreind, bundin eða frjáls séreign. Þá gildir ákvæðið óháð því hvort réttindin urðu til fyrir hjúskap eða á meðan honum stendur. Með hliðsjón af sjálfstæði hjóna og eðli og samsetningu þessara lífeyrisréttinda þykir rétt að meginreglan verði sú að þau standi utan skipta. Með þessu er gerður greinarmunur á lífeyrisréttindum sem verða til með greiðslu lágmarksiðgjalds og lífeyrisréttindum sem verða til með greiðslu viðbótariðgjalds, þ.e. viðbótarlífeyrissparnaðar. Af ákvæðinu leiðir að maki getur almennt ekki krafist þess að viðbótarlífeyrissparnaður falli utan skipta. Með hliðsjón af þeim rökum sem helmingaskiptareglan byggir á og markmiðum og eðli viðbótarlífeyrissparnaðar þykir réttast að meginreglan verði sú að þessi sparnaður komi að meginstefnu til skipta eins og aðrar hjúskapareignir.

Í 2. tölul. 1. mgr. er þó að finna sérreglu um viðbótarlífeyrissparnað. Eins og fram kemur í skýringum við 1. tölul. 1. mgr. getur maki almennt ekki krafist þess að viðbótarlífeyrissparnaður falli utan skipta. Hér er þó lagt til að gera þann greinarmun á viðbótarlífeyrissparnaði og öðrum hjúskapareignum að maki getur krafist þess að utan skipta falli viðbótarlífeyrissparnaður sem varð til áður en til hjúskapar stofnaðist. Með því er viðurkennt að lífeyrisréttindi sé að vissu marki annars eðlis en aðrar eignir og njóti nokkurrar sérstöðu.

Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. nær krafan um að halda réttindum utan skipta einnig til vaxta, verðbóta og þess sem kemur í stað verðmæta skv. 1. og 2. tölul. Þess ber að geta að samkvæmt núgildandi lögum er gert ráð fyrir að lífeyrir sem þegar hefur verið greiddur út komi til skipta. Það er því nýmæli að krefjast megi þess að það sem kemur í stað lífeyrisréttinda komi ekki undir skiptin. Eins og vikið er að í almennum athugasemdum hafa lífeyrisréttindi gerbreyst frá því að núgildandi lög voru sett og verðmætin aukist verulega. Þau réttindi sem krefjast má að standi utan skipta skv. 1. mgr. geta þannig ýmist verið í sameignardeild eða í séreignardeild, líklegt er að samsetningin sé mismunandi milli hjóna og tilviljunum háð hvort og að hvaða marki réttindi hvors um sig hafi verið greidd út eða ekki. Sú leið sem hér er valin þykir því sanngjörn og líkleg til að koma í veg fyrir ágreining að vissu marki. Undirstrika ber að ákvæðið stendur þó í beinu samhengi við kröfu í 1. málsl. 2. mgr. um að verðmæti verði að vera til staðar á viðmiðunardegi skipta og unnt að sérgreina þau.

Í 2. mgr. er að finna nánari afmörkun á réttindum sem krefjast má að standi utan skipta.

Í 1. málsl. 2. mgr. er að finna skilyrði fyrir því að hægt sé að krefjast þess að verðmæti skv. 1. mgr. falli utan skipta, þ.e. að verðmætin verði að vera til staðar á viðmiðunardegi skipta og það verði að vera unnt að sérgreina þau. Er þetta sambærileg regla og á við um séreignir sem standa utan skipta. Sönnunarbyrði um þessi atriði fellur á þann sem krefst þess að verðmætum verði haldið utan skipta. Það reynir á ákvæðið ef komið hefur til útgreiðslu réttinda áður en til skilnaðar kemur, hvort sem er réttinda sem myndast hafa með greiðslu lágmarksiðgjalds eða sem myndast hafa með greiðslu viðbótariðgjalds og óháð því hvernig útgreiðslu hefur verið háttáð. Eins og lýst er í almennum athugasemdum gilda ólíkar reglur um útgreiðslu

mismunandi tegunda réttinda, greiðast þau ýmist með reglubundnum hætti eða eru laus til útborgunar sem eingreiðsla með ákveðnum hætti. Samkvæmt ákvæðinu er ekki nægilegt að sýna fram á að tiltekin réttindi eða verðmæti hafi einhvern tíma verið til staðar heldur verður að sýna fram á hvernig verðmætum hafi verið ráðstafað og hvernig þau hafi myndað tiltekin ný verðmæti sem eru enn til staðar á viðmiðunardegi skipta. Krafa um að verðmæti standi utan skipta kemur þannig t.d. ekki til álita ef útgreiðslur hafa runnið til gjafa, framfærslu, neyslu eða verðmætin farið forgörðum með öðrum hætti eða ef útgreiðslur hafa blandast öðrum eignum þannig að verðmætin verði ekki sérgreind.

Samkvæmt 2. máls. 2. mgr. eru tiltekin réttindi alfarið undanþegin 1. mgr. Þau réttindi sem hér um ræðir tengjast lögum sem sett hafa verið um sérstakar ráðstafanir séreignarsparnaðar. Með lögum nr. 40/2014 voru lögfest tvö ný bráðabirgðaákvæði við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Annars vegar bráðabirgðaákvæði XVI um skattfrjálsa heimild til að ráðstafa afmörkuðum viðbótarlífeyrissparnaði inn á höfuðstól húsnæðisláns. Hins vegar bráðabirgðaákvæði XVII um heimild til að nýta afmarkaðan viðbótarlífeyrissparnað til kaupa á húsnæði til eigin nota. Núverandi gildistími þessara ákvæði er 31. desember 2025 en gert er ráð fyrir að heimildir verði framlengdar. Lög þessi voru á sínum tíma hluti af aðgerðaráætlun vegna skuldavanda heimila. Þann 1. júlí 2017 tóku gildi lög nr. 111/2016, um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, sem mæla fyrir um skattfrjálsa heimild til að ráðstafa afmörkuðum viðbótarlífeyrissparnaði, svo og tilgreindri séreign sbr. lög nr. 55/2022, til fyrstu íbúðarkaupna að uppfylltum nánari skilyrðum. Markmið með lögunum er að efla stuðning við kaupendur fyrstu íbúðar í ljósi hækkandi húsnæðisverðs og aukinnar kröfu um hátt eigið fjárframlag við kaup á fasteign. Ákvæði þessi endurspeglar að einhverju leyti breyttar áherslur í lífeyrissjóðakerfinu þar sem annars vegar er lögð áhersla á að tryggja réttihöfum reglubundinn lífeyri eftir starfslok en hins vegar er aukin áhersla á valfrelsi um sparnað og valfrelsi um ráðstöfun sparnaðar við tiltekna aðstæður. Heimildir til að ráðstafa séreignarsparnaði inn á húsnæðislán eða til kaupa á eign til eigin nota stuðla beint að eignamyndun sem hjón standa oft að í sameiningu að öðru leyti. Líkur eru á að þær fjárhæðir sem heimilt er að ráðstafa með þessu hætti tengist með beinum eða óbeinum hætti margvíslegum öðrum framlögum og verkaskiptingu hjóna og hafi því fjölbreytt og samsett áhrif á heildareignarmyndun og stofnun skulda. Með hliðsjón af því og til að forðast ágreining þykir réttast að taka af skarið og mæla fyrir um að séreignarlífeyrissparnaður sem nýttur hefur verið með ofangreindum hætti falli ekki í flokk þeirra réttinda sem krefjast má að standi utan skipta. Þau verðmæti sem skapast með ráðstöfun slíkra réttinda eru því hjúskapareignir sem koma til helmingaskipta nema sérstakar heimildir standi til annars. Vert er að undirstrika að verðmæti sem skapast hafa með þessum hætti eru hjúskapareign rétthafa og myndu því alla jafna nýtast viðkomandi sem slík við helmingaskiptin.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að lífeyrisréttindum skv. 1. mgr. verði ekki haldið utan skipta ef munur á verðmæti þessara lífeyrisréttinda hjóna er slíkt að það verði talið ósanngjarnt gagnvart hinu hjónanna. Svipar þessu ákvæði að sínu leyti til 2. mgr. 102. gr. nógildandi laga, má gera ráð fyrir að svipuð atriði liggi til grundvallar sanngirnismati og að fyrirliggjandi dómur nýtist til leiðsagnar. Við mat á ósanngirni verða í grunninn að liggja fyrir upplýsingar um verðmæti þeirra lífeyrisréttinda hvors hjóna sem ágreiningur er um. Gera má ráð fyrir að nokkur munur þurfi að vera á réttindum hvors um sig til að frekara mat á sanngirni fari fram. Sanngirnismatið byggir þá fyrst og fremst á heildarmati á stöðu hjónanna. Við það heildarmat má líta til þess að hvaða marki eftirtalin atriði hafa átt við um sambúð hjóna áður en til hjúskapar stofnast og á hjúskapartíma og hvaða áhrif það hafi haft á myndum réttindanna. Ber að líta til tímalengdar

samvista, fjárhagslegrar samstöðu, fjölskylduhaga og verkaskiptingar hjónanna, sérstaklega hvort verkaskipting hafi orðið til þess að annað hjóna hafi með beinum eða óbeinum hætti haft minni tækifæri til að afla sér lífeyrisréttinda eða hafi með sambærilegum hætti stuðlað að uppbyggingu lífeyrisréttinda þess hjóna sem krafa beinist að. Þá er rétt að líta til aldurs, heilsufars, réttar til lífeyris skv. lögum um almannatryggingar eða bóta samkvæmt öðrum lögum, menntunar, atvinnu og aflahæfis og þar með möguleika hvors um sig til að afla sér frekari lífeyrisréttinda. Einnig má líta til niðurstöðu fjárskipta að öðru leyti, m.a. verðmætis viðbótarlífeyrissparnaðar sem kemur til skipta.

Í 4. mgr. er að finna sérreglu um heimild langlífara hjóna til að krefjast þess að lífeyrisréttindi þess falli utan fjárskipta vegna andláts skammlífara hjóna. Í gildandi lögum er ekki fjallað sérstaklega um þetta. Ekki er gerður greinarmunur á lífeyrisréttindum skammlífara hjóna og langlífara hjóna eða greinarmunur á annars vegar heimildum maka og hins vegar heimildum erfingja til að krefjast þess að réttindi falli utan skipta. Til skýringar er fyrst rétt að geta þess að við andlát maka í hjúskap falla almennt niður ellilífeyrisréttindi skammlífara hjóna og séreignalífeyrisréttindi skammlífara hjóna renna til maka og barna, eða eftir atvikum til annarra erfingja, sbr. 4. mgr. 11. gr. lífeyrissjóðalaganna. Vert er að geta þess að í 4. tölul. 116. gr. frumvarpsins eru lagðar til orðalagbreytingar á 4. mgr. 11. gr. lífeyrissjóðalaganna til skýringarauka.

Um lífeyrisréttindi langlífara hjóna er hér lagt til það nýmæli að hafi ekki verið samið um annað geti langlífari maki krafist þess að öll lífeyrisréttindi hans falli utan skipta, auk vaxta, verðbóta og þess sem kemur í stað réttindanna eftir því sem verðmæti verða sérgreind. Á þetta jafnt við um öll lífeyrisréttindi sem myndast hafa með greiðslu lágmarksiðgjalds og um viðbótarlífeyrissparnað sem myndast hefur með greiðslu iðgjalds umfram lágmarksiðgjald, óháð því hvort réttindin urðu til áður en til hjúskapar var stofnað, meðan hjúskapur varir eða eftir andlát skammlífara hjóna. Eingöngu eru undanskilin réttindi sem ráðstafað hefur verið skv. 2. másl. 2. mgr., þ.e. inn á höfuðstól húsnæðislands eða til kaupa á húsnæði. Þá er hér einnig vísað til 79. gr. frumvarpsins sem kemur í veg fyrir að erfingjar geti krafist þess að lífeyrisréttindi standi utan skipta. Undirstrika ber að ákvæðið á einungis við um lífeyrisréttindi langlífara hjóna en ekki um þann hlut sem langlífara hjóna fær við skiptingu séreignalífeyrisréttinda skammlífara hjóna skv. 4. mgr. 11. gr. lífeyrissjóðalaganna. Rétt er að minna á að hjón geta með kaupmála gert slík verðmæti að séreign langlífari maka. Þá er vert að áréttta að ákvæðið á ekki við um makalífeyri úr lífeyrissjóði, þ.e. lífeyri til maka látins sjóðsfélaga.

Rökin fyrir því að tiltekin lífeyrisréttindi, sem verða til meðan hjúskapur varir, komi til skipta milli hjóna við skilnað, sbr. 1. mgr., eru fyrst og fremst þau sömu og standa að baki meginreglunni um helmingaskipti, þ.a. að líkur standi til að réttindin séu, með svipuðum hætti og annar sparnaður, afrakstur samstöðu hjóna og réttast sé að tryggja jafnstöðu hjóna við skilnað að þessu leyti. Réttindin eru þó óneitanlega einnig persónulegs eðlis. Þykja því ekki standa rök til þess að erfingjar skammlífara hjóna njóti réttinda langlífara hjóna með sama hætti og maki gerir við skilnað. Ákvæðið á við um allan lífeyrissparnað langlífara hjóna, hvort tveggja þann sem er til staðar við lát skammlífara hjóna og þann sem langlífari sem situr í óskiptu búi kann að eignast. Ef langlífari maki fær leyfi til setu í óskiptu búi skiptir þó máli hvort búinu er skipt í lifanda lífi langlífara hjóna eða eftir andlát beggja. Vísast til skýringa við 79. gr. frumvarpsins. Ákvæðið tekur til vaxta, verðbóta og þess sem kemur í stað umræddra lífeyrisréttinda. Ákvæðið á þó einungis við að því marki sem réttindi eða verðmæti sem komið

hafa í staðinn eru enn til staðar og verði sérgreind þegar skipti fara fram. Vísast um þetta atriði til skýringa við 1. másl. 2. mgr. þessa ákvæðis.

Um 79. gr.

Ákvæðið er nýmæli að ýmsu leyti. Í samræmi við 2. mgr. 96. gr. gildandi hjúskaparlaga gerir 71. gr. frumvarpsins ráð fyrir að efnisreglur XIV. kafla laganna eigi við um fjárskipti vegna andláts, maka nema annað leiði af einstökum ákvæðum. Þannig er gengið út frá því að helstu meginreglur kaflans um fjárskipti við hjúskaparlok gildi um fjárskipti eftir andlát maka í hjúskap. Ber þar hæst afmörkun hjúskapareigna og séreigna og meginregla um helmingaskipti. Undirstrika ber að mikilvægt er að gera skýran greinarmun á annars vegar séreignum og hins vegar hjúskapareignum sem heimilt er að krefjast þess að falli utan skipta. Ef eign er alger séreign, t.d. samkvæmt kaupmála hjóna eða samkvæmt ákvörðun gefanda eða arfleifanda, þá stendur hún alfarið utan skipta við andlát. Algerar séreignir skammlífara hjóna renna beint í dánarbú hans og skiptast í kjölfarið milli erfingja skammlífara hjóna, þar með talið maka hans, samkvæmt ákvæðum erfðalaga. Algerar séreignir langlífara hjóna renna ekki í óskipt bú, við skipti í lifanda lífi langlífara falla séreignir hans utan skipta og við skipti eftir lát beggja renna séreignir langlífari hjóna beint í dánarbú hans og skiptast í kjölfarið milli erfingja langlífari hjóna. Um skilnaðarséreignir gilda aftur á móti sömu reglur við andlát og eiga alla jafna við um hjúskapareignir við fjárskipti. Þessar reglur eru nokkuð skýrar í gildandi lögum og í frumvarpinu. Við fjárskipti vegna andláts er á hinn bóginn sérstakt álitamál hvort reglur um rétt maka til að krefjast þess að tiltekna hjúskapareignir standi utan skipta nái einnig til erfingja og hver sé þýðing þessa.

Í núgildandi lögum er ekki að finna heildstætt yfirlit yfir reglur þar sem vikið er frá meginreglum um fjárskipti hjóna í kjölfar andláts. Slíkar reglur er að finna að nokkru leyti í skaðabótalögum og lögum um váttryggingarsamninga. Með þessu ákvæði frumvarpsins er lagt til að hjúskaparlögin hafi að geyma skýrari sérreglur um fjárskipti við andlát. Ákvæðið kallast á við ákvæði 76., 77. og 78. gr. frumvarpsins sem koma í stað 102. gr. laganna. Ákvæðið kemur einnig að sínu leyti í stað 3. mgr. 18. gr. skaðabótalaga, 3. másl. 2. mgr. og 2. másl. 3. mgr. 100. gr. laga um váttryggingarsamninga. Lagt er til að þau ákvæði falli niður sbr. 5.-6. tölul. 116. gr. frumvarpsins, og vísast til skýringa við það ákvæði. Eins og rökstutt var í skýringum við 77. gr. frumvarpsins þykir fara betur á því að reglur af þessu tagi standi í beinu samhengi við reglur hjúskaparlaga sem eiga við um fjárskipti hjóna. Þá tengist ákvæðið einnig að sínu leyti 4. mgr. 11. gr. lífeyrisjóðalaganna, sbr. 4. tölul. 116. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. er tekið af skarið um að eftir andlát skammlífara hjóna geti einungis langlífara hjóna gert kröfur um að persónuleg verðmæti skv. 76. gr., bætur skv. 77. gr. og lífeyrisréttindi skv. 78. gr. frumvarpsins falli utan skipta á grundvelli efnis umræddra lagaákvæða. Er þannig gert ráð fyrir að hvorki erfingjar skammlífara né erfingjar langlífara hjóna hafa slíka heimild. Hefur það t.d. í för með sér að við andlát skammlífara hjóna, sem fengið hafði bætur vegna líkamstjóns, geta erfingjar skammlífara ekki krafist þess að bæturnar standi utan skipta heldur renna þær í dánarbú og þar með í óskipt bú eftir atvikum. Þá geta erfingjar langlífara hjóna ekki krafist þess að réttindi standi utan skipta ef skipt er eftir lát beggja hjóna. Samkvæmt orðanna hljóðan reynir því einungis á heimild til að halda umræddum verðmætum utan skipta ef langlífara hjóna gerir kröfu um það við fjárskipti sem fara fram í lifanda lífi þess en heimildin kemur ekki til álita fyrir erfingja eftir andlát annars eða beggja hjóna.

Árétta ber að þetta á einungis við um heimild til að krefjast þess að hjúskapareignir falli utan skipta á grundvelli þeirra ákvæða sem nefnd hafa verið. Ef um er að ræða séreignir þá

standa þær utan skipta lögum samkvæmt. Endurspeglast hér m.a. sá munur sem liggur í því hvort eign er séreign eða hvort hún er hjúskapareign sem krefjast má að falli utan skipta.

Að því er tekur til lífeyrisréttinda kallast ákvæðið á við rétt maka skv. 78. gr. frumvarpsins. Vert er að minna á að skv. 4. mgr. 78. gr. er lagt til að langlífari maki hafi víðtækari rétt til að krefjast þess að lífeyrisréttindi standi utan skipta heldur en maki hefur almennt við fjárskipti vegna skilnaðar, sbr. 1. mgr. 78. gr. Í skýringum við 78. gr. er í fyrsta lagi minnt á hvað verður um lífeyrisréttindi skammlífari maka, skv. 4. mgr. 11. gr. lífeyrisjóðalaganna, sbr. og til skýringarauka tillögu í 4. tölul. 116. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi er fjallað um hvernig víðtækari heimildum langlífara maka er háttáð.

Sú sérregla sem hér er lögð til um beitingu 78. gr. um lífeyrisréttindi kemur m.a. í veg fyrir að erfingjar skammlífara hjóna geti borið fyrir sig ákvæði 3. mgr. 78. gr. frumvarpsins. Þykja ekki standa rök til þess að það sé metið ósanngjarnt gagnvart erfingjum skammlífara hjóna að lífeyrisréttindi langlífara hjóna standi utan fjárskipta ef skipti fara fram í lifanda lífi langlífara hjóna. Þá hefur ákvæðið í för með sér að erfingjar langlífara hjóna geta ekki krafist þess að lífeyrisréttindi langlífara hjóna standi utan skipta. Hér sem endranær reynir á samþil séreigna og hjúskapareigna sem krefjast má að standi utan skipta.

Í 2. mgr. er tekið af skarið um afmörkuð viðmiðunardags skipta þegar skipti fara fram eftir andlát.

Um 80. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um helmingaskipti sem er meginreglan við fjárslit milli hjóna. Ákvæðið er efnislega sambærilegt við 6., 103. og 106. gr. laganna. Þá á ákvæðið samhljóm með 109. gr. skiptalaga.

Óhætt er að segja að meginreglan um helmingaskipti standi traustum fótum í íslenski réttarskipan. Helmingaskiptareglan endurspeglar samspil sjálfstæðis og samstöðu hjóna. Hún gengur út frá því að hvort hjóna njóti sjálfstæðis meðan hjúskapur varir sem getur haft umtalsverð áhrif á eignir og skuldir sem verða andlag skipta og áhrif á niðurstöður helmingaskipta. Samhliða grundvallast reglan um helmingaskipti við fjárslit á því að í hjúskap ríki efnahagsleg og félagsleg samstaða milli hjóna. Reglan tekur meðal annars tillit til þess að hjón hafi mismikil tök á að afla tekna og þar með eigna. Þá hafa hjón ríka félagslega samstöðu sem stýrir oft eignamyndun og í þeim efnum er launamunur ekki það eina sem skiptir máli. Lögð hefur verið rík áhersla á verkaskiptingu hjóna og að virða vægi mismunandi framlaga til eignamyndunar, svo sem þegar annað hjóna leggur veigamikinn skerf til heimilis og fjölskyldu og auðveldar maka sínum að afla meiri tekna og/eða eigna. Helmingaskiptareglan er til þess fallin að draga úr ágreiningi um mismunandi framlög til eignamyndunar og stuðlar ótvírætt að jafnstöðu hjóna við hjúskaparlok með sanngjörnum hætti.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að eignum hjóna sem fjárskipti taka til skuli skipt til helminga. Vert er að minna á að maka er þó heimilt, skv. 81. gr. frumvarpsins, að gefa eftir af tilkalli sínu til eigna að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Lagt er til að ákvæðið um helmingaskipti hafi að geyma skýrari mynd af því hvernig helmingaskipti fara fram, með hliðsjón af ákvæði 106. gr. laganna og 109. gr. skiptalaga.

Samkvæmt 2. mgr. er lykilatriði að setja ekki saman í einn pott allar eignir og skuldir hjóna beggja hjóna heldur kanna efnahag hvors um sig. Fyrsta skrefið að afmarka hjúskapareignir sem tilheyra hvoru hjóna fyrir sig. Falla hér undir allar hjúskapareignir sem koma til skipta. Ef hjón eiga hjúskapareign saman eða annað hjóna á eign í sameign með öðrum þá fellur hér undir hlutdeild hvors um sig í sameigninni að réttu tiltölu. Um ágreining hjóna um

myndun sameignar vísast til skýringa við 45. gr. frumvarpsins). Undirstrika ber nauðsyn þess að afmarka hjúskapareignir hvors um sig þar sem það getur haft úrslitaáhrif á niðurstöður helmingaskipta og skipt máli um rétt til útlagningar tiltekinnar eignar. Þá ber að afmarka skuldir hvors um sig og eftir atvikum hlutdeild hvors hjóna í sameiginlegum skuldum. Um ágreining hjóna að þessu leyti vísast til skýringa við 53. gr. frumvarpsins. Rétt afmörkun skulda getur einnig haft úrslitaáhrif á niðurstöðu skiptanna.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að lokið sé afmörkun einstakra eigna og skulda hvors hjóna. Ber þá að leggja saman heildarhjúskapareignir hvors hjóna og draga frá þeim fjárhæð heildarskulda viðkomandi. Í ákvæðinu er sérstaklega tekið fram að skuldir sem tilheyra eignum sem standa utan skipta komi ekki til frádráttar við fjárskiptin nema að því marki sem sem eignir sem standa utan skipta hrökkvi ekki til greiðslu þeirra. Með eignum sem standa utan skipta í þessum skilningi er átt við séreignir en einnig eftir atvikum hjúskapareignir sem krefjast má að standi utan skipta. Reglan er sama efnis og 2. mgr. 101. gr. laganna. Þá er mælt fyrir um stöðu skulda sem annað hjóna hefur bakað sér með vanhirðu á fjármálum sínum eða annarri óhæfilegri aðferð með sambærilegum hætti og gert er í 2. mgr. 106. gr. laganna.

Samkvæmt 4. mgr. er kjarni helmingaskiptareglunnar svo fólgin í því að hvort hjóna á tilkall til helmings úr hreinni hjúskapareign hins skv. 1. og 2. mgr., nema annað leiði af ákvæðum laga. Lykilatriði við afmörkun eigna og skulda hvors um sig er því að komast að því hvort annað hjóna eða bæði eigi hreina eign, þ.e. eign umfram skuldir. Hjón halda alltaf eftir eignum til að standa undir skuldum sínum en skuldir umfram það skiptast ekki á milli þeirra. Ef hjón eiga bæði eignir umfram skuldir þá leiðir gagnkvæmt helmingstilkall til hreinnar eignar til þess að þau standa jafnfætis við skiptalok. Ef maki skuldar meira en sem nemur verðmæti eigna hans þá heldur hann eignum sínum en situr einnig uppi með allar skuldir sínar. Eftir atvikum á hann tilkall til hreinnar eignar hins. Ef þau eiga hvorugt eignir umfram skuldir þá verða engin skipti knúin fram.

Í 5. gr. er vísað til sérákvæðis 84. gr. frumvarpsins um skiptingu og uppgjör lífeyrisréttinda.

Um 81. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um heimild hvors hjóna til að gefa eftir af tilkalli sínu til eigna með ákveðnum skilyrðum. Ákvæðið er efnislega samhljóða 110. gr. laganna.

Almennar reglur um fjárræði, sjálfstæði hjóna í fjármálum og um samningsfrelsi styður það að hjón megi ráða fjárskiptum til lykta með hverjum þeim hætti sem hentar þeim best. Reynslan þykir sýna að hjón víkja nokkuð oft frá nákvæmum, tölulegum niðurstöðum sem myndu leiða af helmingaskiptum. Sem dæmi má nefna eru vísbendingar um að hjón sammælist oft um að halda arfi sem hvort þeirra hefur fengið utan skipta, þau sammælist um hvert skuli teljast verðmat einstakra eigna eða sammælist um sanngjarnt uppgjör í tengslum við útlagningu einstakra eigna.

Orðalag ákvæðisins gefur þó til kynna að hjón þurfi að þekkja meginreglu laganna um helmingaskipti og taka meðvitaða ákvörðun um að gefa eftir af tilkalli sínu. Af ákvæði 90. gr. frumvarpsins má einnig draga þá ályktun að almennt miðað sé við að fjárskiptasamningur sé sanngjarn og að ekki sé hallað óeðlilega á annað hjóna.

Þá er sett það skilyrði að maki sem gefur eftir af tilkalli sínu verði á þeim tíma að geta fullnægt fjárskuldbindum sem á honum hvíla. Kallast þetta á við 3. mgr. 132. gr. laga um gjaldþrotaskipti, nr. 21/1991, um heimild til að rifta afsali á tilkalli til eigna við fjárslit að nánari skilyrðum uppfylltum.

Um 82. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um aukna hlutdeild í eignum. Ákvæðið er efnislega sambærilegt við 105. gr. laganna en orðalagi er breytt. Samkvæmt ákvæðinu má auka hlutdeild annars maka í eignum ef sérstaklega stendur á og nauðsyn krefur. Gera má ráð fyrir að fjárskiptasamningar hjóna taki oft mið af aðstæðum sem hér er lýst með hliðsjón af 81. gr. frumvarpsins.

Um 83. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um frávik frá helmingaskiptum. Vert er að geta þess að í framkvæmd er oftast vísað til þessa sem reglu um *skáskipti* og verður það orð notað hér í skýringum. Ákvæðinu svipar til 104. gr. laganna en framsetning þess er skýrari. Lagt er til að fella á brott úr ákvæði 104. gr. laganna heimild til að víkja frá ákvæðum um skipti á séreign. Þess í stað kemur skýrari ákvæði um rétt til endurgjalds vegna eignamyndunar, sbr. 85. gr. frumvarpsins.

Þrátt fyrir þau rök sem búa að baki helmingaskiptareglu getur hún í afmörkuðum tilvikum leitt til óréttlátra málaloka. Við setningu núgildandi laga var reglan um skáskipti rýmkuð nokkuð frá því sem var. Í frumvarpinu er ekki lagt til að rýmka hana frekar og getur því dómaframkvæmd haft ákveðið leiðsagnargildi. Rétt er að nefna að í nútímasamfélaginu má gera ráð fyrir fjölbreyttari félagslegri og fjárhagslegri stöðu hjóna en áður var. Velmegun hefur aukist og hækkandi meðalaldur og betri heilsa hefur haft þau áhrif að fólk stofnar til fleiri náinna sambanda á lífsleiðinni. Staða fólks við stofnun hjúskapar getur því verið mjög mismunandi. Þá eru vísbendingar um að hjón séu að einhverju marki sjálfstæðari í hjúskap sínum. Getur þetta óhjákvæmilega haft áhrif á túlkun ákvæðisins.

Samkvæmt 1. mgr. er óbreytt sú frumforsenda skáskipta að sýna verði fram á að helmingaskipti myndu leiða til þess að skiptin yrðu bersýnilega ósanngjörn. Helmingaskipti eru skýr meginregla laganna og reglan um frávik er undantekning sem ber að skýra þröngt og hvílir sönnunarbyrði á þeim sem krefst þess að henni verði beitt. Þetta jafnvægi milli meginreglunnar og undantekningar þykir sanngjarnt þar sem það leggur ábyrgðina á að krefjast fráviks á þann sem gera má ráð fyrir að standi sterkar að vígi fjárhagslega.

Í ákvæðinu eru talin atriði sem einkum eru talin geta gefið þetta til kynna en af 2. mgr. má ráða að meti þurfi allar aðstæður heildstætt.

Í 1. tölul. 1. mgr. er nefnt að sá sem krefst skáskipta hafi átt verulega miklu meira við hjúskaparstofnun en hitt hjóna. Hér verður að bera saman raunverulegt verðmæti þess sem hvort um sig átti þegar stofnað var til hjúskaparins og munur verður að vera umtalsverður. Þá er forsenda skáskipta að verðmætin séu til staðar og verði sérgreind.

Ákvæði 2. tölul. 1. mgr. kemur í stað 2. mgr. 104. gr. laganna sem hefur óljósa merkingu. Samkvæmt þessu ákvæði getur það stutt kröfu um skáskipti ef annað hjóna hefur aukið hjúskapareignir sínar verulega meðan hjúskapur varir án aðkomu eða framlaga frá hinu hjóna. Við mat á aðkomu eða framlögum verður að taka ríkt tillit til sjónarmiða um myndun sameignar og virði mismunandi framlaga. Ákvæðið á einungis við ef engum framlögum hefur verið til að dreifa sem áhrif hafa haft á eignamyndun. Framlög til framfærslu fjölskyldunnar skipta ekki máli nema það hjóna sem krafa beinist að geti sýnt fram á að það hafi lagt umtalsvert meira fram til framfærslunnar en hitt hjóna og með því haft aðkomu að eignamyndun hins. Gera má ráð fyrir að reynt geti á ákvæðið t.d. ef hjón slíta samvistir um einhvern tíma meðan hjúskapur varir án þess að óska skilnaðar og samstaða hjóna rofnar að verulegu leyti þann tíma.

Samkvæmt 3. tölul. getur það stutt kröfu um skáskipti ef annað hjóna hefur fengið í sinn hlut arf eða gjöf frá öðrum en hinu hjóna meðan hjúskapur varir. Arfur getur verið ýmist

lögur eða bréfarfur og þá getur ákvæðið m.a. tekið til dánargjafa samkvæmt ákvæðum erfðalaga. Áréttu ber að arfur eða gjöf geta einnig staðið utan skipta sem séreign viðtakandans samkvæmt ákvæðum í kaupmála hjóna skv. 57. gr. frumvarpsins eða samkvæmt fyrir mælum gefanda eða arfleifanda skv. 58. gr. frumvarpsins. Þá er forsenda skáskipta að verðmætin séu til staðar og verði sérgreind. Áréttu ber að við mat á því hvort bersýnilega er ósanngjarnt að halda arfi eða gjöf utan skipta getur skipt máli arfur annars hjóna er séreign samkvæmt ákvörðun gefanda eða arfleifanda en arfur hins hjóna er það ekki. Getur þetta verið tilviljunum háð og leitt til ósanngjarnrar niðurstöðu.

Rætt hefur verið hvort arfur eða gjafir eigi að standa sjálfkrafa utan skipta í ríkara mæli. Að vandlega athuguðu máli er ekki lagt til að fara þá leið. Ef þetta gerist sjálfkrafa eru minni líkur á að hjón gefi þessu gaum og hætt við mun fleiri ágreiningsmálum við fjárskipti um verðmæti arfs eða gjafar, hvort verðmæti séu til staðar og verði sérgreind. Að krefjast ákvarðana um að arfur og gjafir verði séreign og standi þar með utan skipta er til þess fallið að gera hjón meðvitaðri um stöðu þessara eigna frá því að þær falla til og fram að skiptum. Ef slíkar ákvarðanir liggja ekki fyrir þykir heppilegast að leysa úr einstaka málum með beitingu sanngirnismælikvarða.

Í 2. mgr. er vikið að öðrum atriðum sem líta ber til við mat á sanngirni. Geta þessi atriði ýmist stutt við eða dregið úr vægi þeirra atriða sem nefnd eru í 1.-3. tölul. 1. mgr. Leggja ber áherslu á heildarmat með svipunum hætti og verið hefur. Í ákvæðinu er vikið að lengd hjúskapar. Sem fyrr er gengið út frá því að skammvinnur hjúskapur leiði sjaldan til þeirrar fjárhagslegu og félagslegu samstöðu sem er helsti grundvöllur helmingaskipta. Þá ber að skoða sérstaklega fjárhagslega samstöðu hjóna, fjárhag og aðrar aðstæður hvors um sig eftir atvikum.

Í 3. mgr. er ákvæði sama efnis og 3. mgr. 104. gr. laganna. Ákvæðið felur í sér að beita megi 1. mgr. til hagsbóta fyrir erfingja maka en þó einungis ef hagir þeirra mæla sérstaklega með því.

Um 84. gr.

Lagt er til að sérstakar reglur gildi um skiptingu og uppgjör lífeyrisréttinda og sambærilegra réttinda sem koma undir skipti. Í 1. mgr. er áréttuð að ákvæðið eigi við að því marki sem réttindi koma til skipta. Það á því ekki við um þau lífeyrisréttindi sem hjón hafa samið um að skipta skv. 3. mgr. 14. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Það á heldur ekki við að því marki sem lífeyrisréttindi hafa verið gerð að séreign rétthafa með kaupmála. Þá á ákvæðið ekki við um lífeyrisréttindi sem fallið geta utan skipta á grundvelli 83. gr. frumvarpsins um frávik frá helmingaskiptum.

Ef samningum er ekki til að dreifa á ákvæðið í fyrsta lagi við um lífeyrisréttindi skv. 1. tölul. 1. mgr. 78. gr. frumvarpsins sem verða dregin undir skiptin með hliðsjón af sanngirnismælikvarða 3. mgr. 78. gr. Í öðru lagi á ákvæðið við um viðbótarlífeyrissparnað sem myndast hefur frá þeim tíma sem hjúskapur stofnast og fram að viðmiðunardegi skipta. Vísast nánar til skýringa við 78. gr. frumvarpsins. Minnt er á að fyrst getur þurft að leysa úr ágreiningi um hvort réttindum þessum verði hugsanlega haldið utan skipta á grundvelli 83. gr. frumvarpsins um frávik frá helmingaskiptum þegar það á við. Í þriðja lagi á ákvæðið við um bætur samkvæmt váttryggingarsamningi um persónutryggingar aðrar en þær sem 4. tölul. 1. mgr. 77. frumvarpsins ná til. Í samræmi við skýringar á því ákvæði þá nær þetta til bóta eða greiðslu úr persónutryggingu sem ekki tengist lífs-, heilsu- eða líkamstjóni. Á þetta fyrst og fremst við um samsetta váttryggingarsamninga sem hvort tveggja fela í sér tryggingu gegn

ákveðinni áhættu en einnig tiltekinn söfnunarþátt, þ.e. tryggingar þar sem iðgjöldum er m.a. ætlað að byggja upp réttindi til innlausnar við ákveðinn aldur, ýmist í einu lagi eða með öðrum tilgreindum hætti. Getur hér hvort tveggja verið um að ræða höfuðstólstryggingar og lífeyristryggingar. Samkvæmt undirstöðusjónarmiðum hjúskaparlaga þykir rétt að bætur af þessu tagi komi almennt til fjárskipta milli hjóna.

Í 2. mgr. er fjallað um skiptingu og uppgjör við þær aðstæður þegar réttindi hafa þegar verið greidd út til lífeyris- eða bótaþega. Koma þau verðmæti til helmingaskipta skv. 80. gr. frumvarpsins með hefðbundnum hætti eftir því sem verðmætum er enn til að dreifa.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um skiptingu og uppgjör áunninna réttinda skv. 1. mgr., þ.e. réttinda sem koma eiga til skipta en eru í vörslum lífeyrissjóðs eða vörsluaðila. Af ákvæðinu leiðir að skipta ber áunnum réttindum skv. 80. gr. frumvarpsins um helmingaskipti. Uppgjör fer svo fram með þeim hætti að hvort hjóna heldur í fyrsta lagi réttindum hjá sínum lífeyrissjóði eða vörsluaðila. Þykir rétt að binda fyrirkomulag útlagningar að þessu marki. Í öðru lagi fer uppgjör fram með þeim hætti að það hjóna sem vantar upp á fá það sem því ber í sinn hlut, skv. 80. gr. frumvarpsins um helmingaskipti, öðlast hluta af réttindum hins, þ.e. sjálfstæð réttindi sem skerða réttindi hins hjóna í lífeyrissjóði eða hjá vörsluaðila að rétttri tiltölu.

Samkvæmt 4. mgr. er heimild til að semja, eða mæla fyrir, um uppgjör áunninna réttinda með öðrum hætti, svo sem með eingreiðslu eða nánar tilgreinum afborgunum. Um leið og mikilvægt þykir að leggja línur um hvernig skipting og uppgjör lífeyrisréttinda fari fram, sbr. 3. mgr. ákvæðisins, þykir ekki rétt að binda hendur hjóna eða úrlausnaraðila um of. Hjón geta t.d. valið að hvort haldi alfarið sínum lífeyrisréttindum en annar bæti hinum það sem upp á vantar við helmingaskiptin með hlutdeild í öðrum eignum eða með peningagreiðslu. Gert er ráð fyrir að vilji þess hjóna sem á meiri réttindi ráði miklu í þessum efnum, sambærilegt við það sem almennt gildir um útlagningu. Þá getur verið um að ræða lífeyrisréttindi eða lífeyrissparnað hjá erlendum vörsluaðilum sem torvelt er að skipta með stofnun sjálfstæðra réttinda annars en rétthafans.

Um 85. gr.

Í ákvæði er fjallað um endurgjald vegna framlaga til myndunar eigna sem ekki koma undir skipti. Ákvæðið kemur í staðinn fyrir hluta 107. gr. laganna en orðalagi er breytt og ákvæðið gert skýrara þar sem vafi hefur þótt leika á um túlkun þess. Þá kemur ákvæðið í stað 104. gr. laganna að því marki sem þar er gert ráð fyrir frávikum frá skiptum á séreign. Lagt er til að fjalla um endurgjald vegna óhæfilegs atferlis í sérstöku ákvæði, sbr. 86. gr. frumvarpsins.

Endurgjaldskröfur eru ekki frávik frá helmingaskiptum heldur úrræði til að leiðrétta skiptagrundvöll. Segja má að ákvæðið styðji við helmingaskipti með því að leiðrétta það sem tilkall til eigna ætti með réttu að miðast við. Í 1. mgr. eru talin upp þau tilvik þar sem reynt getur á endurgjaldskröfur. Ætíð þarf að skoða hvort og að hvaða marki þær eignir sem um ræðir verði nægilega sérgreindar. Þá er lykilatriði að skoða eftir því sem við á hvort framlög sem um ræðir verði frekar grundvöllur að sameignarrétti hjóna eða hvort að virða eigi þau sem lán eða gjöf til hins maka. Gera má ráð fyrir að helst reyni á ákvæðið þegar um er að ræða samspil hjúskapareigna og séreigna. Ákvæðið tekur þó almennt til eigna sem koma eiga til skipta og eigna sem standa utan skipta. Getur hér m.a. reynt á ráðstöfun lífeyrissparnaðar sem leystur hefur verið út og sem fellur innan eða utan skipta eftir eðli og atvikum, sbr. 78. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. getur maki krafist endurgjalds ef hann hefur sjálfur notað eignir sem standa utan skipta til að umtalsvert auka eða viðhalda verðmæti eigna sem koma til skipta.

Það leiðir af orðanna hljóðan að endurgjald kemur ekki til álita ef makinn hefur notað eignir sem staðið geta utan skipta til að uppfylla skyldur sínar til framfærslu fjölskyldunnar. Ákvæðið á hvort tveggja við um tilfærslur maka á eigin eignum og tilfærslur makans til eigna hins hjóna. Ef framlög hafa runnið til eigna hins má áréttta að í einhverjum tilvikum kann að reyna á sjónarmið um myndun sameignar.

Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. getur maki krafist endurgjalds ef hann hefur notað eignir sínar, eða með öðrum beinum og óbeinum framlögum átt þátt í að umtalsvert viðhalda eða auka verðmæti séreigna hins eða eigna hins hjóna sem halda má utan skipta. Ekki skiptir máli hvort maki hafi notað hjúskapareignir sínar eða séreignir að þessu leyti. Þá er ekki skilyrði að viðkomandi hafi notað eignir sínar heldur ber að meta önnur bein og óbein framlög. Þannig getur komið til álita að maki hafi lagt fram verulegt vinnuframlag vegna viðhalds eða endurbóta á eignum hins sem leitt hafi til verðmætaaukningar. Einnig að maki hafi axlað að verulegu leyti ábyrgð á vinnu og útgjöldum vegna heimilis og fjölskyldu sem hafi gert hinu kleift að auka verðmæti eigna sinna.

Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. getur maki krafist endurgjalds ef hitt hjóna hefur notað hjúskapareignir sínar til að umtalsvert viðhalda eða auka verðmæti séreigna sinna eða eigna sem halda má utan skipta. Hér reynir einnig á ákvæði 44. gr. frumvarpsins, þ.e. hvort viðbætur renna inn í séreign eða hvort eign verði hlutfallslega hjúskapareign og hlutfallslega séreign.

Í 2. mgr. eru tekin af öll tvímæli um að endurgjald skv. 1. mgr. komi ekki til álita vegna iðgjalda sem greidd hafa verið til að tryggja eða ávinna sér rétt til bóta eða lífeyrisréttinda.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um þau sjónarmið sem leggja skal til grundvallar við ákvörðun um endurgjald. Gert er ráð fyrir heildstæðu mati.

Í 4. mgr. er því lýst hvernig uppgjör endurgjalds fari fram. Af ákvæðinu leiðir m.a. að endurgjaldskrafa gengur ekki framár kröfum skuldheimtumanna. Endurgjaldskrafa langlífara hjóna gengur aftur á móti fyrir kröfum erfingja skammlífara hjóna enda verður að ljúka skiptum samkvæmt ákvæðum hjúskaparlaga áður í ljós kemur hvaða eignir renna í dánarbú skammlífara hjóna.

Í 5. mgr. er árétttað að endurgjaldskröfur skv. þessu ákvæði verði að jafna við skiptin.

Um 86. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um endurgjald vegna óhæfilegs atferlis. Ákvæðið er að mestu leyti sambærilegt við 2. mgr. 107. gr. laganna.

Í 1. mgr. er lýst því atferli sem réttlætt getur kröfu um endurgjald. Lykilatriði er að sá sem krafa beinist að hafi rýrt eign sína, sem koma á til skipta, með tilteknum hætti sem leitt hefur til varanlegrar skerðingar á verðmætum. Tjón getur hafa valdið því að hlutir eða verðmæti skerðast verðulega eða að skuldabyrði aukist með óhæfilegum hætti. Minnt er á að háttsemi af svipuðu tagi getur einnig réttlætt kröfu um fjárskipti án skilnaðar skv. XIII. kafla frumvarpsins. Þá er vert að nefna að tjón sem maki veldur á eignum hins hjóna getur verið grundvöllur hefðbundinnar skaðabótakröfu. Það er matsatriði hvaða háttsemi falli undir ákvæðið, engin tímamörk er þarna að finna en gera má ráð fyrir að sérstaklega komi til álita atferli í aðdraganda skilnaðar og eftir samvistarshit.

Samkvæmt 2. mgr. fer um uppgjör endurgjaldskröfu skv. 4. mgr. 85. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er að finna það nýmæli að endurgjaldskrafa af þessu tagi sé ekki bundin við skiptin heldur megji hafa hana uppi síðar ef ekki tekst að jafna hana við skiptin. Grundvallarmunur er á aðstæðum sem réttlæta endurgjaldskröfu vegna framlaga og endurgjaldskröfu vegna óhæfilegs atferlis. Þykir það réttlæta þennan mun sem hér er gerður.

Um 87. gr.

Í ákvæðinu er að finna almennar reglur um úthlutun og útlagningu. Ákvæðið kemur að sínu leyti í stað 106., 108. og 109. gr. laganna, orðalagið er skýrara en felur ekki í sér bein efnisleg nýmæli.

Í 1. mgr. er gerð grein fyrir hugtökunum úthlutun og útlagning. Úthlutun lýsir í raun tölulegum niðurstöðum skiptanna, þ.e. felur í sér ákvörðun um hvert skuli vera heildarverðmæti þess sem hvort hjóna fær í sinn hlut eftir þeim skiptareglum sem eiga við. Í framkvæmd er þetta oft kallað búshluti hvors um sig. Í framhaldinu verður að ákveða hvernig eigi að framkvæma uppgjör eigna og skulda. Eignir geta verið margvíslegar, svo sem fasteignir, innbú, fyrirtæki, hlutabréf, verðbréf og peningar. Þá geta skuldir verið fallnar í gjalddaga eða skuldbindingum ætlað að standa til langs tíma. Útlagning felur í sér ákvarðanir um hvaða eignir og skuldir hvort hjóna leysir til sín eftir atvikum. Ef allar eignir eru seldar og allar skuldir greiddar er útlagning einföld. Það á þó sjaldnast við. Algengt er að maki óski eftir að fá lagða út tiltekna eign eða hann taki að sér tiltekna skuldir.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir jöfnun verðmæta ef annar maki fær lagða út eign en verðmæti hennar er meira en honum ber að fá í sinn hlut við skiptin. Áréttað er að hjón geti samið með öðrum hætti sem felur þá efnislega í sér að maki falli frá tilkalli sínu til eigna.

Í 3. mgr. er að finna það nýmæli að um rétt hvors hjóna til að fá eign lagða sér út við fjárskiptin fari alfarið eftir ákvæðum skiptalaga. Um þessi atriði er nú einnig fjallað í 108. gr. laganna.

Um 88. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um stöðu leiguréttinda við fjárskipti. Ákvæðið er svipað og 112. gr. laganna en er þó fyllra. Ákvæðið tekur þannig hvort tveggja til íbúðarhúsnæðis þar sem fjölskyldan hefur búið og til atvinnuhúsnæðis sem annað hefur aðallega haft afnot af.

Um 89. gr.

Ákvæði þetta um fjárskiptasamninga samsvarar að mestu leyti 1. mgr. 95. gr. núgildandi laga. Lagt er til það nýmæli að í stað orðalags um eignaleyssi verði miðað við sameiginlega yfirlýsingu um að skipti verði ekki knúin fram.

Í 1. máls. er fjallað um samninga hjóna um fjárskipti vegna skilnaðar. Undirstrika ber að hér er átt við samninga sem gerðir eru í beinum tengslum við skilnaðinn. Um samninga sem hjón geta gert fyrirfram og áhrif geta haft á fjárskiptin er fjallað í XI. kafla laganna. Hjón geta þannig fyrirfram gert með kaupmála samninga um séreignafyrirkomulag. Hjón geta aftur á móti ekki samið fyrirfram um fjárskiptin með öðrum hætti, t.d. geta þau ekki gert einfaldan samning sín á milli um hvaða eignir standi utan skipta, um úthlutun eða útlagningu eigna eða að fallið verði frá tilkalli til eigna ef til skilnaðar kemur.

Fjárskiptasamningur vegna skilnaðar verður að vera nokkuð formlegur enda ber hjónum að óska staðfestingar hans fyrir sýslumanni, sbr. 34. gr. frumvarpsins. Þá er samningur hluti af skilnaðarkjörum, sbr. 35. gr. frumvarpsins. Sem endranær er æskilegt að hjón ráði fjárskiptum til lykta með samningi. Um gerð fjárskiptasamnings gilda almennar reglur samningaréttar. Fjárskiptasamningur vegna skilnaðar hefur þó talsverða sérstöðu. Samningur er oftast gerður við viðkvæmar aðstæður í miðri hringiðu breytinga þar sem togast á persónulegir, tilfinningalegir og fjárhagslegir hagsmunir. Samningurinn felur í sér allsherjaruppgjör og honum er ætlað að vara til frambúðar. Í grunninn njóta hjón samningsfrelsis við fjárskiptin. Um leið er mikilvægt að hjón geri sér grein fyrir meginreglum

hjúskaparlaga um fjárskipti og taki upplýsta og yfirvegaða ákvörðun um beitingu reglnanna eða frávika frá þeim þegar það á við. Af ákvæði 90. gr. frumvarpsins má draga þá almennu ályktun að miðað sé við að fjárskiptasamningur sé sanngjarn og að ekki sé hallað óeðlilega á annað hjóna. Mikilvægt er að samningur hafi að geyma tæmandi ákvæði um eignir og skuldir hvors hjóna og fullnægjandi ákvæði um verðgildi þeirra, skýr ákvæði um úthlutun og útlagningu og greiðslur og ráðstafanir sem gera þarf í því samhengi. Miða verður við að unnt sé að framkvæma samninginn samkvæmt efni hans.

Samkvæmt 2. másl. geta hjón sameiginlega lýst því yfir að skipti verði ekki knúin fram. Samkomulag þetta verður einnig að vera formlegt og ber hjónum að staðfesta það fyrir sýslumanni, sbr. 34. gr. frumvarpsins. Ákvæðið er að hluta til efnislega sambærilegt við 3. másl. 1. mgr. 95. gr. núgildandi laga um að hjón geti staðið saman að yfirlýsingu um eignaleysi og staðfest hana fyrir sýslumanni eða dómara. Hér er lagt til að nota orðalagið *að skipti verði ekki knúin fram* í stað orðlags um eignaleysi. Orðalagið þykir ná betur yfir nokkur ólík tilvik. Í fyrsta lagi nær það yfir þær aðstæður þegar ekki er unnt að knýja fram opinber skipti vegna þess að hvorugt hjóna á eignir umfram skuldir. Í dómi Hæstaréttar frá 29. ágúst 2005 í máli nr. 261/2005 var því slegið föstu að opinberum skiptum til fjárslita vegna hjónaskilnaðar verði beitt til að fylgja eftir gagnkvæmu tilkalli samkvæmt helmingaskiptareglu 103. gr. hjúskaparlaganna, sem hjón njóta við skilnað til hluta af skýrri hjúskapareign hvors annars. Var niðurstaðan sú að með hliðsjón af 3. mgr. 109. gr. skiptalaga geti slík skipti á hinn bóginn ekki farið fram til þess eins að færa frá öðru hjóna yfir á herðar hins skuldir, sem eignir þess fyrrnefnda hrökkva ekki fyrir. Kröfu um opinber skipti var vísað frá dómi. Yfirlýsing hjóna um að skipti verði ekki knúin fram getur því stafað af því að þrátt fyrir að eignir séu til staðar þá sé skuldastaðan með þeim hætti að hafnað yrði opinberum skiptum. Í öðru lagi nær orðalagið um að skipti verði ekki knúin fram til þess þegar hjón búa við algert séreignafyrirkomulag. Í þriðja lagi þykir óhætt að gefa hjónum kost á ljúka skiptum með yfirlýsingu um að skipti verði ekki knúin fram á þeirri forsendu að þau falli frá öllu tilkalli til eigna hvors annars og gerir engar kröfur hvort á hendur öðru vegna fjárskipta.

Um 90. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um ógildi fjárskiptasamnings og kemur það í stað 2. mgr. 95. gr. núgildandi laga. Í ákvæðinu er að finna samskonar skilyrði fyrir ógildingum um að samning megi ógilda ef hann er bersýnilega ósanngjarn. Ákvæðið er þó skýrara auk þess sem lagt er til að fella niður málshöfðunarfresti og víkja sérstaklega að ógildingarreglum samningaréttar.

Samkvæmt 1. mgr. er sanngirnismælikvarði lagður til grundvallar. Gera má ráð fyrir að mat á því hvað telst bersýnilega ósanngjarnt verði svipað og verið hefur við túlkun gildandi laga og miðað við að ekki verði hróflað við fjárskiptasamningum eftir á nema sérstaklega standi á. Þá hvílir sönnunarbyrði að meginstefnu til á þeim sem krefst ógildingar.

Grunnþáttur í sanngirnismatinu er að kanna hvort og að hvaða marki samningur víkur frá meginreglum hjúskaparlaga. Hingað til hefur verið lögð áhersla á að kanna hvort samningur feli í sér frávik frá helmingaskiptareglu laganna. Hér er lagt til það orðalag að líta eigi til þess hvort samningur víkur verulega frá því sem ætla má að hefði orðið niðurstaða skipta skv. lögum þessum þegar samningur var gerður. Gera má ráð fyrir að oftast verði tekist á um frávik frá helmingaskiptareglunni en ekki er útilokað að það halli óeðlilega á annað hjóna með því að beitt hafi verið helmingaskiptum við aðstæður þar sem bersýnilega hefði mátt krefjast þess að réttindi féllu utan skipta. Hér má áréttta mikilvægi þess að fjárskiptasamningar séu tæmandi og skýrir um öll þau atriði sem skipta máli. Undirstrika ber að það er ekki nægilegt að sýna

fram á að samningur víki frá því sem vænta hefði mátt um niðurstöðu skiptanna samkvæmt ákvæðum laga. Næsta skrefið er að kanna aðdraganda að samningsgerð. Getur aðstöðumunur hjónanna haft þar áhrif, svo sem hvort þeirra hafði betri þekkingu og yfirsýn yfir fjármálin, hvort þeirra hafði frumkvæði að samningsgerð, hvort þau höfðu svigrúm til að kynna sér efni samningsins og hvor þau nutu aðstoðar lögmanns eða annarra við samningsgerðina. Þá skiptir miklu máli að meta afstöðu hjónanna, þ.e. hvort og að hvaða marki þau tóku upplýsta ákvörðun um að víkja frá meginreglum laga um skiptin. Önnur atriði geta einnig skipt máli, svo sem persónulegir hagir hvors um sig. Þá geta önnur skilnaðarkjör skipt máli, svo sem hvort og hvernig samið er um framfærslueyri eftir skilnað.

Til að taka af öll tvímæli er lagt til að taka fram í ákvæðinu að krefjast megi ógildingar fjárskiptasamnings með stöð í ógildingarreglum samningaréttar. Er þetta í samræmi við túlkun núgildandi laga. Engir beinir tímafrestir eru í ákvæðinu enda þykir ekki ástæða til að gera upp á milli þess hvort beitt er ákvæðum hjúskaparlaga eða ógildingarreglum á sviði samningaréttar. Æskilegt er að leyst verði úr ágreiningi um ógildi fjárskiptasamnings sem allra fyrst eftir að samningur er gerður. Atriði eins og tómlæti eða að samningur hafi komið til framkvæmda geta haft áhrif á niðurstöðu málsins.

Niðurstaða máls getur verið sú að fella samning niður í heild eða að hluta. Eftir atvikum þarf þá að gera nýjan fjárskiptasamning eða krefjast opinberra skipta. Áréttu ber að þetta haggar ekki við gildi skilnaðarleyfis.

Um 91. gr.

Í ákvæðinu er að finna það nýmæli að sýslumaður geti að kröfu annars hjóna úrskurðað um að skipti verði ekki knúin fram. Samkvæmt núgildandi lögum hefur það hjóna, sem telur að eignir hrökkvi ekki fyrir skuldum, ekki annan kost en að óska opinberra skipta. Kemur þá í hlut dómara að leggja mat á eigna og skuldastöðu. Ef dómari hafnar kröfu um opinber skipti hefur í raun verið fallist á einhliða yfirlýsingu annars hjóna um að skipti verði ekki knúin fram. Má sjá þetta glögg í dómi Landsréttar frá 1. febrúar 2019 í máli nr. 513/2018 þar sem leyst var úr kröfu um lögskilnað og skilnaðarkjör. Áður hafði verið krafist opinberra skipta sem héraðsdómur hafði hafnað á þeim grundvelli að hvorugur aðili ætti eignir umfram skuldir. Í skilnaðarmálinu þótti ekkert hafa komið fram um eignastöðu aðila sem hrinti fyrrgreindri niðurstöðu um að hafna opinberum skiptum. Fallist var á kröfu um lögskilnað enda þótti það jafngilda staðfestu eignaleyfi þegar maki kæmi ekki fram kröfu um opinber skipti.

Tillaga um að heimila sýslumanni að úrskurða um að skipti verði ekki knúin fram hefur að markmiði að einfalda og auðvelda skilnaðarferlið. Þykir sýslumaður jafnfær um að meta eigna og skuldastöðu með sama hætti og dómara hafa gert. Þá getur sýslumaður metið hvort fullkomið séreignafyrirkomulag ríki í hjúskap. Vert er að áréttu að ekki nægir yfirlýsing annars hjóna um að það geri engar kröfur á hendur hinu í tilefni skilnaðar þar sem hvort hjóna um sig á tilkall til eigna hins. Sýslumanni ber að sjá til þess að kröfunni fylgi nauðsynleg gögn og skýringar til þess að unnt sé að sannreyna að skipti verði ekki knúin fram. Gæta þarf þess eftir atvikum að fá skýra mynd af eignum sem almennt koma til skipta og verðmæti þeirra, svo sem viðbótarlífeyrissparnaðar ef ákvæði 84. gr. frumvarpsins verður lögfest. Sama á við um skuldir og stöðu þeirra. Sýslumaður synjar kröfunni ef hann telur yfirlýsingar og framlögð gögn ófullnægjandi eða bera með sér að eignir sem komi til álita við skiptin séu til staðar eða að eignir kunni að vera vantaldar. Úrskurði sýslumanns má skjóta til ráðuneytisins. Þá ber að undirstrika að heimild sýslumanns samkvæmt þessu ákvæði kemur ekki í veg fyrir að annað hjóni velji frekar að óska opinberra skipta ef ágreiningur er um hvort skipti verði knúin fram.

Þá verður að gera ráð fyrir að krefjast megi opinberra skipta ef í ljós kemur eftir að úrskurður sýslumanns eða dómara liggur fyrir að eignir hafi verið vantaldar.

Um 92. gr.

Ákvæðið fjalla um rétt til að krefjast opinberra skipta til fjárslita milli hjóna og framkvæmd skiptanna.

Ákvæði 1. mgr. er sama efnis og 96. gr. laganna.

Í 2. mgr. er tekið fram til áréttingar að efnisreglur þessa kafla gildi við opinber skipti.

Samkvæmt 3. mgr. gilda ákvæði skiptalaga um varnarþing, meðferð kröfu og framkvæmd opinberra fjárskipta á búi hjóna. Ekki er gert ráð fyrir hjúskaparlög hafi að geyma ákvæði sem svara til 97. og 98. gr. gildandi laga.

Um 93. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um skipulag fjármála hjóna í kjölfar brottfalls skilnaðar að borði og sæng eftir að fjárskiptum er lokið. Ákvæðinu svipar til 111. gr. laganna en orðalagið er mun skýrara. Af ákvæðinu leiðir að ef hjón fá skilnað að borði og sæng á grundvelli úrskurðar um opinber skipti og sammælast um að fella skilnaðinn niður áður en opinberum skiptum er lokið helst fjárhagsleg staða þeirra óbreytt, þ.e. óbreytt fyrirkomulag hjúskapareigna, séreigna og skulda hvors um sig.

Í 1. mgr. er með beinum hætti tekið á því þegar hjón óska staðfestingar sýslumanns á brottfalli skilnaðar að borði og sæng eftir að fjárskiptum er lokið. Í fyrsta lagi raknar við að nýju það fyrirkomulag sem átti við um séreignir sem haldið var utan skipta, fyrst og fremst kaupmálar og ákvarðanir gefanda eða arfleifanda. Í öðru lagi er því slegið föstu að eignir sem komu í hlut hvors hjóna við fjárskiptin teljast hjúskapareignir hvors um sig nema annað sé samið. Sama á við um ábyrgð á skuldum. Þetta getur skipt máli þegar hjúskap er endanlega slitið síðar, hvort sem er við andlát eða lögskilnað.

Í 2. mgr. er tekið fram til áréttingar að þegar fjárskipti fara fram að nýju telst hvort hjóna flytja með sér í hjúskapinn þær eignir sínar sem stóðu utan skipta og þær eignir sem komu í hlut hvors um sig við fyrri fjárskiptin. Sá tími sem líður milli fyrri og síðari fjárskipta getur verið mjög mismunandi. Hér getur sem endranær reynt á mat á því að hve miklu leyti eignir eru enn til staðar og hvort og að hvaða marki þær verði sérgreindar.

Um XV. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um réttarfar í hjúskaparmálum eins og þau eru skilgreind í 94. gr. frumvarpsins. Kemur kaflinn í stað XV. kafla núgildandi laga. Helsta nýmæli kaflans felst í þrengri skilgreiningu hjúskaparmála þar sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir að úrlausn skilnaðarmála verði alfarið í höndum sýslumanns. Leiðir það til nokkurra breytinga á efni kaflans en að öðru leyti eru efnisatriði að mestu sambærileg. Með sama hætti og í gildandi lögum er gert ráð fyrir að meðferð hjúskaparmála lúti í meginatriðum almennri meðferð einkamála með nokkrum frávikum sem greind eru í kaflanum. Eru þau frávik færri en samkvæmt gildandi lögum og ber þar helst að geta aukins málsforræðis aðila.

Um 94. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að tvær tegundir mála teljist hjúskaparmál, annars vegar mál til úrlausnar um hvort hjúskapur sé gildur eða ekki gildur og hins vegar mál sem höfðuð eru til ógildingar hjúskapar. Er það í samræmi við 1. og 3. tölulið 113. gr. laganna. Þessi þrengri

skilgreining á hugtakinu hjúskaparmál er í samræmi við önnur atriði frumvarpsins, fyrst og fremst að færa úrlausnarvald um skilnaðarkröfu frá dómstólum til sýslumanns.

Um 95. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um lögsögu í hjúskaparmálum og kemur það í stað 114. gr. laganna. Ákvæðið er að mestu sama efnis og gildandi lög en þó er lagt til að fella brott 5. tölul. 1. mgr. 114. gr., um heimild til að gera kröfu um lögskilnað fyrir dómi, og 2. mgr. um mál til hjónaskilnaðar. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 96. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um varnarþing í hjúskaparmálum. Ákvæðið er svipaðs efnis og 115. gr. laganna og þarfnast ekki skýringa.

Um 97. gr.

Í ákvæði er fjallað um aðild að hjúskaparmálum. Ákvæðið kemur í stað 116. gr. laganna en felur í sér það nýmæli að auk hjóna geti niðjar hvors hjóna höfðað mál að því látinu. Stendur ákvæðið í samhengi við 2. mgr. 21. gr. þar sem kveðið er um að hjónavígslu sem uppfyllir ekki gildisskilyrði megi lýsa gilda fyrir dómi, jafnvel þótt annað hjóna eða bæði séu látin. Þykir rétt að sambærilegt gildi um hjúskaparmál skv. 94. gr. en um leið mæla fyrir um að aðild takmarkist við hjón og niðja þeirra, enda eigi niðjar helst hagsmuna að gæta eftir andlát hjóna.

Um 98. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um málsmeðferð hjúskaparmála og kemur það í stað 117. gr. laganna. Ákvæðið er óbreytt að öðru leyti en því að lagt er til að fella niður 3. og 4. mgr. 117. gr. Þau ákvæði fela í sér skert málsforræði, fyrst og fremst með tilliti til ófrávíkjanlegra lagaskilyrða skilnaðar samkvæmt gildandi lögum. Ekki þykir þörf á að skerða málsforræði aðila með sama hætti í þeim hjúskaparmálum sem skilgreind eru í 94. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 1. mgr. er óbreytt sú regla gildandi laga að hjúskaparmál sæti meðferð einkamála nema kveðið sé á um frávik í lögnum.

Ákvæði 2. mgr. er óbreytt 2. mgr. 117. gr. laganna.

Um 99. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um nafnleynd og birtingu dóma í hjúskaparmálum. Ákvæðið kemur í stað 118. og 119. gr. laganna en er efnislega óbreytt. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 100. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um áhrif andláts annars hjóna áður en mál er höfðað. Ákvæðið kemur í stað 120. gr. laganna og felur í sér nýmæli, sbr. ákvæði 97. gr. um aðild að hjúskaparmálum.

Um 101. gr.

Í ákvæðinu eru fjallað um áhrif frávísunar og niðurfellingar máls og heimild til að höfða mál að nýju. Ákvæðið er efnislega sambærilegt við 121. gr. laganna og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 102. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um áfrýjun og endurupptöku máls. Ákvæðið er efnislega sambærilegt við 122. gr. laganna og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um XVI. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um meðferð og úrlausn stjórnvalda á málum samkvæmt lögnum. Kaflinn kemur í stað XVI. kafla laganna og einstakra annarra ákvæða laganna en er ítarlegri og skýrari. Helstu nýmæli kaflans eru skýrari og nákvæmari ákvæði um lögsögu og um kröfur og tilkynningar um meðferð máls. Tengist þetta tillögu frumvarpsins um að sýslumaður leysi úr kröfu um skilnað enda þykir það kalla á að ríkari kröfur verði gerðar til aðgangs að úrlausn og til málsmeðferðar. Ákvæði kaflans eru að vissu marki sniðin eftir sambærilegum ákvæðum í barnalögum með hliðsjón af lögum um meðferð einkamála.

Lagt er til að taka fram að meðferð máls fari samkvæmt stjórnsýslulögum að því leyti sem annað er ekki tekið fram í kaflanum.

Um 103. gr.

Í ákvæðinu er gerð grein fyrir lögsögu íslenskra stjórnvalda í málum sem tengjast öðrum ríkjum. Ákvæðið kemur í stað 123. gr. laganna og er nokkuð ítarlega. Markmiðið er fyrst og fremst að tryggja fólki raunhæfa möguleika á að óska skilnaðar við þær aðstæður sem nánar er lýst í ákvæðinu.

Ákvæði 1. tölul. er sambærilegt 1. tölul. 1. mgr. 123. gr. laganna.

Í 2. tölul. er lagt til það nýmæli að stjórnvöld hafi lögsögu í málum krefjanda sem búsettur er hér á landi og hefur verið það sl. tvö ár eða hefur búið hér áður í svo langan tíma.

Í 3. tölul. er lagt til það nýmæli að krefjandi sem búsettur er hér á landi geti óskað hér lögskilnaðar ef leitt er í ljós að hann geti það ekki í landinu þar sem hann á ríkisfang eða fasta búsetu. Þarf hann þá ekki að hafa búið hér í tvö ár og er þetta óháð því hvort hjónavígslan fór fram hér á landi eða ekki.

Í 4. tölul. er að finna það nýmæli að þrátt fyrir að krefjandi sé ekki búsettur hér á landi þá geti hann óskað skilnaðar hafi hjónavígslan farið hér fram og leitt er í ljós að hann getur ekki óska eftir skilnaði í landinu þar sem hann hefur ríkisfang eða er búsettur.

Ákvæði 5. tölul. er efnislega sambærilegt ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 123. gr. laganna.

Ákvæði 6. tölul. er efnislega sambærilegt ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 123. gr. laganna

Í 7. tölul. er vikið að lögsögu stjórnvalda að því er snýr að könnun hjónavígsluskilyrða. Gerð er krafa um að hjónaefni standi sameiginlega að ósk um könnun.

Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 123. gr. laganna og þarfnast ekki skýringa.

Um 104. gr.

Í ákvæði er fjallað um úrlausnarumdæmi einstakra mála. Að því er varðar könnun hjónavígsluskilyrða kemur ákvæðið í stað 1. mgr. 14. gr. laganna. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að mælt sé sérstaklega fyrir um umdæmi þegar kemur að hjónavígslu.

Ákvæðið kemur að öðru leyti í stað 124. gr. laganna. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 105. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um kröfur aðila og tilkynningu um meðferð máls. Ákvæðið kemur í stað 127. gr. laganna en er nokkuð ítarlegra. Rökin fyrir því að mæla nánar fyrir um þessi

atriði eru fyrst og fremst þau að í frumvarpinu er lagt til að sýslumaður veiti leyfi til skilnaðar. Jafnhliða er lagt til að mælt verði fyrir um ótvíræðan rétt einstaklings til skilnaðar. Þrátt fyrir að lagt sé til að einfalda skilnðarskilyrði til muna með þessum hætti verður að viðurkenna að ákvörðun sýslumanns um að veita leyfi til skilnaðar er alla jafna íþyngjandi og þýðingarmikil fyrir aðila. Nauðsynlegt er að kveða með skýrum hætti á um hvernig till kynningu til aðila um meðferð máls verði komið á framfæri. Meðal annars er lagt til að sýslumanni verði veitt heimild til þess að birta till kynningu um kröfu og meðferð máls, og áskorun til aðila um að láta mál til sín taka, í Lögbirtingablaði, svo sem í þeim tilvikum þegar ókunnugt er um heimili viðkomandi. Með þessum ákvæðum er reynt að tryggja réttaröryggi beggja aðila máls. Fyrirmynd ákvæðisins er í barnalögum og lögum um meðferð einkamála.

Samkvæmt 1. mgr. ber aðilum máls að setja fram skýrar kröfur fyrir sýslumanni.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að sýslumaður kynni kröfur fyrir þeim sem mál beinist að og veiti honum færi á að gera grein fyrir afstöðu sinni. Ekki eru settir sérstakir tímafrestir en gert er ráð fyrir að mál verði kynnt án ástæðulausra tafa. Þá má gera ráð fyrir að sýslumaður geri aðila grein fyrir því hverju það varði að sinna ekki erindinu, þ.e. að búast megi við að veitt verði úrlausn í málinu á grundvelli þeirra krafna og gagna sem liggja fyrir, eftir að atvikum að lokinni sérstakri gagnaöflun sýslumanns, sbr. 107. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er kveðið á um hvernig skuli tilkynna þeim sem krafa beinist að um málið ef viðkomandi á lögheimili eða þekkt aðsetur í öðru ríki. Fyrst og fremst fer um þá birtingarháttu eftir lögum viðkomandi ríkis. Þrátt fyrir þessa meginreglu telst mál réttilega tilkynnt aðila ef hann móttækur ábyrgðarbréf sýslumanns eða annars sem kann að hafa milligöngu um till kynningu, svo sem sendiráðs eða ræðismanns, bréf er birt af stefnuvotti eða gagnaðili staðfestir skriflega að fengið samrit bréfs sýslumanns. Í þessum tilvikum þykir liggja fyrir með óyggjandi hætti að viðkomandi hafi fengið bréfið í hendur og breytir þá engu þótt reglur búsetulandsins kveði á um aðrar birtingaraðferðir. Lokamálsliður ákvæðisins hefur einkum þýðingu í þeim tilvikum sem gagnaðila er kynnt krafa fyrir milligöngu sendiráðs Íslands í viðkomandi landi eða ræðismanns. Þá getur m.a. hagað svo til að honum sé kynnt mál er hann mætir í sendiráð eða á skrifstofu ræðismanns, sem afhendir honum bréf. Áritun viðtakanda á samrit bréfs sýslumanns, um að það hafi verið birt honum, telst alltaf nægileg birting.

Í 4. mgr. er kveðið á um að sýslumaður geti að uppfylltum ákveðnum skilyrðum birt till kynningu um meðferð máls í Lögbirtingablaði og er um þýðingarmikið nýmæli að ræða. Gera má ráð fyrir að það fjölgi málum hjá sýslumanni þar sem örðugleikum er bundið að ná til gagnaðila máls og er brýn þörf fyrir skýr lagafyrirmæli um hvernig skuli bregðast við þegar svo háttar til. Þessi ákvæði hafa ekki síst þýðingu ef nýmæli frumvarpsins um útgáfu skilnaðarleyfa verða að veruleika.

Í 1. tölul. segir að birta megi till kynningu um meðferð máls í Lögbirtingablaði ef upplýsinga verður ekki aflað um heimili gagnaðila. Getur þetta hvorttveggja átt við aðila sem talið er að séu búsettir hér á landi og þá sem talið er að séu búsettir erlendis. Rétt er að leggja áherslu á að á sýslumanni hvílir að sjálfsögðu ákveðin rannsóknarskylda að þessu leyti. Ber sýslumanni að kanna hvort eitthvað verði upplýst um það hvar viðkomandi kann að vera að finna. Hann getur m.a. skorað á málshefjanda að veita þær upplýsingar sem viðkomandi kann að hafa í fórum sínum, t.d. um þá sem líklegir eru til að gefa gefið upplýsingar um gagnaðila. Aðeins ef slík rannsókn leiðir í ljós að ómögulegt sé að hafa upp á aðila og heimili hans er óþekkt myndi sýslumaður birta till kynningu um málið í Lögbirtingablaði.

Samkvæmt 2. tölul. má birta tilkynningu um meðferð máls í Lögbirtingablaði ef erlend yfirvöld neita eða láta hjá líða að birta tilkynningu um meðferð málsins. Hér þarf að vera búíð að láta á það reyna að fá erlend yfirvöld til að birta tilkynningu, án árangurs.

Í 3. tölul. segir að birta megi tilkynningu í Lögbirtingablaði ef birting tekst ekki. Ákvæðið getur átt við um birtingu hér á landi og erlendis og á við t.d. engar upplýsingar liggja fyrir um heimili gagnaðila, hann hittist ekki fyrir á heimili sínu og hvorki tekst að birta honum tilkynninguna né öðrum þeim sem bær er til að taka við slíkri tilkynningu.

Í 4. tölul. kemur fram að birta megi tilkynningu í Lögbirtingablaði ef neitað er viðtöku ábyrgðarbréf á heimili gagnaðila. Ákvæðið á við bæði um aðila sem búsettir eru hér og landi og erlendis.

Ákvæði 5. mgr. mælir fyrir um efni og birtingarháttu tilkynningar í Lögbirtingablaði. Í tilkynningu skal m.a. koma fram hverju það varði að sinna ekki kvaðningu sýslumanns og er þar átt við að fram skuli koma að búast megi við að veitt verði úrlausn í málinu á grundvelli þeirra krafna og gagna sem liggja fyrir.

Um 106. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um málsmeðferð. Í gildandi lögum er gengið út frá því að málsmeðferð falli að almennum viðhorfum í stjórnarsýslurétti en útfærsla ákvæðisins er nýmæli í hjúskaparlögum.

Í 1. mgr. er undirstrikað að um meðferð máls gildi reglur stjórnarsýslulaga, nema sérstaklega sé kveðið á um frávik frá þeim.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um heimildir sýslumanns til að ákveða hvort aðilar eru kvaddir á hans fund, saman eða hvor í sínu lagi, eða hvort hann gefur þeim kost á að tjá sig skriflega um mál. Óski aðili eftir því sérstaklega að fá að tjá sig munnlega við sýslumann skal þó ávallt verða við ósk hans þar að lútandi. Ákvæðið kemur að sínu leyti í stað 129. gr. laganna um rétt aðila til að tjá sig. Rétt er að geta þess að málefni á sviði hjúskaparlaga sem koma til úrlausnar sýslumanns eru ólík að umfangi og eðli. Í einföldum málum getur verið hagkvæmast að aðilar tjái sig skriflega um mál og mundi sýslumaður þá að jafnaði hafa þann hátt á. Ef aðili treystir sér ekki til þess að tjá sig skriflega um mál eða vill af öðrum ástæðum fá að tjá sig munnlega um mál ber að gefa honum færi á því og þá þarf sýslumaður að gæta að því að skrá niður það sem þýðingu hefur fyrir úrlausn málsins.

Í 3. mgr. segir að sýslumaður geti ákveðið að fyrirtaka máls varðandi gagnaðila fari fram í umdæmi þess sýslumanns þar sem hann býr. Ákvæði af þessum toga er ekki í gildandi hjúskaparlögum en það er í samræmi við þá framkvæmd sem nú ríkir hvað þetta varðar.

Um 107. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um rannsókn máls. Kemur það að sínu leyti í stað 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 127. gr. laganna um gagnaöflun en er að öðru leyti ítarlegra.

Í 1. mgr. kemur fram að aðilum máls beri að afla þeirra gagna sem sýslumaður telur þörf á til úrlausnar máls en jafnframt að sýslumaður geti að eigin frumkvæði aflað gagna. Vísað er til rannsóknarreglu stjórnarsýslulaga og með því er sjónum beint að þeirri skyldu sýslumanns að sjá til þess að mál sé nægilega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því. Vert er að undirstrika að aðilar geta hvenær sem er undir meðferð máls, allt þar til úrskurðað hefur verið í máli, sett fram nýjar málsástæður og enn fremur komið að nýjum andmælum, en sýslumaður er ekki bundinn af málsástæðum aðila.

Í 2. mgr. er tekið fram að sýslumaður geti synjað um úrlausn ef krefjandi sinnir eigi kvaðningum eða tilmælum sýslumanns um framlagningu ganga.

Í 3. mgr. er kveðið á um rétt sýslumanns til að afla nauðsynlegra gagna ef annar hvor aðili sinnir ekki tilmælum um gagnaöflun. Er öllum þeim sem sýslumaður leitar til skylt að láta honum í té endurgjaldslaust afrit af gögnum sem nauðsynleg eru fyrir úrlausn máls.

Um 108. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um almenna leiðbeiningarskyldu og skyldu sýslumanns til að leita sátta með aðilum. Ákvæðið kemur í stað 125. og 1. mgr. 126. gr. laganna og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 109. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um form og efni úrskurðar. Ákvæðið kemur í stað 130. gr. laganna en er nokkuð ítarlegra. Er það sama efnis og sambærilegt ákvæði barnalaga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 110. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um birtingu úrlausnar og kemur það í stað 131. gr. laganna. Lagt er til það nýmæli að heimila sýslumanni að koma úrlausn til aðila með birtingu í stafrænu pósthólfi, sbr. IX. kafla stjórnsýslulaga um rafræna meðferð stjórnsýslumála.

Um 111. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um stjórnsýslukæru. Er það efnislega samhljóða 132. gr. laganna en að auki er tekið sérstaklega fram að um meðferð kærumáls fari samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga og ákvæðum þessa kafla eftir því sem við getur átt. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Um XVII. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um skyldu og heimildir ráðherra til að setja reglugerð um afmörkuð atriði, svo og um gildistöku laganna og lagaskil. Þá er kveðið á um breytingar á öðrum lögum.

Um 112. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um könnun hjónavígsluskilyrða og útgáfu könnunarvottorðs. Þá geti ráðherra ákveðið að könnun hjónavígsluskilyrða og viðurkenning á hjónavígslu verði á hendi eins sýslumanns.

Samkvæmt 2. mgr. getur ráðherra sett aðrar tiltekna reglugerðir.

Um 113. gr.

Í ákvæðinu er tekið fram um gildistöku laganna og brottfall nógildandi hjúskaparlaga, nr. 31/1993. Mikilvægt er að frá samþykkt laganna og fram að gildistöku þeirra verði svigrúm til staðar til að undirbúa kynningarefni, uppfæra handbækur og leiðbeiningar og framkvæma nauðsynlegar kerfisbreytingar sem frumvarpið hefur í för með sér. Tryggja þarf að viðkomandi stofnanir, fyrst og fremst sýslumaður, verði í stakk búna til að koma að breyttu verklagi og framkvæmd.

Um 114. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um lagaskil.

Í 1. mgr. kemur fram að lögin gildi um hjúskap þrátt fyrir að stofnað hafi verið til hans í tíð eldri laga. Gert er ráð fyrir þessu sem almennri reglu sem eigi við nema annað sé tekið fram en þar er fyrst og fremst verið að vísa til þeirra undantekninga sem koma fram í ákvæðinu sjálfu.

Samkvæmt 2. mgr. má framkvæma hjónavígslu samkvæmt hjúskaparlögum nr. 31/1993 eftir gildistöku laganna ef vottorð vegna könnunar hjónavígsluskilyrða var gefið út fyrir gildistöku laganna og hjónavígslan fer fram innan gildistíma vottorðsins. Talið er að þau sem fengið hafi vottorð um að uppfylla hjónavígsluskilyrði hafi réttmætar væntingar um að hjónavígsla megi fara fram. Þetta getur skipt máli þar sem gert er ráð fyrir strangari hjónavígsluskilyrðum vegna tengsla, sbr. 8. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er tekið fram að hafi einungis verið óskað könnunar hjónavígsluskilyrða án þess að vottorð hafi verið gefið út fari eftirfarandi málsmeðferð samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Í 4. mgr. er að finna ákvæði um lagaskil vegna kröfu um framfærslueyri. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að mál um framfærslueyri eða lífeyri sem voru byrjuð en ólokið við gildistöku laganna verði leyst á grundvelli hjúskaparlaga nr. 31/1993. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að lög þessi gildi um allar kröfur um breytingar á eldri samningum, úrskurðum eða dómum.

Ákvæði 5. mgr. er í fyrsta lagi ætlað að tryggja að eftir gildistöku laganna verði unnt að gera fjárnám á grundvelli staðfests samnings eða úrskurðar sem kveðinn var upp í tíð eldri laga. Í öðru lagi er tekið fram að nýmæli um greiðsluskyldu Tryggingastofnunar ríkisins nái einungis til úrskurða sem kveðnir eru upp eftir gildistöku laganna.

Í 6. mgr. er mikilvægt ákvæði um gjafir milli hjóna og hjónaefna með hliðsjón af því nýmæli frumvarpsins að afnema kröfu um kaupmála vegna gjafa af þessu tagi. Mælt er fyrir um að ákvæði hjúskaparlaga nr. 31/1993 gildi um gjafir milli hjóna og hjónaefna sem gefnar voru fyrir gildistöku laga þessara. Gjafir sem gefnar voru í tíð eldri laga eru því einungis gildar hafi verið gerður um þær kaupmáli.

Í 7. mgr. er mælt fyrir um heimild hjóna til að breyta ákvörðun gefanda eða arfleifanda. Hafi ákvörðun gefanda eða arfleifanda verið tekin í tíð eldri laga geta hjón einungis breytt henni eftir því sem mælt er fyrir um í hjúskaparlögum nr. 31/1993. Í þeim tilvikum er heimild hjóna til breytinga eingöngu til staðar hafi gefandi eða arfleifandi mælt fyrir um það. Vert er að minna á að samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að hjón hafi heimild til að gera breytinga nema gefandi eða arfleifandi hafi sérstaklega mælt fyrir um að slíkt sé óheimilt.

Í 8. mgr. er tekið fram að um formlegt og efnislegt gildi kaupmála sem gerðir voru fyrir gildistöku laga þessara fari samkvæmt ákvæðum hjúskaparlaga nr. 31/1993. Rýmri heimildir til að afmarka efnisatriði kaupmála eiga því einungis við um þá kaupmála sem gerðir eru eftir gildistöku laganna. Þó er tekið fram að beita megi 2. mgr. 62. gr. ef eftir gildistöku laganna er krafist ógildingar kaupmála sem gerður var fyrir gildistöku. Er þetta fyrst og fremst til áréttingar enda má líta svo á að skilyrði ógildingar samkvæmt gildandi lögum séu í raun sambærileg að þessu leyti.

Samkvæmt 9. mgr. fer um ógildingu hjúskapar sem stofnað var til í tíð eldri laga samkvæmt lögum þessum. Er þá átt við mál sem ekki hafa þegar verið höfðuð. Efnisleg skilyrði ógildingar eru sambærileg en þetta getur skipt máli þar sem í frumvarpinu er kveðið á um lengri málshöfðunarfrest í vissum tilvikum.

Í 10. mgr. er gert ráð fyrir að hafi hjón óskað skilnaðar hjá sýslumanni fyrir gildistöku laganna verði þeim gefinn kostur á að aðlaga kröfur sínar til samræmis við rétt til skilnaðar

samkvæmt þessum lögum. Sem dæmi getur sá sem krafist hefur skilnaðar að borði og sæng breytt kröfu sinni og krafist lögskilnaðar. Þá getur sá sem krafist hefur lögskilnaðar á grundvelli hjúskaparbrotis eða ofbeldis breytt kröfu sinni og krafist lögskilnaðar án þess að tilgreina ástæðu. Þá leysir sýslumaður úr slíkum kröfum á grundvelli ákvæða laga þessara. Er þetta einfaldari leið en að ætla hjónum að draga kröfur sínar til baka og hefjast handa að nýju.

Í 11. mgr. er til áréttingar tekið af skarið um að ef leyfi til skilnaðar að borði og sæng var gefið út í tíð eldri laga þá eigi hvor maki um sig rétt til lögskilnaðar eftir að sex mánuðir eru liðnir frá útgáfu leyfisins.

Samkvæmt 12. mgr. fer um formlegt og efnislegt gildi fjárskiptasamnings sem gerður hefur verið fyrir gildistöku laga þessara, svo og um ógildingu hans, eftir ákvæðum hjúskaparlaga nr. 31/1993.

Í 13. mgr. er fjallað um fjárskipti vegna skilnaðar. Gert er ráð fyrir að hafi hjón óskað skilnaðar hjá sýslumanni eða fyrir dómi, eða annað hjóna andast, fyrir gildistöku laganna en fjárskiptum er ekki endanlega lokið þá fari efnislega um fjárskiptin samkvæmt ákvæðum hjúskaparlaga nr. 31/1993. Ræðst þetta fyrst og fremst af því að fjárskiptin gætu verið komið vel á veg, t.d. þegar hjón hafa komið sér saman um eða leyst hefur verið úr ágreiningi um viðmiðunardag skipta, hvaða eignir falla undir skiptin, verðmat eigna, gildi kaupmála eða önnur atriði. Ljóst er að frumvarpið hefur að geyma ýmis nýmæli um fjárskipti og skipta þar mestu máli breyttar heimildir til að krefjast þess að halda lífeyrisréttindum utan skipta. Ekki er útilokað að skilnaðarmál sem hófst fyrir gildistöku laganna verði fellt niður og hafist handa að nýju eftir að lögin taka gildi. Um skilnaðarskilyrði, skilnaðarskilmála og fjárskipti fer þá samkvæmt lögum þessum. Þá þykir rétt að hið sama eigi við ef annað hjóna andaðist fyrir gildistöku laganna en fjárskiptum er ekki lokið. Til álita kemur að langur tími sé liðinn frá andláti skammlífara en langlífara hjóna hafi fengið leyfi til setu í óskiptu búi eða að skammlífari falli frá stuttu fyrir gildistöku laganna og ekki liggi fyrir ákvarðanir um framhaldið. Í báðum tilvikum kunna hjón að hafa gert ráðstafanir í tíð eldri laga um réttarstöðuna við andlát og/eða skapast væntingar út frá réttarstöðu samkvæmt eldri lögum. Þykir því réttara að um fjárskiptin fari samkvæmt ákvæðum eldri laga.

Í 14. mgr. er tekið fram til áréttingar að hafi dómsmál verið höfðað fyrir gildistöku laganna þessara beri að ljúka því samkvæmt ákvæðum hjúskaparlaga nr. 31/1993.

Samkvæmt 15. mgr. ber að beita ákvæðum laga þessara ef það reynir á endurupptöku mála sem lokið var fyrir gildistöku laganna.

Um 115. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um breytingu staðfestrar samvistar í hjúskap og réttaráhrif staðfestrar samvistar. Þrátt fyrir að lögin um staðfesta samvist hafi verið felld úr gildi árið 2010 þykir rétt að gera ráð fyrir að einhverjir kunni enn að vera í staðfestri samvist og því mikilvægt að kveða á um réttarstöðuna. Ákvæðið er að öllu leyti sama efnis og 141. gr. gildandi laga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 116. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til breytingar á nokkrum lögum sem leiða af eða styðja við setningu nýrra hjúskaparlaga.

Um 1. tölul.

Um a-lið. Lagðar eru til breytingar á 1. mgr. 27. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, með það að markmiði að kveða skýrar á um samspil óskipts bú og skipta á bú hjóna. Af ákvæði núgildandi laga má ráða að ljúka megi skiptum með útgáfu leyfis til handa maka hans til setu í óskiptu bú að uppfylltum skilyrðum erfðalaga. Nokkur vafi hefur leikið á því hvernig skuli með fara þegar skammlífari maki átti t.d. hvorttveggja séreignir og hjúskapareignir og lagt er til að taka af skarið um þetta. Í 1. másl. er tekið fram til áréttingar að hafi hinn látni verið í hjúskap þegar hann lést gildi reglur erfðalaga um heimildir til útgáfu leyfis til setu í óskiptu bú og um þær eignir sem falla í óskipt bú. Samkvæmt 2. másl. lýkur skiptum eingöngu með útgáfu leyfis til setu í óskiptu bú ef allar eignir hins látna renna í óskipta bú. Af 3. másl. má ráða að ekkert sé því til fyrirstöðu að skipti haldi áfram samhliða útgáfu leyfis til setu í óskiptu bú ef þörf krefur. Er þannig tekið skýrt fram að ef einungis hluti eigna hins látna renna í óskipt bú beri að gefa út leyfi, þ.e. að uppfylltum lögmæltum skilyrðum, en skipta jafnfram séreignum skammlífara hjóna samkvæmt ákvæðum skiptalaga.

Um b- og c-lið. Lagðar eru til orðalagsbreytingar sem leiða af tillögu um að skilnaðar verði ekki lengur leitað fyrir dómi.

Um d-lið. Í ákvæði er lagt til að vísa með skýrari hætti til réttinda sem falla utan skipta við fjárskipti milli hjóna. Í 1. mgr. 104. gr. skiptalaga er fjallað um andlag skipta, þ.e. eignir og réttindi sem verða ekki taldar séreignir annars hjóna. Í 2. mgr. segir að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. sé hvoru hjóna heimilt að krefjast þess að fá persónulega muni utan skipta en ekkert er vikið að verðmætum eins og bótum og lífeyrisréttindum. Til að taka af öll tvímæli er lagt til að ákvæði 2. mgr. vísi einfaldlega til verðmæta sem hvoru hjóna er heimilt að krefjast þess að falli utan skipta eftir því sem mælt er fyrir um í hjúskaparlögum.

Um e-lið. Lagt er til að ákvæði 3. mgr. 104. gr. falli brott. Ákvæði 3. mgr. 104. gr. er villandi þar sem 1. og þar af leiðandi 2. mgr. 104. gr. eiga í raun ekki við um fjárslit í kjölfar óvígðrar sambúðar. Við sambúðarslit er þannig ekki greint á milli annars vegar eigna sem koma til skipta og séreigna hins vegar eða miðað við að eignir standi utan skipta með sambærilegum hætti og á við um hjúskapareignir. Þegar óvígðri sambúð er slitið gildir sú meginregla að hvor sambúðaraðili um sig taki með sér þær eignir sem hann átti við upphaf sambúðar eða hefur eignast meðan á henni stóð og beri þá jafnframt ábyrgð á skuldum sínum. Á sambúðartíma kann þó að hafa myndast fjárhagsleg samstaða með sambúðarfólki eða eignir þeirra og framlög blandast saman. Hefur í dómaframkvæmd verið viðurkennt að með því geti stofnast til sameignar sambúðarfólks. Rétt þykir að gera ráð fyrir að sambúðarmaki fái í sinn hlut persónulega muni sína, með sambærilegum hætti og lýst er í 2. mgr. 104. gr., og þannig megi ganga má út frá því að ekki verði talið að stofnast hafi til sameignar um slík verðmæti. Ekki þykja standa rök til þess að sambúðarmaki geti með þessum hætti eignast hluti hins aðilans.

Um 2. tölul.

Um a-lið. Lagðar eru til breytingar á 2. mgr. 23. gr. Samkvæmt ákvæðinu má dæma mann til að hafa fyrirgert erfðarétti sínum eftir þann sem maður hefur brotið gegn með tilteknum hætti sem lýst er er í ákvæðinu. Þetta á þó einungis við ef brot beinist gegn foreldri eða öðrum ættingja í beinan legg upp á á við. Lagt er til að ákvæðið eigi um brot gegn skyldmönnum í beinan legg, þ.e. einnig brot gegn niðjum. Ljóst er að í einhverjum tilvikum eru menn erfingjar barna sinna og jafnvel barnabarna og þykir augljóst að ákvæðið eigi að ná til þessa hóps ef við á.

Um b-lið. Lagt er til nýtt orðalag 26. gr. um brottfall erfðaréttar í tengslum við skilnað og ógildingu hjúskapar.

Í 1. mgr. eru lagðar til orðlagsbreytingar sem falla betur að tillögu frumvarpsins um rétt til skilnaðar.

Í 2. mgr. er lagt til að breyta orðlagi og að nokkru leyti efni 2. mgr. 26. gr. laganna. Markmiðið er að gera efni ákvæðisins skýrara. Í ákvæðinu er lagt til að taka þar eingöngu tekið af skarið um erfðarétt í tengslum við tvíkvænishjúskap en um leið lagt til að fjalla um ógildingu af öðrum ástæðum í nýjum 3. og 4. mgr. Að því er varðar tvíkvænishjúskap er ákvæðið efnislega með svipuðum hætti og nú á við að öðru leyti en því að ekki er gerð krafa um að það hafi sannast í sakamáli að stofnun hjúskapar hafi verið refsiverð athöfn.

Í 3. mgr. er lagt til að fjalla með skýrari hætti um erfðarétt maka í hjúskap sem stofnast í andstöðu við hjónavígsluskilyrði um skyldleika og tengsl, sbr. 8. gr. frumvarpsins. Með þessu er efnislega felld niður sú krafa að það hafi sannast í sakamáli að stofnun hjúskaparins hafi verið refsiverð athöfn.

Í 4. mgr. er lagt til að fjalla með skýrari hætti um erfðarétt maka í hjúskap sem heimilt er að ógilda, t.d. þar sem maki hafi verið neyddur til vígslunnar. Ákvæðið er efnislega sambærilegt við 2. tölul. 2. mgr. 26. gr. laganna.

Um 3. tölul.

Lagðar eru til breytingar á lögum um lögheimili til samræmis við tillögu um brottfalls þess að skilnaður verði veittur fyrir dómi.

Um 4. tölul.

Í ákvæðinu eru lagt til nýtt orðalag 4. mgr. 11. gr. lífeyrissjóðalaganna. Er það fyrst og fremst til skýringarauka. Samkvæmt 1. másl. ákvæðisins í lögnum er gert ráð fyrir að við andlát réttthafa falli innstæða lífeyrissparnaðar til erfingja réttthafa og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Í fyrsta lagi er lagt til að í stað erfingja verði tekið fram berum orðum í 1. másl. að innstæða falli til maka í hjúskap og niðja réttthafa. Samræmist þetta túlkun Hæstaréttar í dómi sem kveðinn var upp 21. júní 2010 í máli nr. 438/2009, þar sem orðlag 4. mgr. 11. gr. þótti eiga við um skylduerfingja samkvæmt ákvæðum erfðalaga. Í öðru lagi er lagt til að tekið verði fram í 2. másl. ákvæðisins að um skiptingu innstæðu fari samkvæmt ákvæðum hjúskapar- og erfðalaga í stað þess að vísa eingöngu til erfðalaga. Í áður nefndum dómi lá fyrir að innstæðu hafði fyrst verið skipt til helminga skv. 103. gr. hjúskaparlaga og síðan milli langlífara hjóna og barna réttthafans í þeim hlutföllum sem mælt er fyrir um í erfðalögum. Af hálfu lífeyrissjóðsins sem málið beindist að var því haldið fram að Fjármálaeftirlitið hefði staðfest reglur um þessa túlkun 4. mgr. 11. gr. og staðfesti Hæstiréttur að borið hefði að skipta innstæðu með þessum hætti. Með hliðsjón af þessu er mikilvægt að

ákvæðið vísi með skýrum hætti til hvorttveggja hjúskaparlaga og erfðalaga. Við skiptingu sem fer fram samkvæmt ákvæðum hjúskaparlaga reynir m.a. á hvort séreignarlífeyrisréttindin hafi verið gerð að séreign rétthafans eða ekki. Vísað er nánar til skýringa á 79. gr. frumvarpsins.

Um 5. tölul.

Um a-lið. Sú breyting sem hér er lögð til er til samræmis við tillögu um brottfalls þess að skilnaður verði veittur fyrir dómi.

Um b- og c-lið. Umrædd ákvæði fjalla um stöðu váttryggingarbóta sem falla til maka vegna andláts váttryggingataka, að sínu leyti við fjárskipti vegna skilnaðar hjóna og í kjölfar andláts. Hér er lagt er til að fella efnisákvæði um fjárskipti milli hjóna úr váttryggingarsamningalögum þar sem brýnt þykir að hjúskaparlög endurspegli með heildstæðum hætti hvað á við um bætur við þessar aðstæður, sbr. 77. gr. og 79. gr. frumvarpsins. Ákvæði 77. og 79. gr. frumvarpsins eru að mestu leyti efnislega sambærileg því sem kveðið er á um í 3. másl. 2. mgr. og 2. másl. 3. mgr. 100. gr. laga um váttryggingarsamninga en ganga þó lengra í að skýra hvað á við eftir andlát.

Í 3. másl. 2. mgr. váttryggingarsamningalaganna kemur í fyrsta lagi fram að váttryggingarfjárhæð sem fellur til maka telst ekki til þeirra eigna sem skipta á að jöfnu milli hjóna samkvæmt 103. gr. hjúskaparlaga. Er ákvæði 77. gr. frumvarpsins efnislega sambærilegt þessu. Í öðru lagi er tekið fram að þetta eigi þó ekki við ef eftirlifandi maki taki búið yfir óskipt skv. II. kafla erfðalaga. Samkvæmt greinargerð sem fylgdi frumvarpi til váttryggingarsamningalaga var markmið þessa að tryggja að váttryggingarfjárhæðin rynni í óskipt bú ásamt öðrum eignum hins látna. Auk þess var tekið fram að ekki stæðu rök til þess að láta nein sérsjónarmið gilda um skipti á váttryggingarfjárhæðinni þegar hið óskipta bú kæmi loks til skipta. Þó var ekki gerður neinn greinarmunur á því hvort skipti færu fram í lifanda lífi langlífara hjóna eða að þeim báðum látnum. Þar sem eitt af markmiðum váttryggingarsamningalaganna er að styrkja rétt langlífara maka í ljósi þess að hann hafi mesta þörf fyrir fjármunina þykir mega gera ráð fyrir að þarna sé átt við skipti að báðum látnum. Orðalag 3. másl. 2. mgr. váttryggingarsamningalaganna þykir því ekki allskostar skýrt. Orðalag 79. gr. frumvarpsins þykir heppilegra til að ná sama markmiði, þ.e. að taka skýrt fram að erfingjar skammlífari geti ekki krafist þess að bótum skv. 77. gr. frumvarpsins verði haldið utan skipta en að langlífari maki geti krafist þess að bætur falli utan skipta ef búinu er skipt meðan hann er á lífi.

Í 2. másl. 3. mgr. váttryggingarsamningalaganna er tekið fram að hafi váttryggingartaki setið í óskiptu búi þá teljist váttryggingarfjárhæðin til þeirra eigna sem skipta skuli jafnt milli erfingja hins skammlífari og hins langlífari. Samkvæmt orðanna hljóðan tekur ákvæðið einungis til þess ef hinu óskipta búi er skipt eftir lát beggja en tekur ekki fram hvað eigi við ef hinu óskipta búi er skipt í lifanda lífi langlífara hjóna. Orðalag 79. gr. frumvarpsins þykir hér einnig heppilegra til að ná sama markmiði, þ.e. tekið er skýrt fram að hvorki erfingjar skammlífara né langlífara hjóna geti krafist þess að bótum verði haldið utan skipta.

Vísast nánar til almennra skýringa um fjárskipti við andlát og skýringa við 77. og 79. gr. frumvarpsins.

Um 6. tölul.

Um a-lið. Umrætt ákvæði fjallar um stöðu skaðabóta vegna líkamstjóns við fjárskipti vegna skilnaðar hjóna og í kjölfar andláts. Ákvæðið í skaðabótalögum var mótað í tíð laga nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna, sem hafði ekki að geyma sambærilegt ákvæði. Hér er

lagt er til að fella efnisákvæði um fjárskipti milli hjóna úr skaðabótalögum þar sem brýnt þykir að hjúskaparlög endurspegli með heildstæðum hætti hvað á við um bætur við þessar aðstæður, sbr. 77. gr. og 79. gr. frumvarpsins. Ákvæði 77. og 79. gr. frumvarpsins eru efnislega sambærileg því sem kveðið er á um í 3. mgr. 18. gr. skaðabótaganna en ganga þó lengra í að skýra hvað á við eftir andlát.

Af 1. máls. 3. mgr. 18. gr. skaðabótaga leiðir að bætur fyrir líkamstjón, sem ekki hefur verið eytt, koma ekki til skipta við fjárslit milli hjóna. Ákvæði 77. gr. frumvarpsins er að sínu leyti sambærilegt.

Í 2. másl. 3. mgr. 18. gr. skaðabótaga segir að bæturnar teljist hjúskapareign þegar eigandi bótanna andast nema þær séu séreign samkvæmt kaupmála. Samkvæmt greinargerð sem fylgdi frumvarpi til skaðabótaga var markmið þessa að tryggja að bæturnar kæmu til skipta eftir andlát bótaþega og gætu runnið í óskipt bú. Orðalag ákvæðisins er þó ekki allskostar heppilegt þar sem ekki er tekið að skarið um rétt erfingja til að krefjast þess að halda hjúskapareignum hins látna utan skipta. Orðalag 79. gr. þykir heppilegra til að ná sama markmiði, þ.e. að taka skýrt fram að erfingjar skammlífari geti ekki krafist þess að bótum skv. 77. gr. verði haldið utan skipta.

Vísast nánar til almennra skýringa um fjárskipti við andlát og skýringa við 77. og 79. gr. frumvarpsins.

Um b-lið. Um er að ræða orðalagsbreytingu sem leiðir af þeirri breytingu sem lögð er til í a-lið.